

Stjórnartíðindi

2004 - B-deild - B160-163

Útgáfa 1.0 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af Stjórnartíðindum. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af prentuðum Stjórnartíðindum án endurgjalds. Hvorki dómsmálaráðuneytið né önnur stjórnvöld standa að gerð skjals þessa umfram það að hafa útvegað höfundu skjalsins prenteintök af ritinu.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum <https://urlausnir.is>. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

Takmörkun ábyrgðar

Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

Höfundaréttur

Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta landslög og önnur áþekk gögn gerð af opinberri hálfu, ekki verndar höfundalaga.

Hvers kyns höfundaréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

Ábendingar

Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

Athugasemdir um þessa útgáfu

Rit B164-166 árið 2004 inniheldur endurprentaðar bls. 2717-2718.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval (svavar@kjarrval.is)

Stjórnartíðindi

B 160-163

Nr. 1017-1070

2004

Efnisyfirlit B 160–163 2004

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
1017	15. des.	Reglugerð um breytingu á reglugerð um þjónustu við fötluð börn og fjölskyldur fatlaðra, nr. 155/1995, sbr. reglugerð nr. 308/2000, 67/2002, 65/2003 og 79/2004	2601
1018	17. des.	Samþykkt um breytingar á samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarskóp borgarstjórnar, nr. 638/2001, með síðari breytingum	2601-2609
1019	16. des.	Reglugerð um breytingu á reglugerð um jöfnun tekjutaps sveitarfélaga vegna lækkunar tekna af fasteignaskatti, nr. 80/2001, með síðari breytingum	2609
1020	20. des.	Auglýsing um deiliskipulag á Akranesi	2610
1021	16. des.	Reglur um ráðstöfun 400 millj. kr. aukaframlags til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til að koma til móts við sveitarfélög í fjárhagsvanda	2610-2611
1022	13. des.	Gjaldskrá fyrir sorphirðu í Mosfellsbæ	2611-2612
1023	21. des.	Reglugerð um (1.) breytingu á reglugerð nr. 791/2004 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti	2613
1024	20. des.	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 576, 7. júlí 2004, um togveiðar á kolmunna	2613-2614
1025	22. des.	Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík	2615
1026	22. des.	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 669, 12. ágúst 2004, um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 2004/2005	2615-2616
1027	22. des.	Reglur um flokkun mjólkur og verðfellingar vegna líftölu, frumutölu og lyfjaleifa	2616-2617
1028	22. des.	Auglýsing um breytingu á sérstöku svæðisskipulagi fyrir Kárahnjúkavirkjun, vegna Ufsarveitu	2617
1029	22. des.	Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2002-2014, Borg	2618
1030	17. des.	Reglugerð um hlutdeild sjúkratryggðra í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu	2619-2632
1031	15. des.	Auglýsing um skipulag í Mosfellsbæ	2632
1032	17. des.	Reglugerð um daggjöld stofnana sem ekki eru á föstum fjárlögum árið 2005	2633-2635
1033	10. des.	Reglugerð um Framkvæmdasjóð aldraðra	2635-2638
1034	13. des.	Gjaldskrá Hitaveitu Mosfellsbæjar	2638-2640
1035	14. des.	Reglugerð um breytingu á reglugerð um viðskipti með byggingarvörur, nr. 431/1994, með áorðnum breytingum	2641-2644
1036	7. des.	Gjaldskrá Heyrnar- og talmeinastöðvar fyrir þjónustu við þá sem eru með heyrnar- og talmein	2644-2645
1037	14. des.	Gjaldskrá fyrir hirðu og eyðingu sorps á Akranesi	2646-2647
1038	12. des.	Auglýsing um breytingu á gjaldskrá Norðurorku fyrir heitt vatn, nr. 173 13. febrúar 2004	2647
1039	15. des.	Auglýsing um skrá Akraneskaupstaðar skv. 5.-8. tl. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna	2648
1040	16. des.	Gjaldskrá fyrir sorphirðu í Reykjavík	2649

STJÓRNARTÍÐINDI B 160 – 2004

15. desember 2004

2601

Nr. 1017

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um þjónustu við fötluð börn og fjölskyldur fatlaðra, nr. 155/1995, sbr. reglugerð nr. 308/2000, 67/2002, 65/2003 og 79/2004.

1. gr.

Fjárhæðir sem nefndar eru í reglugerðinni skulu breytast þannig:

Í 4. mgr. 11. gr. komi 10.100 kr. í stað 9.800 kr. (1. fl.), 7.700 kr. í stað 7.500 kr. (2. fl.) og 5.900 kr. í stað 5.700 kr. (3. fl.).

Í 1. mgr. 12. gr. komi 620 kr. í stað 600 kr.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er með stoð í lögum um málefni fatlaðra, nr. 59/1992, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. janúar 2005.

Félagsmálaráðuneytinu, 15. desember 2004.

Árni Magnússon.

Óskar Páll Óskarsson.

17. desember 2004

Nr. 1018

SAMÞYKKT

um breytingar á samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar, nr. 638/2001, með síðari breytingum.

1. gr.

Í stað orðins „blaða“ í 3. mgr. 7. gr. komi „fjölmíðla“.

2. gr.

3. tölul. 2. mgr. 8. gr. verður svohljóðandi:

Fundargerðir borgarráðs ásamt fundargerðum eftirtalinna nefnda og ráða: Forsætisnefndar, framkvæmdaráðs, íþróttá- og tómstundaráðs, menningar- og ferðamálaráðs, menntamálaráðs, skipulagsráðs, umhverfisráðs og velferðarráðs.

3. gr.

2. másl. 1. mgr. 20. gr. verður svohljóðandi:

Forseti getur ákveðið að tiltekið mál í fundargerð, sem á dagskrá er, verði gert að sérstökum dagskrárlið á fundinum.

4. gr.

Lokamálsliður 1. mgr. 30. gr. verður svohljóðandi:

Við umræður um mál sem tekin eru á dagskrá samkvæmt síðari másl. 1. mgr. og 2. mgr. 20. gr., og umræður utan dagskrár skv. 6. mgr. 27. gr., ákveður forseti takmarkanir á ræðutíma.

5. gr.

Í stað orðanna „fastanefnda“ og „nefnd“ í 2. mgr. 48. gr. komi „fagráða“ og „ráði“.

6. gr.

Úr 6. mgr. 50. gr. falla orðin „kl. 12.00“.

7. gr.

Lokamálsliður 2. mgr. 55. gr. verður svohljóðandi:

Fagråd sem kosin eru skv. B-lið 61. gr. skulu að jafnaði halda einn opinn fund árlega.

8. gr.

61. gr. verður svohljóðandi:

Borgarstjórn kýs eftirtalin ráð til að fara með tiltekin mál eftir sérstökum samþykktum sínum og því sem lög mæla fyrir um:

A. **Til eins árs:**

Sjö borgarfulltrúa í borgarråd og jafnmarga til vara.

B. **Til fjögurra ára:**

1. Sjö menn í framkvæmdaráð og sjö til vara. Formannskjör.
2. Sjö menn í íþrótt- og tómstundaráð og sjö til vara. Formannskjör.
3. Sjö menn í menningar- og ferðamálaråd og sjö til vara. Formannskjör.
4. Sjö menn í menntamálaråd og sjö til vara. Formannskjör.
5. Sjö menn í skipulagsráð og sjö til vara. Formannskjör.
6. Sjö menn í umhverfisráð og sjö til vara. Formannskjör.
7. Sjö menn í velferðarråd og sjö til vara. Formannskjör.

Formenn þeirra ráða sem talin eru upp í B-lið skulu vera borgarfulltrúar eða varaborgarfulltrúar.

9. gr.

62. gr. verður svohljóðandi:

Til viðbótar við þær nefndir sem borgarstjórn kýs skv. 61. gr. kýs hún eftirtaldar nefndir eftir sérstökum samþykktum sínum og því sem lög mæla fyrir um:

A. **Til eins árs:**

1. Fimm menn í stjórn Faxaflóahafna sf. og fimm til vara. Formannskjör.
2. Þrjú menn í stjórn Landsvirkjunar og þrjú til vara.
3. Fimm menn í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur sf. og fimm til vara. Formannskjör.

B. **Til fjögurra ára:**

1. Einn mann í almannavarnanefnd og tvo til vara.
2. Fimm menn í barnaverndarnefnd og fimm til vara. Formannskjör.

3. Fimm menn í framtalsnefnd og fimm til vara. Formannskjör.
4. Þrjú menn í hvert hverfisráð og þrjú til vara. Formannskjör.
5. Þrjú menn í innkauparáð og þrjú til vara. Formannskjör.
6. Fimm menn í jafnréttisnefnd og fimm til vara. Formannskjör.
7. Tvo menn í stjórn skipulagssjóðs og þrjú til vara.
8. Þrjú menn í stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar og þrjú til vara.
9. Tvo menn í samstarfsnefnd um lögreglumálefni og tvo til vara. Formannskjör.
10. Tvo skoðunarmenn ársreiknings Reykjavíkurborgar og tvo til vara.

C. **Kjörstjórnir.**

Borgarstjórn kýs fulltrúa í yfirkjörstjórnir, hverfiskjörstjórnir og undirkjörstjórnir, auk varamanna, eftir ákvæðum viðkomandi laga.

D. **Aðrar stjórnir, ráð og nefndir.**

Borgarstjórn/borgarráð kýs eða tilnefnir fulltrúa sína í ýmsar stjórnir, ráð eða nefndir samkvæmt ákvæðum laga og reglugerða eða samkvæmt sérstökum samþykktum.

10. gr.

2. mgr. 68. gr. verður svohljóðandi:

Feli borgarstjóri það ekki öðrum gegnir sviðsstjóri stjórnsýslu- og starfsmannasviðs störfum borgarstjóra í fjarveru hans og öðrum forföllum, en skrifstofustjóri borgarstjórnar í fjarveru sviðsstjóra stjórnsýslu- og starfsmannasviðs.

11. gr.

69. gr. verður svohljóðandi:

Borgarráð ræður starfsmenn í helstu stjórnunarstöður hjá Reykjavíkurborg, svo sem sviðsstjóra og yfirmenn stofnana og fyrirtækja, og veitir þeim lausn frá störfum.

12. gr.

Í stað orðins „yfirstandandi“ í 1. mgr. 72. gr. komi „næsta“.

13. gr.

Viðaukar við samþykktina merktir 1.1, 1.2 og 2.1 til 2.6 falla á brott en í þeirra stað koma nfu viðaukar, svohljóðandi:

VIÐAUKI 1.1

Um afgreiðslur skipulagsráðs án staðfestingar borgarráðs Reykjavíkur.

1. gr.

Skipulagsráð afgreiðir, án staðfestingar borgarráðs, eftirtalin verkefni samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997, samkvæmt heimild í 2. mgr. 44. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, sbr. lög nr. 74/2003:

- a. Óverulegar breytingar á deiliskipulagi, sbr. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga.
- b. Ákvörðun um að hefja gerð deiliskipulags.
- c. Framkvæmdaleyfi, sbr. 1. mgr. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga.
- d. Skiptingu jarða, landa, lóða og breytingar á landamerkjum, sbr. 30. gr. skipulags- og byggingarlaga.

Skipulagsráð getur vísað afgreiðslu mála samkvæmt liðum a–d til borgarráðs og er skylt að vísa þeim til borgarráðs sé þess óskað af þriðjungi fulltrúa í ráðinu hið fæsta.

2. gr.

Framangreindar afgreiðslur skipulagsráðs, sbr. a–d-lið 1. mgr. 1. gr., skulu lagðar fram til kynningar á næsta reglulega fundi borgarráðs.

3. gr.

Óski aðili frekari rökstuðnings við afgreiðslu skipulagsráðs eða kemur á framfæri kvörtun skal honum leiðbeint um réttarstöðu sína, meðal annars um heimild til að óska eftir endurupptöku máls í borgarráði með hliðsjón af 24. gr. stjórnsýslulaga. Telji borgarráð að skilyrði um endurupptöku séu fyrir hendi skal skipulagsráð taka málið upp að nýju.

Þá skal aðila leiðbeint um rétt sinn til að skjóta afgreiðslu ráðsins til úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála innan tiltekins frests, sbr. 8. gr. skipulags- og byggingarlaga.

VIÐAUKI 1.2 Um ráðningu skólastjóra.

1. gr.

Menntamálaráð ræður skólastjóra grunnskóla samkvæmt heimild í 2. mgr. 44. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, sbr. lög nr. 74/2003, sbr. einnig 23. gr. grunnskólalaga nr. 66/1995. Menntamálaráð getur vísað slíkum málum til borgarráðs og er skylt að vísa þeim til borgarráðs sé þess óskað af þriðjungi fulltrúa í ráðinu hið fæsta.

2. gr.

Óski aðili frekari rökstuðnings við afgreiðslu menntamálaráðs eða kemur á framfæri kvörtun skal honum leiðbeint um réttarstöðu sína, m.a. um heimild til að óska eftir endurupptöku máls í borgarráði með hliðsjón af 24. gr. stjórnsýslulaga. Telji borgarráð að skilyrði um endurupptöku séu fyrir hendi skal menntamálaráð taka málið upp að nýju.

VIÐAUKI 2.1 Um embættisafgreiðslur skrifstofustjóra borgarstjórnar.

1. gr.

Skrifstofustjóra borgarstjórnar er heimilt að afgreiða, án staðfestingar borgarráðs, erindi til umsagnar, kynningar eða meðferðar til einstakra nefnda og ráða, embættismanna eða aðila utan Reykjavíkurborgar samkvæmt heimild í 58. gr. samþykktar þessarar og 3. mgr. 44. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, sbr. lög nr. 74/2003.

2. gr.

Afgreiðslur skrifstofustjóra skv. 1. gr. skulu lagðar fram til kynningar á næsta reglulega fundi borgarráðs.

3. gr.

Ef ætla má að aðili máls muni ekki sæta niðurstöðu skrifstofustjóra borgarstjórnar skal skrifstofustjóri vísa málinu til afgreiðslu borgarráðs.

4. gr.

Óski aðili frekari rökstuðnings við afgreiðslu skrifstofustjóra skv. 1. gr. eða kemur á framfæri kvörtun skal honum leiðbeint um réttarstöðu sína, meðal annars um heimild til að óska endurupptöku máls í borgarráði með hliðsjón af 24. gr. stjórnsýslulaga.

VIÐAUKI 2.2

Um embættisafgreiðslur sviðsstjóra stjórnýslu- og starfsmannasviðs.

1. gr.

Sviðsstjóra stjórnýslu- og starfsmannasviðs er heimilt að afgreiða, án staðfestingar borgarráðs, umsóknir um leyfi til áfengisveitinga sem eru innan samþykkrar stefnumörkunar borgarstjórnar og samþykkrar málsmeðferðarreglna vegna vínveitingaleyfa, samkvæmt heimild í 58. gr. samþykkrar þessarar og 3. mgr. 44. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, sbr. lög nr. 74/2003. Sama gildir um leyfi skv. 17. gr. áfengislaga og bráðabirgðaleyfi skv. 4. mgr. 13. gr. áfengislaga nr. 75/1998.

2. gr.

Afgreiðslur sviðsstjóra skv. 1. gr. skulu lagðar fram til kynningar á næsta reglulega fundi borgarráðs.

3. gr.

Sviðsstjóri stjórnýslu- og starfsmannasviðs getur ávallt vísað máli skv. 1. gr. til afgreiðslu borgarráðs.

Ef ætla má að aðili máls muni ekki sæta niðurstöðu sviðsstjóra stjórnýslu- og starfsmannasviðs skal sviðsstjóri vísa málinu til afgreiðslu borgarráðs.

4. gr.

Óski aðili frekari rökstuðnings við afgreiðslu sviðsstjóra skv. 1. gr. eða kemur á framfæri kvörtun skal honum leiðbeint um réttarstöðu sína, meðal annars um heimild til að óska endurupptöku máls í borgarráði með hliðsjón af 24. gr. stjórnýslulaga.

Þá skal aðila leiðbeint um rétt sinn til að skjóta málum skv. 1. gr. til úrskurðarnefndar áfengismála skv. 29. gr. áfengislaga.

VIÐAUKI 2.3

Um embættisafgreiðslur sviðsstjóra umhverfissviðs.

1. gr.

Sviðsstjóra umhverfissviðs er heimilt að gefa út starfsleyfi í stað umhverfisráðs eftir því sem nánar er tilgreint í þessari grein samkvæmt heimild í 58. gr. samþykkrar þessarar og 3. mgr. 44. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, sbr. lög nr. 74/2003.

- a. Sviðsstjóra er heimilt að gefa út starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem er talinn upp í fylgiskjali 2 í reglugerð um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, nr. 785/1999, með síðari breytingum. Skriflegar athugasemdir við starfsleyfistillögur skulu þó áfram berast umhverfisráði og afgreiðast af því.
- b. Sviðsstjóra er heimilt að gefa út starfsleyfi til þeirra sem framleiða eða dreifa matvælum í samræmi við ákvæði reglugerðar um matvælaeftirlit og hollustuhætti við dreifingu matvæla, nr. 522/1994, með síðari breytingum.
- c. Sviðsstjóra er heimilt að gefa út starfsleyfi til stofnana og fyrirtækja skv. 2. mgr. 6. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, með síðari breytingum.
- d. Sviðsstjóra er heimilt að gefa út tóbakssöluleyfi skv. 11. mgr. 8. gr. laga um tóbaksvarnir nr. 6/2002.

2. gr.

Sviðsstjóri umhverfissviðs gefur umsögn til lögreglustjóra skv. 3. gr. laga um veitinga- og gististaði, nr. 67/1985, í umboði borgarráðs, að fenginni umsögn skipulagssviðs að því er

varðar skipulagssjónarmið. Sviðsstjóra er heimilt að veita starfsleyfi vegna reksturs veitinga- og gististaða, með fyrirvara um leyfi lögreglustjóra, í samræmi við ákvæði b- og c-liðar 1. gr. samþykktar þessarar.

3. gr.

Sviðsstjóri umhverfissviðs gefur umsögn til borgarráðs skv. 14. gr. áfengislaga. nr. 75/1998.

4. gr.

Sviðsstjóri umhverfissviðs getur ávallt vísað málum skv. 1., 2. og 3. gr. til afgreiðslu umhverfiráðs.

Ef ætla má að aðili máls muni ekki sæta niðurstöðu sviðsstjóra umhverfissviðs skal sviðsstjóri vísa málinu til afgreiðslu umhverfiráðs.

5. gr.

Framangreindar afgreiðslur sviðsstjóra umhverfissviðs skulu lagðar fram til kynningar á næsta reglulega fundi umhverfiráðs.

6. gr.

Óski aðili frekari rökstuðnings við afgreiðslu sviðsstjóra skv. 1., 2. eða 3. gr. eða kemur á framfæri kvörtun, skal honum leiðbeint um réttarstöðu sína, meðal annars um heimild til þess að óska endurupptöku máls í borgarráði með hliðsjón af 24. gr. stjórnslulaga. Telji borgarráð að skilyrði um endurupptöku séu fyrir hendi skal umhverfiráð taka málið upp að nýju. Komi upp ágreiningur milli borgarráðs og umhverfiráðs um endurupptöku máls skal með hann farið í samræmi við ákvæði 32. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Þá skal aðila leiðbeint um rétt sinn til að skjóta málinu til sérstakrar úrskurðarnefndar skv. 31. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, eða til ráðherra skv. 2. og 3. mgr. 32. gr. sömu laga.

VIÐAUKI 2.4

Um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa.

1. gr.

Skipulagsfulltrúinn í Reykjavík afgreiðir, án staðfestingar skipulagsráðs, þau mál sem talin eru upp í 2. gr. þessa viðauka og falla undir skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, og skilgreind eru sem verkefni skipulagsnefnda í lögunum, sbr. heimild í 58. gr. samþykktar þessarar og 3. mgr. 44. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, sbr. lög nr. 74/2003.

2. gr.

- a. Skipulagsfulltrúa er heimilt að ákveða að grenndarkynna tillögur að óverulegum breytingum á deiliskipulagi skv. 2. mgr. 26. gr. og byggingarleyfisumsóknir í ódeiliskipulögðum hverfum skv. 2. mgr. 23. gr., sbr. og 7. mgr. 43. gr. laganna, nema þegar vinna við deiliskipulag er hafin.
- b. Skipulagsfulltrúa er heimilt að afgreiða auglýstar skipulagstillögur sem engar athugasemdir berast við til Skipulagsstofnunar skv. 6. másl. 2. mgr. 21. gr. og 5. másl. 1. mgr. 25. gr. nema skipulagsráð ákveði annað þegar samþykkt er að auglýsa tillögurnar.

- c. Skipulagsfulltrúa er heimilt að vísa frá eða synja erindum og veita umsagnir um erindi sem beint er til skipulagsráðs og eru bersýnilega í ósamræmi við skipulagsáætlanir.
- d. Framkvæmdaleyfi skv. 27. gr. sem eru í samræmi við skipulagsáætlanir og mat á umhverfisáhrifum.

3. gr.

Framangreindar afgreiðslur skipulagsfulltrúa skulu lagðar fram til kynningar á næsta reglulega fundi skipulagsráðs.

4. gr.

Skipulagsfulltrúi getur ávallt vísað máli skv. 2. gr. til afgreiðslu skipulagsráðs.

Ef ætla má að aðili máls muni ekki sæta niðurstöðu skipulagsfulltrúa skal skipulagsfulltrúi vísa málinu til afgreiðslu skipulagsráðs.

5. gr.

Um afgreiðslu skipulagsfulltrúa gilda, eftir því sem við á, ákvæði skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, ásamt ákvæðum í þeim reglugerðum sem settar eru á grundvelli laganna og samþykkt borgarstjórnar er til þeirra taka.

6. gr.

Óski aðili frekari rökstuðnings vegna afgreiðslu skipulagsfulltrúa skv. 2. gr. eða kemur á framfæri kvörtun skal honum leiðbeint um heimild til að óska endurupptöku máls í borgarráði með hliðsjón af 24. gr. stjórnarsýslulaga. Telji borgarráð að skilyrði um endurupptöku séu fyrir hendi skal skipulagsráð taka málið upp að nýju.

Þá skal aðila máls leiðbeint um rétt sinn til að skjóta málinu til úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála, sbr. 8. gr. skipulags- og byggingarlaga og grein 10.1 í skipulagsreglugerð nr. 400/1998.

VIÐAUKI 2.5

Um embættisafgreiðslur sviðsstjóra menntamálasviðs.

1. gr.

Sviðsstjóri menntamálasviðs afgreiðir, án staðfestingar menntamálaráðs, mál sem honum berast og talin eru upp í 2. gr. þessa viðauka samkvæmt heimild í 58. gr. samþykktar þessarar og 3. mgr. 44. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, sbr. lög nr. 74/2003.

2. gr.

Sviðsstjóra menntamálasviðs er heimilt að afgreiða eftirtalin mál:

- a. Að veita starfsleyfi til dagmæðra og hafa jafnframt lögbundið eftirlit með þeirri starfsemi eins og kveðið er á um í reglugerð um daggæslu barna í heimahúsum nr. 198/1992.
- b. Erindi sem send eru til umsagnar, kynningar eða meðferðar innan sviðs eða annarra borgarstofnana, nefnda eða ráða Reykjavíkurborgar.

3. gr.

Afgreiðslur sviðsstjóra skv. 2. gr. skulu lagðar fram til kynningar á næsta reglulegum fundi menntamálaráðs.

4. gr.

Sviðsstjóri menntamálasviðs getur ávallt vísað máli skv. 2. gr. til afgreiðslu menntamálaráðs.

Ef ætla má að aðili máls muni ekki sæta niðurstöðu sviðsstjóra skal sviðsstjóri vísa málinu til afgreiðslu menntamálaráðs.

5. gr.

Óski aðili frekari rökstuðnings við afgreiðslu sviðsstjóra skv. 2. gr. eða kemur á framfæri kvörtun skal honum leiðbeint um réttarstöðu sína, meðal annars um heimild til að óska endurupptöku máls í borgarráði með hliðsjón af 24. gr. stjórnsýslulaga. Telji borgarráð að skilyrði um endurupptöku séu fyrir hendi skal menntamálaráð taka málið upp að nýju.

VIÐAUKI 2.6

Um embættisafgreiðslur sviðsstjóra velferðarsviðs.

1. gr.

Sviðsstjóri velferðarsviðs afgreiðir án staðfestingar velferðarráðs mál sem honum berast og talin eru upp í 2. gr. þessa viðauka samkvæmt heimild í 58. gr. samþykktar þessarar og 3. mgr. 44. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, sbr. lög nr. 74/2003.

2. gr.

Sviðsstjóra velferðarsviðs er heimilt að afgreiða eftirtalin mál:

- a. Umsóknir um viðbótarlán skv. 2. tölul. 1. mgr. 15. gr., sbr. einnig 2. tölul. 14. gr. laga um húsnæðismál nr. 44/1998.
- b. Erindi sem send eru til umsagnar, kynningar eða meðferðar innan stofnunar eða annarra borgarstofnana, nefnda eða ráða Reykjavíkurborgar.

3. gr.

Framangreindar afgreiðslur sviðsstjóra velferðarsviðs skv. 2. gr. skulu lagðar fram til kynningar á næsta reglulega fundi velferðarráðs.

4. gr.

Sviðsstjóri velferðarsviðs getur ávallt vísað máli skv. 2. gr. til afgreiðslu velferðarráðs. Ef ætla má að aðili máls muni ekki sæta niðurstöðu sviðsstjóra skal hann vísa málinu til afgreiðslu velferðarráðs.

5. gr.

Óski aðili frekari rökstuðnings við afgreiðslu sviðsstjóra velferðarsviðs skv. 2. gr. eða kemur á framfæri kvörtun skal honum leiðbeint um réttarstöðu sína, meðal annars um heimild til að óska endurupptöku máls í borgarráði með hliðsjón af 24. gr. stjórnsýslulaga. Telji borgarráð að skilyrði um endurupptöku séu fyrir hendi skal velferðarráð taka málið upp að nýju.

Þá skal aðila leiðbeint um rétt sinn til að skjóta málum skv. 1. tölul. 2. gr. til úrskurðarnefndar húsnæðismála, sbr. 41. gr. laga um húsnæðismál nr. 44/1998.

VIÐAUKI 2.7

Um embættisafgreiðslur byggingarfulltrúans í Reykjavík.

Viðaukinn verður birtur í B-deild Stjórnartíðinda að fenginni staðfestingu umhverfisráðuneytis, sbr. 7. mgr. 37. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

14. gr.

Ákvæði til bráðabirgða.

Samþykkt þessi, sem sett er af borgarstjórn Reykjavíkurborgar skv. 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. janúar 2005. Ný fagráð skv. B-lið 61. gr. skulu þó kosin til loka kjörtímabilsins við birtingu samþykktarinnar og skulu þau taka til starfa 1. janúar 2005. Frá sama tíma fellur niður umboð eftirtalinn nefnda og ráða og eru fulltrúar í þeim þá jafnframt leystir frá störfum:

1. Félagsmálaráð.
2. Fræðsluráð.
3. Íþrótt- og tómstundaráð (eldra).
4. Leikskólaráð.
5. Menningarmálanefnd.
6. Samgöngunefnd.
7. Skipulags- og byggingarnefnd.
8. Umhverfis- og heilbrigðisnefnd.
9. Stjórn Fasteignastofu.
10. Stjórn Höfuðborgarstofu.
11. Stjórn Vinnuskólans.

Félagsmálaráðuneytinu, 17. desember 2004.

F. h. r.

Guðjón Bragason.

*Lárus Bollason.***REGLUGERÐ**

um breytingu á reglugerð um jöfnun tekjutaps sveitarfélaga vegna lækkunar tekna af fasteignaskatti, nr. 80/2001, með síðari breytingum.

1. gr.

Orðin „næstliðins árs“ í 2. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar falla brott.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett á grundvelli 18. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 16. desember 2004.

Árni Magnússon.

Guðjón Bragason.

AUGLÝSING

um deiliskipulag á Akranesi.

Breyting á deiliskipulagi Flatahverfis, klasi 1 og 2, Eyrarflöt 2.

Á fundi bæjarstjórnar Akraness sem haldinn var þann 14. september 2004, var samþykkt deiliskipulagsbreyting í klasa 1 og 2 í Flatahverfi á Akranesi.

Breytingin felst í að heimilt er að hafa átta íbúðir í húsinu og tvo stigaganga í stað sex íbúða og þriggja stigaganga.

Framangreind deiliskipulagsbreyting var grenndarkynnt skv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagsbreytingin tekur þegar gildi.

Akranesi, 20. desember 2004.

Sviðsstjóri tækni- og umhverfissviðs Akraneskaupstaðar,

Þorvaldur Vestmann.

REGLUR

um ráðstöfun 400 millj. kr. aukaframlags til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til að koma til móts við sveitarfélög í fjárhagsvanda.

1. gr.

Varið skal 100 millj. kr. til útgjaldajöfnunarframlaga til sveitarfélaga á grundvelli 13. gr. reglugerðar um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, nr. 113/2003.

2. gr.

Varið skal 100 millj. kr. til sveitarfélaga þar sem íbúum fækkaði árin 2002–2004.

Við úthlutunina skal byggja á upplýsingum frá Hagstofu Íslands um endanlegan íbúafjölda 1. desember 2001, 2002 og 2003 og bráðabirgðatölur 1. desember 2004.

Einungis kemur til úthlutunar framlags samkvæmt þessari grein ef hlutfallsleg fækkun í sveitarfélagi hefur verið umfram 0,5% á tímabilinu og heimild til útsvarsálagningar fyrir tekjuárið 2004 er fullnýtt af sveitarstjórn. Þó skal ekki greiða framlag til sveitarfélaga þar sem fækkun íbúa er ekki umfram þrjá íbúa á tímabilinu.

3. gr.

Varið skal 200 millj. kr. til sveitarfélaga sem eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga telur vera í sérstökum fjárhagsvanda vegna erfiðra ytri aðstæðna, svo sem vegna íbúafækkunar, tekjusamdráttar eða annarra ástæðna. Við mat á vanda sveitarfélaga skal eftirlitsnefndin meðal annars taka tillit til lykiltalna skv. 6. gr. reglugerðar um eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga nr. 374/2001, með síðari breytingum, og annarra viðmiða sem nefndin ákveður.

Telji eftirlitsnefndin þess þörf getur hún í samræmi við III. kafla reglugerðar nr. 374/2001 gert tillögur um úrbætur í rekstri eða gert samning við sveitarfélag um aðgerðir,

eftirlit og eftirfylgni. Jafnframt er nefndinni heimilt að kanna möguleika á fjölþættum fjárhags- og stjórnunarlegum aðgerðum til lausnar fjárhagsvanda sveitarfélagsins með þátttöku ríkisvalds, sveitarfélags, Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, Lánasjóðs sveitarfélaga og lánardrottna, ef hún telur að fjárhagsstaða sveitarfélags sé svo slæm að það hafi ekki burði til að leysa vandann án utanaðkomandi fjárhagslegrar aðstoðar.

Nefndin gerir tillögu til ráðgjafanefndar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga um skiptingu fjárens og skilyrði fyrir úthlutun. Hafni sveitarstjórn þátttöku í aðgerðum skv. 2. mgr. sem eftirlitsnefndin metur nauðsynlegar skal synja viðkomandi sveitarfélagi um aðstoð samkvæmt þessari grein.

Eftirlitsnefndin getur sett sér nánari vinnureglur um undirbúning úthlutunar samkvæmt þessari grein.

4. gr.

Reglur þessar eru settar á grundvelli 18. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, með síðari breytingum, og fjárákurlaga fyrir árið 2004, liðar 07-801 í sundurliðun 2, og öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 16. desember 2004.

Árni Magnússon.

Guðjón Bragason.

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Mosfellsbæ.

1. gr.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar er heimilt að leggja á sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald) til að standa undir kostnaði bæjarins af sorphirðu í bænum.

2. gr.

Sorphirðugjald vegna íbúðarhúsnæðis, að lágmarki kr. 9.200, er innheimt árlega með fasteignagjöldum, af íbúðum í bænum. Innifalið í því gjaldi er eitt sorpílát og sorphreinsun og sorpeyðing vegna þess.

Fyrir hvert aukasorpílát heimila er á sama hátt innheimt árlega, og fyrirfram, gjald eftir því sem hér segir:

	kr.
1. fyrir 240 l tunnu	9.200
2. fyrir 500 l gám	21.600
3. fyrir 660 l gám	25.500

Heimili sem óska eftir aukasorpíláti skulu beina ósk þar að lútandi til tæknideildar bæjarins að Völuteigi 15.

3. gr.

Fyrirtæki sem kjósa að nýta sér sorphirðu bæjarins, á meðan slík þjónusta er í boði af hálfu bæjarfélagsins, skulu greiða fyrir hvert ílát árlegt gjald sem hér segir:

	kr.
1. fyrir 240 l tunnu	13.500
2. fyrir 500 l gám	30.500
3. fyrir 660 l gám	40.500

4. gr.

Gjaldskrá þessi sem gildir frá 1. janúar 2005 er samþykkt af bæjarstjórn Mosfellsbæjar með vísan til samþykktar um sorphirðu og hreinsun opinna svæða í Mosfellsbæ nr. 589/1998 með síðari breytingum og með vísan til 5. mgr. 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, með síðari breytingum.

Við samþykkt þessarar gjaldskrár fellur úr gildi gjaldaskrá um sama efni nr. 1049, frá 29. desember 2003.

Mosfellsbæ, 13. desember 2004.

Stefán Ómar Jónsson bæjarritari.

STJÓRNARTÍÐINDI B 161 – 2004

21. desember 2004

2613

Nr. 1023

REGLUGERÐ

um (1.) breytingu á reglugerð nr. 791/2004 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á tilgreindum tímabilum, verð- og magntolli, vegna innflutnings á rauðkáli og kínakáli í 2. gr. reglugerðarinnar:

<i>Tollnúmer:</i>	Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr./kg
0704.9002	Rauðkál	22.12.04-30.06.05	ótilgr.	0	0
0704.9003	Kínakál	03.01.05-30.06.05	ótilgr.	0	0

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu 21. desember 2004.

F. h. r.

Ólafur Friðriksson.

Atli Már Ingólfsson.

20. desember 2004

Nr. 1024

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 576, 7. júlí 2004, um togveiðar á kolmunna.

1. gr.

Í stað: „713 þús.“ í lokamálslið 1. gr. komi: 428 þús.

Gutenberg

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 151, 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands og ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 20. desember 2004.

F. h. r.

Vilhjálmur Egilsson.

Jón B. Jónasson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 162 – 2004

22. desember 2004

2615

Nr. 1025

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík.

Bíldshöfði 6.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur, þann 30. september 2004 breytingu á deiliskipulagi fyrir Bíldshöfða 6.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Norðurstígsreitur, 1.132.0, Nýlendugata 5a.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti skipulags- og byggingarnefnd Reykjavíkur, þann 24. nóvember 2004 breytingu á deiliskipulagi fyrir Norðurstígsreit vegna lóðarinnar Nýlendugötu 5a.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 22. desember 2004.

Helga Bragadóttir skipulagsfulltrúi.

22. desember 2004

Nr. 1026

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 669, 12. ágúst 2004, um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 2004/2005.

1. gr.

Á töflu í 2. gr. reglugerðarinnar verða eftirfarandi breytingar:

- a. Leyfilegur heildaraflí fyrir ýsu (2) verður 90.722 lestir, sbr. 1. tl., og til línuviltunar koma 1.472 lestir, sbr. 7. tl.
- b. Leyfilegur heildaraflí fyrir steinbít (4) verður 13.044 lestir, sbr. 1. tl., og til línuviltunar koma 944 lestir, sbr. 7. tl.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum til að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 22. desember 2004.

Árni M. Mathiesen.

Jón B. Jónasson.

REGLUR

um flokkun mjólkur og verðfellingar vegna líftölu, frumutölu og lyfjaleifa.

1. gr.

Verðlagsnefnd búvöru hefur ákveðið flokkun og verðfellingar mjólkur með bactoscan-mælingum vegna líftölu (gerlatölu) eftirfarandi:

1. flokkur	≤ 400.000	Verð skv. lágmarksverði, 1. flokks mjólk.
2. flokkur	> 400.000 og ≤ 600.000	2% verðfelling af lágmarksverði mjólkur.
3. flokkur	> 600.000 og ≤ 3.000.000	5% verðfelling af lágmarksverði mjólkur.
4. flokkur	> 3.000.000	8% verðfelling af lágmarksverði mjólkur.

Taka skal a.m.k. eitt sýni hjá hverjum framleiðanda í hverri viku. Fyrir hvert sýni sem fer í 2. flokk, skal verðfellt um 2%, í 3. flokk skal verðfellt um 5% og fyrir hvert sýni sem fer í 4. flokk skal verðfellt um 8%. Samanlögð prósentu einstakra flokka skal gilda sem heildarverðfelling fyrir allt mjólkurmagn framleiðandans í mánuðinum. Verðfelling fyrir hvern lítra mjólkur skal reiknuð af lágmarksverði sem gildir á hverjum tíma.

2. gr.

Þá hefur verðlagsnefnd búvöru einnig ákveðið flokkun og verðfellingar mjólkur með frumutölu sem hér segir:

1. flokkur	≤ 400.000	Verð skv. lágmarksverði 1. flokks mjólk.
2. flokkur	> 400.000 og ≤ 600.000	1% verðfelling af lágmarksverði mjólkur.
3. flokkur	> 600.000	3% verðfelling af lágmarksverði mjólkur.

Verðfelling miðast við margfeldismeðaltal mánaðar og að það hafi farið tvo mánuði í röð upp fyrir mörk 1. flokks og þá er reiknuð verðfelling fyrir innlegg síðasta mánaðar miðað við flokkun þess mánaðar.

3. gr.

Ef í mjólk framleiðanda sem send hefur verið í mjólkurstöð finnast lyfjaleifar þá skal það innlegg ekki skráð, þar að auki verði innlegg mánaðar frá viðkomandi framleiðanda verðfellt um 8% af lágmarksverði mjólkur.

4. gr.

Reglur þessar eru birtar samkvæmt heimild í 8. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum með síðari breytingum og öðlast gildi 1. janúar 2005, en frá sama tíma falla úr gildi reglur nr. 294/2004 um sama efni.

Reykjavík, 22. desember 2004.

F. h. verðlagsnefndar búvöru,

Ólafur Friðriksson formaður.

AUGLÝSING

um breytingu á sérstöku svæðisskipulagi fyrir Kárahnjúkavirkjun, vegna Ufsarveitu.

Samkvæmt 5. mgr. 15. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 22. desember 2004 staðfest breytingu á sérstöku svæðisskipulagi fyrir Kárahnjúkavirkjun frá 15. ágúst 2002.

Breytingar verða á framkvæmdum í nágrenni fyrirhugaðs Ufsarlóns í Fljótssdalshreppi m.a. vegna niðurfellingar áður fyrirhugaðrar Bessastaðaveitu. Gert er ráð fyrir jöfnunargöngum, loftunarholum og þrýstijöfununarstokki í og við Jökulsárgöng og haugsvæði við Ufsarlón. Ennfremur breytist lega Hraunavegar með nýrri brú yfir Jökulsá í Fljótssdal neðan Ufsarstíflu.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 22. desember 2004.

Sigríður Anna Þórðardóttir.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2002-2014, Borg.

Samkvæmt 2. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 22. desember 2004 staðfest breytingu á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2002-2014, frá 28. apríl 2003.

Breytingin felst í því að 8.000 m² svæði sem skilgreint er sem opið svæði til sérstakra nota breytist í svæði fyrir opinbera þjónustu.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps. Skipulagsstofnun hefur afgangið erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 22. desember 2004.

Sigríður Anna Þórðardóttir.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

REGLUGERÐ

um hlutdeild sjúkratryggðra í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Gildissvið.

Í reglugerð þessari er kveðið á um þau gjöld sem sjúkratryggðir skulu greiða fyrir heilbrigðisþjónustu sem veitt er á heilsugæslustöðvum, á bráðamóttöku og göngu- og slysadeild sjúkrahúsa og fyrir heilbrigðisþjónustu sem veitt er hjá sjálfstætt starfandi sérfræðilæknum sem samninganefnd heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra hefur gert samning við skv. 39. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, með síðari breytingum.

Heilsugæslustöðvum, sjúkrahúsum og sérfræðilæknum, sbr. 1. mgr., er óheimilt að innheimta hærrí eða önnur gjöld af sjúkratryggðum en kveðið er á um í reglugerð þessari og fylgiskjali með henni.

Tryggingastofnun ríkisins skal kynna almenningi efni þessarar reglugerðar.

2. gr.

Fagleg samskipti heilsugæslulækna, heimilislækna og sérfræðilækna.

Í samræmi við markmið um að tryggja fagleg samskipti milli heilsugæslulækna, heimilislækna og sérfræðilækna er gert ráð fyrir því sem meginreglu í reglugerð þessari að samskipti sjúklings og læknis hefjist hjá heilsugæslu- eða heimilislækni.

Sjúklingur sem kemur til sérfræðilæknis fyrir milligöngu heilsugæslu- eða heimilislæknis skal hafa meðferðis beiðni frá læknum. Sérfræðilæknirinn skal ávallt senda lækna- bréf til heilsugæslu- eða heimilislæknis sjúklings, sbr. þó 4. mgr.

Komi sjúklingur til sérfræðilæknis án milligöngu heilsugæslu- eða heimilislæknis skal sérfræðilæknir þó ávallt senda heilsugæslu- eða heimilislækni sjúklingsins lækna- bréf. Komi sjúklingur til sérfræðilæknis fyrir milligöngu annars sérfræðilæknis skal síðari sérfræðilæknirinn ávallt senda lækna- bréf til heilsugæslu- eða heimilislæknis sjúklingsins og þess sérfræðilæknis sem hafði milligöngu um samskiptin, sbr. þó 4. mgr.

Sjúklingi er heimilt að óska þess við lækni að hann sendi ekki upplýsingar honum viðkomandi til annarra lækna. Þess skal þá getið í sjúkraskrá. Lækni er og skylt að útskýra fyrir sjúklingi ábyrgð þá sem þessu fylgir fyrir sjúklinginn sjálfan.

3. gr.

Hverjir eru sjúkratryggðir.

Sá sem verið hefur búsettur hér á landi í sex mánuði telst sjúkratryggður nema annað leiði af milliríkjasamningum, sbr. 32. gr. og 9. gr. a. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, með síðari breytingum. Með búsetu er átt við lögheimili í skilningi lögheimilisлага.

Börn og unglingar yngri en 16 ára eru sjúkratryggð með foreldrum sínum. Sama á við um stjúpbörn og fósturbörn.

Tryggingastofnun ríkisins ákvarðar hvort einstaklingur telst sjúkratryggður. Að öðru leyti gildir, um það hverjir teljist sjúkratryggðir hér á landi, reglugerð nr. 463/1999 um framkvæmd almannatrygginga og skráningu í tryggingaskrá.

II. KAFLI Heilsugæsla.

4. gr.

Komugjöld á dagvinnutíma.

Fyrir komu á heilsugæslustöð eða til heimilislæknis á dagvinnutíma skulu sjúkratryggðir greiða sem hér segir:

1. Sjúkratryggðir almennt, kr. 700.
2. Ellilífeyrisþegar 70 ára og eldri, örorkulífeyrisþegar, ellilífeyrisþegar 67-70 ára sem nutu örorkulífeyris fram til 67 ára aldurs, ellilífeyrisþegar 60-70 ára sem njóta óskerts ellilífeyris og börn yngri en 18 ára, kr. 350.
3. Börn með umönnunarkort samkvæmt reglugerð nr. 504/1997 um fjárhagslega aðstoð við framfærendur fatlaðra og langveikra barna, kr. 230.

Undanþegnar gjaldskyldu eru komur vegna mæðra- og ungbarnaverndar, heilsugæsla í skólum og unglíngamóttaka í heilsugæslu sem veitir ráðgjöf og fræðslu um forvarnir. Með mæðra- og ungbarnavernd er átt við mæðra- og ungbarnavernd eins og hún er skilgreind í tilmælum landlæknis um áherslur í mæðra- og ungbarnavernd og ung- og smábarnavernd.

Gjöld samkvæmt þessari grein renna til reksturs heilsugæslustöðvar eða stofureksturs heimilislæknis.

5. gr.

Komugjöld utan dagvinnutíma.

Fyrir komu á heilsugæslustöð eða til heimilislæknis utan dagvinnutíma, þ.e. milli kl. 16.00 og 08.00 og á laugardögum og helgidögum, skulu sjúkratryggðir greiða sem hér segir:

1. Sjúkratryggðir almennt, kr. 1.750.
2. Ellilífeyrisþegar 70 ára og eldri, örorkulífeyrisþegar, ellilífeyrisþegar 67-70 ára sem nutu örorkulífeyris fram til 67 ára aldurs, ellilífeyrisþegar 60-70 ára sem njóta óskerts ellilífeyris og börn yngri en 18 ára, kr. 800.
3. Börn með umönnunarkort samkvæmt reglugerð nr. 504/1997 um fjárhagslega aðstoð við framfærendur fatlaðra og langveikra barna, kr. 500.

Hafi læknir sjálfur valið að sinna læknisstarfi utan dagvinnutíma skal greitt samkvæmt 4. gr.

Gjöld samkvæmt þessari grein renna til reksturs heilsugæslustöðvar eða stofureksturs heimilislæknis.

6. gr.

Gjöld vegna vitjana lækna.

Fyrir vitjun læknis á dagvinnutíma skulu sjúkratryggðir greiða sem hér segir:

1. Sjúkratryggðir almennt, kr. 1.850.
2. Ellilífeyrisþegar 70 ára og eldri, örorkulífeyrisþegar, ellilífeyrisþegar 67-70 ára sem nutu örorkulífeyris fram til 67 ára aldurs, ellilífeyrisþegar 60-70 ára sem njóta óskerts ellilífeyris og börn yngri en 18 ára, kr. 700.
3. Börn með umönnunarkort samkvæmt reglugerð nr. 504/1997 um fjárhagslega aðstoð við framfærendur fatlaðra og langveikra barna, kr. 500.

Fyrir vitjun lækniis utan dagvinnutíma skulu sjúkratryggðir greiða sem hér segir:

1. Sjúkratryggðir almennt, kr. 2.600.
2. Ellilífeyrisþegar 70 ára og eldri, örorkulífeyrisþegar, ellilífeyrisþegar 67-70 ára sem nutu örorkulífeyris fram til 67 ára aldurs, ellilífeyrisþegar 60-70 ára sem njóta óskerts ellilífeyris og börn yngri en 18 ára, kr. 1.000.
3. Börn með umönnunarkort samkvæmt reglugerð nr. 504/1997 um fjárhagslega aðstoð við framfærendur fatlaðra og langveikra barna, kr. 700.

Með vitjun samkvæmt þessari grein er átt við þjónustu lækniis utan heilsugæslustöðvar.

Hafi lækniir sjálfur valið að sinna vitjun utan dagvinnutíma skal greiða vitjanagjald dagvinnutíma skv. 1. mgr.

Heimilt er að ákveða að ellilífeyrisþegar 70 ára og eldri, örorkulífeyrisþegar, ellilífeyrisþegar 67-70 ára sem nutu örorkulífeyris fram til 67 ára aldurs, ellilífeyrisþegar 60-70 ára sem njóta óskerts ellilífeyris og börn með umönnunarkort samkvæmt reglugerð nr. 504/1997 um fjárhagslega aðstoð við framfærendur fatlaðra og langveikra barna, greiði sama vitjanagjald og aðrir, en fá mismuninn endurgreiddan gegnum sjúkratryggingar, gegn framvísun kvittunar lækniis.

Í vitjanagjaldi eru innifaldar kr. 100 vegna óhjákvæmilegs ferðakostnaðar lækniis.

Vitjanagjald greiðist lækni og dregst frá samningsbundinni þóknun hans fyrir vitjanir.

7. gr.

Gjöld fyrir aðra þjónustu.

Sjúkratryggðir skulu greiða fyrir bólusetningar (hvern skammt) á heilsugæslustöð sem hér segir:

1. Blóðmauraheilabólga, kr. 3.600.
2. Heilahimnubólga (meningococca)
 - a. fjölvirkt fjölsykrubóluefni, kr. 4.600,
 - b. prótínbóluefni gegn stofni C (18 ára og eldri), kr. 4.000.
3. Hettusótt, kr. 4.700.
4. Hlaupabóla, kr. 6.100.
5. Hundaeði, kr. 6.800.
6. Inflúensa, kr. 600.
7. Japönsk heilabólga, kr. 3.300.
8. Kólera (bóluefni til inntöku), kr. 2.800.
9. Lifrabólga A 720 ein./ml, kr. 2.700.
10. Lifrabólga A 1400 ein./ml, kr. 4.100.
11. Lifrabólga B, kr. 2.900.
12. Lifrabólga B fyrir börn, kr. 2.100.
13. Lifrabólga A og B, kr. 5.300.
14. Lifrabólga A og B fyrir börn, kr. 3.800.
15. Lungnabólga, kr. 2.000.
16. Mislingar, kr. 2.000.
17. Stífkrampi og barnaveiki fyrir fullorðna, kr. 700.
18. Taugaveiki, kr. 2.300.

Gjöld skv. 1. mgr. skulu greiðast til viðbótar við komugjöld skv. 4. og 5. gr. Gjöldin skulu einnig greidd í heimahjúkrun. Ekkert gjald er greitt fyrir ungbarnavernd og heilsugæslu í skólum, sbr. 2. mgr. 4. gr. Þá er ekki greitt gjald fyrir bólusetningar við stífkrampa, mænu-sótt, rauðum hundum og MMR (mislingar + hettusótt + rauðir hundar).

Auk komugjalda skv. 4. og 5. gr. skulu sjúkratryggðir greiða gjald fyrir aðra þjónustu en greinir í 1. mgr. sem hér segir:

1. Þungunarpróf, kr. 400.
2. Streptokokkarannsóknir, kr. 500.
3. Lyfjaleit í þvagi, kr. 1.600.
4. Lykkja (t), kr. 2.000.
5. Hormónalykkja, kr. 14.300.
6. Foreldrafræðsla, kvöldnámskeið, gildir fyrir báða foreldra, kr. 6.000.

Gjöld samkvæmt þessari grein renna til reksturs heilsugæslustöðvar.

8. gr.

Gjöld vegna krabbameinsleitar.

Vegna krabbameinsleitar á heilsugæslustöðvum og hjá heimilislæknum (legstrok og mynd af brjóstum) skal sjúkratryggður greiða kr. 2.600 fyrir hverja komu.

Ellilífeyrisþegar 70 ára og eldri, örorkulífeyrisþegar, ellilífeyrisþegar 67-70 ára sem nutu örorkulífeyris fram til 67 ára aldurs og ellilífeyrisþegar 60-70 ára sem njóta óskerts ellilífeyris greiða kr. 930.

Gjöld samkvæmt þessari grein renna til Krabbameinsfélags Íslands vegna úrlesturs frumusýna, röntgenmynda og leitarstarfs.

III. KAFLI

Sjúkrahús.

9. gr.

Komugjöld.

Fyrir komu og endurkomu á slysadeild og bráðamóttöku sjúkrahúsa skal sjúkratryggður greiða sem hér segir:

1. Sjúkratryggðir almennt, kr. 3.320.
2. Ellilífeyrisþegar 70 ára og eldri, örorkulífeyrisþegar, ellilífeyrisþegar 67-70 ára sem nutu örorkulífeyris fram til 67 ára aldurs, ellilífeyrisþegar 60-70 ára sem njóta óskerts ellilífeyris og börn yngri en 18 ára, kr. 1.330.
3. Börn með umönnunarkort samkvæmt reglugerð nr. 504/1997 um fjárhagslega aðstoð við framfærendur fatlaðra og langveikra barna, kr. 430.

Fyrir komu og endurkomu á göngudeild sjúkrahúsa vegna þjónustu annarra en lækna skal sjúkratryggður greiða sem hér segir:

1. Sjúkratryggðir almennt, kr. 1.777.
2. Ellilífeyrisþegar 70 ára og eldri, örorkulífeyrisþegar, ellilífeyrisþegar 67-70 ára sem nutu örorkulífeyris fram til 67 ára aldurs, ellilífeyrisþegar 60-70 ára sem njóta óskerts ellilífeyris og börn yngri en 18 ára, kr. 740.
3. Börn með umönnunarkort samkvæmt reglugerð nr. 504/1997 um fjárhagslega aðstoð við framfærendur fatlaðra og langveikra barna, kr. 425.

Fyrir sjúkra- og talþjálfun á sjúkrahúsum skal þrátt fyrir 2. mgr. þó aldrei greiða herra eða lægra gjald en kveðið er á um í gildandi samningum samninganefndar heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra við Félag sjálfstætt starfandi sjúkraþjálfara og Félag talkennara og talmæinafræðinga. Gjöld fyrir sjúkra- og talþjálfun á sjúkrahúsum veita rétt til þjálfunarkorts frá Tryggingastofnun ríkisins.

Aldraðir sem þjónustu dagvistar njóta í tengslum við sjúkrahús skulu taka þátt í kostnaði af dagvistinni skv. 19. gr. laga nr. 125/1999 um málefni aldraðra og 4. gr. reglugerðar nr. 45/1990 um dagvist aldraðra.

Sjúkratryggðir skulu greiða gjöld fyrir meðferð húðsjúkdóma veitta á sjúkrahúsi af öðrum en læknum í samræmi við reglugerð nr. 660/1998 um greiðslur Tryggingastofnunar ríkisins fyrir meðferð húðsjúkdóma veitta af öðrum en læknum, með síðari breytingu.

Gjöld fyrir þjónustu skv. VI. kafla greiðast til viðbótar við komugjöld skv. 1. mgr., þó skulu komugjald og gjöld skv. VI. kafla takmarkast við það hámarksgjald sjúkratryggðs sem tilgreint er í VI. kafla.

Gjöld samkvæmt þessari grein skulu renna til reksturs sjúkrahúss.

10. gr.

Gjald fyrir endurtengingu eggjaleiðara eftir ófrjósemisaðgerð.

Fyrir endurtengingu eggjaleiðara eftir ófrjósemisaðgerð skal sjúkratryggður greiða kr. 142.000.

Gjald samkvæmt þessari grein rennur til reksturs sjúkrahúss.

IV. KAFLI

Sameiginleg ákvæði fyrir þjónustu í heilsugæslu og á sjúkrahúsum.

11. gr.

Gjöld fyrir læknisvottorð í heilsugæslu og á sjúkrahúsum.

Fyrir læknisvottorð á eyðublöðum Tryggingastofnunar ríkisins vegna almannatrygginga eða bóta félagslegrar aðstoðar skulu sjúkratryggðir greiða sem hér segir:

1. Ekkert gjald fyrir örorkuvottorð vegna lífeyristrygginga (A og B), örorkuvottorð vegna slysatrygginga (A), vottorð vegna fjárhagslegrar aðstoðar við fötlud og sjúk börn eða vottorð vegna endurhæfingarlífeyris.
2. Fyrir framhaldsvottorð vegna slysatrygginga, kr. 350.
3. Fyrir læknisvottorð vegna slysatrygginga (áverkavottorð), vegna beiðni um þjálfun, vegna öflunar hjálpartækja, vegna lengingar fæðingarorlofs, vegna hreyfihömlunar (uppbót vegna reksturs bifreiðar), vegna heimahjúkrunar, vegna umsóknar um lyfjaskírteini, vegna vistunar sjúklings erlendis (siglinganefnd), sjúkradagpeningavottorð eða skýrslu vegna ferðakostnaðar innanlands, kr. 700.
4. Fyrir læknisvottorð vegna umsóknar um styrk og uppbót til kaupa á bifreið fyrir fatlaða, kr. 800.

Fyrir önnur læknisvottorð en tilgreind eru í 1. mgr. skal innheimta gjöld sem hér segir:

1. Fyrir vottorð um fjarvistir nemenda úr skólum, kr. 350.
2. Fyrir vottorð vegna sjúkranudds, kr. 700.
3. Fyrir vottorð um fjarvistir til atvinnurekenda, ónæmisaðgerðir og alþjóðaónæmisskírteini, heilsufar nemenda til skóla, leikskóla og sumarbúða, undanþágu til bílbeltanotkunar, vegna veitingar ökuleyfis og endurgreiðslu ferðakostnaðar, svo sem ferðarofs, og til skattfirvalda, kr. 1.200.
4. Fyrir vottorð vegna bóta úr slysa- og sjúkrasjóðum, umsókna um örorkubætur til lífeyrissjóða, andláts (dánarvottorð), fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðar, kr. 1.700.
5. Fyrir vottorð vegna byssuleyfis, skóla erlendis, og um heilsufar eða vinnufærni vegna umhverfis eða atvinnu, þ.m.t. vegna atvinnuréttinda, kr. 3.000.
6. Fyrir vottorð til lögmanna og tryggingafélaga vegna sjúkdóma eða slysa, tryggingafélaga vegna líf- og sjúkdómategygginga eða umsókna um örorkubætur, ættleiðingu, lög-reglu, sýslumanna, vegna dvalar- og/eða atvinnuleyfa hér á landi og dvalar eða starfa erlendis skal miða við hversu langan tíma það tekur lækni að gera vottorðið og skal greiða kr. 2.500 fyrir hverjar byrjaðar 20 mínútur.

Gjöld fyrir vottorð samkvæmt þessari grein skulu renna til stofnunar.

V. KAFLI
Sameiginleg ákvæði fyrir þjónustu utan sjúkrahúsa
og á göngudeildum sjúkrahúsa.

12. gr.

Gjöld fyrir sérfræðilæknishjálp.

Fyrir hverja komu til sérfræðilæknis utan sjúkrahúsa og á göngudeild sjúkrahúsa, sbr. þó 10. og 13. gr., skulu sjúkratryggðir greiða sem hér segir, sbr. þó 16. gr.:

1. Sjúkratryggðir almennt, fyrstu kr. 2.700 og til viðbótar 40% af umsömdu eða ákveðnu heildarverði við komuna sem umfram er þó að hámarki kr. 18.000.
Fyrir komu til sérfræðings í augnlækningum til sjónmælingar vegna gleraugna greiða sjúkratryggðir almennt á aldrinum 18 - 70 ára fullt verð samkvæmt gjaldskrá sérfræðinga við Tryggingastofnun ríkisins sbr. þó 2. og 3. tölul. 1. mgr.
2. Ellilífeyrisþegar 70 ára og eldri, örorkulífeyrisþegar, ellilífeyrisþegar 67-70 ára sem nutu örorkulífeyris fram til 67 ára aldurs, ellilífeyrisþegar 60-70 ára sem njóta óskerts ellilífeyris og börn yngri en 18 ára kr. 900 og til viðbótar 1/3 af 40% af umsömdu eða ákveðnu heildarverði við komuna sem umfram er þó að hámarki kr. 18.000.
3. Börn með umönnunarkort samkvæmt reglugerð nr. 504/1997 um fjárhagslega aðstoð við framfarendur fatlaðra og langveikra barna 1/9 af gjaldi samkvæmt 1. tölul. 1. mgr. þó að lágmarki kr. 450 og að hámarki kr. 18.000.

Sjúkratryggðir almennt skulu greiða kr. 5.280 fyrir keiluskurðaðgerðir. Ellilífeyrisþegar 70 ára og eldri, örorkulífeyrisþegar, ellilífeyrisþegar 67-70 ára sem nutu örorkulífeyris fram til 67 ára aldurs, ellilífeyrisþegar 60-70 ára sem njóta óskerts ellilífeyris og börn yngri en 18 ára skulu greiða kr. 1.760 fyrir keiluskurðaðgerðir.

Við komu skv. 1. tölul. 1. mgr. þar sem svæfingalæknir svæfir eða deyfir við aðgerð skurðlæknis skal sjúkratryggður greiða að hámarki kr. 18.000 í heild.

Þegar reikningur er gerður til Tryggingastofnunar ríkisins fyrir sérfræðilæknishjálp skal draga greiðslu sjúkratryggðra frá umsömdu heildarverði. Ekki er gerður reikningur til Tryggingastofnunar ríkisins vegna sérfræðilæknisþjónustu (ferliverk) sem veitt er á sjúkrahúsum.

Með umsömdu og ákveðnu heildarverði, sbr. 1. og 2. tölul. 1. mgr., er átt við það gjald sem samið hefur verið um í samningum heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra við sérfræðilækna skv. 39. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar. Innifalið í greiðslu sjúkratryggðra er kostnaður vegna hvers kyns einnota áhalda, umbúða og þess háttar.

Gjöld vegna þjónustu á göngudeild sjúkrahúsa skulu renna til reksturs sjúkrahússins.

13. gr.

Gjöld vegna meðferðar og rannsókna við ófrjósemi.

Fyrir meðferð hjá IVF Iceland, tæknifrjóvgun skal sjúkratryggður greiða sem hér segir:

	Glasafrjóvgun (IVF)	Smásjárfrjóvgun (ICSI)
1. Par sem ekki á barn saman:		
a. fyrsta meðferð	kr. 137.000	kr. 164.000
b. önnur til fjórða meðferð	kr. 77.000	kr. 93.000
c. fimmta meðferð eða fleiri	kr. 256.000	kr. 307.000
2. Par sem á eitt barn saman:		
a. fyrsta til fjórða meðferð	kr. 202.000	kr. 243.000
b. fimmta meðferð eða fleiri	kr. 256.000	kr. 307.000
3. Par sem á fleiri börn saman:	kr. 256.000	kr. 307.000

Inni í þessari greiðslu felst kostnaður vegna nauðsynlegra rannsókna, heimsókna til sérfræðinga hjá IVF og lyfja, annarra en örvunarlyfja eggjastokka, en um greiðslu þeirra fer samkvæmt reglugerð um greiðslur almannatrygginga í lyfjakostnaði.

Greiðslur skulu skiptast þannig að í upphafi hverrar meðferðar skal greitt 20% af áætl-
uðu heildargjaldi. Eftirstöðvar gjalds skal greiða þegar ákveðið hefur verið að framkvæma
eggheimtu.

4. Uppsetning frystra fósturvísa, kr. 42.000.
5. Geymsla frystra fósturvísa kr. 11.000 fyrir hvert byrjað geymsluár. Frysting fósturvísa
er að öðru leyti innifalin í meðferðargjaldi.
6. Tæknisæðing, aðeins ef uppsetning er framkvæmd, kr. 21.000.

Fyrir aðrar rannsóknir sem ekki tengjast tæknifrjóvgunarmeðferð skulu greiðslur fara
skv. 12. gr. og VI. kafla.

VI. KAFLI

Sameiginleg ákvæði fyrir þjónustu í heilsugæslu, á sjúkrahúsum og utan sjúkrahúsa.

14. gr.

Gjöld fyrir rannsóknir, geisla- og myndgreiningar og beinþéttnimælingar.

Fyrir hverja komu til rannsóknar á rannsóknastofu og vegna rannsóknar á sýni sem sent
er til rannsóknar í rannsóknastofu, sbr. þó 10. og 13. gr., skulu sjúkratryggðir greiða sem hér
segir, sbr. þó 16. gr.:

1. Sjúkratryggðir almennt, kr. 1.000.
2. Ellilífeyrisþegar 70 ára og eldri, örorkulífeyrisþegar, ellilífeyrisþegar 67-70 ára sem nutu
örorkulífeyris fram til 67 ára aldurs, ellilífeyrisþegar 60-70 ára sem njóta óskerts elli-
lífeyris og börn yngri en 18 ára, kr. 300.
3. Börn með umönnunarkort samkvæmt reglugerð nr. 504/1997 um fjárhagslega aðstoð við
framfærendur fatlaðra og langveikra barna, kr. 100.

Fyrir hverja komu til geisla- og myndgreiningar og beinþéttnimælingar skulu sjúkra-
tryggðir greiða sem hér segir, sbr. þó 16. gr.:

1. Sjúkratryggðir almennt, 1.500 kr. og til viðbótar 40% af umsömdu eða ákveðnu heildar-
verði við komuna sem umfram er þó að hámarki kr. 18.000.
2. Ellilífeyrisþegar 70 ára og eldri, örorkulífeyrisþegar, ellilífeyrisþegar 67-70 ára sem nutu
örorkulífeyris fram til 67 ára aldurs, ellilífeyrisþegar 60-70 ára sem njóta óskerts elli-
lífeyris og börn yngri en 18 ára, kr. 500 og til viðbótar 1/3 af 40% af umsömdu eða
ákveðnu heildarverði við komuna sem umfram er þó að hámarki kr. 18.000.
3. Börn með umönnunarkort samkvæmt reglugerð nr. 504/1997 um fjárhagslega aðstoð við
framfærendur fatlaðra og langveikra barna 1/9 af gjaldi samkvæmt 1. tölul 2. mgr. þó
að lágmarki kr. 200 og að hámarki kr. 18.000.

Sjúkratryggðir almennt skulu greiða kr. 5.280 fyrir kransæða- og hjartaþræðingu. Elli-
lífeyrisþegar 70 ára og eldri, örorkulífeyrisþegar, ellilífeyrisþegar 67-70 ára sem nutu örorku-
lífeyris fram til 67 ára aldurs, ellilífeyrisþegar 60-70 ára sem njóta óskerts ellilífeyris og börn
yngri en 18 ára skulu greiða kr. 1.760 fyrir kransæða- og hjartaþræðingu.

Þegar reikningur er gerður til Tryggingastofnunar ríkisins fyrir geisla- og myndgrein-
ingu skal draga greiðslu sjúkratryggðra frá umsömdu heildarverði. Ekki er gerður reikningur
til Tryggingastofnunar ríkisins vegna geisla- og myndgreininga og beinþéttnimælinga sem
gerðar eru í heilsugæslu og á sjúkrahúsum.

Með umsömdu og ákveðnu heildarverði, sbr. 1. og 2. tölul. 2. mgr., er átt við það gjald
sem samið hefur verið um í samningum heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra við sérfræði-
lækna skv. 39. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar eða verð sem tilgreint er í fylgi-

skjali I með þessari reglugerð. Innifalið í greiðslu sjúkratryggðra er kostnaður vegna hvers kyns einnota áhaldna, umbúða og þess háttar.

Gjöld vegna þjónustu á heilsugæslustöð og á sjúkrahúsum skulu renna til reksturs stofnana.

VII. KAFLI Afláttarskírteini.

15. gr.

Réttur til afláttarskírteinis.

Þegar sjúkratryggður einstaklingur á aldrinum 18 – 70 ára hefur greitt kr. 18.000 á sama almanaksári vegna heimsóknna á heilsugæslustöð eða til heimilislæknis, vitjana lækna, koma á slysadeild og bráðamóttöku sjúkrahúsa, koma til sérfræðilækna utan sjúkrahúsa og til sérfræðilækna á göngudeild sjúkrahúsa, rannsóknna á rannsóknastofum, geisla- og myndgreininga og beinþéttimælinga skal hann eiga rétt á afláttarskírteini.

Börn undir 18 ára aldri með sama fjölskyldunúmer samkvæmt skilgreiningu Hagstofu Íslands skulu teljast einn einstaklingur. Þegar greiddar hafa verið á sama almanaksári kr. 6.000 vegna heimsóknna barna undir 18 ára aldri í sömu fjölskyldu á heilsugæslustöð eða til heimilislæknis, vitjana lækna, heimsóknna á slysadeild og bráðamóttöku sjúkrahúsa, koma til sérfræðilækna utan sjúkrahúsa og til sérfræðilækna á göngudeild sjúkrahúsa, rannsóknna á rannsóknastofum, geisla- og myndgreininga og beinþéttimælinga, eiga forsjármenn barnanna rétt á afláttarskírteini vegna þeirra.

Þegar ellilífeyrisþegar 70 ára og eldri, örorkulífeyrisþegar og ellilífeyrisþegar 67–70 ára sem nutu örorkulífeyris fram til 67 ára aldurs og ellilífeyrisþegar 60–70 ára sem njóta óskerts ellilífeyris, hafa greitt kr. 4.500 á sama almanaksári vegna heimsóknna á heilsugæslustöð eða til heimilislæknis, vitjana lækna, heimsóknna á slysadeild og bráðamóttöku sjúkrahúsa, koma til sérfræðilækna utan sjúkrahúsa og til sérfræðilækna á göngudeild sjúkrahúsa, rannsóknna á rannsóknastofu, geisla- og myndgreininga og beinþéttimælinga, skulu þeir eiga rétt á afláttarskírteini.

Greiðslur samkvæmt 7. gr., 8. gr., 2., 4. og 5. mgr. 9. gr., 10. gr., 11. gr., 13. gr. og 18. gr. veita ekki rétt til afláttarskírteinis samkvæmt þessari grein.

16. gr.

Gjöld þeirra sem eru með afláttarskírteini.

Gegn framvísun kvittana fyrir greiðslur skv. 4.-6. gr., 1. mgr. 9. gr., 12. og 14. gr. skal Tryggingastofnun ríkisins afhenda sjúkratryggðum afláttarskírteini skv. 15. gr., sem lækkar greiðslu vegna heilbrigðisþjónustu út almanaksárið. Kvittanir skulu auk nafns útgefanda bera með sér tegund þjónustu, fjárhæð, greiðsludag, nafn og kennitölu hins sjúkratryggða.

Hafi sjúkratryggður fengið afláttarskírteini samkvæmt þessari grein skal hann greiða sem hér segir fyrir heilbrigðisþjónustu það sem eftir er almanaksársins:

1. Fyrir komu á heilsugæslustöð eða til heimilislæknis skv. 4. gr. á dagvinnutíma:
 - a. Sjúkratryggðir almennt, kr. 350.
 - b. Ellilífeyrisþegar 70 ára og eldri, örorkulífeyrisþegar, ellilífeyrisþegar 67-70 ára sem nutu örorkulífeyris fram til 67 ára aldurs, ellilífeyrisþegar 60-70 ára sem njóta óskerts ellilífeyris, og börn yngri en 18 ára, kr. 230.
2. Fyrir komu á heilsugæslustöð eða til heimilislæknis skv. 5. gr. utan dagvinnutíma:
 - a. Sjúkratryggðir almennt, kr. 1.100.
 - b. Ellilífeyrisþegar 70 ára og eldri, örorkulífeyrisþegar, ellilífeyrisþegar 67-70 ára sem nutu örorkulífeyris fram til 67 ára aldurs, ellilífeyrisþegar 60-70 ára sem njóta óskerts ellilífeyris, og börn yngri en 18 ára, kr. 500.

3. Fyrir vitjun læknis skv. 1. mgr. 6. gr. á dagvinnutíma:
 - a. Sjúkratryggðir almennt, kr. 1.100.
 - b. Ellilífeyrisþegar 70 ára og eldri, örorkulífeyrisþegar, ellilífeyrisþegar 67-70 ára sem nutu örorkulífeyris fram til 67 ára aldurs, ellilífeyrisþegar 60-70 ára sem njóta óskerts ellilífeyris og börn yngri en 18 ára, kr. 500.
4. Fyrir vitjun læknis skv. 2. mgr. 6. gr. utan dagvinnutíma:
 - a. Sjúkratryggðir almennt, kr. 1.750.
 - b. Ellilífeyrisþegar 70 ára og eldri, örorkulífeyrisþegar, ellilífeyrisþegar 67-70 ára sem nutu örorkulífeyris fram til 67 ára aldurs, ellilífeyrisþegar 60-70 ára sem njóta óskerts ellilífeyris og börn yngri en 18 ára, kr. 700.
5. Fyrir komu á slysadeild og bráðamóttöku sjúkrahúsa skv. 1. mgr. 9. gr.:
 - a. Sjúkratryggðir almennt, kr. 1.320.
 - b. Ellilífeyrisþegar 70 ára og eldri, örorkulífeyrisþegar, ellilífeyrisþegar 67-70 ára sem nutu örorkulífeyris fram til 67 ára aldurs, ellilífeyrisþegar 60-70 ára sem njóta óskerts ellilífeyris og börn yngri en 18 ára, kr. 420.
6. Fyrir komu til sérfræðilæknis utan sjúkrahúsa og til sérfræðilæknis á göngudeild sjúkrahúsa skv. 12. gr.:
 - a. Sjúkratryggðir, kr. 900 + 1/3 af 40% af umsömdu eða ákveðnu heildarverði við komuna sem umfram er þó að hámarki kr. 18.000. Fyrir keiluskurðaðgerð skal greiða að hámarki kr. 1.760.
 - b. Ellilífeyrisþegar 70 ára og eldri, örorkulífeyrisþegar, ellilífeyrisþegar 67-70 ára sem nutu örorkulífeyris fram til 67 ára aldurs, ellilífeyrisþegar 60-70 ára sem njóta óskerts ellilífeyris og börn yngri en 18 ára 1/9 af gjaldi samkvæmt 1. tölul. 1. mgr. 12. gr. þó að lágmarki kr. 450 og að hámarki kr. 18.000. Fyrir keiluskurðaðgerð skal greiða að hámarki kr. 586.
7. Fyrir rannsóknir skv. 1. mgr. 14. gr.:
 - a. Sjúkratryggðir almennt, kr. 400.
 - b. Ellilífeyrisþegar 70 ára og eldri, örorkulífeyrisþegar, ellilífeyrisþegar 67-70 ára sem nutu örorkulífeyris fram til 67 ára aldurs, ellilífeyrisþegar 60-70 ára sem njóta óskerts ellilífeyris og börn yngri en 18 ára, kr. 100.
8. Fyrir geisla- og myndgreiningu og beinþéttmælingu skv. 2. mgr. 14. gr.:
 - a. Sjúkratryggðir almennt, kr. 500 og til viðbótar 1/3 af 40% af umsömdu eða ákveðnu heildarverði við komuna sem umfram er þó að hámarki kr. 18.000. Fyrir kransæða- og hjartaþræðingu skal greiða að hámarki kr. 1.760.
 - b. Ellilífeyrisþegar 70 ára og eldri, örorkulífeyrisþegar, ellilífeyrisþegar 67-70 ára sem nutu örorkulífeyris fram til 67 ára aldurs, ellilífeyrisþegar 60-70 ára sem njóta óskerts ellilífeyris og börn yngri en 18 ára 1/9 af gjaldi skv. 1. tölul. 2. mgr. 14. gr. þó að lágmarki kr. 200 og að hámarki kr. 18.000. Fyrir kransæða- og hjartaþræðingu skal greiða að hámarki kr. 586.

Við komu skv. 6. tölul. 2. mgr. þar sem svæfingalæknir svæfir eða deyfir við aðgerð skurðlæknis skal sjúkratryggður greiða að hámarki kr. 18.000 í heild.

Heimilt er að ákveða að afsláttarskírteinishafar greiði sama vitjanagjald og aðrir en fá síðan mismuninn endurgreiddan gegnum sjúkratryggingar, gegn framvísun kvittunar læknis. Gjöld sem greidd eru á heilsugæslustöð og sjúkrahúsi renna til reksturs stofnananna. Vitjanagjald dregst frá sammingsbundinni þóknun læknis fyrir vitjanir, sbr. og 6. gr.

VIII. KAFLI
Ýmis ákvæði.

17. gr.

Sérreglur fyrir atvinnulausa.

Einstaklingur sem verið hefur samfellt atvinnulaus í sex mánuði eða lengur samkvæmt staðfestingu Vinnumálastofnunar á rétt á heilbrigðisþjónustu á sömu kjörum og ellilífeyrisþegar 70 ára og eldri, örorkulífeyrisþegar, ellilífeyrisþegar 67-70 ára sem nutu örorkulífeyris fram til 67 ára aldurs og ellilífeyrisþegar 60-70 ára sem njóta óskerts ellilífeyris. Staðfestingu Vinnumálastofnunar skal endurnýja á þriggja mánaða fresti. Réttur til afsláttarskírteinis fer samkvæmt 1. mgr. 15. gr.

18. gr.

Gjald fyrir sjúkraflutninga.

Hámarksfjárhæð sem sjúkratryggður skal greiða fyrir sjúkraflutninga á sjúkrahús og frá sjúkrahúsi skv. h-lið 1. mgr. 36. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, með síðari breytingum, er kr. 3.500.

19. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 36. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, með síðari breytingum, 20. gr. og 35. gr. a. laga nr. 97/1990 um heilbrigðisþjónustu, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. janúar 2005. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 981/2003 um hlutdeild sjúkratryggðra í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu, með síðari breytingum.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 17. desember 2004.

Jón Kristjánsson.

Davíð Á. Gunnarsson.

Fylgiskjal I.

Ákveðið heildarverð fyrir geisla- og myndgreiningar til viðmiðunar við útreikning á greiðsluhluta sjúklings fyrir komu á heilsugæslustöð og sjúkrahús þar sem ekki er um innlög að ræða, sbr. 2. og 5. mgr. 14. gr. reglugerðar þessarar.

Flokkar	Einingar	Verð (149 kr./ein.)	Flokkar	Einingar	Verð (149 kr./ein.)
1. flokkur	21	3.129	9. flokkur	140	20.860
2. flokkur	28	4.172	10. flokkur	150	22.350
3. flokkur	45	6.705	11. flokkur	200	29.800
4. flokkur	70	10.430	12. flokkur	210	31.290
5. flokkur	90	13.410	13. flokkur	510	75.990
6. flokkur	100	14.900	14. flokkur	1100	163.900
7. flokkur	115	17.135	15. flokkur	1580	235.420
8. flokkur	120	17.880			

- Einungis er gjaldfært fyrir einn flokk í hverri komu í flokkum 13 - 15 og er þá miðað við hæsta verðflokk þess sem gert er.
- Gjaldfært er sérstaklega fyrir hjartagangráða, stent og regnhlífur, a.ö.l. eru einnota vörur innifaldar í verðskrá.
- Við ómskoðun gildir einu hve mörg líffæri innan flokksins eru skoðuð, hámarksgreiðsla fyrir sjúklingakomu eru tveir flokkar.
Ef rannsókn er í VIII. flokki er það hámarksgreiðsla fyrir ómun.

Númer	Heiti rannsóknar	Einingar	Númer	Heiti rannsóknar	Einingar
1. flokkur					
301-00	Epipharynx	21	629-00	Hryggsekkkjurannsókn	28
304-00	Mjúkpartar á hálsi / barki / skjaldkirtill	21	655-00	Lengdarákvörðun/ hornamæling á útlimum	28
401-00	Munnvatnskirtlar	21	3. flokkur		
600-09	Rannsókn á sýni	21	199-00	Aðrar aðgerðir ótaldar	45
601-00	Cranium	21	302-00	Talmeinafræðileg rannsókn	45
602-00	Sinusal	21	320-07	Lungu/ rekkjumynd utan röntgendeildar	45
603-00	Andlitsbein/nefbein	21	399-00	Aðrar aðgerðir ótaldar	45
608-00	Neðri kjálki/kjálkaliðir	21	443-00	Anal fistulografia	45
609-00	Kjálkaliðir (bitrannsókn)	21	499-00	Aðrar aðgerðir ótaldar	45
620-00	Sternum	21	511-00	Retrograd pyelografia	45
621-00	Hálsliðir	21	512-00	Antegrad pyelografia	45
622-00	Brjóstliðir	21	540-00	Grindarmál	45
623-00	Lendarliðir	21	599-00	Aðrar aðgerðir ótaldar	45
624-00	Rif	21	600-36	Fistulografia	45
625-00	Sternoclavicularliðir	21	607-00	Dakrocystografia	45
626-00	Mjaðmagrind	21	656-00	Ákvörðun beinaldurs	45
627-00	Sacroiliacaliðir	21	699-00	Aðrar aðgerðir ótaldar	45
628-00	Spjaldbein/rófubein	21	3-I 91x-00	Ómun höfuð og heili	45
631-00	Axlarl./viðbein/herðablað	21	3-I 912-07	Ómun heili - mobil	45
632-00	Sérmynd af acromion, Bigliani	21	3-I 912-11	Ómun heili á skurðstofu	45
633-00	Upphandleggur	21	3-II 92x-00	Ómun hjarta og brjóstholshæðar	45
634-00	Olnbogi	21	3-III 93x-00	Ómun háls og brjósthol	45
636-00	Framhandleggur	21	3-IV 94x-00	Ómun kviðarhol og kviðarholslíffæri	45
637-00	Úlnliður	21	3-IV 94x-07	Ómun kviðarhol og kviðarholslíffæri - mobil	45
638-00	Hönd/fingur	21	3-IV 94x-11	Ómun kviðarhol og kviðarholslíffæri á skurðstofu	45
639-00	Mjaðmarliðir	21	3-V 95x-00	Ómun þvægfæri, eistu og nýrna-hettur	45
641-00	Lærleggur	21	3-V 95x-07	Ómun þvægfæri - mobil	45
642-00	Hnéliður	21	3-V 95x-11	Ómun þvægfæri á skurðstofu	45
645-00	Fótleggur	21	3-VI 960-00	Ómun bein- liðir-liðþófar	45
646-00	Ökkli	21	3-VI 961-00	Ómun mjúkparta á útlimum	45
648-00	Fótur/hæll/tær	21	3-VI 962-00	Ómun bláæða á útlimum m.t.t. blóðsega (DVT)	45
2. flokkur					
320-00	Lungu	28	3-VI 963-00	Ómun mamme	45
320-09	Lungu/rekkjumynd á röntgendeild	28	3-VI 964-00	Ómun mjúkpartar aðrir	45
460-00	Kviðarhol, yfirlit	28	3-VII 97x-00	Ómun: leg, eggjaleiðarar, eggjastokkar og fóstur	45
501-00	Þvægfærarfirlit	28	4. flokkur		
6xx-32	Bein og liðir - álagsrannsóknir, liggjandi eða standandi	28	320-10	Lungu - skyggniadstoð	70
6xx-33	Bein og liðir - hornamæling	28	420-00	Magi	70
611-00	Orthopantomografia	28	430-00	Mjógirmi	70
617-00	Leguákvörðun aðskotahluts í auga	28			
626-10	Mjaðmagrind-skyggniadstoð	28			
626-11	Mjaðmagrind rannsókn á skurðstofu	28			

Númer	Heiti rannsóknar	Einingar	Númer	Heiti rannsóknar	Einingar
450-00	Gallvegir um dren (cholangiografía)	70	460-05	Kviðarhol - ástunga/sýnistaka	115
453-00	Gallvegir í aðgerð	70	463-00	Ductografía choled. (ERC)	115
460-10	Kviðarhol, skygging	70	464-00	Ductografía pancreas (ERP)	115
501-10	Þvagfæri, skygging	70	590-50	Skipt um nefrostomíslöngu	115
586-00	Cavernografía	70	685-00	Bláæðarannsókn á handlegg	115
589-00	Bláæðarannsókn, aðrar æðar ótaldar	70	688-00	Lymfografía	115
6xx-35	Skuggaefnisrannsókn á liðum - arthrografía	70	6xx-05	Ástunga/sýnistaka	115
600-10	Skygging	70	715-00	Nýrnabarkar og safnkerfisskann (gluco eða DTPA/DMSA)	115
600-38	Rannsókn á líki	70	720-00	Nýru, Renografía-MAG3 eða DTPA	115
800-77	Plönun / eftirhledslu	70	725-00	Heilaskönnun með DTPA (blood-brain-barrier)	115
8xx-00	TS-rannsókn án skuggaefnisgjafar	70	734-00	Ísótóparannsókn beinayfirlit	115
821-04	TS-háls hryggur með skuggaefni í mænugang (myelogr.)	70	734-03	Ísótóparannsókn beinayfirlit-SPECT	115
822-04	TS-brjósthryggur m/skuggaefni í mænugang (myelogr.)	70	735-00	Lungnaskönnun, blóðflæði (perfusion)	115
823-04	TS-lendhryggur með skuggaefni í mænugangi (myelogr.)	70	736-00	Lungnaskönnun, loftfylling (ventilation)	115
3-VIII 9xx-01	Ómun m/skuggaefni	70	740-00	Ísótóparannsókn munnvatnskirtlar	115
	5. flokkur		750-00	Nýrnabarkarskann (DMSA)	115
8xx-01	TS-rannsókn með skuggaefnisgjöf	90	755-00	Ísótóparannsókn skjaldkirtill	115
869-33	Tölvusneið-mjaðmargrind+hornamæling	90	763-00	Thrombosugreining (ísótópa-flebografía)	115
870-33	TS-fótleggur+hornamæling	90	766-00	Eistnaskann	115
895-00	TS-dental einföld vegna titanium implantationar	90	773-00	Gallrennsli (HIDA-skönnun)	115
3-VIII 9xx-60	Æðaómskoðun án skuggaefnisgjafar/flæðisrannsóknir	90	779-00	Táragangaskönnun	115
	6. flokkur		783-00	Æviskeið rauðra blóðkorna (red cell survival, RCS)	115
402-00	Sialografía	100	784-00	Ísótóparannsókn lifur/milta	115
410-00	Vélinda	100	784-03	Ísótóparannsókn lifur/milta-SPECT	115
431-00	Mjógirmi-tvíkontrast (sondu-passage)	100	787-00	Bakflæði magi-vélinda (mjólkurskann, salivagram)	115
440-00	Ristill	100	788-00	Magatæming - vökvi	115
441-00	Ristill-tvíkontrast	100	789-00	Magatæming - föst fæða	115
442-00	Defecografía	100	791-00	Meltingarfærablæðingarskann með sulfúr colloid	115
449-00	Herniografía	100	792-00	Meckelscann	115
510-00	Þvagfærarannsókn með skuggaefni, urografía	100	793-00	Bakflæði þvagblaðra-þvagleiðari (ísótópa-MUCG)	115
530-00	Urethrocystografía	100	3-VIII 9xx-05	Ómstýrð ástunga/sýnistaka	115
531-00	Mictionsurethrocystografía	100		8. flokkur	
533-00	Vesiculografía	100	8xx-02	Tölvusneiðmyndarannsókn án og með skuggaefni/ fjölfasa	120
534-00	Rannsókn á Brickersblöðru (loopografía)	100	896-00	TS-dental tvöföld vegna titanium implantationar	120
560-00	Hysterosalpingografía	100	3-VIII 9xx-61	Æðaómskoðun með skuggaefnisgjöf/flæðisrannsókn	120
686-00	Ganglimsplebografía	100		9. flokkur	
	7. flokkur		320-06	Lungu - ástunga/dren	140
131-00	Lumbal myelografía	115	460-06	Kviðarhol - ástunga/dren	140
132-00	Thoracal / Cervical / Total myelografía	115	6xx-06	Ástunga/dren	140
304-05	Mjúkpartar á hálsi - ástunga/sýnistaka	115	721-00	Nýru, Króm-EDTA-clearance (51-Cr)	140
320-05	Lungu - ástunga/sýnistaka	115			
350-00	Bronchografía	115			
450-50	Gallvegir, skipt um slöngu	115			

Númer	Heiti rannsóknar	Einingar	Númer	Heiti rannsóknar	Einingar
741-00	Hjartavöðvablóðfæði í hvíld (Cardiolite, Myoview)	140	776-00	Beinaskönnun, þrífasa + tvífasa (liðir)	210
743-00	Ísótóparannsókn myocardium	140	777-00	Beinaskönnun, tvífasa	210
762-00	Blóðrúmmál (rauð blóðkorn, 51-Cr)	140	781-00	Polycytaemia vera, meðferð með 32-P	210
778-00	Beinaskönnun, þrífasa	140	782-00	Æviskeið rauðra blóðkorna, sequestration (eyðingarstað)	210
3-VIII 9xx-06	Ómstýrð ástunga/dren	140	790-00	Meltingarfærablæðingarskann með rauðum blóðkornum	210
	10. flokkur		795-00	Æxlisskann með monoclonal antibodies	210
711-00	Ofstarfsemi skjaldkirtils, meðferð með 131-I	150	796-00	Sýkingarskann með merktum hvítum blóðkornum	210
785-00	Schillingspróf I	150	797-00	Sýkingarskann með gallium	210
786-00	Schillingspróf II	150	798-00	Skjaldkirtilskrabbamein, meinvarpaleit, 131-I	210
Mxx-00	Segulómrannsóknir án skuggaefnisgjafar	150	8xx-61	Tölvusneiðmyndir - æðaskoðun	210
Mxx-60	Segulómun - æðaskoðun án skuggaefnisgjafar	150		13. flokkur	
	11. flokkur		170-00	Carotis angiografia	510
Mxx-01	Segulómrannsóknir án og með skuggaefnisgjöf	200	171-00	Carotis interna angiografia	510
Mxx-61	Segulómun - æðaskoðun með skuggaefnisgjöf	200	172-00	Sérþræðing á carotis externa ang.	510
	12. flokkur		173-00	Arteriografia aa. vertebr.	510
704-00	Shuntfunction (ventriculo peritoneal eða önnur)	210	174-00	Aorta-cervical angiografia	510
709-00	Skjaldkirtilsskönnun og upptökmæling 131-I	210	175-00	Superselectiv angiografia	510
710-00	Skjaldkirtilskrabbamein, meðferð með 131-I	210	176-00	Spinal angiografia	510
718-00	Ísótóp-lifur og lifrablóðflæði	210	180-00	Orbital flebografia	510
726-00	Mænuvökvarennsli (cisternografi, intrathecal skann)	210	181-00	Jugularis flebografia	510
728-00	Mænuvökvaleki	210	182-00	Spinal flebografia	510
737-00	Hjartavirkni (MUGA)	210	195-00	Deyfing á ganglion semilunare (Gasseri)	510
742-00	Hjartavöðvablóðfæði m. álagi (Cardiolite, Myoview)	210	372-00	Thoracal aortografia	510
744-00	Ísótóparannsókn liðir	210	376-00	Æðarannsókn hálslíffæra (t.d. skjaldkirtils)	510
745-00	Liðbólga, meðferð með 90-Y	210	377-00	Þræðing á bronchial æðum	510
747-00	Bris	210	382-00	Skuggaefnisinnæling í lungnaslagæð	510
748-00	MIBG (pheochromocytoma o.fl.)	210	383-00	Thoracal cavografia	510
754-00	Ísótóparannsókn heila með Ceretec	210	395-00	Non-invasiv raflífeðlisfræðileg rannsókn	510
756-00	Kalkkirtlaskönnun (parathyreoidea)	210	410-40	Vélinda-útvíkkun	510
757-00	Nýrnahettuskönnun (75-Se-norcholesterol)	210	440-40	Ristill-útvíkkun	510
761-00	Ísótóparannsókn beinmergur	210	470-00	Kviðarholsæðar-inndæling í aorta	510
765-00	Lymfueitlar	210	471-00	Kviðarholsæðar, sérþræðing	510
767-00	Æxlisskann með gallium eða joð 131	210	480-00	Cavografia inf. með v.iliaca	510
768-00	Nýrnaskann með lasix eða captopril	210	498-00	Víkkun þrængsla í vélinda	510
774-00	Gallrennsli (HIDA-skönnun) m. CCK eða fitumáltíð	210	570-00	Æðarannsókn á æðum í mjaðmagrind	510
775-00	Frásög á gallsýru í þörmum (SeHCAT, 75-Se)	210	571-00	Sérþr. í æðar grindarholslíffæra	510
			573-00	Renal aortografia	510
			574-00	Renal angiografia	510
			576-00	Nýrnahettuslagæðar, sérþræðing	510
			577-00	Sérþræðing í Art. testicularis/ovarica	510
			578-00	Slagæðarannsókn á ígræddu nýra	510
			579-00	Æðarannsókn, aðrar æðar ótalдар	510
			580-00	Flebografi á renalis	510

Númer	Heiti rannsóknar	Einingar	Númer	Heiti rannsóknar	Einingar
581-00	Nýrnabláæðar, sérþræðing og blóðsýni tekin	510	677-00	Aorto-femoral angiografía	510
582-00	Flebografía af gl. supraren.	510	679-00	Rannsókn annarra slagæða	510
584-00	Sérþræðing í vena spermatica	510	729-00	Basal ganglia (BETA - CIT - 123 - I)	510
584-43	Lokun á vena spermatica (embolisation)	510	8xx-05	Tölvusneiðmyndastýrð ástunga/sýnistaka	510
585-00	Bláæðarannsókn grindarholslíf-færa	510	8xx-06	Tölvusneiðmyndastýrð ástunga/dren	510
590-00	Ástunga á nýrnaskjóðu (percutan nefropyelostom)	510	Mxx-05	Segulómstýrð ástunga/sýnistaka	510
592-52	Stungið á blöðru í nýra (cystu-punction)-stent	510	Mxx-06	Segulómstýrð ástunga/dren	510
593-00	Stungið á blöðru í nýra (cystu-punction)	510	780-00	Æxliskönnun (Octreotide, 111-In)	1100
675-00	Slagæðarannsókn á handlegg	510	758-00	Beinameinvörp, meðferð með 89-Sr (Metastron)	1580
676-00	Ganglímangiografía	510			

AUGLÝSING

um skipulag í Mosfellsbæ.

Deiliskipulag frístundalóðar í landi Úlfarsfells II við Hafravatn.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar samþykkti deiliskipulag frístundalóðar í landi Úlfarsfells II við Hafravatn, Mosfellsbæ, á fundi sínum þann 24. nóvember 2004.

Í deiliskipulaginu felst að gert er ráð fyrir 3.100 m² frístundalóð og hámarksstærð húss 70 m², hámarkshæð húss er 5,5 m.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagsstofnun hefur heimilað auglýsingu þess. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

Deiliskipulag frístundalóðar (4 hús) við Krókatjörn, nr. 9000-1110 í landi Miðfells.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar samþykkti deiliskipulag frístundalóðar (4 hús) við Krókatjörn nr. 9000-1110 í landi Miðdals, Mosfellsbæ, á fundi sínum þann 10. nóvember 2004.

Í deiliskipulaginu felst 1,79 ha frístundalóð sunnan við Krókatjörn og er heimilt að reisa á henni þrjú frístundahús auk þess sem heimilt verður að viðhalda húsi sem fyrir er á bakka tjarnarinnar

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagsstofnun hefur heimilað auglýsingu þess. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

F.h. bæjarstjórnar Mosfellsbæjar, 15. desember 2004.

Tryggvi Jónsson bæjarverkfræðingur.

REGLUGERÐ

um daggjöld stofnana sem ekki eru á föstum fjárlögum árið 2005.

1. gr.

Daggjöld.

Daggjöldum á stofnunum sem ekki eru á föstum fjárlögum er ætlað að mæta eðlilegum rekstrarkostnaði án viðhalds húsnæðis og skulu vera sem hér segir frá 1. janúar 2005:

A. Hjúkrunarheimili.

Liður	Viðf.	Hjúkrunarheimili	Daggjald kr.
401	113	Grenilundur, Grenivík	13.254
401	113	Hvammur, Húsavík	13.004
401	113	Helgafell, Djúpavogi	12.837
401	113	Blesastaðir, Blesastöðum	12.920
401	113	Sólvellir, Eyrarbakka	12.837
401	113	Silfurtún, Búðardal	12.920
401	113	Sæborg, Skagaströnd	12.837
401	113	Roðasalir, Kópavogi	13.754
405	101	Hrafnista, Reykjavík	13.838
406	101	Hrafnista, Hafnarfirði	13.671
407	101	Grund, Reykjavík	13.588
408	101	Sunnuhlíð, Kópavogi	13.754
409	101	Hjúkrunarheimilið Skjól	13.754
410	101	Hjúkrunarheimilið Eir	13.671
411	101	Garðvangur, Garði	13.921
412	101	Hjúkrunarheimilið Skógarbær	14.005
413	101	Hjúkrunarheimilið Droplaugarstöðum	14.171
414	101	Hjúkrunarheimilið Lundur, Hellu	13.588
415	101	Hjúkrunarheimilið Hulduhlíð, Eskifirði	13.087
416	101	Hjúkrunarheimilið Hornbrekka, Ólafsfirði	13.421
417	101	Hjúkrunarheimilið Naust, Þórshöfn	13.337
418	101	Seljahlíð, Reykjavík	13.504
419	101	Sólvangur, Hafnarfirði	13.838
421	101	Víðines	13.504
423	101	Höfði, Akranesi	13.504
424	101	Dvalarheimili aldraðra Borgarnesi	13.921
425	101	Dvalarheimili aldraðra Stykkishólmi	12.587
426	101	Fellaskjól, Grundarfirði	13.588
427	101	Jaðar, Ólafsvík	13.004
428	101	Fellsendi, Búðardal	12.754
429	101	Barmahlíð, Reykhólum	13.004
433	101	Dalbær, Dalvík	13.171
434	101	Samningur við Akureyrarbæ um öldrunarþjónustu	13.671
436	101	Uppsalar, Fáskrúðsfirði	13.754
437	101	Samningur við Sveitarfélagið Hornafjörð um öldrunarþjónustu	13.754
438	101	Klausturhólar, Kirkjubæjarklaustri	13.171
439	101	Hjallatún, Vík	12.837
440	101	Kumbaravogur, Stokkseyri	13.671
441	101	Ás/Ásbyrgi, Hveragerði	13.337
442	101	Hraunbúðir, Vestmannaeyjum	13.671
443	101	Holtsbúð, Garðabæ	13.087
444	101	Vífilsstaðir, Garðabæ	13.754

Daggjald skal greitt þrátt fyrir að vistmaður hverfi af stofnun í stuttan tíma svo sem til aðstandenda yfir helgi eða hátíðar enda hafi heilbrigðisyfirvöld ekki aukakostnað af dvöl-inni. Fari vistmaður á sjúkrahús til skammtímainnlagnar skal greiða 70% af daggjaldi stofnunar í allt að 30 daga. Við andlát vistmanns eða þegar vistmaður flytur fyrir fullt og allt af stofnun skal greiða fullt daggjald næstu 7 daga.

Daggjald skal greitt stofnun vegna krónískra nýrnasjúklinga þegar þeir vegna blóðskilunar eru innritaðir á Landspítala-háskólasjúkrahús. Landspítali-háskólasjúkrahús greiðir kostnað vegna lyfjagjafar eins og fyrir aðra blóðskilunarsjúklinga sem skráðir eru inn á sjúkrahúsið.

Greiða skal 845 kr. á dag til viðbótar daggjaldi stofnunar fyrir hvern krónískan nýrnasjúkling sem dvelst á stofnun og þarf blóðskilun á Landspítala-háskólasjúkrahúsi.

Tryggingastofnun ríkisins skal greiða daggjöld samkvæmt A-lið 1. gr.

B. Daggjöld á öðrum stofnunum.

Stofn.	Viðf.	Heiti stofnunar	Daggjald kr.
441	117	Ás/Ásbyrgi, Hveragerði	8.148
470	110	Vesturhlíð, Reykjavík	8.030
472	110	Hlíðabær, Reykjavík	7.696
473	110	Lindargata, Reykjavík	7.696
474	110	MS-félag Íslands, Reykjavík	7.021
475	110	Múlabær, Reykjavík	4.798
476	110	Fríðuhús, Reykjavík	7.696
410	115	Hjúkrunarheimilið Eir	7.696
434	115	Samn. Akureyrarbæjar v/minnissjúkra	7.696
415	115	Hjúkrunarheimilið Hulduhlíð, Eskifirði v/MS	7.021
412	171	Hjúkrunarheimilið Skógarbær, endurhæfingardeild	19.328
477	115	Róðasalir, Kópavogi	7.696
477	115	Dagvistun Reykjanesbæjar v/minnissjúkra	7.696

Tryggingastofnun skal greiða daggjöld samkvæmt B-lið 1. gr.

2. gr.

Dvalarheimilisgjöld og gjöld fyrir dagvistun.

Daggjöldum á dvalarheimilum fyrir aldraða og fyrir dagvistun aldraðra er ætlað að mæta eðlilegum rekstrarkostnaði án viðhalds húsnæðis og skulu vera sem hér segir frá 1. janúar 2005:

- | | | |
|----|---|-------|
| 1. | Vistgjald á dvalarheimili fyrir aldraða | 5.900 |
| 2. | Gjald á dagvistun fyrir aldraða | 3.578 |

Nauðsynlegur flutningskostnaður vistmanna er innifalinn í dagvistunargjaldi. Þeir sem þjónustu dagvistar njóta skulu greiða 600 kr. á dag, sbr. 19. gr. laga nr. 125/1999 um mál-fni aldraðra, með síðari breytingum.

Tryggingastofnun ríkisins skal greiða daggjöld samkvæmt þessari grein.

3. gr.

Samkvæmt reglugerð þessari er hvers konar þjónusta, sem vistmönnum er látin í té á stofnunum, innifalinn í daggjöldum.

4. gr.

Húsnæðisgjald vegna viðhalds.

Tryggingastofnun ríkisins skal greiða gjald til að mæta viðhaldskostnaði húsnæðis sem dagvistar-, dvalar- og hjúkrunarheimili nýta við rekstur á dagvistar-, dvalar- og hjúkrunarrýmum. Gjaldið árið 2005 er 2.114 kr. á m² á ári og reiknast að hámarki á 60 m² á hvert hjúkrunar- og vistrými að meðtöldu sameiginlegu rými og að hámarki 30 m² á dagvistarrými að meðtöldu sameiginlegu rými. Gjaldið reiknast aldrei á stærra rými en sem stærð húsnæðisins nemur.

Húsnæðisgjaldi er ætlað að standa undir öllu almennu viðhaldi húsnæðis, en ekki stofnkostnaði, afskriftum og meiriháttar breytingum og endurbótum á húsnæði.

5. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 2. mgr. 39. gr. laga nr. 117/1993 um almanna-tryggingar, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. janúar 2005. Jafnframt fellur úr gildi frá sama tíma reglugerð nr. 547/2004 um daggjöld stofnana sem ekki eru á föstum fjárlögum.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 17. desember 2004.

Jón Kristjánsson.

Davíð Á. Gunnarsson.

REGLUGERÐ**um Framkvæmdasjóð aldraðra.**

1. gr.

Hlutverk.

Framkvæmdasjóður aldraðra skal stuðla að uppbyggingu og efla öldrunarþjónustu um land allt.

2. gr.

Stjórn.

Samstarfsnefnd um málefni aldraðra annast stjórn Framkvæmdasjóðs aldraðra, sbr. 3. tölul. 5. gr. og 1. mgr. 11. gr. laga nr. 125/1999 um málefni aldraðra, með síðari breytingum. Þegar nefndin fjallar um málefni Framkvæmdasjóðs aldraðra skal fulltrúi tilnefndur af fjárlaganefnd Alþingis taka sæti í henni. Kostnaður við rekstur og stjórn Framkvæmdasjóðs aldraðra skal greiddur úr sjóðnum samkvæmt ákvörðun ráðherra.

Samstarfsnefnd um málefni aldraðra skal árlega gera tillögur til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um úthlutun úr Framkvæmdasjóði aldraðra. Skal umsóknnum raðað í forgangs röð í samræmi við þörf á hverjum stað. Skal þess gætt að ekki séu gerðar tillögur um úthlutun vegna stofnana annarra en þeirra sem fengið hafa framkvæmda- og rekstrarleyfi heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, sbr. 7. gr.

Við gerð tillagna um úthlutun til nýrra verkefna skal samstarfsnefnd um málefni aldraðra styðjast við eftirfarandi:

- a. Framlag til þjónustumiðstöðva aldraðra skv. a-lið 5. gr. og dagvistar skv. b-lið 5. gr. má nema allt að 20% af heildarkostnaði. Framlagið má þó ekki verða hærra en 10.500 kr. á hvern m² miðað við byggingarvísitölu 100.
- b. Framlag til dvalarheimila og sambýla skv. c-lið 5. gr. má nema allt að 20% af heildarkostnaði með búnaði. Framlagið má þó ekki verða hærra en 8.750 kr. á hvern m² miðað við byggingarvísitölu 100.
- c. Framlag til hjúkrunarheimila eða hjúkrunarrýma á öldrunarstofnunum í eigu sveitarfélaga, félagasamtaka og einkaaðila skv. d-lið 5. gr. má nema allt að 40% af heildarkostnaði með búnaði. Framlagið má þó ekki verða hærra en 28.100 kr. á hvern m² miðað við byggingarvísitölu 100.
- d. Framlag vegna breytinga og endurbóta skv. e-lið 5. gr. skal miðast við framlagða kostnaðaráætlun og mat á nauðsyn.
- e. Framlög til annarra verkefna skv. h-lið 5. gr. skulu taka mið af 1. gr.
Umsóknir um framlög úr Framkvæmdasjóði aldraðra skulu vera á sérstökum eyðublöðum sem útbúin eru af heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu. Eyðublöðunum skulu jafnframt fylgja skilmálablöð ráðuneytisins.

3. gr.

Varsla og reikningshald.

Framkvæmdasjóður aldraðra skal vera í vörslu Tryggingastofnunar ríkisins, sbr. 1. mgr. 11. gr. laga nr. 125/1999 um málefni aldraðra, með síðari breytingum.

Tryggingastofnun ríkisins skal ársfjórðungslega og oftar ef þörf krefur gefa samstarfsnefnd um málefni aldraðra yfirlit um stöðu sjóðsins.

Reikningar Framkvæmdasjóðs aldraðra fyrir nýliðið ár skulu fullgerðir um leið og aðrir reikningar Tryggingastofnunar ríkisins. Skulu þeir endurskoðaðir á sama hátt og reikningar ríkisstofnana.

4. gr.

Tekjur.

Tekjur Framkvæmdasjóðs aldraðra eru:

- a. Tekjur af sérstöku gjaldi sem skattstjórar leggja á þá sem skattskyldir eru skv. 1. gr. laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. 10. gr. laga nr. 125/1999 um málefni aldraðra. Fjárhæð gjaldsins kemur til endurskoðunar við afgreiðslu fjárlaga ár hvert.
- b. Frjáls framlög og aðrar tekjur er til kunna að falla.
- c. Vaxtatekjur.

Í miðmánuði hvers ársfjórðungs skal fjármálaráðuneytið skila Framkvæmdasjóði aldraðra fjórðungi tekna sjóðsins á því ári.

5. gr.

Framlög úr Framkvæmdasjóði aldraðra.

Fjármagni úr Framkvæmdasjóði aldraðra skal varið til:

- a. Bygginga þjónustumiðstöðva aldraðra sem eru starfræktar af sveitarfélögum til að tryggja eldri borgurum félagsskap, næringu, hreyfingu, tómstundaiðju, skemmtun og heilsufarslegt eftirlit. Þjónustumiðstöðvar geta starfað sjálfstætt eða í tengslum við aðra þjónustu sem aldraðir njóta.
- b. Bygginga dagvista fyrir aldraða sem er stuðningsúrræði við þá sem að staðaldri þurfa eftirlit og umsjá til að geta búið áfram heima. Í dagvist aldraðra skal veitt hjúkrunarþjónusta og vera aðstaða til þjálfunar og lækniþjónustu. Boðið skal upp á flutningsþjónustu að og frá heimili einstaklingsins, mat á heilsufari, þjálfun, tómstundaiðju, félagslegan stuðning, fræðslu, ráðgjöf og aðstoð við athafnir daglegs lífs.

- c. Bygginga dvalarheimila og sambýla sem eru sérhönnuð fyrir þarfir aldraðra sem ekki eru færir um að annast heimilishald þrátt fyrir heimaþjónustu. Á stofnunum þessum skal vera varsla allan sólarhringinn og vól á fjölbreyttri þjónustu, svo sem mat, þvotti, þrifum og félags- og tómstundastarfi. Aðstaða skal vera fyrir hjúkrun, læknishjálp og endurhæfingu. Þjónusta skal byggð á einstaklingsbundnu mati á þörfum hins aldraða og skal byggjast á hjálpi til sjálfshjálpar.
- d. Bygginga hjúkrunarheimila eða hjúkrunarrýma á öldrunarstofnunum ætluð öldruðum einstaklingum sem eru of lasburða til að dveljast á dvalarheimilum eða sambýlum. Þar skal veitt hjúkrunar- og lækniþjónusta og vera endurhæfing. Sérstök aðstaða skal vera fyrir aldraða með heilabilunareinkennum. Þjónusta skal byggð á einstaklingsbundnu mati á heilsufarslegum og félagslegum þörfum hins aldraða. Möguleiki skal vera á að einstaklingar geti komið þar til skammtímavistunar, sé þess þörf. Við hönnun skal þess sérstaklega gætt að stofnunin sé heimilisleg og að sem flestir íbúar hafi eigið herbergi.
- e. Að mæta kostnaði við nauðsynlegar breytingar og endurbætur á húsnæði sem tilgreint er í a-d-liðum.
- f. Viðhalds húsnæðis sem tilgreint er í b-d-liðum. Framlög samkvæmt þessum lið greiddast samkvæmt reglugerð heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um daggjöld stofnana sem ekki eru á föstum fjárlögum og þarf ekki að sækja um þau á sérstökum eyðublöðum heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins.
- g. Reksturs stofnanaþjónustu fyrir aldraða sem tilgreind er í c- og d-liðum í sérstökum tilvikum.
- h. Annarra verkefna sem stuðla að uppbyggingu öldrunarþjónustu. Framlag úr Framkvæmdasjóði aldraðra telst ríkisframlag.

6. gr.

Húsaleiga.

Framkvæmdasjóði aldraðra er heimilt að greiða þann hluta húsaleigu sem telst stofn-
kostnaður vegna leigu á hjúkrunarheimili fyrir aldraða sem samþykkt hefur verið að byggja
eftir 1. janúar 2005 á kostnað annarra aðila en ríkisins að undangengnu útboði. Skilyrði fyrir
greiðslu húsaleigu er að ekki hafi verið veittur styrkur úr Framkvæmdasjóði aldraðra skv. 5.
gr. eða annar styrkur frá ríkinu til að byggja hjúkrunarheimilið. Húsaleiga sem greidd er með
þessum hætti telst ígildi stofnkostnaðar. Hjúkrunarheimili skal tekið á leigu að undangengnu
útboði.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra er heimilt að gera undanþágu frá útboði þegar
sérstaklega stendur á og talið er að útboð muni ekki leiða til lægri húsaleigukostnaðar fyrir
ríki og sveitarfélög.

7. gr.

Framkvæmda- og rekstrarleyfi heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra.

Framlög skv. 5. gr. og húsaleiga skv. 6. gr. eru ekki veitt úr Framkvæmdasjóði aldraðra
nema heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra hafi veitt framkvæmda- og rekstrarleyfi skv. 16.
gr. laga nr. 125/1999 um málefni aldraðra, með síðari breytingum.

Aður en framkvæmdir hefjast við dagvist fyrir aldraða skv. b-lið 5. gr. eða stofnun fyrir
aldraða skv. c- og d-lið 5. gr. skal afla framkvæmda- og rekstrarleyfis skv. 1. mgr. Skulu
umsóknir um framkvæmda- og rekstrarleyfi vera á sérstökum eyðublöðum sem útbúin eru
af heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu. Eyðublöðunum skulu fylgja sérstök skilmála-
blöð. Beiðni um framkvæmda- og rekstrarleyfi skal fylgja umsögn og þarfagreining þjón-
ustuhóps aldraðra á því starfssvæði þar sem stofnunin mun verða. Ennfremur skulu fylgja
upplýsingar um verksvið stofnunar og staðsetningu, svo og uppdættir af byggingum, lóð og
umhverfi og afstöðu til nágrennis ásamt lýsingu á húsakynnum. Þá skal fylgja greinargerð

um fjármögnun, eigendur og fjárhag þeirra og skýrsla um starfsáætlun, stjórn, starfsfólk, rekstrarfyrirkomulag og hve mörgum vistmönnum stofnuninni er ætlað að sinna.

Beiðni um framkvæmda- og rekstrarleyfi vegna meiri háttar breytinga og endurbóta á húsakynnum og starfsemi stofnunar fyrir aldraða skv. e-lið 5. gr. skulu fylgja upplýsingar um staðsetningu, uppdrættir af byggingum, lóð og umhverfi og um afstöðu til nágrennis ásamt lýsingu á húsakynnum. Ennfremur skulu fylgja upplýsingar um það hvort breytingarnar hafi áhrif á umfang starfseminnar og hvort þær leiði til fjölgunar eða fækkunar vistmanna. Þá skulu fylgja upplýsingar um fjármögnun breytinganna.

Ráðherra veitir framkvæmda- og rekstrarleyfi ef stofnunin fullnægir heilbrigðiskröfum og ákvæðum laga um málefni aldraðra og ætla má að hún geti leyst verkefni sín á viðunandi hátt, sbr. lög um heilbrigðisþjónustu.

Um framkvæmdir skv. 5. gr. fer samkvæmt lögum nr. 84/2001 um skipan opinberra framkvæmda eftir því sem við á.

8. gr.

Ýmis ákvæði.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra getur ákveðið, að höfðu samráði við samstarfsnefnd um málefni aldraðra, að krefja þá sem framlög hafa fengið úr Framkvæmdasjóði aldraðra um endurgreiðslu framlagsins ef húsnaði það sem styrkur var veittur til er notað í þágu annarra en aldraðra innan 20 ára frá því að húsnaðið var tekið í notkun.

9. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi sem sett er með stoð í 12. gr. laga nr. 125/1999 um málefni aldraðra, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. janúar 2005. Frá sama tíma fellur brott reglugerð nr. 299/1990 um Framkvæmdasjód aldraðra, með síðari breytingum.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 10. desember 2004.

Jón Kristjánsson.

Davíð Á. Gunnarsson.

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Mosfellsbæjar.

I. KAFLI

1. gr.

Hitaveita Mosfellsbæjar selur afnot af heitu vatni úr hitaveitukerfum þeim, sem gerð hafa verið eða verða gerð í Mosfellsbæ og til þeirra húsa, sem fá vatn frá aðfærsluæð, eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari sbr. og reglugerð fyrir Hitaveitu Mosfellsbæjar.

2. gr.

Hitaveita Mosfellsbæjar lætur hverju húsi, sem er í sambandi við kerfi hennar, í té vatns-magn, er áætla má að nægi til hitunar á húsinu, enda séu ofnar hússins nægilega stórir að dómi veitunnar.

3. gr.

Vatnsmagn það, sem látið er í té samkvæmt 1. og 2. gr., er afhent notanda um rennismæli sem hitaveitan leggur til og annast viðhald á. Mælir þessi skal innsiglaður og er húseiganda/notanda með öllu óheimilt að rjúfa innsigli mælisins.

II. KAFLI

4. gr.

Gjald fyrir afnot af heita vatninu er sem hér segir:

1. *Heitt vatn um rennismæli:*

	kr.
A. Fyrir hvern rúmmetra vatns	54,94

2. *Mælaleiga:*

Auk þess greiðist fastagjald árlega háð afköstum rennismælisins en óháð töxtum að öðru leyti.

Því er skipt í þrjá flokka:

	kr./dag
A. 15-20 mm	21,84
B. 25-50 mm	45,62
C. 65 mm og stærri	92,47

3. *Sérstakir notendur:*

Sérstakir notendur að heitu vatni greiða fyrir afnot sem hér segir:

A. Almenningsundlaugar	16,48 kr./m ³
------------------------	--------------------------

Gildir fyrir almenningsundlaugar í eigu sveitarfélaga. Með í taxtanum telst baðvatn og vatn til set- og vaðlauga.

B. undlaugar stofnana	27,50 kr./m ³
-----------------------	--------------------------

Til þessa flokks teljast undlaugar sem reknar eru af stofnunum sem ekki eru í beinni eigu sveitarfélaga. Með í taxtanum telst baðvatn og vatn til set- og vaðlauga.

C. Gróðurhús	13,76 kr./m ³
--------------	--------------------------

Taxtinn gildir fyrir gróðurhús sem framleiða garðyrkjuafurðir í atvinnuskyni.

D. Vatnsverð án flutningsgjalda	36,63 kr./m ³
---------------------------------	--------------------------

Taxtinn gildir fyrir þá aðila sem eiga heimæðar sínar og sjá um rekstur þeirra og viðhald á eigin kostnað. Mælir er þá staðsettur veitumegin við heimæðina.

Mælagjaldinu er dreift jafnt niður á fjölda reikningstímabila eins og þau eru ákveðin hverju sinni.

4. *Vanskila- og útrekunargjöld:*

Tilkynningu um vanskil	kr. 450
Útrekunargjald vegna vanskila	kr. 900

5. gr.

Fjöldi reikningstímabila, sem þó skulu eigi vera færri en fjögur á ári, og innheimtutilhögun hitaveitugjalda hverju sinni sbr. 4. gr. skulu ákveðin af bæjarstjóra. Það teljast vanskil sé reikningur ekki greiddur á gjalddaga.

Hitaveita Mosfellsbæjar skal tilkynna notendum sínum með hæfilegum fyrirvara ef hún ákveður að breyta fjölda reikningstímabila hitaveitureikninga og skal jafnan miða við að breytingar á gjaldskrá taki gildi við upphaf hvers reikningstímabils til að auðvelda notendum úrlestur hitaveitureikninganna og hitaveitunni álagingu þeirra.

III. KAFLI

6. gr.

Heimæðargjald Hitaveitu Mosfellsbæjar skal vera sem hér segir, fyrir eina heimæð:

Sverleiki pípu	kr.
20 mm	66.370
25 mm	131.341
32 mm	197.238
40 mm	393.774
50 mm	653.893
65 mm	1.307.084
80 mm	2.612.306

Sé heimæð lengri en 150 metrar skal gert skriflegt samkomulag um greiðslu viðbótar-
kostnaðar við lagningu heimæðarinnar.

Heimæðargjald skal greiðast áður en heimæð tengist hitakerfi hússins, samkvæmt þágildandi gjaldskrá.

Nú eru fleiri en eitt hitunarkerfi í húsinu með sérstökum hemlum eða mælum frá hitaveitunni og skal þá greiða kr. 20.493 aukalega fyrir hvern mæli/hemil.

Virðisaukaskattur bætist við öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari og tekur mið af gildandi reglum um virðisaukaskatt á hverjum tíma.

7. gr.

Nú eru leyfð afnot af hitaveitunni til annars en húshitunar, og er þá bæjarráði heimilt að ákveða gjald fyrir þau afnot sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

8. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka fjárnámi á kostnað gjaldanda.

9. gr.

Hitaveitan hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð húseiganda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Til slíkra aðgerða má þó fyrst grípa eftir eindaga og að undangenginni skriflegri viðvörðun, sem sendist kaupanda sem eigi skal vera skemmri en með þriggja daga fyrirvara.

Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá, sem í vanskilum er, kr. 3.600 í hvert skipti.

10. gr.

Eftirlitsmanni Hitaveitu Mosfellsbæjar skal, hvenær sem er, frjálts aðgangur að öllum hitakerfum, sem tengd eru við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrir mælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun á heita vatninu.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem samþykkt er af bæjarstjórn Mosfellsbæjar, staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, með síðari breytingum, til að öðlast gildi 1. janúar 2005 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis, nr. 58, frá 15. janúar 2004.

Iðnaðarráðuneytinu, 13. desember 2004.

Valgerður Sverrisdóttir.

Kristján Skarphéðinsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um viðskipti með byggingarvörur, nr. 431/1994, með áorðnum breytingum.

1. gr.

Við 7. gr. bætist ný mgr. svohljóðandi: Ákvarðanir framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins um kröfuflokka skv. 20. gr. tilskipunar 89/106/EBE, sem vísað er til í XXI. lið II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum er breytt með ákvörðunum sameiginlegu EES nefndarinnar, birtar eru í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB og taldar upp í A-lið viðauka VIII við reglugerð þessa, skulu öðlast gildi hér á landi.

2. gr.

Við 13. gr. bætist ný mgr. svohljóðandi: Ákvarðanir framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins um aðferðir við staðfestingu á samræmi ákveðinnar vöru eða vöruflokka skv. 20. gr. tilskipunar 89/106/EBE, sem vísað er til í XXI. lið II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum er breytt með ákvörðunum sameiginlegu EES nefndarinnar, birtar eru í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB og taldar upp í B-lið viðauka VIII við reglugerð þessa, skulu öðlast gildi hér á landi.

3. gr.

Á eftir viðauka VII kemur nýr viðauki er orðist svo:

VIÐAUKI VIII

ÁKVARÐANIR FRAMKVÆMDASTJÓRNAR EVRÓPUSAMBANDSINS UM KRÖFU-
FLOKKA OG AÐFERÐIR VARÐANDI STAÐFESTINGU Á SAMRÆMI VÖRU EÐA
VÖRUFLOKKA.

A-liður

Ákvarðanir um kröfuflokka.

1. Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 96/603/EB frá 4. október 1996 – *Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 51/98. (EES-viðbætir 6/232, 4.2.1999).*
2. Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/147/EB frá 8. febrúar 2000 – *Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 127/2004.*
3. Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/367/EB frá 3. maí 2000 – *Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 3/2001. (EES-viðbætir 12/3, 8.3.2001).*
4. Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/553/EB frá 6. september 2000 – *Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 3/2002. (EES-viðbætir 18/4, 4.4.2002).*
5. Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/605/EB frá 26. september 2000 – *Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 3/2002. (EES-viðbætir 18/4, 4.4.2002).*
6. Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/671/EB frá 21. ágúst 2001 – *Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 34/2002. (EES-viðbætir 29/12, 13.6.2002).*
7. Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/424/EB frá 6. júní 2003 – *Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 25/2004.*
8. Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/632/EB frá 26. ágúst 2003 – *Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 128/2004.*

B-liður**Ákvarðanir varðandi aðferðir við staðfestingu á samræmi ákveðinnar vöru eða vöruflokka.**

1. Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 95/204/EB frá 31. maí 1995 – Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 48/96. (EES-viðbætur 4/01, 23.1.1997).
2. Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 95/467/EB frá 24. október 1995 – Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 51/98. (EES-viðbætur 6/232, 4.2.1999).
3. Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 96/577/EB frá 24. júní 1996 – Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 67/97. (EES-viðbætur 5/146, 5.2.1998).
4. Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 96/578/EB frá 24. júní 1996 – Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 67/97. (EES-viðbætur 5/146, 5.2.1998).
5. Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 96/579/EB frá 24. júní 1996 – Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 67/97. (EES-viðbætur 5/146, 5.2.1998).
6. Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 96/580/EB frá 24. júní 1996 – Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 67/97. (EES-viðbætur 5/146, 5.2.1998).
7. Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 96/581/EB frá 24. júní 1996 – Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 67/97. (EES-viðbætur 5/146, 5.2.1998).
8. Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 96/582/EB frá 24. júní 1996 – Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 67/97. (EES-viðbætur 5/146, 5.2.1998).
9. Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 97/161/EB frá 17. febrúar 1996 – Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 51/98. (EES-viðbætur 6/232, 4.2.1999).
10. Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 97/176/EB frá 17. febrúar 1996 – Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 51/98. (EES-viðbætur 6/232, 4.2.1999).
11. Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 97/177/EB frá 17. febrúar 1996 – Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 51/98. (EES-viðbætur 6/232, 4.2.1999).
12. Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 97/462/EB frá 27. júní 1997 – Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 52/98. (EES-viðbætur 6/252, 4.2.1999).
13. Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 97/463/EB frá 27. júní 1997 – Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 52/98. (EES-viðbætur 6/252, 4.2.1999).
14. Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 97/464/EB frá 27. júní 1997 – Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 52/98. (EES-viðbætur 6/252, 4.2.1999).
15. Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 97/555/EB frá 14. júlí 1997 – Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 52/98. (EES-viðbætur 6/252, 4.2.1999).
16. Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 97/556/EB frá 14. júlí 1997 – Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 52/98. (EES-viðbætur 6/252, 4.2.1999).
17. Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 97/597/EB frá 14. júlí 1997 – Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 52/98. (EES-viðbætur 6/252, 4.2.1999).
18. Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 97/638/EB frá 19. september 1997 – Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 52/98. (EES-viðbætur 6/252, 4.2.1999).
19. Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 97/740/EB frá 14. október 1997 – Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 118/98. (EES-viðbætur 50/27, 18.11.1999).
20. Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 97/808/EB frá 20. nóvember 1997 – Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 118/98. (EES-viðbætur 50/27, 18.11.1999).
21. Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 98/143/EB frá 3. febrúar 1997 – Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 118/98. (EES-viðbætur 50/27, 18.11.1999).
22. Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 98/213/EB frá 9. mars 1998 – Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 118/98. (EES-viðbætur 50/27, 18.11.1999).
23. Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 98/214/EB frá 9. mars 1998 – Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 118/98. (EES-viðbætur 50/27, 18.11.1999).

24. Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 98/279/EB frá 5. desember 1997 – *Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 118/98. (EES-viðbætur 50/27, 18.11.1999).*
25. Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 98/436/EB frá 22. júní 1998 – *Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 52/1999. (EES-viðbætur 50/75, 9.11.2000).*
26. Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 98/437/EB frá 30. júní 1998 – *Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 52/1999. (EES-viðbætur 50/75, 9.11.2000).*
27. Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 98/456/EB frá 3. júlí 1998 – *Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 52/1999. (EES-viðbætur 50/75, 9.11.2000).*
28. Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 98/598/EB frá 9. október 1998 – *Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 66/1999. (EES-viðbætur 51/20, 9.11.2000).*
29. Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 98/599/EB frá 12. október 1998 – *Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 66/1999. (EES-viðbætur 51/20, 9.11.2000).*
30. Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 98/600/EB frá 12. október 1998 – *Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 66/1999. (EES-viðbætur 51/20, 9.11.2000).*
31. Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 98/601/EB frá 13. október 1998 – *Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 66/1999. (EES-viðbætur 51/20, 9.11.2000).*
32. Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 1999/89/EB frá 25. janúar 1999 – *Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 113/1999. (EES-viðbætur 60/283, 21.12.2000).*
33. Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 1999/90/EB frá 25. janúar 1999 – *Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 113/1999. (EES-viðbætur 60/283, 21.12.2000).*
34. Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 1999/91/EB frá 25. janúar 1999 – *Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 113/1999. (EES-viðbætur 60/283, 21.12.2000).*
35. Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 1999/92/EB frá 25. janúar 1999 – *Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 113/1999. (EES-viðbætur 60/283, 21.12.2000).*
36. Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 1999/93/EB frá 25. janúar 1999 – *Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 113/1999. (EES-viðbætur 60/283, 21.12.2000).*
37. Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 1999/94/EB frá 25. janúar 1999 – *Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 113/1999. (EES-viðbætur 60/283, 21.12.2000).*
38. Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 1999/453/EB frá 18. júní 1999 – *Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 30/2000. (EES-viðbætur 27/8, 15.6.2000).*
39. Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 1999/454/EB frá 22. júní 1999 – *Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 30/2000. (EES-viðbætur 27/8, 15.6.2000).*
40. Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 1999/455/EB frá 22. júní 1999 – *Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 30/2000. (EES-viðbætur 27/8, 15.6.2000).*
41. Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 1999/469/EB frá 25. júní 1999 – *Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 30/2000. (EES-viðbætur 27/8, 15.6.2000).*
42. Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 1999/470/EB frá 29. júní 1999 – *Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 30/2000. (EES-viðbætur 27/8, 15.6.2000).*
43. Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 1999/471/EB frá 29. júní 1999 – *Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 30/2000. (EES-viðbætur 27/8, 15.6.2000).*
44. Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 1999/472/EB frá 1. júlí 1999 – *Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 30/2000. (EES-viðbætur 27/8, 15.6.2000).*
45. Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/245/EB frá 2. febrúar 2000 – *Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 14/2001. (EES-viðbætur 22/7, 26.4.2001).*
46. Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/273/EB frá 27. mars 2000 – *Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 14/2001. (EES-viðbætur 22/7, 26.4.2001).*
47. Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/447/EB frá 13. júní 2000 – *Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 3/2002. (EES-viðbætur 18/4, 4.4.2002).*

48. Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/605/EB frá 26. september 2000 – Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 3/2002. (EES-viðbætur 18/4, 4.4.2002).
49. Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/606/EB frá 26. september 2000 – Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 3/2002. (EES-viðbætur 18/4, 4.4.2002).
50. Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/19/EB frá 20. desember 2000 – Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 156/2001. (EES-viðbætur 13/20, 7.3.2002)
51. Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/308/EB frá 31. janúar 2001 – Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 34/2002. (EES-viðbætur 29/12, 13.6.2002).
52. Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/596/EB frá 8. janúar 2001 – Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 34/2002. (EES-viðbætur 29/12, 13.6.2002).
53. Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/359/EB frá 13. maí 2002 – Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 150/2003.
54. Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/632/EB frá 26. ágúst 2003 – Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 128/2004.
55. Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/639/EB frá 4. september 2003 – Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 26/2004.
56. Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/640/EB frá 4. september 2003 – Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 26/2004.
57. Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/655/EB frá 12. september 2003 – Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 27/2004.
58. Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/656/EB frá 12. september 2003 – Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 27/2004.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett með stöð í 27. gr. laga nr. 134/1995 um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu og með hliðsjón af ákvæði samnings um Evrópska efnahagssvæðið, sem vísað er til í XXI. kafla, II. viðauka, tilskipunar ráðsins 89/106/EBE, frá 21. desember 1988, um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna um byggingarvörur, og tilskipunar ráðsins 93/68/EBE, frá 22. júlí 1993 um breytingar á tilskipun um byggingarvörur, með breytingum og viðbótum sem leiðir af II. viðauka, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Viðskiptaráðuneytinu, 14. desember 2004.

F. h. r.

Kristján Skarphéðinsson.

Sveinn Þorgrímsson.

GJALDSKRÁ

**Heyrnar- og talmeinstöðvar fyrir þjónustu
við þá sem eru með heyrnar- og talmei.**

1. gr.

Viðgerðarþjónusta.

Sjúkratryggður einstaklingur skal greiða gjald fyrir viðgerð á hjálpartæki eftir að ábyrgðartíma lýkur sem hér segir:

- a. Fyrir hverjar byrjaðar 15 mínútur sem tekur að gera við tækið greiðast kr. 500 með virðisaukaskatti.
- b. Fyrir íhluti (varahluti) greiðist kostnaðarverð.

2. gr.

Sérfræðilæknisþjónusta.

Sjúkratryggður einstaklingur skal greiða gjald fyrir sérfræðilæknisþjónustu og rannsóknir samkvæmt reglugerð um hlutdeild sjúkratryggðra í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu.

3. gr.

Greining og meðferð talmeina.

Sjúkratryggður einstaklingur skal greiða gjald fyrir greiningu og meðferð talmeina, komu vegna endurmats hjá talmeinafræðingi og aðrar rannsóknir sem hér segir:

1. Sjúkratryggðir almennt:

- a. Fyrir greiningu 2.139 kr.
 - b. Einstaklingsmeðferð 2.139 kr.
 - c. Meðferð tveggja sjúklinga samtímis, 1.432 kr. fyrir hvorn sjúkling.
 - d. Hópmeðferð 955 kr. fyrir hvern sjúkling.
2. Þeir sem eru 67 ára og eldri, einstaklingar metnir til 75% læknisfræðilegrar örorku, þeir sem fá endurhæfingarlífeyri frá Tryggingastofnun ríkisins, börn með umönnunarkort frá Tryggingastofnun ríkisins, önnur börn yngri en 18 ára og sjúkratryggðir almennt með þjálfunarkort frá Tryggingastofnun ríkisins:
- a. Fyrir greiningu 891 kr.
 - b. Einstaklingsmeðferð 891 kr.
 - c. Meðferð tveggja sjúklinga samtímis 597 kr. fyrir hvorn sjúkling.
 - d. Hópmeðferð 398 kr. fyrir hvern sjúkling.
3. Öðrum, sbr. 2 tölul. en sjúkratryggðum almennt, með þjálfunarkort skal veitt þjónustan að kostnaðarlausu.

4. gr.

Heyrnarrannsóknir á vinnustöðum.

Fyrir heyrnarrannsókn á vinnustað skal greiða kr. 2.200 fyrir hvern einstakling sem mældur er af Heyrnar- og talmeinastöð.

5. gr.

Gildistaka.

Gjaldskrá þessi, sem sett er með stöð í 9. mgr. 37. gr. a laga nr. 97/1990 um heilbrigðisþjónustu, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. janúar 2005. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá nr. 233/2003.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 7. desember 2004.

Jón Kristjánsson.

Davíð Á. Gunnarsson.

GJALDSKRÁ

fyrir hirðu og eyðingu sorps á Akranesi.

1. gr.

Bæjarstjórn Akraness er heimilt að leggja á sérstakt sorpgjald (sorphirðu-, flutnings- og sorpeyðingargjald).

2. gr.

Gjaldið greiðist árlega sem hér greinir:

- a) Íbúðir, íbúðarhúsnæði kr. 11.500 á íbúð, m.v. 240 l tunnu. Gjaldið skal innheimta með fasteignagjöldum.
- b) Fyrirtæki, stofnanir, félög og aðrir sambærilegir lögaðilar kr. 15.400 m.v. 240 l tunnu (lágmarkseining á hvern matshluta fasteignar). Gjaldið skal innheimta með álagningu fasteignagjalda.

3. gr.

Leiga 660 lítra kerja er kr. 11.500 með vsk. á ári, kr. 958 pr. mánuð.

Leiga 1.100 lítra kerja er kr. 12.900 með vsk. á ári, kr. 1.075 pr. mánuð.

Verð er með virðisaukaskatti og tekur breytingum skv. byggingarvísitölu í janúar ár hvert. (Grunnvísitala 225,6 stig).

4. gr.

Fyrir flokkaðan brotamálm greiðast kr. 3.400 fyrir tonnið. Ekki mega vera neinar olfúr, eldsneyti né kælivökvi á vélum.

Fyrir flokkað timbur greiðast kr. 8.850 fyrir tonnið.

Fyrir flokkaðan pappír greiðast kr. 7.900 fyrir tonnið. Skila skal vigtarseðlum frá hafnarvog á móttökustað og er vigtarkostnaður innifalinn í verði. Verði sett upp vigt á starfsvæði Gámu er heimilt að innheimta afgreiðslu og vigtargjald að fjárhæð kr. 785 með virðisaukaskatti við hverja afgreiðslu.

Fyrir blandað pressanlegt sorp greiðast kr. 10.600 fyrir tonnið, sé það sorp blandað ópressanlegum úrgangi sem nemur allt að 1/4 hluta farms skal greiða 33% álag, samtals kr. 14.100 fyrir hvert tonn og verði hlutfall ópressanlegs úrgangs það hátt að nota þurfi vélar við flokkun skal greiða 66% álag, samtals kr. 17.600 fyrir hvert tonn, virðisaukaskattur er innifalinn í ofangreindum verðum.

Fyrir klippikort m/vsk. greiðist kr. 6.300 fyrir A-kort, óendurvinnanlegt sorp. Fyrir B-kort, endurvinnanlegan bylgjupappír greiðist kr. 3.150 og fyrir C-kort endurvinnanlegt timbur greiðist kr. 3.150.

5. gr.

Fyrir grófan úrgang (steypu- og múrbrot, gler, jarðveg o.fl.) greiðast kr. 714 á rúmmetra. Innheimta samkvæmt 4., 5. og 6. gr. er með sérstökum reikningi, eindagi 30 dögum eftir útskrift reiknings.

6. gr.

Tekið er á móti spilliefnum án endurgjalds. Fyrir móttöku á stærri förmum af efnem sem ekki bera úrvinnslugjald er heimilt að innheimta fyrir útlögðum kostnaði. Innheimta skal fyrir móttöku ís- og frystiskápa.

7. gr.

Almennir borgarar geta afhent allt að tveimur rúmmetrum af forflokkuðum úrgangi í einu án þess að greiða sérstaklega fyrir það. Flutningsaðilar á sorpi á móttökustað ábyrgjast

greiðslu móttökugjalda skv. gjaldskrá í þeim tilfellum sem viðkomandi aðili er ekki í viðskiptasambandi við Akraneskaupstað.

8. gr.

Húseigendum er í upphafi afhent 240 l sorptunna án endurgjalds og fyrirtæki eiga kost á 660 l og 1100 l fláti. Endurnýjun sorpfláta er á kostnað húseigenda.

9. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Akraness, staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum og samþykkt um sorphreinsun á Akranesi nr. 728/1997 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Ákvæði til bráðabirgða.

Gjald skv. 2. gr. b. lið gildir fyrir tímabilið 1. janúar 2005 – 30. september 2005, en þá verður þjónusta við sorphirðu hjá fyrirtækjum og stofnunum hætt á vegum Akraneskaupstaðar.

Frá 1. október 2005 munu fyrirtæki og stofnanir annast sín sorpmál sjálf og greiða fyrir mótttekið sorp í samræmi við gildandi gjaldskrá eins og hún er á hverjum tíma, í þeim tilfellum sem viðkomandi aðili kemur með sorp til afhendingar í móttökustöð Akraneskaupstaðar.

Þannig samþykkt við síðari umræðu í bæjarstjórn Akraness þann 14. desember 2004. Fyrri umræða fór fram þann 9. nóvember 2004.

Um leið fellur úr gildi gjaldskrá nr. 1006/2003.

Akranesi, 14. desember 2004.

Gísli Gíslason bæjarstjóri.

AUGLÝSING**um breytingu á gjaldskrá Norðurorku fyrir heitt vatn,
nr. 173 13. febrúar 2004.**

Samkvæmt orkulögum, nr. 58 29. apríl 1967 og lögum nr. 159 20. desember 2002 um Norðurorku, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Norðurorku fyrir heitt vatn er taki gildi 1. janúar 2005:

Fast gjald hækki um	4%
Heimædagjöld hitaveitu hækki um	1,33%

Aðrir liðir gjaldskrárinnar eru óbreyttir.

Iðnaðarráðuneytinu, 12. desember 2004.

Valgerður Sverrisdóttir.

Kristján Skarphéðinsson.

AUGLÝSING

um skrá Akraneskaupstaðar skv. 5.-8. tl. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Skrá yfir þá sem falla undir 6. – 8. tl. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna:

<i>Akraneskaupstaður:</i>	Bæjarstjóri.		
	Bæjarritari.		
	Sviðsstjóri tækni- og umhverfissviðs.		
	Sviðsstjóri fjölskyldusviðs.		
	Sviðsstjóri menningar- og fræðslusviðs.		
	Slökkviliðsstjóri.		
	Skólastjórar grunnskóla	2,0	stöðugildi.
	Aðstoðarskólastjórar grunnskóla	2,0	stöðugildi.
	Skólastjórar leikskóla	3,0	stöðugildi.
	Starfsmenn launadeildar	2,0	stöðugildi.
	Forstöðumaður Gámu.		
	Forstöðumaður Þjónustumiðstöðvar.		
	Rekstrarstjóri íþróttahúsa.		
	Skólastjóri Tónlistarskóla.		
	Forstöðumaður bókasafns.		
	Forstöðumaður Arnardals.		
	Forstöðumaður tómstunda- og menningarhúss.		
	Forstöðumaður Bíóhallar.		
	Forstöðumaður Byggðasafnsins að Görðum.		

Skrá yfir þá sem falla undir 5. tl. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamning opinberra starfsmanna:

<i>Dvalarheimilið Höfði:</i>	Framkvæmdastjóri.		
	Hjúkrunarforstjóri.		
	Dagvistun	1,6	stöðugildi.
	Endurhæfing	1,45	stöðugildi.
	Ferðþjónusta fatlaðra	1,0	stöðugildi.
	Skrifstofustörf	2,0	stöðugildi.
	Færniþjálfun	2,1	stöðugildi.
	Hársnyrting	0,8	stöðugildi.
	Hjúkrunardeild	26,35	stöðugildi.
	Mötuneyti	8,4	stöðugildi.
	Rekstur fasteigna	2,0	stöðugildi.
	Ræsting/þvottahús	5,7	stöðugildi.
	Öldrunardeild	8,12	stöðugildi.

Skrá þessi tekur þegar gildi.

Akranesi, 15. desember 2004.

Jón Pálmi Pálsson bæjarritari.

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Reykjavík.

1. gr.

Innheimta skal gjald fyrir sorphirðu í Reykjavík svo sem nánar greinir í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Sorphirðugjald fyrir íbúðarhúsnæði:

	<i>Vikuleg tæming</i>	<i>Hálfsmánaðar tæming</i>
Tunna	9.700 kr./ári	4.850 kr./ári
Ker	33.950 kr./ári	-
Stórt ker	48.500 kr./ári	-
Merkir pokar fyrir tilfallandi umfram heimilissorp		370 kr./stk.

3. gr.

Um innheimtu gjalda fer samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og 11. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi. Innheimtudeild Reykjavíkurborgar annast innheimtu gjalda skv. gjaldskrá þessari.

4. gr.

Gjalddagi gjalda skv. 2. gr. er útgáfudagur reiknings og eindagi 30 dögum síðar. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga, séu gjöld ekki greidd á eindaga.

5. gr.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af borgarráði Reykjavíkur með heimild í 11. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, og öðlast gildi við birtingu. Um leið fellur úr gildi gjaldskrá fyrir sorphirðu í Reykjavík nr. 879/2003.

Reykjavík, 16. desember 2004.

Borgarstjórinn í Reykjavík,

Steinunn Valdís Óskarsdóttir.

REGLUGERÐ

um innheimtu þinggjalda og jöfnunargjalds vegna alþjónustu á árinu 2005.

1. gr.

Álögð þinggjöld á tekjur og eignir ársins 2004 sem ekki hafa verið innheimt í staðgreiðslu og jöfnunargjald vegna alþjónustu skulu greidd á tíu gjalddögum á árinu 2005. Eru gjalddagar fyrsti dagur hvers mánaðar nema í janúar og í þeim mánuði sem álagningu lýkur samkvæmt ákvörðun fjármálaráðherra. Eindagi er einum mánuði síðar.

Við skiptingu greiðslu skal við það miðað að ekki sé til innheimtu lægri fjárhæð en 2.000 kr. á hverjum gjalddaga.

Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga hafi ekki verið greitt á eindaga.

2. gr.

Þar til álagning ársins 2005 liggur fyrir skal hver gjaldandi greiða fyrirfram upp í álagningu ársins. Greiðslan skal á hverjum gjalddaga nema 10% af þinggjöldum ársins 2004 og 10% af jöfnunargjaldi vegna alþjónustu sem greiða bar á árinu 2004.

Þau þinggjöld sem lögaðilar skulu greiða eru tekjuskattur, eignarskattur og iðnaðarmálagjald. Að því er einstaklinga varðar er átt við önnur þinggjöld en tekjuskatt, þ.e. iðnaðarmálagjald og eignarskatt.

3. gr.

Heimilt er gjaldanda að sækja um lækkun á þeirri fjárhæð þinggjalda eða jöfnunargjalds vegna alþjónustu sem honum hefur verið gert að greiða fram að álagningu 2005 skv. 2. gr. Umsókn um slíka lækkun skal senda skattstjóra til úrskurðar. Heimilt er að kæra úrskurð skattstjóra til ríkisskattstjóra en úrskurður ríkisskattstjóra er endanlegur.

4. gr.

Skattstjóri skal að jafnaði ekki taka til greina umsókn gjaldanda, sbr. 3. gr., nema þeir skattstofnar sem um ræðir fyrir tekjuárið 2004 séu meira en 25% lægri en þeir voru á tekjuárinu 2003. Frá þessari reglu má þó víkja ef sérstaklega stendur á að mati skattstjóra.

Ríkisskattstjóra er heimilt að setja nánari reglur um ákvörðun á takmörkun greiðsluskyldu og önnur atriði varðandi framkvæmd þessarar greinar.

5. gr.

Ákvörðun varðandi umsókn skal skattstjóri tilkynna gjaldanda eins fljótt og unnt er og ef fallist er á umsókn skal niðurstaða einnig tilkynnt innheimtuaðila.

6. gr.

Um greiðslur þinggjalda og jöfnunargjalds vegna alþjónustu á árinu 2005 fer að öðru leyti samkvæmt ákvæðum XIII. kafla laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

7. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 112., 115. og 121. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, og 15. gr. laga nr. 107/1999, um fjarskipti, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytinu, 20. desember 2004.

F. h. r.
Marianna Jónasdóttir.

Jón Guðmundsson.

REGLUGERÐ

um hámark ábyrgðar Ábyrgðasjóðs launa.

1. gr.

Hámarksábyrgð á kröfum launamanna skv. a- og b-lið 5. gr. laga um Ábyrgðasjóð launa, nr. 88/2003, skal vera 270.000 kr. miðað við hvern mánuð. Hámarksábyrgð á kröfum skv. c-lið 5. gr. laganna skal vera 432.000 kr.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 1. mgr. 6. gr. laga um Ábyrgðasjóð launa, nr. 88/2003, öðlast gildi 1. janúar 2005. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 1004/2003, um hámark ábyrgðar Ábyrgðasjóðs launa.

Félagsmálaráðuneytinu, 17. desember 2004.

Árni Magnússon.

Hanna Sigríður Gunnsteinsdóttir.

REGLUGERÐ

um menntun sjóntækjafræðinga og takmarkanir á heimild þeirra til sjónmælinga.

1. gr.

Réttur til að mæla sjón.

Sjónmæling er mæling á sjónskekkju og sjónlagi augans með og án sjónhjálpartækja.

Rétt til að mæla sjón vegna gleraugna og til að ávísa á gleraugu hafa sjóntækjafræðingar sem hafa menntun sem fullnægir kröfum um sjónmælingar og ávísun á gleraugu og fengið hafa leyfi heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra. Miðað skal við þriggja ára háskólánám í greininni.

Rétt til að mæla sjón vegna snertilinsa og til að ávísa á snertilinsur hafa sjóntækjafræðingar sem uppfylla skilyrði 2. mgr. auk skilyrða um menntun til slíkra mælinga. Miðað skal við 10 vikna fullt nám í snertilinsufræðum á háskólastigi.

Leyfi skv. 2. og 3. mgr. skal veita íslenskum ríkisborgurum, ríkisborgurum í öðru aðildarríki EES-samningsins og í Sviss, sem lokið hafa prófi sem veitir rétt til sjónmælinga, frá skóla sem viðurkenndur er af heilbrigðisstjórn þess lands sem námið var stundað í.

Leita skal umsagnar prófessorsins í augnlækningum við Háskóla Íslands, Félags íslenskra sjóntækjafræðinga og landlæknis áður en leyfi er veitt.

Í leyfisbréfi skal koma fram réttur sjóntækjafræðings til sjónmælinga vegna gleraugna og ávísunar á gleraugu og réttur til sjónmælinga vegna snertilinsa og ávísunar á snertilinsur.

2. gr.

Staðfesting réttar til að mæla sjón.

Rétt til að mæla sjón vegna gleraugna hafa sjóntækjafræðingar sem fengið hafa staðfestingu heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra á sjóntækjafræðingsleyfi sem veitir rétt til að

mæla sjón og ávísa á gleraugu og uppfylla skilyrði 2. gr. laga um sjóntækjafraeðinga og reglugerðar nr. 244/1994 um staðfestingu starfsleyfa nokkurra heilbrigðisstétta samkvæmt ákvæðum EES samningsins.

Rétt til að mæla sjón vegna gleraugna og snertilinsa hafa sjóntækjafraeðingar sem fengið hafa staðfestingu heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra á sjóntækjafraeðingsleyfi sem veitir rétt til að mæla sjón og ávísa á gleraugu og snertilinsur og uppfylla skilyrði 2. gr. laga um sjóntækjafraeðinga og reglugerðar nr. 244/1994 um staðfestingu starfsleyfa nokkurra heilbrigðisstétta samkvæmt ákvæðum EES samningsins.

3. gr.

Réttur til smíði sjónhjálpartækja.

Sjóntækjafraeðingar sem ekki uppfylla skilyrði um menntun skv. 1. gr. eða staðfestingu réttinda skv. 2. gr. mega einungis fullvinna gleraugu og máta snertilinsur samkvæmt tilvísun og/eða forskrift augnlæknis eða sjóntækjafraeðings, sem hefur rétt til sjónmælinga skv. 1. eða 2. gr.

4. gr.

Leiðbeiningarskylda.

Sé um að ræða sjónmælingu einstaklings sem náð hefur 60 ára aldri og hefur ekki farið til augnlæknis síðastliðin fimm ár skal sjóntækjafraeðingur benda viðkomandi á að leita til augnlæknis til að láta meta aldurstengda augnsjúkdóma.

5. gr.

Takmarkanir á rétti til að mæla sjón.

Sjóntækjafraeðingar sem rétt hafa til að mæla sjón skv. 1. eða 2. gr. mega ekki vinna sjónhjálpartæki án fyrirsagnar augnlæknis til eftirfarandi einstaklinga:

1. Barna undir 12 ára aldri.
2. Fólks sem aldrei hefur farið til augnlæknis.
3. Sjúklinga sem hafa skilgreindan augnsjúkdóm eða sjúkdóma sem skaðlegir gætu verið sjón, svo sem sykursýki, alvarlega gigtarsjúkdóma og skjaldkirtilssjúkdóma, nema staðfest sé að sjúklingurinn sé í reglubundnu eftirliti hjá augnlækni.
4. Fólks sem á nána ættingja með gláku, nema staðfest sé að það sé í reglubundnu eftirliti hjá augnlækni.
5. Fólks sem ekki nær betri sjón en 6/9 á hvoru auga fyrir sig með gleraugum.
6. Hafi sjón versnað skyndilega, séu takmarkanir á sjónsviði, sé einstaklingur rangeygður eða hafi tvísýni.

6. gr.

Leyfisbréf.

Sjóntækjafraeðingur sem fengið hefur leyfi til að mæla sjón skal hafa slíkt leyfisbréf eða staðfestingu leyfis á áberandi stað á starfsstöð sinni þannig að það sé örugglega sýnilegt þeim sem sækja sér þjónustu viðkomandi sjóntækjafraeðings.

7. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi sem sett er með stöð í 5. gr. laga nr. 17/1984, með síðari breytingum öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Sjöntækjafraeðingar sem uppfylla menntunarskilyrði til sjónmælinga hafa frest til 1. apríl 2005 til að sækja um leyfi til sjónmælinga skv. 1. gr. eða staðfestingu á leyfi til sjónmælinga skv. 2. gr.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 17. desember 2004.

Jón Kristjánsson.

Davíð Á. Gunnarsson.

AUGLÝSING**um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Seltjarnarness, nr. 947,
18. nóvember 2004.**

Samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, með áorðnum breytingum, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Seltjarnarness er taki gildi 1. janúar 2005:

3. gr. gjaldskrárinnar breytist og orðist svo:

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

a) Fastagjald á mánuði fyrir hvern mæli	416	+ 14% vsk
b) Vatnsgjald fyrir hvern rúmmetra	45	+ 14% vsk
c) Vantsgjald fyrir hvern rúmmetra til snjóbræðslu	45	+ 24,5% vsk
d) Vatnsgjald fyrir hvern rúmmetra til iðnaðar	45	+ 24,5% vsk
e) Vatnsgjald fyrir hvern rúmmetra til sundlauga	22,50	+ 14% vsk

Aðrir liðir gjaldskrárinnar eru óbreyttir.

Iðnaðarráðuneytinu, 14. desember 2004.

Valgerður Sverrisdóttir.

Kristján Skarphéðinsson.

AUGLÝSING**um hækkun atvinnuleysisbóta.**

Með vísun til 7. gr. laga um atvinnuleysistryggingar, nr. 12/1997 með síðari breytingum, og yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar vegna kjarasamninga á almennum vinnumarkaði frá 7. mars 2004 hefur félagsmálaráðherra ákveðið að hækka atvinnuleysisbætur um 3% frá 1. janúar 2005.

Félagsmálaráðuneytinu, 17. desember 2004.

Árni Magnússon.

Hanna Sigríður Gunnsteinsdóttir.

ARÐSKRÁ

fyrir **Veiðifélag Skaftár.**

Jörð	Einingar
Skál	16
Holt	24
Heiði	9
Hunkubakkar	9
Ytri-Dalbær	7
Hólmur	10
Nýibær	19
Kirkjubæjarklaustur	55
Hæðargarður	15
Eystri- og Ytri-Tunga	35
Ásgarður	40
Mörk	2
Geirland	60
Mörtunga	100
Prestbakki og Prestbakkakot	35
Breiðabólstaður	13
Keldunúpur	25
Hörghsdalur	20
Hörghslandsþorp	35
Fossjarðir	48
Þverá	23
Veiðiós, Mávabótarálar, Landbrotsvötn t.o.m. Vatnamótum	300
<i>Samtals einingar</i>	<i>1.000</i>

Samkvæmt ákvæðum 52. gr. laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði, með síðari breytingum, staðfestist hér með, til þess að öðlast þegar gildi og til eftirbreytni þeim sem hlut eiga að máli, ofangreind arðskrá Veiðifélags Skaftár.

Landbúnaðarráðuneytinu, 16. desember 2004.

F. h. r.
Ólafur Friðriksson.

Atli Már Ingólfsson.

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi á svæði 5 í Dagverðarnesi, Skorradalshreppi.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur sveitarstjórn Skorradalshrepps þann 11. ágúst 2004 samþykkt breytingu á deiliskipulagi á svæði 5 í Dagverðarnesi, Skorradalshreppi. Breytingin felst í að:

- Nýtingu lóðar nr. 73 verður breytt í opið svæði í sameign allra lóðarhafa og á henni má ekki byggja hús.

- Lóðin nr. 72 breytist í 2 lóðir, 72 og 72a.
- Lóðinni nr. 74 verður breytt í þrjár lóðir, 74, 74a, og 74b.
- Göngustígur á milli lóðanna nr. 78 og 80 fellur niður.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Grund, 10. desember 2004.

F.h. sveitarstjórnar Skorradalshrepps,

Davíð Pétursson oddviti.

REGLUGERÐ

um gæði raforku og afhendingaröryggi.

I. KAFLI

Markmið, gildissvið, frávik og skilgreiningar.

1. gr.

Markmið.

Markmið þessarar reglugerðar er að tryggja, svo sem kostur er, fullnægjandi gæði og afhendingaröryggi raforku í íslenska raforkukerfinu og stuðla að þjóðhagslega hagkvæmum rekstri og uppbyggingu raforkukerfisins að teknu tilliti til almannahagsmuna og sérstakra hagsmuna aðila.

2. gr.

Gildissvið.

Ákvæði reglugerðarinnar gilda fyrir vinnslufyrirtæki, flutningsfyrirtæki og dreifiveitur. Um tengingu notenda við flutningskerfi gilda einnig tæknileg ákvæði þess svo og „Tæknilegir tengiskilmálar raforkudreifingar“ vegna tengingar notenda við dreifikerfið.

Þar sem annars er ekki getið gildir spennustaðallinn ÍST/EN 50160 í reglugerð þessari.

3. gr.

Frávik.

Flutningsfyrirtæki, dreifiveitur og vinnslufyrirtæki geta gert samning við viðskiptavinum sína um önnur afhendingargæði en þau sem tilgreind eru í reglum þessum. Í slíkum samningi skulu áður nefnd fyrirtæki gera viðskiptavinum sínum skýra grein fyrir afleiðingum er leiða af samningnum. Þrátt fyrir slíkan samning skulu aðrir viðskiptavinir flutningsfyrirtækis/dreifiveitna njóta afhendingargæða sem eru innan þeirra marka sem skilgreind eru í þessum reglum.

4. gr.

Skilgreiningar.

Eftirfarandi skilgreiningar eru notaðar í reglugerð þessari:

Afhendingargæði: Gæði spennu og tíðni ásamt öryggi afhendingar raforku í flutnings- og dreifikerfum og vinnslufyrirtækjum auk upplýsingargjafar til notenda.

Afhendingarstaður: Staður í flutnings- eða dreifikerfi þar sem innmötun eða úttekt raforku fer fram.

Afhendingaröryggi: Lýsing á áreiðanleika afhendingar raforku, sem tengist rofi á raforku.

Almennur notandi: Sá sem kaupir raforku til eigin nota, en er ekki stórnotandi.

Bilun: Það ástand þegar eining í raforkukerfi fer úr rekstri eða hefur takmarkaða getu til að sinna hlutverki sínu.

CENELEC: Evrópsk staðlasamtök á raftækisviði, Comité Européen de Normalisation Electrotechnique (European Committee for Electrotechnical Standardization).

Dreifikerfi: Raflínur sem ekki teljast til flutningskerfisins ásamt mannvirkjum og búnaði þeim tengdum til og með heimtaug. Enn fremur mælur og mælabúnaður hjá notendum.

Dreifiveita: Fyrirtæki sem hefur leyfi til dreifingar raforku á afmörkuðu svæði.

Flutningsfyrirtæki: Fyrirtæki sem stýrir rekstri flutningskerfisins og annast kerfisstjórnun.

Flutningskerfi: Raflínur og mannvirki þeim tengd sem nauðsynleg eru til að flytja raforku frá virkjunum til stórnotenda og til dreifiveitna á þeim afhendingarstöðum sem taldir eru upp í viðauka með raforkulögum.

Heildarmat á bjögun: Heildaryfirsveiflujögun, THD_{u-i} (Total Harmonic Distorsion) sbr. 11 gr.

Heimtaug: Raflína sem tengir veitu notanda við dreifikerfi.

Hæg breyting á virku spennugildi: Breyting á 10 mínútna meðalgildi virks spennugildis.

IEC: Alþjóðleg staðlasamtök á raftækisviði, International Electrotechnical Commission.

Kerfismínútur (KM): Stuðull sem gefur til kynna hve alvarlegt einstakt tilvik skertrar orkuafhendingar er. Eftirfarandi jafna gildir um þennan stuðul:

$$KM = \frac{E * 60}{P_{Max}} \text{ mínútur}$$

Þar sem:

E : Orkuskerðing í rekstrartruflun [MWh]

P_{Max} : Hámarksafli viðkomandi kerfis, flutningsfyrirtækis/dreifiveitu [MW]

Nafnspenna kerfis: Sú riðspenna sem notuð er til að einkenna kerfi eða hluta þess.

Notandi: Sá sem kaupir raforku til eigin nota.

Notkunarstaður: Sá staður þar sem dreifiveita afhendir orku til almenns notanda.

Raflína: Samsafn af leiðurum, einangrandi efni og tengdum búnaði til að flytja raforku milli tveggja staða innan raforkukerfisins.

Rekstrartruflun: Sjálfvirk útleysing, handvirkt rof sem ekki var gert ráð fyrir eða misheppnuð innsetning við bilun í raforkukerfinu.

Skerðing: Ástand sem einkennist af því að afhending raforku er skert eða takmörkuð til eins eða fleiri notenda og veituspenna er undir 1% af nafnspennu kerfis.

Spennublikk: Notað til að lýsa óstöðugum sjónrænum áhrifum ljóss vegna hraðra breytinga á spennu eða reglulegum endurteknum breytingum á spennubylgjunni, sbr. 11. gr.

Spennugæði: Lýsing á nothæfi rafmagns, sem tekur til tíðni spennu, virks gildis og bylgjulögunar hennar.

Spennumisvægi: Ójafnt virkt gildi spennu í þriggja fasa kerfi og/eða misstór horn milli fasa spennu, sbr. 11. gr.

Spennuþrep: Skyndileg stök breyting spennu milli tveggja stöðugra samfelldra spennugilda af óþekktri tímalengd, sbr. 11. gr.

Stórnotandi: Notandi sem notar á einum stað a.m.k. 14 MW afl með árlegum nýtingartíma í 8000 stundir eða meira.

Stuðull um meðallengd skerðingar, straumleysismínútur: Þessi stuðull metur hve lengi skerðing hefur staðið miðað við orkuskerðingu og heildarorkuafhendingar. Eftirfarandi jafna gildir um þennan stuðul:

$$\text{SMS} = \frac{\sum E_i}{E_{\text{Alls}}} * 8760 * 60 \text{ mínútur} / \text{ár}$$

Þar sem:

E_i : Orkuskerðing í rekstrartruflun i [MWh].

E_{Alls} : Heildarorkuafhending til viðskiptavina [MWh].

Stuðull um rofið álag (Power Interruption Index): Þessi stuðull er hlutfall samanlagðrar aflskerðingar og mesta álags á kerfið. Eftirfarandi jafna gildir um þennan stuðul:

$$\text{SRA} = \frac{\sum P_i}{P_{\text{Max}}} \text{ MW/MW ár}$$

Þar sem:

P_i : Aflskerðing í skerðingartilviki i [MW].

P_{Max} : Hámarksafli heildarinnmötunar ársins inn á kerfi flutningsfyrirtækis/dreifiveitu [MW].

Tæknilegir tengiskilmálar raforkudreifingar: Tæknilegir tengiskilmálar raforkudreifingar (TTS), útgefnir af Samorku 2001 og staðfestir af iðnaðarráðuneytinu 31. ágúst s.á.

Viðskiptavinir flutningskerfis/dreifiveitna: Dreifiveitur, vinnslufyrirtæki og sölufyrirtæki raforku og notendur, sem hafa þörf fyrir að fá raforku flutta.

Vinnslufyrirtæki: Fyrirtæki sem stundar vinnslu á raforku eða hefur fengið virkjunarleyfi.

Yfirsveiflur: Símus-löguð spennu með tíðni sem er margfeldi af grunntíðni spennu eða straums, og hægt er að meta með afstæðum styrk, U_h borið saman við grunnsþennu, sbr, 11. gr.

II. KAFLI

Skyldur.

5. gr.

Innra eftirlit.

Í samræmi við 28. gr. raforkulaga nr. 65/2003 skulu vinnslufyrirtæki, flutningsfyrirtækið og dreifiveitur koma á innra eftirliti með gæðum raforku og afhendingaröryggi.

6. gr.

Úrbætur.

Verði truflanir í kerfum flutningsfyrirtækis, dreifiveitna eða vinnslufyrirtækja, sem valda flutningstakmörkunum, skerðingu á raforku eða færa ástand þeirra úr skorðum svo það lendi utan marka, sem þessi reglugerð setur og skilgreinir, skulu framangreind fyrirtæki bæta rekstrarástand kerfa sinna svo fljótt sem kostur er. Meðan truflun stendur skal sá sem ber ábyrgð á viðkomandi virki gera það sem unnt er til að takmarka áhrif hennar.

Viðskiptavinur flutningsfyrirtækis/dreifiveitu skal svo fljótt sem kostur er tilkynna flutningsfyrirtæki/dreifiveitu um truflun í eigin kerfi ef líklegt er að hún geti valdið því að flutningsfyrirtækið/dreifiveitan geti átt í erfiðleikum við að fullnægja kröfum þessara reglna.

Þegar viðhald á raforkukerfinu veldur skerðingu eða flutningstakmörkunum ber flutningsfyrirtæki/dreifiveitum að láta þá viðskiptavinini sem skerðingin/flutningstakmarkanirnar hafa áhrif á vita með góðum fyrirvara um hvenær slíkt muni eiga sér stað og hve lengi það ástand muni standa. Upplýsingunum skal komið á framfæri á skilvirkan hátt.

7. gr.

Aðgerðir flutningsfyrirtækis eða dreifiveitu þegar gæði afhendingar eru skert.

Viðskiptavinur flutningsfyrirtækis/dreifiveitu skal koma kvörtunum sínum um meint skert afhendingargæði til þess fyrirtækis sem hann er tengdur. Flutningsfyrirtæki/dreifiveita getur farið fram á skriflegar röksemdir vegna atriða sem skipta máli.

Flutningsfyrirtæki/dreifiveita skal gera nauðsynlegar mælingar, athuganir og útreikninga.

Við ófullnægjandi afhendingargæði skulu gerðar úrbætur í samræmi við 6. gr.

Flutningsfyrirtækið/dreifiveitan skal svo fljótt sem auðið er eða í síðasta lagi innan tveggja mánaða senda viðskiptavininum upplýsingar um hvað hafi verið gert og áætlun um úrbætur. Mælingar sem gerðar eru skulu standa yfir að minnsta kosti í eina viku og skulu eins og unnt er ná til sambærilegs rekstrarástands og fram kemur í athugasemd.

Flutningsfyrirtæki/dreifiveita skal eins fljótt og kostur er og í síðasta lagi innan 4 mánaða greina frá því hver beri ábyrgð á endurbótum sbr. 6. gr. Ef ástæðuna er að finna hjá viðskiptavinini flutningsfyrirtækis/dreifiveitu, skal fyrirtækið taka málið skriflega upp við viðskiptavininn með vísan í kröfur um úrbætur samkvæmt reglugerð þessari.

Flutningsfyrirtæki/dreifiveita getur ekki krafist sérstakrar greiðslu fyrir að standa við skyldur sínar samkvæmt fyrstu til fjórðu málsgrein.

8. gr.

Kvörtun til Orkustofnunar.

Ef ekki næst samkomulag milli flutningsfyrirtækis/dreifiveitu og viðskiptavinar varðandi þætti þessara reglna ber flutningsfyrirtæki/dreifiveitu að upplýsa viðskiptavininn um að heimilt sé að kvarta til Orkustofnunar sem eftirlitsaðila.

9. gr.

Skráning truflana.

Flutningsfyrirtæki/dreifiveitur skulu skrá truflanir í flutnings- eða dreifikerfi. Að lágmarki skulu skráð þau tilvik sem leiða til skerðingar. Skráningarnar skulu vera í samræmi við reglur starfshóps um rekstrartruflanir (START) sem Orkustofnun hefur samþykkt og skulu skráðar í tölvukerfi hópsins eða sambærilegt kerfi. Einnig skulu skráningar vera í samræmi við ákvæði reglugerðar um kerfisstjórnun í raforkukerfinu, nr. 513/2003. Að lágmarki skulu eftirfarandi atriði koma fram í skráningum en nánari skilgreining er í fyrrnefndum leiðbeiningum START:

- Upplýsingar um truflun
- Upplýsingar um bilun
- Upplýsingar um skerðingu
- Vinnsla í varastöð

Flutningsfyrirtæki/dreifiveitu ber að varðveita skráninguna að lágmarki í 10 ár.

III. KAFLI **Öryggi í afhendingu raforku.**

10. gr.

Afhendingaröryggi.

Flutningsfyrirtæki/dreifiveitu er heimilt að rjúfa afhendingu raforku til viðskiptavinar vegna nauðsynlegra breytinga, viðhalds, bilanaleitar og lagfæringa. Rof í slíkum tilgangi telst ekki vera skert afhendingaröryggi í skilningi þessara reglna.

Afhendingaröryggi flutningsfyrirtækis og dreifiveitu skal meta út frá eftirfarandi stuðlum:

Stuðull um rofið álag (SRA)

Stuðull um meðallengd skerðingar, straumleysismínútur (SMS)

Kerfismínútur (KM)

Flutningsfyrirtæki og hver dreifiveita um sig skal setja sér markmið hvað varðar þessa stuðla og þarf Orkustofnun að samþykkja þau. Orkustofnun getur ákvarðað markmið fyrir fyrirtæki ef stofnunin telur mat þess óraunhæft.

Þegar upp koma tilvik þar sem stuðlar eru utan fyrrgreindra marka skal fyrirtækið senda skýrslu til Orkustofnunar þar sem fram koma upplýsingar um tilvik og aðgerðir til endurbóta.

Fyrir 1. apríl ár hvert ber flutningsfyrirtæki og dreifiveitum að senda Orkustofnun samantekt um afhendingaröryggi síðasta árs í samanburði við markmið fyrirtækisins skv. stuðlumunum hér að framan. Ef Orkustofnun telur þörf á, getur hún kallað eftir frekari gögnum um truflanir sbr. 9. gr.

IV. KAFLI **Tíðnistýring og spennugæði.**


11. gr.


Tíðnistýring og spennugæði.

Flutningsfyrirtæki skal leitast við að tryggja að 10 sekúndna meðalgildi grunntíðni spennu sé innan þeirra marka sem fram koma í atriði 1 í töflu 1 í hinu samtengda raforkukerfi. Sama gildir þegar hluti flutningskerfisins rofnar frá hinu samtengda raforkukerfi. Dreifiveita sem rekur dreifikerfi sem ekki er tengt flutningskerfinu skal leitast við að tryggja að tíðni spennunnar sé innan áðurnefndra marka. Sama gildir þegar hluti dreifikerfisins rofnar frá hinu samtengda raforkukerfi.

Flutningsfyrirtæki/dreifiveitur skulu fylgjast með spennu í kerfinu og breytingum sem verða á henni í samræmi við atriði 2 til 7 í töflu 1 og skulu leitast við að halda spennunni innan þeirra marka sem þar koma fram.

Samantekt á sérstökum kröfum koma fram í töflu 1 hér að neðan.

Atriði	Nafn	Skilgreining	Gæðakröfur
1	Tíðnbreytingar	Frávik í rekstrartíðni frá máltíðni (sem er 50 Hz).	Kerfistíðni skal vera 50 Hz. Við eðlileg rekstrarskilyrði á meðalgildi rekstrartíðni mælt í 10 s að vera innan eftirfarandi marka: 50Hz +/- 99,5% tímans og 50 Hz +4 / -6 % (þ.e. 47 – 52 Hz) allan mælitímann.
2	Afhendingarspenna og vikmörk	Spenna sem er mæld í ákveðinn tíma á hverjum afhendingar- og notkunarstað Vikmörk í afhendingarspennu miðast við nafnspennu og eru þau leyfilegu frávik sem afhendingarspennan má taka.	Afhendingarspenna skal vera innan skilgreindra vikmarka en getur verið háð staðbundnum aðstæðum. Vikmörk: +10/-10% Miðað er við að mælt sé á afhendingar- eða notkunarstað viðskiptavinar. Ef mælt er í dreifistöð skulu neðri vikmörk spennu vera lægst -4,5% í stað -10%, nema unnt sé að sýna fram á að slík þrænging eigi ekki við eða mörkin séu víðari en -4,5%
3	Spennublikk	Spennublikk er notað til að lýsa óstöðugum sjónrænum áhrifum af völdum ljóss (blikk) vegna hraðra breytinga á spennu eða reglulegum endurteknum breytingum á spennubylgiunni og er skilgreint skv. UIE-IEC-aðferð þannig: $P_{fl} = \sqrt[3]{\sum_{i=1}^{12} \frac{P_{sti}^3}{12}}$ þar sem: <ul style="list-style-type: none"> • P_{st} = Skammtímagildi mælt í 10 mín. • P_{fl} = Langtímagildi metið út frá 12 mælingum á P_{st} í einn sólarhring. 	Nafn-Mörk spenna P_{st} >35 kV <=1,3 <=35 kV <=0,6 95% tímans.
4	Spennuþrep	 Fyrirvaralaus stök breyting spennu milli tveggja stöðugra samfelldra spennugilda af óþekktri tímalengd. Getur verið annaðhvort spennuhækkun eða spennulækkun.	Sjá skal til þess að spennuþrep verði ekki meiri en hér segir: <ul style="list-style-type: none"> • Þrep sem geta orðið á klukkutíma fresti eða oftar skulu ekki vera meiri en sem nemur > 35kV 2,0% <=35kV 3,5% • Þrep sem geta komið allt að 4 sinnum á sólarhring mega vera allt að >35kV 5,0% <=35kV 5,0% • Árstíðabundin þrep skulu ekki vera meiri en sem nemur >35kV 5,0% <=35kV 8,0%

Atriði	Nafn	Skilgreining	Gæðakröfur						
5	Spennumisvægi	<p>Ójafnt virkt gildi spennu í þriggja fasa kerfi og/eða misstór horn milli fasa spennu.</p> <p>Spennujafnvægi Spennumisvægi</p>  <p>Neikvæð spennufylgd (negative voltage sequence) eða gildi hennar er oft notað sem mælikvarði á spennumisvægi í þriggja fasa kerfi. Neikvæð spennufylgd er reiknuð út frá fasaspennu á eftirfarandi hátt.</p> $U_- = \frac{1}{3} \cdot (V_a + a^2 \cdot V_b + a \cdot V_c)$ <p>Þar sem V_a, V_b og V_c eru fasaspennur og a er vigur (vector) með lengdina 1 og hornið 120° eða $a = 1 \angle 120^\circ$</p>	<p>Neikvæð spennufylgd, skal vera innan við</p> <table style="margin-left: auto; margin-right: auto;"> <tr> <td>>35kV</td> <td>2,0%</td> </tr> <tr> <td><=35kV</td> <td>3,0%</td> </tr> </table> <p>miðað við 10 mínútna meðaltal og 95% tímans. Þó er meira frávik heimilt á svæðum þar sem einfasa dreifing er útbreidd en dreifiveita skal reyna eftir bestu getu að halda sig innan fyrrnefndra marka.</p>	>35kV	2,0%	<=35kV	3,0%		
>35kV	2,0%								
<=35kV	3,0%								
6	Bjögun af völdum einstakra yfirsveiflna	<p>Bjögun rekstrarspennu af völdum einstakra yfirsveiflna spennu með tíðni sem er frábrugðin rekstrartíðni.</p> <p>Bjögun vegna einstakra yfirsveiflna er oft skilgreind sem D_h en sú stærð er reiknuð samkvæmt:</p> $D_h = \frac{U_h}{U_1} \cdot 100 \%$ <p>Þar sem U_h er fasaspenna yfirsveiflu og h er númer þeirrar yfirsveiflu sem er til athugunar. U_1 er fasaspenna nafnspennu kerfis.</p>	<p>Bjögun vegna einstakra yfirsveifla, D_h, skal vera innan eftirfarandi marka:</p> <table style="margin-left: auto; margin-right: auto;"> <tr> <td>>200 kV</td> <td>2,0%</td> </tr> <tr> <td>35-200 kV</td> <td>3,0%</td> </tr> <tr> <td><=35 kV</td> <td>6,0%</td> </tr> </table> <p>95% tímans.</p>	>200 kV	2,0%	35-200 kV	3,0%	<=35 kV	6,0%
>200 kV	2,0%								
35-200 kV	3,0%								
<=35 kV	6,0%								
7	Heildarmat á bjögun vegna yfirsveiflna	<p>Heildarbjögun rekstrarspennu af völdum allra spennusveiflna með tíðni sem er frábrugðin rekstrartíðni.</p> <p>Heildarbjögun yfirsveiflna er skilgreind samkvæmt formúlunni:</p> $THD = \sqrt{\sum_{h=2}^m D_h^2}$ <p>Þar sem m er hæsta númer yfirsveiflu spennu sem metin er (oft er miðað við $m = 50$ sem svarar til 2500 Hz).</p>	<p>Fyrir flutnings- og dreifikerfi skal heildarbjögun yfirsveiflna, THD, vera innan eftirfarandi marka:</p> <table style="margin-left: auto; margin-right: auto;"> <tr> <td>>200 kV</td> <td>3,0%</td> </tr> <tr> <td>35-200 kV</td> <td>5,0%</td> </tr> <tr> <td><=35kV</td> <td>8,0%</td> </tr> </table> <p>95% tímans.</p>	>200 kV	3,0%	35-200 kV	5,0%	<=35kV	8,0%
>200 kV	3,0%								
35-200 kV	5,0%								
<=35kV	8,0%								

V. KAFLI
Upplýsingaskylda.

12. gr.

Samningsskylda vegna tengingar og notkunar.

Í samningi flutningsfyrirtækis/dreifiveitu við viðskiptavin skulu koma fram markmið fyrirtækisins varðandi afhendingaröryggi og spennugæði. Heimilt er að semja um strangari kröfur en koma fram í þessari reglugerð.

13. gr.

Afhendingarskylda og spennugæði.

Flutningsfyrirtæki/dreifiveitu ber að upplýsa viðskiptavin um gildandi reglur um afhendingaröryggi eða spennugæði ef eftir því er leitað.

Að fenginni skriflegri beiðni viðskiptavinar eða hugsanlegs viðskiptavinar skal flutningsfyrirtæki/dreifiveita upplýsa um afhendingaröryggi og spennugæði í eigin kerfishlutum. Fyrirtækið skal veita eftirfarandi upplýsingar innan mánaðar frá því að fyrirspurn berst:

- a) Virkt gildi spennu ásamt áætlun um hægar breytingar spennu á afhendingar- og notkunarstað.
- b) Upplýsingar úr truflanaskráningu sbr. 9. gr.
- c) Niðurstöður um afhendingaröryggi síðustu 3ja ára sbr. III. kafla.
- d) Áætlað lágmarks- og hámarksskammhlaupsafl á afhendingar- og notkunarstað næstu fimm árin.
- e) Sérstakar aðstæður í kerfinu sem geta haft áhrif á gæði afhendingar.

Ofangreindar upplýsingar eiga að grundvallast á skráðum, mældum eða útreiknuðum gildum. Flutningsfyrirtæki/dreifiveita getur ekki krafist sérstakrar greiðslu vegna öflunar þessara upplýsinga.

14. gr.

Aðferðir við mælingar og kvörðun ásamt skráningu á nákvæmni.

Mælingar sem gerðar eru í samræmi við ákvæði reglugerðar þessarar skulu vera í samræmi við viðurkennda staðla IEC og CENELEC. Mælitæki skulu kvörðuð í samræmi við skilgreiningar staðals og leiðbeiningar framleiðanda með tilliti til áreiðanleika og aðferða. Mælitæknilegur rekjanleiki mælinga, á einstaka þáttum, skal skráður. Nákvæmni mælitækja og takmarkanir skulu koma fram við birtingu mæliniðurstaðna.

Flutningsfyrirtækið skal gera úrtaksmælingar á tíðni og spennugæðum á öllum afhendingarstöðum þannig að fjórðungur staða sé tekinn á hverju ári.

Dreifiveitur skulu gera úrtaksmælingar á tíðni og spennugæðum og skulu slíkar mælingar standa að minnsta kosti í 7 daga í hvert sinn og dreifast jafnt yfir árið. Gæði spennu skulu mæld að lágmarki á tveimur stöðum hjá hverri dreifiveitu, en auk þess skal tekin ein mæling fyrir hverja 15.000 íbúa á veitusvæðinu og ein mæling fyrir hverja 15.000 km² sem veitusvæðið nær yfir.

VI. KAFLI
Önnur ákvæði.

15. gr.

Eftirlit.

Orkustofnun fer með eftirlit með ákvæðum reglugerðar þessarar.

16. gr.

Úttekt á innra eftirliti.

Faggilt skoðunarstofa skal taka út innra eftirlit flutningsfyrirtækis, dreifiveitna og vinnslufyrirtækja með gæðum raforku og afhendingaröryggi að minnsta kosti á tveggja ára fresti.

17. gr.

Þvingunarúrræði og viðurlög.

Telji Orkustofnun að ákvæði reglugerðar þessarar séu ekki uppfyllt getur hún krafist þess að úr verði bætt að viðlögðum dagsektum. Dagsektir geta numið 10-500 þús. kr. á dag. Við ákvörðun dagsekta skal tekið tillit til eðlis vanrækslu eða brots og þeirra hagsmuna sem í húfi eru. Ákvörðun um dagsektir skal tilkynna skriflega þeim sem hún beinist að. Dagsektir eru aðfararhæfar.

18. gr.

Undanþágur.

Orkustofnun getur í undantekningartilvikum og að fenginni rökstuddri beiðni um slíkt veitt undanþágur frá reglugerð þessari. Undanþágan getur náð til takmarkaðs svæðis eða veitusvæðis flutningsfyrirtækis/dreifiveitu í heild. Orkustofnun er heimilt að veita slíka undanþágu t.d. ef umbætur vegna einstakra gæðapátta teljast ekki þjóðhagslega hagkvæmar.

19. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 2. mgr. 28. gr. raforkulaga nr. 65/2003.

Ákvæði reglugerðar þessarar um skráningu taka gildi 1. janúar 2005 en ákvæði um þær gæðakröfur sem gerðar eru til afhendingar raforku þann 1. janúar 2007. Flutningsfyrirtækið og dreifiveitur skulu hefja gagnaöflun til að sinna upplýsingaskyldu vegna 13. gr. reglugerðar þessarar í síðasta lagi 1. janúar 2006.

Iðnaðarráðuneytinu, 21. desember 2004.

Valgerður Sverrisdóttir.

Kristján Skarphéðinsson.

AUGLÝSING**um innheimtuhlutfall í staðgreiðslu árið 2005.**

Innheimtuhlutfall í staðgreiðslu er samanlagt hlutfall tekjuskatts samkvæmt lögum um tekjuskatt og útsvars eins og það er samkvæmt ákvörðunum sveitarstjórna, sbr. lög um tekjustofna sveitarfélaga. Tekjuskattshlutfall á árinu 2005 verður 24,75%. Meðalútsvar á árinu 2005, samkvæmt fyrirbyggjandi ákvörðunum sveitarstjórna verður 12,98%. Innheimtuhlutfall í staðgreiðslu á árinu 2005 verður því 37,73%.

Fjármálaráðuneytinu, 17. desember 2004.

F. h. r.

Baldur Guðlaugsson.

Jón Guðmundsson.

REGLUGERÐ

um raforkuviðskipti og mælingar.

I. KAFLI

Gildissvið og skilgreiningar.

1. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi tekur til lágmarkskrafna um raforkumæla og mælubúnað, mælinga raforku, skráningar og meðhöndlunar mæligilda og miðlunar upplýsinga til uppgjörs á raforkuviðskiptum. Þá er hlutverki, réttindum og skyldum aðila sem stunda viðskipti með raforku lýst.

2. gr.

Skilgreiningar

Eftirfarandi skilgreiningar eru notaðar í reglugerð þessari:

Afhendingarstaður: Staður í flutnings- eða dreifikerfi þar sem innmötun eða úttekt raforku fer fram.

Afltoppur: Afltoppur er hæsta meðalálag raforku, mælt í skilgreindan tíma. Mælieining afltopps er kW eða kVAr.

Ábyrgðaraðili jöfnunarorku: Sá aðili sem ábyrgist með skriflegum samningi við kerfisstjórn að jafnvægi sé milli öflunar raforku, þ.e. raforkuframleiðslu og raforkukaupa annars vegar, og ráðstöfunar, þ.e. sölu og notkunar hins vegar.

Ábyrgðaraðili mælinga: Flutningsfyrirtæki og dreifiveitur.

Almennur notandi: Sá sem kaupir raforku til eigin nota, en er ekki stórnotandi.

Gagnaflutningssamband: Fjarskiptasamband til flutnings á mæligögnum.

Innmötun: Raforka sem er mötuð inn á flutningskerfi eða dreifikerfi.

Hámarksúttekt: Mesta leyfilega afl í kW og kVA sem flytja má um tengingu eins og kveðið er á um í tengisamningi.

Jöfnunarorka: Mismunur innmataðrar/úttekinnar orku og kaup-/söluskuldbindinga hvers ábyrgðaraðila jöfnunarorku.

Kennitala mælistaðar: Hlaupandi talnakóði fyrir hvern mælistað (mæliverk) í raforku-kerfinu.

Mælíbúnaður: Mælíbúnaður er safnheiti yfir allan nauðsynlegan búnað til að mæla raforkunotkun. Til mælíbúnaðar teljast m.a. raforkumælar, straumspennar, spennuspennar, tímarofar, mælitaugar, einangrun, varnarbúnaður, gagnasafnverk og samskiptabúnaður.

Mælisnúmer: Sérstakt eigandanúmer raforkumælis eða raðnúmer á upplýsingaskildi mælis.

Notkunarferill: Mismunur heildarorkuúttektar dreifiveitu á klukkustund annars vegar, og tímamældrar notkunar einstakra notanda og taps í dreifikerfinu hins vegar.

Notkunarstaður: Sá staður þar sem dreifiveita afhendir raforku til almenns notanda.

Raforkumælir: Mælir, sem ætlaður er til að mæla raun- eða launorku.

Raforkusölusamningur: Samningur milli sölufyrirtækis og notanda um sölu hins fyrrnefnda á raforku til hins síðarnefnda.

Sölufyrirtæki: Fyrirtæki sem selur raforku eða annast raforkuviðskipti, hvort sem er í heildsölu eða smásölu.

Stoðþjónusta: Kaup á aðföngum eins og tíðnireglun, spennureglun, varaafli, o.fl., sem nauðsynleg eru til að uppfylla skyldur um kerfisþjónustu.

Stórnotandi: Notandi sem notar á einum stað a.m.k. 14 MW afl með árlegum nýtingartíma í 8000 stundir eða meira.

Sölumælir: Mælir sem notaður er til uppgjors á sölu raforku.

Tengisamningur dreifiveitu: Samningur dreifiveitu við almennan notanda eða vinnslufyrirtæki um tengingu þessara aðila við dreifikerfið, dreifingu raforku, mælingu hennar eða aðra þjónustu tengda afhendingarstað raforkunnar.

Tengisamningur flutningskerfis: Samningur flutningsfyrirtækis við vinnslufyrirtæki, dreifiveitu eða stórnotanda um tengingu þessara aðila við flutningskerfið, flutning raforku, mælingu hennar eða aðra þjónustu tengda afhendingarstað raforkunnar.

Tímamæling: Mæling raforkunotkunar sem safnað er klukkustund fyrir klukkustund.

II. KAFLI

Skyldur raforkufyrirtækja.

3. gr.

Skyldur vinnslufyrirtækja.

Vinnslufyrirtækjum ber að framleiða raforku samkvæmt sölusamningum við sölu-fyrirtæki og samningum um stoðþjónustu við kerfisstjórn. Vinnslufyrirtækið skal standa skil á greiðslum til flutningsfyrirtækis eða dreifiveitu vegna tengingar og innmötunar á flutningskerfið.

4. gr.

Skyldur sölufyrirtækja.

Sölufyrirtækjum ber skylda til að afla þeirrar orku sem þau endurselja og tryggja að jafnvægi sé milli orkuöflunar og orkusölu á hverjum tíma. Í því skyni ber sölufyrirtækjum að gera skriflegan samning við kerfisstjórn flutningsfyrirtækis sem ábyrgðaraðili jöfnunarorku og senda inn sundurlíðaðar áætlanir um orkuviðskiptin skv. reglum kerfisstjórnar flutningsfyrirtækis. Sölufyrirtæki ber skylda til að afhenda notanda raforku í samræmi við raforkusölusamning.

Í því skyni ber sölufyrirtækjum m.a. að:

1. gera raforkusölusamning við viðskiptavini,
2. semja um og standa skil á greiðslum vegna raforkuviðskipta við vinnslufyrirtæki eða önnur sölufyrirtæki,
3. gera samning við kerfisstjórn flutningsfyrirtækis vegna ábyrgðar á jöfnunarorku og standa skil á greiðslum vegna hennar,
4. standa skil á innheimtum gjöldum vegna flutnings- og dreifingarþjónustu til dreifiveitna,
5. innheimta greiðslur fyrir ofangreinda kostnaðarliði hjá notendum,

5. gr.

Skyldur flutningsfyrirtækis.

Flutningsfyrirtæki ber að flytja raforku, afla kerfisþjónustu, reglunarorku og orku vegna taps í flutningskerfi ásamt því að annast uppgjör vegna jöfnunarorku.

Í því skyni ber flutningsfyrirtæki m.a. að:

1. mæla það rafmagn sem afhent er inn á og út af flutningskerfinu,
2. halda utan um mælingar og skila gögnum til orkuframleiðenda, dreifiveitna, sölu-fyrirtækja og eftirlitsaðila svo unnt sé að gera upp viðskipti með raforku,
3. kaupa inn þá raforku sem nauðsynleg er til að halda jafnvægi milli heildarraforku-notkunar og framleiðslu á hverjum tíma,
4. annast uppgjör jöfnunarorku,
5. kaupa inn raforku vegna taps í flutningskerfinu og gera upp jöfnunarorkukostnað vegna þess,
6. kaupa inn stoðþjónustu sem nauðsynleg er til að uppfylla kröfur um kerfisþjónustu.

6. gr.

Skyldur dreifiveitna.

Dreifiveita skal annast dreifingu þeirrar raforku sem kemur frá flutningskerfinu og þeim virkjunum sem framleiða beint inn á dreifikerfi hennar, til notenda á viðkomandi dreifiveitusvæði. Dreifiveita ber ábyrgð á mælingum á sínu dreifiveitusvæði og að skila gögnum til viðkomandi aðila.

Í því skyni ber dreifiveitum m.a. að:

1. gera upp kostnað af flutningi raforku og kerfisþjónustu við kerfisstjórn flutningsfyrirtækis,
2. semja um og gera upp raforkukaup vegna orkutaps í dreifikerfi,
3. gera upp kostnað af jöfnunarorku vegna orkutaps við kerfisstjórn flutningsfyrirtækis,
4. miðla upplýsingum til kerfisstjórnar flutningsfyrirtækis og sölufyrirtækja vegna uppgjörs á raforkuviðskiptum og jöfnunarorku,
5. miðla upplýsingum til smærri virkjana sem framleiða beint inn á dreifiveitusvæði,
6. halda skrá yfir viðskiptavinum sölufyrirtækja á sínu dreifiveitusvæði og annast flutning notenda milli sölufyrirtækja.

III. KAFLI

Raforkuviðskipti.

7. gr.

Upphaf raforkuviðskipta og skipti á sölufyrirtæki.

Notandi á rétt á að velja sér sölufyrirtæki, sem hann gerir raforkusölusamning við um afhendingu raforku á tilgreindum stað.

Staðlaður samningur um viðskipti með raforku milli sölufyrirtækis og almenns notanda skal liggja til grundvallar viðskiptum með raforku. Samningsaðilum er þó heimilt að gera með sér sérsamning, og skal slíkur samningur vera skriflegur. Uppsögn raforkusamninga skal vera skrifleg.

Stórnotandi og sölufyrirtæki gera ávallt með sér sérsamning.

Almennur notandi getur óskað eftir breytingu á áætlun um orkunotkun vegna verulega breyttra forsendna eða ef rökstuddar ástæður fyrir breytingu liggja fyrir. Hann getur einnig farið fram á leiðréttingu reiknings af sömu ástæðum. Breytingu á áætlun um orkunotkun ber sölufyrirtæki að tilkynna viðkomandi dreifiveitu.

Ef almennur notandi skiptir um sölufyrirtæki, velur hann sér nýtt sölufyrirtæki og gerir við það skriflegan raforkusölusamning. Sölufyrirtækið sendir dreifiveitu afrit af samningnum, en dreifiveitan tilkynnir fyrri sölufyrirtæki lok viðskipta við það. Uppsögn raforkusölusamnings skal hafa borist dreifiveitu tveimur vikum fyrir skipti á sölufyrirtæki.

Við lok raforkuviðskipta skal fara fram álestur, sem næst skiptadegi, og tilkynning send viðkomandi aðilum.

Sölufyrirtæki er skylt að sýna dreifiveitu skilmála (án verðs raforku) í raforkusölusamningum sínum, ef eftir því er leitað.

8. gr.

Rafræn upplýsingamiðlun.

Tilkynningar samkvæmt ákvæðum þessa kafla, skulu vera á stöðluðu og rafrænu formi í samræmi við verklagsreglur kerfisstjórnar flutningsfyrirtækis eða dreifiveitu, sem samþykktar hafa verið af Orkustofnun.

9. gr.

Uppsögn raforkusamnings.

Almennum notanda og söluþyrirtæki er heimilt að segja upp raforkusölusamningi með eins til þriggja mánaða fyrirvara. Heimilt er að semja um lengri uppsagnarfrest við notendur sem árlega nota meira en 400 MWst af raforku.

10. gr.

Stöðvun orkuafhendingar.

Söluþyrirtæki getur farið fram á við dreifiveitu að raforkuafhending til almenns notanda sé stöðvuð, ef um vanskil er að ræða af hálfu notanda. Söluþyrirtæki er ekki skylt að tilkynna notanda um sjálfa stöðvun raforkuafhendingar enda sé ekki óeðlilega langur tími liðinn frá viðvörun um hana.

Söluþyrirtæki ber ekki skylda til að hefja raforkuafhendingu fyrir en raforkuskuld ásamt kostnaði vegna stöðvunar raforkuafhendingar hefur verið að fullu greidd eða samið hefur verið um greiðslu.

Dreifiveita ein hefur heimild til að loka fyrir afhendingu raforku til almenns notanda vegna vanskila notanda við dreifiveitu eða söluþyrirtæki eða af öðrum gildum ástæðum. Söluþyrirtæki skal senda dreifiveitu skriflega beiðni um lokun og hvenær hún skuli koma til framkvæmda, ásamt gögnum um ástæður fyrir beiðni um lokun. Dreifiveita skal tilkynna notanda skriflega um lokunina með 14 daga fyrirvara sbr. 44. gr., ásamt upplýsingum um ástæður fyrir lokun.

11. gr.

Riftun raforkusölusamnings.

Söluþyrirtæki er heimilt að rifta samningi um raforkuviðskipti, ef almennur notandi stendur ekki í skilum með greiðslur vegna raforkukaupa í samræmi við 7. gr. Söluþyrirtæki er þó eigi heimilt að rifta samningi nema notanda hafi áður verið gefin skrifleg viðvörun sbr. ákvæði 44. gr.

Söluþyrirtæki er heimilt að rifta samningi án fyrirvara ef bú notanda er tekið til gjaldþrotaskipta.

Almennum notanda er heimilt að rifta samningi vegna verulegra vanefnda söluþyrirtækis.

12. gr.

Aðfararheimild.

Gjöld fyrir raforku svo og gjöld fyrir flutning og dreifingu, sem innheimt eru í samræmi við gjaldskrár, eru aðfararhæf án dóms eða sáttar skv. 10. tl. 1. mgr. 1. gr. aðfararlaga, nr. 90/1989. Heimilt er að stöðva afhendingu raforku ef ekki er staðið í skilum með greiðslu þessara gjalda.

IV. KAFLI

Ábyrgð á mælingu raforku.

13. gr.

Mæling raforku í flutningskerfi.

Kerfisstjórn flutningsþyrirtækis ber ábyrgð á mælingu raforku inn á og út af flutningskerfinu í samræmi við raforkulög. Í því felst uppsetning, rekstur og viðhald mælíbúnaðar ásamt söfnun, leiðréttingu og staðfestingu mæligagna og dreifingu þeirra til viðkomandi aðila. Ennfremur skal kerfisstjórn tryggja að raforkumælar sem notaðir eru til uppgjörs sölu raforku séu löggiltir.

Mælistaður skal vera sá staður í flutningskerfinu sem tilgreindur er sem afhendingarstaður í viðkomandi tengisamningi. Kerfisstjórn skal skilgreina nánar í tengisamningi við vinnslufyrirtæki, dreifiveitu og stórnotanda fyrirkomulag mælibúnaðar og kennitölu mælistaðar.

Nota má tímabundið annan mælistað en skilgreindur er í tengisamningi, ef hluti mælibúnaðar er ekki til staðar svo sem straum- og/eða spennuspennar.

Séu fleiri en einn mælir fyrir á afhendingarstað skal skilgreint í raforkusölusamningi eða tengisamningi hvaða mælir skal notaður til skuldfærslu.

Óski vinnslufyrirtæki, dreifiveita eða stórnotandi eftir því að aðrir mælir á viðkomandi mælistað séu tengdir gagnasöfnunarkerfi kerfisstjórnar eða dreifiveitu ber þeim að gera um það sérsamning og greiða kostnað við þá mæliþjónustu.

Vinnslufyrirtæki, dreifiveitu eða stórnotanda er óheimilt að flytja mælibúnað eða breyta mælitagum, nema í samráði við flutningsfyrirtæki.

14. gr.

Mæling raforku í dreifikerfi.

Dreifiveita ber ábyrgð á mælingum á dreifiveitusvæði sínu. Í því felst uppsetning, rekstur og viðhald mælibúnaðar svo og söfnun, leiðrétting og staðfesting mæligagna og dreifing þeirra til viðkomandi aðila. Ennfremur skulu dreifiveitur tryggja að raforkumælir til uppgjörs raforku séu löggiltir.

Mælistaður skal vera sá staður í dreifikerfinu sem tilgreindur er sem notkunarstaður eða afhendingarstaður virkjunar.

Nota má annan mælistað en skilgreindur er í tengisamningi, ef hluti mælibúnaðar er ekki til staðar svo sem straum- og/eða spennuspennar. Skal þá áætla skekkjuna og leiðrétt. Þeir aðilar sem eiga hlut að máli skulu samþykkja leiðréttinguna, en ef ekki næst sátt skal eftirlitsaðili úrskurða. Sé þessi leið valin skal settur upp fullnægjandi búnaður næst þegar viðkomandi tengivirki er endurnýjað.

Dreifiveita skal skilgreina nánar fyrirkomulag mælibúnaðar í tengisamningi við almennan notanda eða virkjun, sem tengd er dreifikerfi. Séu mælir fleiri en einn á sama notkunarstað skal skilgreint í tengi- eða orkusölusamningi hvaða mælir skal notaður til skuldfærslu og við útreikning á jöfnunarorku. Óski notandi eftir því að aðrir mælir á viðkomandi notkunarstað séu tengdir gagnasöfnunarkerfi dreifiveitu eða kerfisstjórnar ber þeim að gera um það sérsamning og greiða kostnað við þá mæliþjónustu.

V. KAFLI

Tæknilegar kröfur til mælibúnaðar.

15. gr.

Skrár yfir mælibúnað.

Kerfisstjórn og dreifiveitur skulu halda skrár yfir allan mælibúnað eða tryggja að þær séu aðgengilegar hjá þjónustufyrirtæki mælinga. Hið minnsta skal varðveita gögn um löggildingu og prófunarvottorð mæla, prófunarvottorð fyrir straumspenna og spennuspenna, svo og gögn varðandi stillingar og prófanir annars mælibúnaðar ásamt teikningum af mælirásum. Aðilar skulu hafa aðgang að þeim gögnum er varða áreiðanleika mælinga þeirra sjálfra og geta farið fram á sérstakar prófanir skv. 22. gr. ef rökstudd ástæða liggur fyrir.

16. gr.

Prófanir og stillingar mælibúnaðar.

Sá aðili sem er ábyrgur fyrir mælingu raforku skal greiða kostnað við reglubundnar prófanir mæla. Til mælingar á raun- eða launorku á mælibúnaður að vera prófaður og stilltur til

að vinna innan tilgreindra skekkjumarka (sbr. töflur 2 og 3 í 18. gr.), þegar tekið hefur verið tillit til skekkju í straum- og spennuspennum og viðnáms í mælitaugum og varnarbúnaði.

Öll vinna við mælibúnað og prófanir hans skal framkvæmd á þann hátt að sem minnst röskun verði á rekstri búnaðarins. Alla vinnu sem getur haft áhrif á mæliniðurstöður skal skrá í dagbók. Öll leiðrétting sem gerð er vegna þessa skal einnig skráð og tilkynning send þeim aðilum sem málið snertir.

Komi fram skekkja eða bilun í mæli skal ábyrgðaraðili mælinga skipta þeim mæli út og leiðrétta mælingar. Jafnframt skal hlutaðeigandi aðilum send greinargerð um leiðréttinguna.

17. gr.

Hönnun, framleiðsla og prófun mælibúnaðar (staðlar fyrir mælibúnað).

Mælibúnaður, sem notaður er til uppgjors raforku skal hannaður, framleiddur og gæða-prófaður í samræmi við gildandi íslenska, evrópska og/eða alþjóðlega staðla, í þessari röð. Undir þetta falla allar gerðir raforkumæla, straumspenna og spennuspenna. Allir raforkumælar sem falla undir þessa reglugerð skulu hafa gerðarviðurkenningu skv. reglugerð um raforkumæla nr. 138/1994 með síðari breytingum.

18. gr.

Lágmarkskröfur um nákvæmni mælibúnaðar.

Nákvæmni mælibúnaðar skal að lágmarki vera sem segir í neðangreindum töflum:

Tafla 1: Nákvæmniflokkur straumspenna, spennuspenna og raforkumæla.

Mælibúnaður	Nákvæmniflokkur mælibúnaðar			
	>10 MVA	5-10 MVA	1-5 MVA	<1 MVA
Straumspennar, sem teknir voru í notkun fyrir 1. janúar 2005	0,5	0,5	0,5	1
Straumspennar, sem teknir voru í notkun eftir 1. janúar 2005	0,2S	0,2S	0,5S	0,5S
Spennuspennar, sem teknir voru í notkun fyrir 1. janúar 2005	0,5	0,5	0,5	1
Spennuspennar, sem teknir voru í notkun eftir 1. janúar 2005	0,2	0,2	0,5	0,5
Raforkumælar (raunorkumælar), sem teknir voru í notkun fyrir 1. janúar 2005	0,5	0,5	1	2
Raforkumælar (raunorkumælar), sem teknir voru í notkun eftir 1. janúar 2005	0,2S	0,5S	1	2
Launorkumælar	0,5S	1	1	2

Tafla 2: Mælibúnaður ásamt mælirásum fyrir raunafl.

Skilyrði	Skekkjumörk við gefinn fasviksstuðul				
		Leyfileg hámarksskekkjumörk miðað við afl			
Straumur, sem hlutfall af málgildi mælistraums	Fasviksstuðull	> 10 MVA	5-10 MVA	1-5 MVA	< 1 MVA
120% til og með 10%	1,0	±0,5%	±1,0 %	±2,0 %	±3,0 %

Tafla 3: Mælibúnaður ásamt mælirásum fyrir launafl.

Skilyrði	Skekkjumörk við gefinn fasviksstuðul				
		Leyfileg hámarksskekkjumörk miðað við afl			
Straumur, sem hlutfall af málgildi mælistraums	Fasviksstuðull	>10MVA	5-10 MVA	1-5 MVA	<1 MVA
120% til og með 10%	0	±4,0 %	±4,0 %	±4,0 %	±4,0 %

19. gr.

Samanburðarmælar.

Samanburðarmæla skal setja upp á mikilvægum stöðum í raforkukerfinu til að tryggja nákvæmni og öryggi raforkumælinga. Kerfisstjórn flutningskerfis og dreifiveitu skal setja verklagsreglur um hvar slíkir mælar skuli settir upp.

VI. KAFLI

Rekstur mælibúnaðar og mælikerfa.

20. gr.

Innsigliun mælibúnaðar.

Kerfisstjórn flutningskerfis og dreifiveitu skal tryggja að innsigli þess aðila sem hefur löggilt raforkumæli sé til staðar. Hafi innsigli verið rofið ber ábyrgðaraðila mælinga að skipta mæli út. Kerfisstjórn flutningskerfis og dreifiveitu skulu innsigla mælispenna, mæliferjöld og gagnasöfnunarbúnað, þar sem því verður við komið og hafa ein heimild til að rjúfa þau innsigli.

21. gr.

Aðgengi að mælibúnaði.

Kerfisstjórn flutningskerfis eða dreifiveitu skal hafa greiðan aðgang að mælibúnaði. Mælibúnað má ekki flytja til án samþykkis þeirra, en kerfisstjórn getur krafist flutnings mælis ef hann er á óhentugum stað.

22. gr.

Skekkjur í mælingu raforku.

Sé farið fram á sérstaka prófun á mælibúnaði skal ábyrgðaraðili hans láta prófa búnaðinn. Sé mæliskekkja mælibúnaðar meiri en 50% umfram hámarksskekkjumörk við álag sem

er ákvarðandi fyrir viðskiptauppgjör, sbr. töflu 1 í 18. gr., skal ábyrgðaraðili mælinga greiða kostnað við prófun hans. Ella skal sá sem fór fram á prófunina bera kostnaðinn. Sömu reglur gilda ef farið er fram á sérstaka skoðun eða rannsókn á mælibúnaði.

23. gr.

Stilling klukkna.

Kerfisstjórn flutningskerfis og dreifiveitna er ábyrg fyrir samtímastillingu klukkna í safnstöðvum. Kerfisstjórn skal skilgreina leyfileg tímafrávik í aflraðarmælingu. Verði tímafrávik yfir leyfilegum mörkum skal aflröð leiðrétt. Slík leiðrétting skal skráð í dagbók og viðkomandi aðilum send tilkynning þar um.

24. gr.

Leiðrétting mæligilda.

Kerfisstjórn flutningskerfis og dreifiveitna skal setja reglur um aðferðir við leiðréttingu mæligilda, skráningu þeirra og birtingu. Orkustofnun skal samþykkja reglurnar.

25. gr.

Reglur um aðgangsröyggi.

Kerfisstjórn flutningskerfis og dreifiveitna skal setja reglur um aðgangsröyggi að söfnunarkerfum og gagnagrunnum til að tryggja trúnaðarskyldu raforkulaga.

VII. KAFLI

Mælaálestur og miðlun gagna.

26. gr.

Raforkumælar án fjarálestrarbúnaðar.

Dreifiveita skal lesa á mæla hjá almennum notendum að lágmarki fjórða hvert ár. Dreifiveita skal engu að síður afla upplýsinga um mælistöðu árlega.

Almennum notanda ber að skila árlega til dreifiveitu upplýsingum um mælistöður allra mæla sem skráðir eru í tengisamningi, fari dreifiveita fram á það.

Notandi getur, gegn greiðslu aukagjalds, krafist aukaálestrar og uppgjors miðað við mælda notkun.

27. gr.

Raforkumælar með fjarálestrarbúnaði.

Upplausn mælinga þar sem afltoppur er áætlaður hærri en 100 kW skal a.m.k. vera ein klukkustund.

Dreifiveita leggur til nauðsynlegt gagnaflutningssamband, sé ekki getið um annað í tengisamningi. Í tengisamningi skal kveðið á um aðstöðu fyrir gagnaflutningsbúnað og aðgengi að honum, uppsetningu hans og viðhald. Dreifiveitu er heimilt að sækja og nota mæligögn fyrir reikningsgerð vegna kostnaðar við dreifingu raforku og útreiknings á jöfnunarorku, svo og uppgjors viðskipta með raforku, enda sé slíkt í samræmi við lög og reglugerðir. Afhending mæligagna til annarra skal vera í samræmi við reglugerð og skilmála.

Almennur notandi getur farið fram á að raforkunotkun hans sé tímamæld, enda greiði hann viðbótarkostnað sem af slíkri mælingu hlýst. Dreifiveita getur hvenær sem er tímamælt raforkunotkun notanda, enda greiði hún viðbótarkostnað af mælingunni.

Þegar flutningsfyrirtæki eða dreifiveita getur ekki sótt mæligögn eða mæling hefur glatast, skal áætla mæligildi út frá sambærilegum gögnum og forsendum.

28. gr.

Skil á mæligögnum.

Dreifiveita skal skila álestrum, áætlunum og mæligögnum fyrir tímamælda notendur til sölufyrirtækja vegna uppgjors og reikningsgerðar fyrir næstliðinn mánuð í síðasta lagi 10. hvers mánaðar á því formi sem kerfisstjórn ákveður.

29. gr.

Framsetning og miðlun upplýsinga.

Flutningsfyrirtæki og dreifiveitum ber að afhenda vinnslufyrirtækjum, sölufyrirtækjum og notendum nauðsynlegar upplýsingar. Gagnasamskiptin skulu vera á því formi og með þeirri tíðni sem kerfisstjórn ákveður og Orkustofnun samþykkir.

Kerfisstjórn flutningskerfis skal í samráði við dreifiveitur setja verklagsreglur um tilkynningar og staðfestingar milli viðskiptakerfa. Verklagsreglurnar skulu lagðar fyrir iðnaðarráðuneytið til samþykktar.

VIII. KAFLI

Jöfnunarábyrgð og uppgjör jöfnunarorku.

30. gr.

Samningar og skil á áætlunum vegna jöfnunarábyrgðar.

Jöfnunarábyrgðaraðila ber að gera skriflegan samning við kerfisstjórn flutningsfyrirtækis um jöfnunarábyrgð. Þeir skulu skila inn áætlunum sem sýna fram á jafnvægi í öflun og ráðstöfun þeirrar raforku sem þeir eiga viðskipti með. Áætlanir þessar skulu vera samkvæmt verklagsreglum kerfisstjórnar.

31. gr.

Útreikningur á jöfnunarorku.

Kerfisstjórn flutningsfyrirtækis skal reikna út jöfnunarorku hvers ábyrgðaraðila jöfnunarorku fyrir sig. Jöfnunarorkan á að reiknast út á grunni uppgjörsgagna frá flutningskerfi, dreifiveitum og sölufyrirtækjum. Jöfnunarorku á að reikna út fyrir hvern klukkutíma og með nákvæmni sem svarar til kWst/st.

32. gr.

Greiðsluskylda og inneignir vegna jöfnunarorku.

Kerfisstjórn flutningsfyrirtækis skal reikna út greiðsluskyldu eða inneign hvers ábyrgðaraðila á grunni jöfnunarorku hvers aðila. Greiðsluskylda eða inneign á að grundvallast á verði jöfnunarorku hjá kerfisstjórn. Upplýsingar um greiðsluskyldu eða inneign skulu sendar til aðila í síðasta lagi 20 dögum eftir lok uppgjörstímabils. Kerfisstjórn er heimilt að krefja jöfnunarábyrgðaraðila um tryggingarupphæð sem nemur 25% af áætluðum árlegum kostnaði vegna jöfnunarorku.

33. gr.

Skil dreifiveitu á mæligögnum vegna uppgjors jöfnunarorku.

Dreifiveita skal senda kerfisstjórn flutningsfyrirtækis mæligögn yfir heildarraforkunotkun innan síns dreifikerfis sundurliðuð eftir einstökum söluaðilum, ásamt dreifingartapi í samræmi við verklagsreglur skv. 37. gr. Ennfremur skal dreifiveita senda viðkomandi söluaðilum þau mæligögn sem varða viðskipti þeirra innan dreifikerfis hennar.

34. gr.

Verklagsreglur um útreikning og uppgjör jöfnunarorku.

Flutningsfyrirtæki skal setja sér verklagsreglur um útreikning og uppgjör jöfnunarorku og gera samninga á grundvelli þeirra. Reglurnar skulu stuðla að skilvirkum raforkumarkaði og tryggja jafnræði aðila. Reglurnar skal leggja fyrir Orkustofnun til samþykktar.

35. gr.

Þóknun vegna útreiknings og uppgjörs.

Kerfisstjórn flutningsfyrirtækis og dreifiveitum er heimilt að krefja sölufyrirtæki um þóknun vegna útreiknings og uppgjörs á jöfnunarorku sem nemur kostnaði við þá umsýslu.

36. gr.

Rafræn upplýsingamiðlun.

Tilkynningar samkvæmt ákvæðum þessa kafla, skulu vera á rafrænu og stöðluðu formi í samræmi við verklagsreglur kerfisstjórnar flutningsfyrirtækis.

IX. KAFLI

Verklagsreglur og viðskiptaskilmálar flutningsfyrirtækis.

37. gr.

Verklagsreglur flutningsfyrirtækis.

Flutningsfyrirtækið skal í samráði við raforkufyrirtæki setja sérstakar verklagsreglur um samskipti, greiðslur og upplýsingastreymi milli flutningsfyrirtækisins og vinnslufyrirtækja, dreifiveitna, sölufyrirtækja og stórnotenda. Verklagsreglurnar skulu samþykktar af iðnaðar- ráðuneytinu.

38. gr.

Viðskiptaskilmálar flutningsfyrirtækis.

Flutningsfyrirtæki skal í gjaldskrá sinni fyrir flutning raforku og kerfisþjónustu skilgreina viðskiptaskilmála fyrirtækisins þ. á m. greiðsluskilmála, gjalddaga og eindaga reikninga og viðurlög við vanskilum.

X. KAFLI

Viðskiptaskilmálar dreifiveitu.

39. gr.

Greiðsla fyrir dreifingarþjónustu.

Almennum notanda ber að greiða fyrir tengingu við dreifikerfi svo og fyrir dreifingu raforku til hans. Greiðsluskyldan tekur einnig til dreifingar og flutnings raforku, sem mæld hefur verið hjá notanda, þótt hún hafi ekki komið honum að gagni vegna bilana í raflögnum hans eða vegna annarra orsaka sem dreifiveitunni eru óviðkomandi.

Dreifiveita gerir notanda reikning fyrir dreifingarþjónustu samkvæmt tengisamningi og gildandi gjaldskrá. Í tengisamningi skal skilgreina hvert eigi að senda reikning í upphafi viðskipta en notandi hefur rétt til að tilkynna breytingar síðar.

40. gr.

Tíðni reikninga fyrir dreifingarþjónustu.

Dreifiveita skal senda almennum notanda reikning að lágmarki á þriggja mánaða fresti, en dreifiveita og notandi geta samið um annað fyrirkomulag. Dreifiveitu ber þó að senda a.m.k. einn reikning á ári.

Dreifiveitu er heimilt að áætla notkunarmynstur notenda á milli álestra á grundvelli fyrri notkunar.

41. gr.

Reikningsgerð.

Einn reikningur skal vera fyrir innheimtu gjalda fyrir raforku, flutning og dreifingarþjónustu. Reikningsgerð til almennra notenda skal vera á ábyrgð dreifiveitu. Dreifiveitu er heimilt að fela sölufyrirtækjum útsendingu og innheimtu reikninga fyrir dreifingarþjónustu, enda sé verðlagning þjónustu sölufyrirtækisins dreifiveitunni hagkvæm. Nýti dreifiveita sér þessa heimild og semji um slíka þjónustu við eitt sölufyrirtæki, skal hún bjóða öllum öðrum sölufyrirtækjum að veita sams konar þjónustu.

Dreifiveita og sölufyrirtæki skulu gera með sér skriflegan samning um áðurnefnda þjónustu, sem skilgreini gagnaadgang og gagnaflutning, milli aðila, snið gagna og upphæð tryggingar vegna innheimtra gjalda fyrir dreifingarþjónustu.

Dreifiveitu er heimilt að krefjast tryggingarupphæðar sem nemur 25% af áætlaðri árlegri innheimtu vegna dreifingarþjónustu.

Sölufyrirtæki skal standa dreifiveitu skil á innheimtum gjöldum vegna hennar eigi síðar en 15. dag mánaðar miðað við uppgjör 10. dag sama mánaðar. Uppgjör vegna innheimtu gjalda síðasta uppgjörstímabils skal senda dreifiveitu á skiladegi gjalda.

Dreifiveitu er óheimilt að auglýsa þjónustu sölufyrirtækja á reikningum sínum.

42. gr.

Upplýsingar á reikningi fyrir dreifingarþjónustu.

Á reikningi skal koma fram einingaverð sem notað er til grundvallar reikningsgerðinni ásamt magni raforku.

Frá og með 1. janúar 2006 skulu gjöld fyrir flutning, dreifingarþjónustu og raforku vera greinilega aðgreind á reikningi. Heimilt er að sýna meðalkostnað dreifiveitu fyrir flutning í kr/kWst.

Á reikningum almennra notenda á svæðum þar sem í gildi er dreifibýlisgjaldskrá, skulu koma fram upplýsingar um fjárhæð framlags til lækkunar dreifingarkostnaðar.

43. gr.

Gjaldfrestur reiknings og dráttarvextir.

Frá útsendingardegi reiknings til gjalddaga hans skulu líða minnst tvær vikur.

Almennum notanda ber skylda til að greiða reikning dreifiveitu í síðasta lagi á þeim gjalddaga sem fram kemur á reikningi. Verði dráttur á greiðslu reiknings er dreifiveitu heimilt að innheimta dráttarvexti skv. III. kafla laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001. Dreifiveitu er einnig heimilt að innheimta hæfilegt gjald fyrir skriflega innheimtu- og lokunarviðvörðun samkvæmt gjaldskrá dreifiveitunnar.

44. gr.

Stöðvun raforkuafhendingar vegna vanskila við dreifiveitu.

Dreifiveita hefur heimild til að stöðva raforkuafhendingu að húsi eða íbúð almenns notanda sem vanrækir að greiða reikning fyrir dreifingarþjónustu eða að uppfylla skyldur sínar skv. reglugerð þessari. Til slíkra aðgerða má þó fyrst grípa eftir gjalddaga og að undangenginni skriflegri viðvörðun, sem send skal notanda með 14 daga fyrirvara. Vanskil á greiðslu áætlunarreikninga heimila dreifiveitum sömu aðgerðir til innheimtu og stöðvunar á orkuafhendingu og vanskil á uppgjörreikningum. Dreifiveita ber ekki ábyrgð á hugsanlegum afleiðingum slíkrar stöðvunar. Stöðvun orkuafhendingar hefur engin áhrif á greiðsluskyldu notenda á skuldum við dreifiveitu.

Dreifiveitu er heimilt að loka veitu sem er ekki í notkun.

Dreifiveitu er heimilt að innheimta lokunar- og opnunargjöld hjá almennum notanda sem dreifingarþjónusta hefur verið stöðvuð hjá vegna kostnaðar sem af því hlýst. Dreifiveitu ber ekki skylda til að hefja dreifingarþjónustu fyrir en skuld ásamt kostnaði vegna stöðvunar dreifingarþjónustunnar hefur verið að fullu greidd.

Dreifiveita skal upplýsa notendur sína um lokunar- og opnunargjöld.

45. gr.

Leiðrétting á skekkju í mælingu raforku.

Mælitæki telst sýna rétt ef mesta skekkja þess er innan $\pm 50\%$ frá skilgreindum skekkju-mörkum, sbr. töflu 1 í 18. gr. Komi fram villa í reikningi, mælingu eða mælaálestri á dreifiveita rétt á að innheimta viðbótarupphæð sem leiðréttingunni nemur og á sama hátt á almennur notandi rétt á endurgreiðslu í eftirfarandi tilvikum:

1. Sé staðfest að mæliskekkjan hafi verið meiri en kveðið er á um í 1. mgr. skal mismunurinn gerður upp eftir áætlun dreifiveitu sem byggð skal á niðurstöðum úr prófunum á mælibúnaði, staðfestri notkun notandans að teknu tilliti til hvenær notkunin fór fram eða öðrum atriðum sem máli skipta.
2. Hvor sem er, almennur notandi eða dreifiveita, geta krafist þess að fá greiddar kröfur, sem stafa af skekkjum í mælingum, tvö ár aftur í tímann.
3. Hafi aðeins verið lesið á mæli fjórða hvert ár í samræmi við 26. gr. geta sammingsaðilar krafist leiðréttingar vegna skekkja fjögur ár aftur í tímann.
4. Dreifiveitu ber að endurgreiða notanda raunvirði oftekinna gjalda. Vegna vantekinna gjalda skal notanda veittur sanngjarn tímafrestur til greiðslu viðbótarupphæðar. Greiði notandinn ekki reikning vegna viðbótarupphæðar á umsömdum tíma er dreifiveitu heimilt að innheimta dráttarvexti skv. III. kafla laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001.

XI. KAFLI

Uppgjör á grunni notkunarferils.

46. gr.

Notkunarferill.

Uppgjör milli kerfisstjórnar flutningsfyrirtækis og sölufyrirtækja skal byggjast á notkunarferlum fyrir þá almennu notendur, sem ekki eru tímamældir.

Nota skal einn notkunarferil fyrir hverja dreifiveitu.

47. gr.

Útreikningur á tapi í dreifikerfi.

Við útreikning á orkutapi í dreifikerfinu fyrir skilgreiningu á notkunarferli skal nota tapferil sem er einkennandi fyrir viðkomandi dreifikerfi. Orkutap skal gefið upp fyrir hverja klukkustund.

48. gr.

Útreikningur á orkuúttaki sölufyrirtækja.

Dreifiveita skal reikna út hlutdeild hvers sölufyrirtækis í notkunarferlinum út frá áætl- aðri ársnotkun þeirra almennu notenda, sem ekki eru tímamældir.

49. gr.

Tilkynningar með uppgjörsupplýsingum á grunni notkunarferils.

Dreifiveita skal senda uppgjör á útreiknaðri úttekt til sölufyrirtækja fyrir hverja klukkustund í samræmi við hlutdeild í notkunarferli innan viku frá lokum uppgjörsmánaðar. Klukkutímagildi úttektar á að gefa upp í heilum kWst/st.

50. gr.

Upplýsingar um áætlaða úttekt á hverjum mælistað.

Dreifiveita á minnst ársfjórðungslega að senda upplýsingar til viðkomandi sölufyrirtækis um áætlaða árlega úttekt fyrir hvern mælistað þess. Upplýsingarnar á að senda sölufyrirtæki innan tveggja vikna eftir lok ársfjórðungs.

Áætlað úttak fyrir hvern mælistað á að gefa upp í heilum kWst/st.

51. gr.

Fjárhagslegt uppgjör.

Dreifiveita skal annast fjárhagslegt uppgjör á mismuni milli áætlaðrar og raunverulegrar úttektar og upplýsa sölufyrirtæki um greiðsluskyldu þess eða inneign, innan sex vikna frá lokum uppgjörstímabils og afhenda grunngögn ef eftir þeim er leitað.

Dreifiveita skal halda bókhald yfir dreifingu fyrir sérhvert sölufyrirtæki. Bókhaldið skal uppfæra við álestur mælis svo og hlutdeild sölufyrirtækis í notkunarferlinum. Mismuninn skal verðleggja í samræmi við verð jöfnunarorku hjá kerfisstjórn flutningsfyrirtækis eins og það er á hverri klukkustund. Bókhaldið skal gera upp eigi sjaldnar en um hver áramót.

52. gr.

Rafræn upplýsingamiðlun.

Tilkynningar samkvæmt ákvæðum þessa kafla, skulu vera á stöðluðu og rafrænu formi í samræmi við verklagsreglur kerfisstjórnar flutningsfyrirtækis.

XII. KAFLI

Undanþágur.

53. gr.

Undanþágur.

Fullnægi mælibúnaður ekki kröfum þessarar reglugerðar um nákvæmni eða ef ekki er unnt að koma við mælingu á viðeigandi mælistað getur kerfisstjórn flutningsfyrirtækis eða dreifiveita sótt um tímabundna undanþágu til Orkustofnunar. Við veitingu undanþágu skal taka mið af viðskiptahagsmunum, kostnaði við að koma fyrir mælingu á mælistað og fyrirhugaðri endurnýjun búnaðar.

XII. KAFLI

Gildistaka o.fl.

54. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 3. mgr. 20. gr. raforkulaga, öðlast þegar gildi.

Iðnaðarráðuneytinu, 21. desember 2004.

Valgerður Sverrisdóttir.

Kristján Skarphéðinsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 511/2003 um framkvæmd raforkulaga.

1. gr.

1. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Gildissvið.

Reglugerð þessi tekur til vinnslu, flutnings, dreifingar og viðskipta með raforku á íslensku forráðasvæði.

2. gr.

2. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Skilgreiningar.

1. *Afhendingarstaður*: Staður í flutnings- eða dreifikerfi þar sem innmötun eða úttekt raforku fer fram.
2. *Dreifikerfi*: Raflínur sem ekki teljast til flutningskerfisins ásamt mannvirkjum og búnaði þeim tengdum til og með heimtaug. Enn fremur mælur og mælabúnaður hjá notendum.
3. *Dreifiveita*: Fyrirtæki sem hefur leyfi til dreifingar raforku á afmörkuðu svæði.
4. *Dreifiveitusvæði*: Landsvæði þar sem dreifiveita hefur einkarétt og skyldu til dreifingar raforku.
5. *Endurnýjanlegar orkulindir*: Orkulindir sem geta endurnýjað sig í sífellu, svo sem fallvötn, jarðhiti, vindorka, sjávarföll og sólarorka.
6. *Raforkuskerðing/ekki afhent orka*: Áætlað magn raforku sem ekki var unnt að afhenda notanda eða dreifiveitu vegna bilunar í raforkukerfinu, viðhaldsvinnu eða breytinga á því.
7. *Flutningsfyrirtæki*: Fyrirtæki sem stýrir rekstri flutningskerfisins og annast kerfisstjórnun.
8. *Flutningskerfi*: Raflínur og mannvirki þeim tengd sem nauðsynleg eru til að flytja raforku frá virkjunum til stórnotenda og til dreifiveitna á þeim afhendingarstöðum sem taldir eru upp í viðauka með raforkulögum nr. 65/2003, sbr. lög nr. 89/2004. Það nær frá háspennuhlið stöðvarspenna virkjana sem tengjast því, sbr. 3. mgr. 5. gr. laganna, að háspennuhlið aðveituspenna stórnotenda eða dreifiveitna.
9. *Flutningsvirki*: Raflína og búnaður henni tengdur til flutnings raforku.
10. *Heimtaugargjald*: Almennt gjald fyrir tengingu nýs notanda við dreifikerfi.
11. *Kerfisframlag*: Hlutdeild viðskiptavinar í fjárfestingu vegna nýrrar tengingar eða styrkingar á flutnings- eða dreifikerfi.
12. *Launafl*: Raffræðilegt hugtak á hliðrun straums og spennu í riðstraumskerfi.
13. *Notandi*: Sá sem kaupir raforku til eigin nota.
14. *Notkunarferill*: Mismunur heildarorkuúttektar dreifiveitu á klukkustund annars vegar, og tímamældrar notkunar einstakra notenda og taps í dreifikerfinu hins vegar.
15. *Orkulind*: Náttúruleg uppspretta orku á ákveðnu formi, svo sem vatnsfall, jarðhitageymir, sjávarföll, vindur, sólarljós, en einnig olú- og gaslindir og kolanámur.
16. *Raflína*: Samsafn af leiðurum, einangrandi efni og tengdum búnaði til að flytja raforku milli tveggja staða innan raforkukerfisins.
17. *Raforkukerfi*: Allur sá búnaður sem notaður er við vinnslu, flutning og dreifingu raforku og myndar starfræna heild.
18. *Raforkuver/virkjun*: Mannvirki sem notað er til vinnslu raforku. Tvær eða fleiri einingar sem mynda eðlilega heild og tengjast flutningskerfinu eða dreifikerfi gegnum sameiginleg tengivirki teljast ein virkjun.

19. *Raforkuviðskipti/viðskipti*: Kaup og sala raforku.
20. *Sölu fyrirtæki*: Fyrirtæki sem selur raforku eða annast raforkuviðskipti, hvort sem er í heildsölu eða smásölu.
21. *Stórnotandi*: Notandi sem notar á einum stað a.m.k. 14 MW afl með árlegum nýtingartíma 8.000 stundir eða meira.
22. *Tekjumörk*: Hámark leyfilegra árlegra tekna flutningsfyrirtækis og dreifiveitna til að mæta kostnaði.
23. *Varaafllsstöð*: Virkjun sem einungis vinnur raforku tímabundið vegna bilunar eða truflunar í flutningskerfinu að beiðni kerfisstjóra.
24. *Vinnsla/raforkuvinnsla*: Umbreyting orku, svo sem vatnsorku, jarðvarma eða efnaorku í raforku.
25. *Vinnslufyrirtæki*: Fyrirtæki sem stundar vinnslu á raforku eða hefur fengið virkjunarleyfi.
26. *Virkjunarleyfi*: Leyfi sem veitt er samkvæmt raforkulögum til að reisa og reka raforkuver.

3. gr.

1. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Leyfi ráðherra þarf til að reisa og reka raforkuver. Þó þarf ekki slíkt leyfi vegna raforkuvera með uppsettu afli sem er undir 1 MW nema orka frá raforkuveri sé afhent inn á dreifikerfi dreifiveitna eða flutningskerfið. Eigendur virkjana með uppsett afl 30–1.000 kW skulu skila Orkustofnun tæknilegum upplýsingum um virkjun. Einnig er skylt að tilkynna Orkustofnun árlega um heildarraforkuvinnslu raforkuvera með uppsettu afli yfir 100 kW.

4. gr.

3. mgr. 5. gr. orðist svo:

Tengja skal leyfisskylda virkjun flutningskerfinu, sbr. þó 2. mgr. 11. gr. raforkulaga. Virkjanir sem eru 7 MW eða stærri skulu tengjast flutningskerfinu beint en minni virkjunum er heimilt að tengjast því um dreifiveitu. Samningur við flutningsfyrirtækið eða dreifiveitu á því dreifiveitusvæði sem virkjunin er á skal liggja fyrir þegar sótt er um virkjunarleyfi.

5. gr.

10. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Rekstur flutningskerfisins.

Eitt fyrirtæki, Landsnet hf., skal annast flutning raforku og kerfisstjórnun flutningskerfisins. Um kerfisstjórnun fer samkvæmt reglugerð um kerfisstjórnun í raforkukerfinu.

Flutningsfyrirtækið skal gæta jafnræðis við starfrækslu sína.

Flutningsfyrirtækið skal hafa aðgang að öllum upplýsingum hjá vinnslufyrirtækjum, dreifiveitum og raforkusölum sem nauðsynlegar eru til að fyrirtækið geti rækt hlutverk sitt. Skal flutningsfyrirtækið gæta trúnaðar um upplýsingar sem fyrirtækið fær í hendur og varða viðskiptahagsmuni og aðrar þær upplýsingar sem sanngjarnt er og eðlilegt að leynt fari. Ber flutningsfyrirtækinu að setja sér verklagsreglur um stjórnun upplýsingaöryggis. Skal starfsmönnum flutningsfyrirtækisins gert að skrifa undir yfirlýsingu þess efnis að þeir muni gæta fyllsta trúnaðar um upplýsingar sem þeir fá í starfi sínu.

Flutningsfyrirtækinu er skylt að veita stjórnvöldum, viðskiptavinum og almenningi upplýsingar sem nauðsynlegar eru við mat á því hvort fyrirtækið fullnægi skyldum sínum við rekstur og kerfisstjórnun flutningskerfisins og tryggi jafnræði við flutning raforku.

Rísi ágreiningur um hvort fyrirtækinu sé skylt að veita umbeðnar upplýsingar sker Orku-

stofnun úr. Úrskurður Orkustofnunar í þessu efni sætir kæru til úrskurðarnefndar raforku-mála.

6. gr.

Liður 4.6 í 11. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

- 4.6. Eftirlit með álagi flutningskerfisins. Ef um umfangsmikla rekstrartruflun er að ræða skal flutningsfyrirtækið senda Orkustofnun skýrslu um atvikið innan 14 daga frá því hún var lagfærð. Orkustofnun skal skilgreina hvað telst umfangsmikil rekstrartruflun í þessu sambandi.

7. gr.

Við reglugerðina bætist ný 13. gr. Síðari greinanúmer breytast til samræmis:

Tekjumörk flutningsfyrirtækis.

Orkustofnun skal setja flutningsfyrirtækinu tekjumörk vegna kostnaðar við flutning á raforku til dreifiveitna annars vegar og vegna flutnings til stórnotenda hins vegar. Við setningu tekjumarka skal taka tillit til þess hvort tenging stórnotenda leiði eða hafi leitt til hagkvæmari uppbyggingar og nýtingar flutningskerfisins en ella væri.

Tekjumörkin skulu ákveðin út frá eftirfarandi viðmiðum:

1. Kostnaði sem tengist starfsemi fyrirtækisins, þ.m.t. kostnaði vegna viðhalds, afskrifta á nauðsynlegum eignum til reksturs kerfisins, leigukostnaði vegna flutningsvirkja, kostnaði við orkutap, almennum rekstrarkostnaði og kostnaði við kerfisstjórnun.
2. Arðsemi flutningsfyrirtækisins skal vera sem næst markaðsávöxtun óverðtryggðra ríkisskuldabréfa til fimm ára eða sambærilegra verðbréfa. Arðsemi reiknast sem hlutfall hagnaðar fyrir fjármunatekjur, fjármagnsgjöld og skatta (EBIT) og bókfærðs verðs fastafjármuna sem nauðsynlegir eru til reksturs flutningskerfis. Fastafjármunir þessir skulu vera þeir sem nýttir eru þann 31. desember 2004 og miðað við bókfært virði þann dag, ásamt nauðsynlegum nýjum fastafjármunum, sem síðar kunna að koma til. Við setningu tekjumarka flutningsfyrirtækisins vegna flutnings raforku til dreifiveitna skal Orkustofnun í upphafi miða við að arðsemi sé helmingur af markaðsávöxtun óverðtryggðra ríkisskuldabréfa til fimm ára eða sambærilegra verðbréfa. Hækka skal arðsemisviðmiðunina á fimm árum í þá ávöxtun sem kveðið er á um hér að ofan, þó skal hækkun arðsemisviðmiðunar ekki valda meiri hækkun tekjumarka en næst með hagræðingarkröfu.
3. Hagræðingarkröfu sem skal taka mið af eðlilegum kostnaði samkvæmt mati Orkustofnunar að teknu tilliti til þeirrar þjónustu sem fyrirtækið veitir.

Orkustofnun ákveður viðmiðunarár sem lögð eru til grundvallar við mat á grunnstærðum til ákvörðunar tekjumarka til þriggja ára í senn. Kostnaður vegna taps skal reiknaður miðað við matsvirði raforku, ákvarðað af Orkustofnun. Aðrar grunnstærðir skulu verðbólguleiðréttar.

Flutningsfyrirtækinu er heimilt að breyta bókfærðu verðmæti eigna, sem lagt er til grundvallar við setningu tekjumarka, sbr. 2. tl. 2. mgr. þessarar greinar, í samræmi við breytingar á vísitölu neysliverðs frá 31. desember 2004 eða þeim degi sem síðar tilkomnar eignir eru teknar í notkun.

Eigendaskipti á eignum sem nauðsynlegar eru til reksturs flutnings- eða dreifikerfis skulu ekki leiða til breytinga á tekjumörkum flutnings- og dreififyrirtækja, þrátt fyrir að bókfært virði breytist til hækunar eða lækkunar. Tekjumörk skulu miðuð við bókfært virði eigna fyrir eigendaskipti og breytingar á virði til hækunar eða lækkunar vegna eigendaskipta ekki hækka samanlögð tekjumörk viðkomandi aðila.

Tekið skal tillit til kostnaðar vegna nýframkvæmda að frádregnu kerfisframlagi á grundvelli umsóknar frá flutningsfyrirtækinu sem samþykkt hefur verið af Orkustofnun. Afskriftatími fasteigna og háspennulína skal vera 50 ár, tengivirkja 40 ár að undanskildum hjálparbúnaði sem afskrifa má á 20 árum. Hrakvirði eigna skal miða við 10% stofnkostnaðar. Heimilt er að endurskoða tekjumörk árlega ef forsendur breytast verulega að mati Orkustofnunar.

Hagræðingarkrafa skal samanstanda af annars vegar almennri hagræðingarkröfu sem gildir einnig fyrir dreifiveitur og hins vegar fyrirtækjaháðri kröfu sem fundin er með samburði við sambærileg fyrirtæki.

Komi í ljós að arðsemi flutningsfyrirtækisins síðastliðin þrjú ár nær ekki helmingi af markaðsávöxtun óverðtryggðra ríkisskuldabréfa til fimm ára eða sambærilegra verðbréfa né heldur er hagnaður af rekstri fyrirtækisins skal taka tillit til þess við setningu tekjumarka og gerð gjaldskrár næsta árs. Sama á við komi í ljós að arðsemi flutningsfyrirtækisins síðastliðin þrjú ár er meira en þriðjungu yfir sömu ávöxtun.

8. gr.

Við reglugerðina bætist ný 14. gr. Síðari greinanúmer breytast til samræmis:

Tilflutningur tekjumarka.

Flutningsfyrirtæki og dreifiveitum er heimilt að semja sín á milli um skiptingu tekjumarka vegna breyttra forsendna, s.s tilfærslu eigna eða rekstrarkostnaðar milli fyrirtækja. Það er þó skilyrði að slíkur tilflutningur leiði ekki til hækkunar samanlagðra tekjumarka viðkomandi fyrirtækja. Fyrirtækjum sem komast að slíku samkomulagi ber innan 2 vikna frá undirritun þess að leita staðfestingar Orkustofnunar. Fallist Orkustofnun á að breytingar séu heimilrar, skal stofnunin staðfesta breytinguna og breyta tekjumörkum viðkomandi fyrirtækja innan 4 vikna frá móttöku beiðnar um slíkt.

9. gr.

15. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Gjaldskrá vegna flutnings raforku.

Flutningsfyrirtækið skal setja gjaldskrá vegna þjónustu sinnar í samræmi við tekjumörk skv. 13. gr. Við setningu gjaldskrár skal gætt jafnræðis og byggt á hlutlægum og gegnsæjum sjónarmiðum.

Gjaldskrá skal gilda annars vegar fyrir úttekt dreifiveitna frá flutningskerfi og hins vegar fyrir úttekt stórnótenda. Úttektargjald dreifiveitna skal miðast við heildarmagn raforku sem flutt er til dreifiveitusvæðis auk þess sem úttekið er beint frá virkjun innan dreifiveitusvæðisins.

Gjaldtaka fyrir úttekt dreifiveitna frá flutningskerfi skal miðast við heildarmagn raforku sem flutt er til dreifiveitusvæðisins auk þess sem móttekið er beint frá virkjun innan dreifiveitusvæðisins, sbr. þó 4. mgr. Ekki skal greitt af notkun í einangruðum kerfum innan dreifiveitusvæða sem ekki njóta tengingar við flutningskerfið.

Sama gjaldskrá skal vera fyrir innmötun virkjana á flutningskerfið. Þar sem virkjanir tengjast flutningskerfinu um dreifiveitu skal innmötunargjaldið renna til dreifiveitunnar. Greiða skal úttektargjald vegna framleiðslu slíkrar virkjunar til flutningsfyrirtækisins sem hér segir:

1. Vegna þeirrar orku sem framleidd er í virkjun sem er undir 1 MW skal ekki greiða úttektargjald til flutningsfyrirtækisins.
2. Vegna orku sem framleidd er í virkjunum á stærðarbilinu 1–3,1 MW skal ekki greiða úttektargjald við neðri stærðarmörkin en síðan skal gjaldið fara hlutfallslega hækkandi þar til það nemur 75% fulls úttektargjalds við efri mörkin.

3. Vegna orku frá virkjun sem er 3,1–7 MW skal greiða 75% fulls úttektargjalds.

Tekjur vegna flutnings raforku skulu standa undir kostnaði sem er í beinum og efnislegum tengslum við flutning raforku, þ.m.t. kostnaði vegna viðhalds og afskrifta á nauðsynlegum eignum til reksturs kerfisins, leigukostnaði vegna flutningsvirkja, kostnaði við orkutap, almennum rekstrarkostnaði, kostnaði við kerfisstjórnun, opinberum álögum og gjöldum eftir því sem við á og arðsemi eins og kveðið er á um í raforkulögum.

Flutningsfyrirtækið skal skilgreina gjald fyrir tengingu við flutningskerfið og gjald fyrir innmötun annars vegar og úttekt hins vegar í sérhverjum afhendingarstað flutningskerfisins. Sama gjaldskrá skal gilda fyrir innmötun og úttekt í öllum afhendingarstöðum.

Gjaldskrá fyrir úttekt dreifiveitna frá flutningskerfi á afhendingarstöðum skal miðast við að raforka sé afhent á 66 kV spennu. Ef raforka frá flutningskerfi er afhent á hærri spennu ber að lækka gjaldskrá með tilliti til þess. Með sama hætti skal taka tillit til annars mismunar á afhendingarþjónustu við gjaldtöku fyrir úttekt á einstökum afhendingarstöðum, s.s. skert afhendingaröryggi og tíðar truflanir.

Gjaldskrá skal vera þannig uppbyggð að hún hvetji til bættrar nýtingar flutningskerfis. Flutningsfyrirtækinu er heimilt að veita afslátt af flutningsgjaldi raforku sem skerða má með skömmum fyrirvara vegna takmarkana í flutningskerfinu. Flutningsfyrirtækið skal sammæla afhendingarstaði inn á dreifiveitusvæði sem rekið er samtengt, enda geti hver afhendingarstaður annað a.m.k. $1/(n-1)*100\%$ af heildarafþörf svæðisins, þar sem n er fjöldi afhendingarstaða.

Varaafsstöðvar sem nýttar eru þegar truflanir koma upp í raforkukerfinu skulu undanþegar greiðslum til flutningskerfisins.

Sama gjaldskrá skal gilda fyrir öll vinnslufyrirtæki vegna innmötunar. Þar sem virkjanir tengjast flutningskerfinu um dreifiveitu skal gjaldinu skipt milli flutningsfyrirtækisins og viðkomandi dreifiveitu eftir skiptireglu sem ákveðin skal af Orkustofnun að fenginni tillögu aðila.

Krefjast skal kerfisframlags ef tenging nýrra virkjana eða stórnotenda við flutningskerfið veldur auknum tilkostnaði annarra notenda í kerfinu. Með sama hætti skal taka tillit til þess ef tenging leiðir til hagkvæmari uppbyggingar eða nýtingar flutningskerfisins. Ennfremur má krefjast greiðslu kerfisframlags við styrkingu á raforkukerfi þegar forsendur viðskipta breytast verulega til dæmis þegar notandi fer fram á aukin afköst tengingar eða aukin gæði sem veldur þörf á styrkingu. Greiðslu skal ákvarða út frá nauðsynlegum kostnaði við tengingu eða styrkingu. Flutningsfyrirtækið skal fyrirfram upplýsa viðskiptavininn um hvort farið sé fram á kerfisframlag og forsendur fyrir útreikningum.

Gjöld vegna kerfisstjórnunar skulu standa undir kostnaði sem er í beinum og efnislegum tengslum við kerfisstjórnun, sjá reglugerð um kerfisstjórn í raforkukerfinu, nr. 513/2003.

Flutningsfyrirtækið skal setja gjaldskrá fyrir launafl. Gjald fyrir launafl skal byggja á raunkostnaði sem fyrirtækið ber vegna þess. Heimilt er að setja mörk fyrir launaflsúttekt. Ekki skal innheimt fyrir launaflsúttekt sem er innan þeirra, en úttekt utan markanna skal gerð upp samkvæmt gjaldskrá fyrir launafl.

Að minnsta kosti tveimur mánuðum áður en gjaldskrá á að taka gildi skal hún send Orkustofnun og dreifiveitum. Telji Orkustofnun framlagða gjaldskrá brjóta í bága við ákvæði raforkulaga eða reglugerða skal hún koma athugasemdum á framfæri við flutningsfyrirtækið innan sex vikna frá móttöku. Gjaldskrá tekur ekki gildi fyrr en bætt hefur verið úr að mati Orkustofnunar.

Flutningsfyrirtækið skal birta gjaldskrár opinberlega og upplýsa viðskiptavinum um eftirlitshlutverk Orkustofnunar.

10. gr.

Núverandi 20. gr. reglugerðarinnar, sem verður 22. gr., orðist svo:

Starfsemi og skyldur dreifiveitna.

Dreifiveita annast dreifingu raforku og kerfisstjórnun á dreifiveitusvæði sínu. Hún skal viðhalda, endurbæta og byggja dreifikerfið upp á hagkvæman hátt að teknu tilliti til öryggis, skilvirkni, áreiðanleika afhendingar og gæða raforku.

Dreifiveitu er m.a. skylt að:

1. Tengja alla sem eftir því sækjast við dreifikerfið að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:
 - 1.1. Neysluveitur skulu uppfylla skilyrði auglýsingar um tæknilega tengiskilmála nr. 129/1997.
 - 1.2. Virkjanir skulu uppfylla tæknileg skilyrði sem fram koma í tengisamningi.
 - 1.3. Þeir sem óska tengingar skulu greiða tengigjald sem skal tilgreint í gjaldskrá dreifiveitu.
- Þó er heimilt að synja nýjum aðilum um aðgang að kerfinu á grundvelli sjónarmiða um flutningsgetu dreifikerfisins, öryggi og gæði þess. Synjun skal vera skrifleg og rökstudd. Sá sem synjað er um tengingu getur farið fram á upplýsingar um með hvaða hætti og innan hvaða tíma gera megi breytingar á kerfinu sem leiði til þess að unnt sé að tengja hann.
2. Dreifiveitur skulu setja sér reglur til þess að tryggja áreiðanleika í rekstri dreifikerfisins og sem skulu a.m.k. kveða á um eftirfarandi atriði:
 - 2.1. Hönnun kerfisins og uppbyggingu þess.
 - 2.2. Viðhald kerfisins.
 - 2.3. Reglubundið eftirlit með ástandi kerfisins.
 - 2.4. Eftirlit með verndarbúnaði og stillingu verndarliða.
 - 2.5. Skráningu truflana ásamt mati á orku sem ekki er afhent.
 - 2.6. Eftirlit með álagi dreifikerfisins. Ef um umfangsmikla rekstrartruflun er að ræða skal dreifiveita senda Orkustofnun skýrslu um atvikið innan 14 daga frá því hún var lagfærð. Orkustofnun skal skilgreina hvað telst umfangsmikil rekstrartruflun í þessu sambandi.
3. Útvega rafmagn í stað þess sem tapast í kerfinu.
4. Útvega launafl fyrir kerfið til að nýta flutningsgetu og tryggja spennugæði.
5. Mæla eða láta mæla með nákvæmum hætti þá raforku sem hún afhendir eða tekur við í samræmi við ákvæði sem sett hafa verið í reglugerð um viðkomandi dreifiveitu, sbr. 5. mgr.
6. Veita stjórnvöldum, viðskiptavinum og almenningi upplýsingar sem nauðsynlegar eru við mat á því hvort hún fullnægi skyldum sínum.
7. Gæta jafnræðis við starfrækslu sína og trúnaðar um upplýsingar er varða viðskiptahagsmuni og aðrar þær upplýsingar sem sanngjarnt er og eðlilegt að leynt fari.

Ef ófyrirséð og óviðráðanleg atvik valda því að framboð raforku fullnægir ekki eftirspurn á dreifiveitusvæði ber viðkomandi dreifiveitu að grípa til skömmtunar raforku til notenda. Dreifiveitur skulu setja sér reglur um hvernig skömmtun skuli háttáð. Við setningu reglna um skömmtun skal gæta jafnræðis og leitast við að tryggja að skömmtun valdi sem minnstri röskun á samfélagslegum hagsmunum. Skal m.a. leitast við að tryggja raforku til þeirra fyrirtækja og stofnana sem veita almenningi bráðabjónustu og tryggja öryggi borgara og allsherjarreglu.

Um starfsemi og skyldur dreifiveitna, þ.á m. tengingu við kerfið, mælingar, uppgjör og stöðvun orkuafhendingar fer að öðru leyti samkvæmt efni reglugerða um viðkomandi dreifiveitur, sem í gildi eru við gildistöku reglugerðar þessarar.

Dreifiveitur skulu, innan hæfilegra tímamarka og ef eftir því er leitað, veita stjórnvöldum og viðskiptavinum upplýsingar um forsendur gjaldskrárlíða og aðra viðskiptaskilmála.

Rísi ágreiningur um hvort fyrirtækinu sé skylt að veita umbeðnar upplýsingar sker Orkustofnun úr. Úrskurður Orkustofnunar sætir kæru til úrskurðarnefndar raforkumála.

11. gr.

Við reglugerðina bætist ný grein, sem verður 23. gr., svohjóðandi. Önnur greinanúmer breytast til samræmis.

Tekjumörk dreifiveitna.

Orkustofnun skal setja dreifiveitum tekjumörk vegna kostnaðar við dreifingu raforku. Ef heimilað er að hafa í gildi sérstaka gjaldskrá á dreifbýlissvæði, sbr. 24. gr., skulu sérstök tekjumörk sett vegna dreifingar raforku í þéttbýli annars vegar og í dreifbýli hins vegar.

Tekjumörkin skulu ákveðin út frá eftirfarandi viðmiðum:

1. Kostnaði sem tengist starfsemi dreifiveitu, þ.m.t. kostnaði vegna viðhalds, afskrifta á nauðsynlegum eignum til reksturs kerfisins, kostnaði vegna flutnings um flutningskerfið, kostnaði við orkutap, almennum rekstrarkostnaði og kostnaði við kerfisstjórnun í dreifikerfinu.
2. Arðsemi dreifiveitu skal vera sem næst markaðsávöxtun óverðtryggðra ríkisskuldabréfa til fimm ára eða sambærilegra verðbréfa. Arðsemi reiknast sem hlutfall hagnaðar fyrir fjármunatekjur, fjármagnsgjöld og skatta (EBIT) og bókfærðs verðs fastafjármuna, sem nauðsynlegir eru til reksturs dreifikerfis þann 31. desember 2004 og miðað við bókfært virði þann dag, ásamt nauðsynlegum nýjum fastafjármunum, sem síðar kunna að koma til. Við setningu tekjumarka dreifiveitna skal Orkustofnun í upphafi miða við að arðsemi sé helmingur af markaðsávöxtun óverðtryggðra ríkisskuldabréfa til fimm ára eða sambærilegra verðbréfa. Hækka skal arðsemisviðmiðunina á fimm árum í þá ávöxtun sem kveðið er á um hér að ofan, þó skal hækkan arðsemisviðmiðunar ekki valda meiri hækkan tekjumarka en næst með hagræðingarkröfu.
3. Hagræðingarkröfu sem skal taka mið af eðlilegum kostnaði samkvæmt mati Orkustofnunar að teknu tilliti til þeirrar þjónustu sem dreifiveitan veitir.

Tekjumörk skulu ákveðin til þriggja ára í senn. Þó er heimilt að endurskoða tekjumörk árlega ef forsendur breytast verulega að mati Orkustofnunar.

Orkustofnun ákveður rekstrarár sem lögð eru til grundvallar við mat á grunnstærðum til ákvörðunar tekjumarka til þriggja ára í senn. Kostnaður vegna taps skal reiknaður miðað við matsvirði raforku ákvarðað af Orkustofnun. Aðrar grunnstærðir skulu leiðréttar til samræmis við verðbólgu árlega miðað við vísitölu neysliverðs.

Við þetta bætist kostnaður greiddur flutningsfyrirtækinu vegna flutnings um flutningskerfið og kostnaður vegna nýframkvæmda að frádregnu kerfisframlagi á grundvelli umsóknar frá dreifiveitu sem samþykkt hefur verið af Orkustofnun. Afskriftir skulu vera samkvæmt samræmdum reglum dreifiveitna, sem samþykktar skulu af Orkustofnun. Heimilt er að endurskoða tekjumörk árlega ef forsendur breytast verulega að mati Orkustofnunar.

Dreifiveitum er heimilt að breyta bókfærðu verðmæti eigna, sem lagt er til grundvallar við setningu tekjumarka, sbr. 2. tl. 2. mgr. greinar þessarar í samræmi við breytingar á vísitölu neysliverðs frá 31. desember 2004, eða þeim degi sem síðar tilkomnar eignir eru teknar í notkun.

Þrátt fyrir ákvæði 6. mgr., er dreifiveitum heimilt að endurmeta eignir til 1. janúar 2007 að fengnu samþykki Orkustofnunar. Endurmat skal ekki leiða til herra verðs en sem nemur

endurstofnverði að frádregnum framreiknuðum afskriftum sem bókfærðar hafa verið vegna viðkomandi eignar.

Eigendaskipti á eignum sem nauðsynlegar eru til reksturs flutnings- eða dreifikerfis skulu ekki leiða til breytinga á tekjumörkum flutnings- og dreififyrirtækja, þrátt fyrir að bókfært virði breytist til hækkunar eða lækkunar. Tekjumörk skulu miðuð við bókfært virði eigna fyrir eigendaskipti og breytingar á virði til hækkunar eða lækkunar vegna eigendaskipta ekki hækka samanlögð tekjumörk viðkomandi aðila.

Hagræðingarkrafa skal samanstanda af annars vegar almennri hagræðingarkröfu sem gildir fyrir allar dreifiveitur og hins vegar fyrirtækjaháðri kröfu sem fundin er með samburði við sambærileg fyrirtæki.

Komi í ljós að arðsemi dreifiveitu síðastliðin þrjú ár nær ekki helmingi af markaðs-ávöxtun óverðtryggðra ríkisskuldabréfa til fimm ára eða sambærilegra verðbréfa né heldur er hagnaður af rekstri veitunnar skal taka tillit til þess við setningu tekjumarka og gerð gjaldskrár næsta árs. Sama á við komi í ljós að arðsemi dreifiveitu síðastliðin þrjú ár er meira en þriðjungur yfir sömu ávöxtun.

12. gr.

Núverandi 21. gr. reglugerðarinnar, sem verður 24. gr., orðist svo:

Gjaldskrá vegna dreifingar raforku.

Dreifiveita skal setja gjaldskrá vegna þjónustu sinnar í samræmi við tekjumörk, skv. 10. gr. Við setningu gjaldskrár skal gætt jafnræðis og byggt á hlutlægum og gegnsæjum sjónarmiðum. Sama gjaldskrá skal gilda á veitusvæði hvernar dreifiveitu fyrir úttekt á lágspennu, þ.e. 230–400V spennu, sjá þó 7. mgr. þessarar greinar. Ef orka frá dreifiveitu er afhent á annarri spennu er heimilt að taka tillit til þess í gjaldskrá. Með sama hætti er við gjaldtöku heimilt að taka tillit til annars mismunar á þjónustu, s.s. ef búið er við tíðar truflanir eða bilanir í kerfinu.

Gjaldskrá skal vera þannig uppbyggð að hún hvetji til bættrar nýtingar dreifikerfis utan álagstíma t.d. með tímaháðum taxa. Heimilt er að bjóða upp á lægri taxa gegn skertum afhendingargæðum.

Uppgjör við notendur í dreifikerfinu, sem ekki kaupa samkvæmt afltaxta á að vera samkvæmt föstum þætti og orkuþætti þannig að:

- a) Fastur þáttur standi undir mælingar- og umsýslukostnaði vegna viðkomandi notanda og hluta af öðrum föstum kostnaði í dreifikerfinu.
- b) Orkuþáttur standi undir kostnaði vegna taps og geti þar að auki fjármagnað hluta af öðrum kostnaði sem ekki er sóttur gegnum fastan þátt gjaldskrárinnar.

Notendur sem gert er upp við samkvæmt afltaxta í dreifikerfinu skulu greiða samkvæmt föstum þætti, orkuþætti og aflþætti.

- a) Fastur þáttur á að lágmarki að standa straum af mælingar- og umsýslukostnaði vegna viðkomandi notanda.
- b) Orkuþáttur á að lágmarki að standa straum af kostnaði við meðaltap í netkerfinu.
- c) Aflþáttur má byggja á aflúttaki notanda í skilgreindum lotum og hluta af föstum kostnaði.

Heimilt er að setja afltaxta fyrir ómælda notkun, t.d. utanhússlýsingu eða aðra litla notkun þar sem illframkvæmanlegt eða óhagkvæmt er að koma við mælingu á raforku.

Dreifiveitum er heimilt að sækja um leyfi til Orkustofnunar til að hafa sérstaka gjaldskrá á dreifbýlissvæðum þar sem kostnaður vegna dreifingar er sannanlega hærri en í þéttbýli. Dreifbýlissvæði sem til greina koma eru:

1. Svæði sem skilgreind eru sem strjálbýli samkvæmt Hagstofu Íslands auk húsa utan gatna á svæðum sem sýnd eru á sveitarfélagsupprætti aðalskipulags.
2. Staðir þar sem færri en 200 manns búa og njóta ekki tengingar við flutningskerfi eða stofnkerfi. Stofnkerfi teljast í þessu samhengi kerfiseiningar dreifiveitu sem þjóna bæði innanbæjarkerfum og sveitakerfum.

Það er skilyrði fyrir heimild til sérstakrar dreifbýlisgjaldskrár að notkun á viðkomandi dreifbýlissvæði sé a.m.k. 5% af heildarnotkun dreifiveitusvæðisins. Með umsókn um skiptingu gjaldskrár skulu fylgja upplýsingar um landfræðilega afmörkun svæða, landnotkun og fjölda íbúa á viðkomandi svæði, auk gagna sem sýna fram á að kostnaður við dreifingu til notenda á svæðinu sé hærri en til annarra. Leyfi Orkustofnunar fyrir dreifbýlisgjaldskrár gildir í 3 ár, jafn lengi tekjumörkum skv. 10. gr. reglugerðar þessarar. Við setningu nýrra tekjumarka ber að fjalla að nýju um forsendur dreifbýlisgjaldskrár og ber þá dreifiveitu að skila inn gögnum skv. 2. ml. að framan.

Dreifiveitum er heimilt að setja almenn ákvæði vegna heimtauga í gjaldskrá.

Standi væntanlegar tekjur dreifiveitu af nýjum viðskiptavinum ekki undir eðlilegum stofneða rekstrarkostnaði er heimilt að krefja hann um greiðslu kerfisframlags. Ennfremur má krefjast greiðslu kerfisframlags við styrkingu á eða tengingu við raforkukerfi þegar forsendur viðskipta breytast verulega til dæmis þegar notandi fer fram á aukin afköst tengingar eða aukin gæði sem veldur þörf á styrkingu. Kerfisframlag má að hámarki vera kostnaður við framkvæmd ákvarðaður út frá nauðsynlegum kostnaði við tengingu eða styrkingu að frágængu heimtaugargjaldi.

Dreifiveita getur deilt viðbótarkostnaði kerfishluta milli notenda sem nýta kerfishlutann, þó ekki lengur en 10 ár eftir að hún er tilbúin. Skiptinguna má framkvæma sem eftiráuppgjör og endurgreiðslu, þegar nýir notendur eru tengdir eða með því að dreifiveitan beri fjárfestingarkostnaðinn tímabundið. Dreifiveitan skal fyrirfram upplýsa notandann um hvort farið sé fram á kerfisframlag og forsendur fyrir útreikningum.

Dreifiveitur skulu, ef eftir því er leitað, bjóða eigendafélögum íbúða, fyrirtækjagörðum, búseturéttarfélagum, húsbýggingarfélagum og álíka stofnunum, einmælingu og gjaldskrár fyrir dreifingu um sameiginlega heimtaug enda komi viðkomandi félag fram sem einn lögáðili. Kostnaður við að koma sameiginlegum mæli fyrir greiðist af húseigendum.

Dreifiveitur skulu setja í gjaldskrá ákvæði um gjöld fyrir sérstakar mælingar hjá notendum s.s. tímamælingar hjá þeim sem krefjast slíks.

Dreifiveitum er heimilt að innheimta gjöld til að mæta raunkostnaði við mismunandi innheimtuleiðir. Slík gjöld skulu birt í gjaldskrá.

Dreifiveitum er óheimilt að innheimta gjald af notanda vegna skipta á söluaðila. Dreifiveitur skulu setja gjaldskrárákvæði fyrir launafl. Gjald fyrir launafl skal byggja á raunkostnaði sem veitan ber vegna þess, þ.e. kostnaði við kaup á launafl frá flutningskerfinu og/eða kostnaði veitunnar við að afla sér launafls á annan hátt.

Heimilt er að setja mörk fyrir hámark leyfilegrar launaflsúttektar. Launaflsúttekt sem er undir þeim skal vera innifalin í almennum töxtum. Úttekt yfir mörkum er gerð upp samkvæmt sérstakri gjaldskrá fyrir launafl.

Dreifiveitu er skylt að greiða virkjun sem tengist henni og er undir 3,1 MW þann ávinning, að hluta eða að fullu, sem felst í því að þurfa ekki að greiða úttektargjald að fullu til flutningskerfisins, sbr. ákvæði 4. mgr. 13. gr., með eftirfarandi hætti:

1. Greiða skal virkjun undir 0,3 MW að fullu hreinan ávinning veitunnar af niðurfellingu úttektargjaldsins.
2. Fyrir virkjun sem er 0,3–3,1 MW skal minnka greiðsluna hlutfallslega þar til ekkert er greitt sé virkjunin 3,1 MW eða stærri.

Tveimur mánuðum áður en gjaldskrá á að taka gildi skal hún send Orkustofnun. Telji stofnunin framlagða gjaldskrá brjóta í bága við ákvæði raforkulaga eða reglugerða skal hún koma athugasemdum á framfæri við dreifiveitu innan sex vikna frá móttöku. Gjaldskrá tekur ekki gildi fyrr en bætt hefur verið úr að mati Orkustofnunar. Dreifiveitur skulu birta gjaldskrár opinberlega og upplýsa viðskiptavinum um eftirlitshlutverk Orkustofnunar.

13. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í raforkulögum nr. 65/2003, öðlast þegar gildi.

Iðnaðarráðuneytinu, 23. desember 2004.

F. h. r.

Kristján Skarphéðinsson.

Helgi Bjarnason.

GJALDSKRÁ

Siglingastofnunar Íslands.

I. KAFLI

Gjöld skv. 28. gr. laga um eftirlit með skipum nr. 47/2003.

1. gr.

Gjöld fyrir skoðanir Siglingastofnunar á skipum og búnaði þeirra.

Fyrir skoðanir á skipi og búnaði þess sem Siglingastofnun framkvæmir skal eigandi skips greiða samkvæmt útseldum taxa skoðunarmanns Siglingastofnunar kr. 4.700 á klst. vegna undirbúnings skoðunar, skoðunar og frágangs skjala að skoðun lokinni. Gjald fyrir útgáfu haffærisskírteinis skal vera kr. 2.100. Jafnframt skal eigandi skips greiða fargjöld skoðunarmanns Siglingastofnunar, dagpeninga samkvæmt kjarasamningum starfsmanna ríkisins og útselda vinnu á ferðatíma skoðunarmanns. Ef fleiri en eitt skip eru skoðuð í hverri ferð skoðunarmanns skiptist sameiginlegur kostnaður hlutfallslega.

Fyrir skoðun á notuðum skipum sem fyrirhugað er að flytja til landsins og skrá á íslenska skipaskrá fer með sama hætti og skv. 1. mgr. Fari skoðun fram erlendis er heimilt að innheimta fyrirfram hjá eiganda skips upphæð sem svarar til fargjalda og áætlaðra dagpeninga skoðunarmanna.

Siglingastofnun skal endurkrefja skipseiganda um útlagðan kostnað vegna sérfræðipjónustu sem stofnunin kaupir vegna skoðunar og eftirlits með skipum og búnaði þeirra.

Fyrir fljótandi ekjubrýr, flotbyggjur og önnur mannvirki á skipaskrá sem ekki eru háð árlegu eftirliti sem og skoðun flotkvía greiðist samkvæmt reikningi.

2. gr.

Gjöld vegna útgáfu skírteina.

Fyrir útgáfu eftirtalinna skírteina skal greiða kr. 5.200, en fyrir framlengingu eða áritun þeirra greiðist kr. 3.100, en fyrir skoðanir á skipi og búnaði þess sem Siglingastofnun framkvæmir í tengslum við útgáfu skírteina greiðist skv. 1. mgr. 1. gr.:

Skírteini skv. rg. 122/2004:

Öryggisskírteini fyrir fiskiskip
Undanþáguskírteini fyrir fiskiskip
Önnur skírteini

Skírteini skv. rg. 666/2001:

Öryggisskírteini fyrir farþegaskip
Önnur skírteini

Skírteini skv. rg. 743/2001:

Öryggisskírteini fyrir farþegaskip í millilandasiglingum
Undanþáguskírteini fyrir farþegaskip í millilandasiglingum
Önnur skírteini

Skírteini skv. alþjóðasamningum um öryggi mannlífa á hafinu (SOLAS):

Öryggisskírteini farþegaskips
Öryggisskírteini flutningaskips (smíði og búnaður, öryggisbúnaður, fjarskiptabúnaður)
Undanþáguskírteini
ISM DOC skírteini
ISM SMC skírteini
Öryggisskírteini fyrir flutningaskip
Undanþáguskírteini
Önnur skírteini

Önnur skírteini:

Alþjóðahleðslumerkjaskírteini
Undanþáguskírteini vegna hleðslumerkja
Alþjóðlegt olíumengunarvarnarskírteini
FESI skírteini
SOPEP samþykkt öryggisáætlun
SOPEP samþykki á endurgerðri öryggisáætlun

3. gr.

Nýsmíðagjald.

Vegna skipa sem eru í smíðum skal greiða nýsmíðagjald. Fyrir yfirferð og samþykkt smíðalýsinga og teikninga, skipamælingar, yfirferð stöðugleikagagna og hleðslu- og stöðugleikaprófun, eftirlit með smíði skipsins, skoðun á skipi og búnaði þess og skráningu skips skal greiða nýsmíðagjald. Gjaldið skal miðast við framlagða vinnu starfsmanna Siglingastofnunar Íslands samkvæmt útseldum taxta stofnunarinnar. Jafnframt skal greiða ferðakostnað og dagpeninga starfsmanna Siglingastofnunar Íslands vegna ferðalaga vegna nýsmíðinnar. Auk nýsmíðagjalds skal greiða fyrir skírteini og önnur skipsskjöl í samræmi við önnur ákvæði reglugerðar þessarar.

Gjaldið er innheimt að loknum hverjum verkþætti skv. framangreindri upptalningu.

Fari nýsmíði fram erlendis er heimilt að innheimta fyrirfram hjá eiganda skips upphæð sem svarar til fargjalda og áætlaðra dagpeninga skoðunarmanna.

Lokagreiðsla fer fram við afhendingu skírteina skipsins og skipsskjala. Verkkaupi skipasmíðar og eigandi skips að smíði lokinni eru sameiginlega ábyrgir fyrir greiðslu nýsmíðagjalds.

4. gr.

Eftirlit með viðgerðum.

Fyrir eftirlit með viðgerðum skal greiða skv. reikningi Siglingastofnunar Íslands.

Fari viðgerð fram erlendis er heimilt að innheimta fyrirfram hjá eiganda skips upphæð sem svarar til fargjalda og áætlaðra dagpeninga skoðunarmanna.

5. gr.

Hleðslumerki.

Fyrir hleðslumerkjaútreikninga og útgáfu skírteina ásamt hleðslumerkjaskoðun, sem ekki fellur undir nýsmíði, skal greiða:

	kr.
Skip til og með 500 bt. (brúttótonn)	13.900
Skip 501 bt. til og með 1.000 bt.	18.300
Skip 1.001 bt. til og með 2.000 bt.	23.000
Skip 2.001 bt. til og með 5.000 bt.	27.600

Hleðslumerkjaútreikningar skipa stærri en 5.000 bt. greiðast eftir reikningi Siglingastofnunar Íslands.

II. KAFLI

Gjöld skv. 20. gr. laga um skráningu skipa, nr. 115/1985.

6. gr.

Skráning skipa og útgáfa skipsskjala.

Fyrir skráningu skipa og útgáfu skipsskjala skal greiða:

	kr.
1. Íslenskt mælibréf og skráningarskírteini fyrir skip allt að 15 m að mestu lengd	6.300
2. Þjóðernisskírteini	10.500
3. Mælibréf	6.300
4. Staðfest afrit af mælibréfi, skírteini	1.200
5. Einkaleyfi á skipsnafni	35.800
6. Afskráning skipa	2.100
7. Vottorð um útstrikun skipa af aðalskipaskrá	2.100

Við eigendaskipti og umskráningu skipa skulu öll áfallin ógreidd gjöld skv. gjaldskrá þessari greidd að fullu.

Heimilt er að taka hálf gjald fyrir endurútgáfu íslensks mælibréfs og skráningarskírteinis fyrir skip allt að 15 m að mestu lengd ef um eina breytingu er að ræða er varðar mælinguna og útreikninga er ekki þörf.

III. KAFLI

Gjöld skv. 9. gr. laga um skipamælingar, nr. 146/2002.

7. gr.

Mæling skipa.

Fyrir endurmælingu skipa og útgáfu mælibréfs eða yfirlýsingu skal greiða:

Samkvæmt Oslóarsamþykkt:	kr.
Fyrir opna báta	11.200
Þilfarsskip allt að 25 brl.	18.200
Þilfarsskip 25 brl. til og með 100 brl.	25.400
Þilfarsskip 101 brl. til og með 250 brl.	40.400
Þilfarsskip 251 brl. til og með 500 brl.	61.700
Þilfarsskip 501 brl. til og með 1.600 brl.	87.700
Þilfarsskip 1.601 brl. til og með 5.000 brl.	116.100

Þilfarsskip 5.001 brl. og stærri greiðist eftir reikningi Siglingastofnunar Íslands.

Samkvæmt íslenskum mælingarreglum og Lundúnasamþykkt frá 1969:

Flokkur	kr.
I. Fyrir skip allt að 15 m mestu lengd	11.200
II. A Skip 15,01 m mesta lengd – 24,00 m skráningarlengd. Mæling í slipp (engin línu- eða bandateikning). Vinna eftir mælingum og teikningum, útgáfa skírteinis	52.200
II. B Eftirlitsmæling um borð. Vinna við útreikning eftir línu- eða bandateikningum og öðrum teikningum	36.500
III. A Skip 24,01 m – 45,00 m skráningarlengd. Mæling í slipp (engin línu- eða bandateikning). Vinna eftir mælingum og teikningum, útgáfa mælibréfs	94.900
III. B Eftirlitsmæling um borð. Vinna við útreikning eftir línuteikningu eða bandateikningu og öðrum stálteikningum og útgáfa mælibréfs	63.300
IV. A Skip 45,01 m – 60,0 m skráningarlengd. Mæling í slipp (engin línu- eða bandateikning). Vinna eftir mælingum og teikningum og útgáfa mælibréfs	132.300
IV. B Eftirlitsmæling um borð. Vinna við útreikning eftir línu- eða bandateikningu og öðrum stálteikningum og útgáfa mælibréfs	94.900
V. Skip 60,01 m skráningarlengd og lengri. Greiðsla samkvæmt reikningi.	

Fyrir endurskoðun á mæliskýrslum gerðum af öðrum aðila en Siglingastofnun Íslands samkvæmt Lundúnasamþykkt um mælingu skipa frá 1969 greiðist:

	kr.
1. Fyrir skip til og með 45 m skráningarlengd	21.800
2. Fyrir skip yfir 45 m skráningarlengd	36.200

Að auki skal greiða kostnað á ferðalögum innanlands og erlendis vegna mælinga skv. reikningi Siglingastofnunar Íslands.

IV. KAFLI

Gjöld skv. 14. gr. laga um áhafnir íslenskra farþegaskipa og flutningaskipa, nr. 76/2001.

8. gr.

Skírteini vegna farþegaskipa og flutningaskipa.

	kr.
1. Útgáfa alþjóðlegs atvinnuskírteinis (STCW) til starfa á farþegaskipum og flutningaskipum – endurnýjun	8.500 4.200
2. Útgáfa áritunar vegna viðurkenningar á erlendu alþjóðlegu atvinnuskírteini (STCW) á farþegaskipum og flutningaskipum – endurnýjun	8.500 4.200
3. Undanþága til starfa á farþegaskipum og flutningaskipum til allt að 6 mánaða	5.200
4. Útgáfa öryggismönnunarskírteinis fyrir farþegaskip og flutningaskip	10.700

V. KAFLI

Gjöld skv. 6. gr. laga um köfun, nr. 31/1996.

9. gr.

Gjöld fyrir skráningu og skoðun köfunarbúnaðar.

Eigandi köfunarbúnaðar, sem ætlaður er til að nota við köfun í atvinnuskyni, greiðir eftirtalin gjöld fyrir skráningu og skoðun hans:

	kr.
1. Grunnjald skráðs köfunarbúnaðar (Skráningarskyldur köfunarbúnaður er lunga, heilgríma, hjálmur og loftþjappa).	7.600
2. Fyrir greiningu lofts (þrjú rör)	4.900
3. Fyrir Dragerrör til loftgreiningar	1.700

10. gr.

Gjöld vegna próftöku til köfunarréttinda.

Vegna próftöku til köfunarréttinda greiðast eftirtalin gjöld:

	kr.
1. Fyrir próf til A-réttinda	26.000
2. Fyrir próf til B-réttinda	26.000
3. Fyrir próf til C-réttinda (froskköfun)	13.000
4. Fyrir önnur próf	8.500
5. Fyrir endurtökupróf	8.500

Próftaki skal greiða kostnað vegna próftöku eða hluta hennar sem fram fer utan stofnunarinnar og lækka próftökugjöld skv. 1. mgr. til samræmis við þann kostnað.

11. gr.

Gjöld vegna atvinnukafaraskírteina.

Vegna atvinnuskírteina kafara greiðast eftirtalin gjöld:

	kr.
1. Fyrir útgáfu atvinnukafaraskírteinis	8.500
2. Fyrir endurnýjun atvinnukafaraskírteinis	4.200

12. gr.

Gjöld fyrir annað eftirlit og þjónustu.

Fyrir annað eftirlit og þjónustu, er köfunarmál varða, skal greiða þóknun samkvæmt reikningi.

VI. KAFLI

Gjöld skv. 7. gr. laga um lögskráningu sjómanna, nr. 43/1987.

13. gr.

Frestur.

Fyrir veittan frest til þess að gangast undir öryggisfræðslunámskeið hjá Slysavarnaskóla sjómanna eða öðrum viðurkenndum aðila skal greiða kr. 2.200.

VII. KAFLI

Gjöld skv. 2. mgr. 17. gr. laga um vaktstöð siglinga, nr. 41/2003.

14. gr.

Gjöld fyrir skírteini leiðsögumanns og hafnsögumanns.

Vegna skírteina leiðsögumanns og hafnsögumanns greiðast eftirtalin gjöld:

	kr.
1. Leiðsögumannsskírteini	8.500
2. Hafnsögumannsskírteini	8.500
3. Endurnýjun leiðsögu- og hafnsögumannsskírteina	4.200

VIII. KAFLI

Gjöld skv. 1. mgr. 9. gr. laga um siglingavernd, nr. 50/2004.

15. gr.

	kr.
1. Staðfesting áhættumats	25.900
2. Staðfesting verndaráætlunar	36.200
3. Staðfesting á skipan verndarfulltrúa	10.400
4. Námskeið fyrir verndarfulltrúa	51.800
5. Námskeið í hafnavernd 1	15.500

Fyrir úttektir og árlegt eftirlit Siglingastofnunar vegna skipa- og hafnaverndar skal viðkomandi útgerðarmaður skips og höfn greiða samkvæmt útseldum taxta starfsmanns Siglingastofnunar. Jafnframt skal greiða fargjöld starfsmanns Siglingastofnunar, dagpeninga samkvæmt kjarasamningum starfsmanna ríkisins og útselda vinnu á ferðatíma.

IX. KAFLI

Gjöld skv. lögum um Siglingastofnun Íslands, nr. 6/1996, með síðari breytingum.

16. gr.

Eftirtalin gjöld skulu innheimt af starfsleyfum, atvinnuskírteinum og undanþágum. Þau skulu ekki gefin út nema greidd hafi verið gjöld skv. þessari grein:

1. Starfsleyfi	kr.
Skoðunarstofur skipa og búnaðar (A-faggilding)	207.000
– árlegt eftirlitsgjald	51.800
Skoðunarstofur skipa og búnaðar (B-faggilding)	20.700
– árlegt eftirlitsgjald	10.400
Önnur starfsleyfi	10.400
Eftirlit með þjónustustöðvum gúmmíbjörgunarbáta – allt að 500 bátar	88.100
– gjald fyrir hverja 200 báta þar fram yfir	17.600
Farþegaleyfi skipa (haffærisskírteini innifalið)*	10.400
Farþegaleyfi skipa (haffærisskírteini ekki innifalið)*	8.300
Viðurkenningarskírteini skipsbúnaðar*	13.000
– endurnýjun	6.200

2. Atvinnuskírteini	kr. 8.500
3. Undanþága til starfa á fiskiskipum og öðrum skipum til allt að 6 mánaða	5.200

* Fyrir skoðanir á skipi og búnaði þess og annan undirbúning sem Siglingastofnun framkvæmir í tengslum við útgáfu starfsleyfa greiðist skv. 1. mgr. 1. gr. gjaldskrár þessarar.

X. KAFLI

Önnur gjöld o.fl.

17. gr.

Önnur þjónusta.

Fyrir aðra þjónustu Siglingastofnunar Íslands skal greitt skv. reikningi stofnunarinnar.

18. gr.

Þjónusta utan skrifstofutíma.

Gjöld samkvæmt reglugerð þessari miðast við að störf hinna fastráðnu starfsmanna Siglingastofnunar Íslands séu unnin á venjulegum skrifstofutíma.

Sé óskað eftir þjónustu utan þess tíma skal að auki greiða fyrir vinnu starfsmanns samkvæmt útseldum taxta stofnunarinnar.

19. gr.

Innheimta.

Gjöld skulu innheimt af Siglingastofnun Íslands eftir reikningum sem hún gefur út.

20. gr.

Gildistaka o.fl.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt 28. gr. laga um eftirlit með skipum nr. 47/2003, 20. gr. laga um skráningu skipa nr. 115/1985 með síðari breytingum, 9. gr. laga um skipamælingar nr. 146/2002, 14. gr. laga um áhafnir íslenskra farþegaskipa og flutningaskipa nr. 76/2001, með síðari breytingum, 6. gr. laga um köfun nr. 31/1996, 7. gr. laga um lögskráningu sjómanna nr. 43/1987, með síðari breytingum, 2. mgr. 17. gr. laga um vaktstöð siglinga nr. 41/2003, lögum um Siglingastofnun Íslands nr. 6/1996, með síðari breytingum, og 1. mgr. 9. gr. laga um siglingavernd, nr. 50/2004, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. janúar 2005 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá Siglingastofnunar Íslands, nr. 625/2004.

Samgönguráðuneytinu, 21. desember 2004.

Sturla Böðvarsson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

GJALDSKRÁ

Skagafjarðarveitna ehf.

I. KAFLI

1. gr.

Skagafjarðarveitur ehf., í gjaldskrá þessari hér eftir nefndar SKV, selja afnot hitaorku úr hitaveitukerfum þeim, sem gerð hafa verið eða kunna að verða gerð í lögsagnarumdæmi Sveitarfélagsins Skagafjarðar og hafa umráðarétt yfir þeim eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari sbr. reglugerð staðfesta af iðnaðarráðherra fyrir SKV.

2. gr.

SKV láta hverju húsi, sem tengt er við vatnsæðar veitnanna, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til hitunar á húsinu. SKV lætur setja rennslismæli eða stillanlegan hemil fyrir hámarksrennsli til hvers upphitunarkerfis og miðast gjald hitaveitunnar fyrir selda orku við rúmmetra samkvæmt rennslismælinum eða það hámark, sem hemillinn er stilltur á. SKV ræður gerð rennslismæla og hemla og sér um viðhald og endurnýjun þeirra.

3. gr.

Einungis starfsmenn veitunnar mega breyta stillingu innsiglaðra tengihluta. SKV breytir stillingu hemils eftir óskum húseiganda fyrir árið, sem hús hans er tengt við hitaveitukerfið, en síðan verður hemilsstillingu að jafnaði breytt einu sinni á ári og skal skrifleg beiðni um breytingu koma fram við hitaveituna fyrir 1. september ár hvert. Hámarksstilling hemils gildir allt árið þótt vatnsnotkun verði minni hluta úr ári. Minnsta sala gegnum hemil skal vera 1 mínútulítri. Selt vatnsmagn standi ávallt á heilum eða hálfum mínútulítra.

Ef kaupandi óskar að hemill eða mælir sé prófaður skal hann senda skriflega beiðni þar um til SKV. Komi í ljós við þá athugun að frávik sé 5% eða minna, er heimilt að gera kaupanda að greiða álestrargjald. Sé frávik meira skal SKV greiða kostnað við prófunina og leiðréttá reikning kaupanda í samræmi við niðurstöður hennar, þó ekki fyrir lengra tímabil en tvo mánuði nema kaupandi eða SKV, eftir því sem við á, geti sannað að um lengra tímabil hafi verið að ræða, þó lengst fjögur ár.

II. KAFLI

4. gr.

SKV rekur nú þrjú aðskilin hitaveitusvæði og dreifikerfi með vatni sem hefur mismunandi efnainnihald og hita. Þessi svæði eru á Sauðárkróki, í Varmahlíð og á Steinsstöðum. Gjöld fyrir eininguna af heitu vatni (m³ eða l/mín.) verða því mishá eftir svæðum. Fast gjald hjá þeim notendum, sem kaupa heitt vatn eftir hemli, skal vera krónur 243,20 pr. mán.

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

Sauðárkróksveita:

Vatnsgjald kr. 1.191,30 á mánuði fyrir hvern mínútulítra í hámarksstillingu hemils.

Varmahlíðarveita:

Vatnsgjald kr. 1.780,40 á mánuði fyrir hvern mínútulítra í hámarksstillingu hemils.

Steinsstaðaveita:

Vatnsgjald kr. 947,40 á mánuði fyrir hvern mínútulítra í hámarksstillingu hemils.

5. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt 4. gr. og 8. gr. verða krafín annan hvern mánuð og skulu þau greiddast til skrifstofu Sveitarfélagsins Skagafjarðar, í bönkum eða pósthúsum. Gjald dagi er

við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 10 daga frá gjalddaga.

III. KAFLI

6. gr.

Heimæðargjald SKV fyrir heitt vatn skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð í þéttbýli:

Rúmmál húss (utanmál)	Heimæðargjald
≤ 400 - 2.000 m ³ =	107.125 kr. f. 400 m ³ = 85,70 kr./m ³ þar yfir
2.000 - 6.000 m ³ =	257.100 kr. f. 2.000 m ³ = 80,30 kr./m ³ þar yfir
6.000 - 10.000 m ³ =	578.400 kr. f. 6.000 m ³ = 75,00 kr./m ³ þar yfir
Meira en 10.000 m ³ =	867.700 kr. f. 10.000 m ³ = 53,60 kr./m ³ þar yfir

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum innan lögsagnarumdæmis Skagafjarðar. Heimæðargjald SKV fyrir heitt vatn skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð í dreifbýli:

Rúmmál húss (utanmál)	Heimæðargjald
≤ 400 m ³	= 321.370 kr. f. 400 m ³ = 257,10 kr./m ³ þar yfir

Auk heimæðargjalds sem að framan greinir, skal greiða 1.714 kr. fyrir hvern lengdar-metra heimæðar frá stofnæð umfram 100 metra.

Sé um óskipulagt svæði að ræða, eða aðstæður óvenjulegar, er heimilt að krefjast sér-staks aukagjalds af húsráðanda eða gera honum að greiða fyrir heimtaugina samkvæmt kostnaði, en gera skal honum aðvart um það fyrirfram.

7. gr.

Gjöld samkvæmt 6. gr. eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar. Er stjórn SKV heimilt að breyta þeim í samræmi við þær breytingar, sem á nefndri vísitölu verða, að fenginni staðfestingu iðnaðarráðuneytisins hverju sinni.

IV. KAFLI

8. gr.

Samkvæmt ákvæðum í 2. gr. er heimilt að selja heitt vatn til einstakra notenda um rúmmetramæli. SKV setur upp slíka mæla og sér um viðhald og endurnýjun þeirra.

Hjá notendum er kaupa vatn samkvæmt rúmmetramæli er heimilt að innheimta mæla-leigu.

Gjald fyrir hvern rúmmetra vatns skal vera:

Sauðárkróksveita:	kr. 54,35
Varmahlíðarveita:	kr. 81,50
Steinsstaðaveita:	kr. 43,20

Mælaleiga fyrir hvern mánuð skal vera sem hér segir:

Fyrir mæla 1/2" - 3/4"	kr. 244 pr. mán.
Fyrir mæla 1" - 2 1/2"	kr. 1.107 pr. mán.
Fyrir mæla 3" og stærri	kr. 2.248 pr. mán.

9. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka fjárnámi á kostnað gjaldanda, sbr. 31. gr. reglugerðar fyrir SKV og 79. gr. orkulaga nr. 58/1967 með síðari breytingum.

10. gr.

SKV hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með fimm daga fyrirvara, sbr. 2. mgr. 28. gr. reglugerðar fyrir SKV.

Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá, sem í vanskilum er. Gjaldið skal vera það sama og mánaðarleiga á 3" mæli samkvæmt 8. gr. gjaldskrár þessarar í hvert skipti og gjald fyrir mælaálestur (aukaálestur) skal vera það sama og mánaðarleiga á 1" – 2½" mæli samkvæmt 8. gr. þessarar gjaldskrár.

Eftirlitsmanni SKV skal, hvenær sem er, frjáls aðgangur að öllum hitakerfum, sem tengd eru við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerð á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

Virðisaukaskattur bætist við öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari miðað við gildandi reglur um virðisaukaskatt á hverjum tíma.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt er af stjórn Skagafjarðarveitna ehf., staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, með síðari breytingum, til að öðlast gildi 1. janúar 2005 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá nr. 797, 5. nóvember 2002.

Iðnaðarráðuneytinu, 14. desember 2004.

Valgerður Sverrisdóttir.

Kristján Skarphéðinsson.

REGLUGERÐ**um breytingu á reglugerð um ökuskírteini, nr. 501 11. ágúst 1997.**

1. gr.

Í stað orðsins „Umferðarráð“ í 3. mgr. 26. gr. reglugerðarinnar og sama orðs hvarvetna annars staðar í reglugerðinni og viðaukum með henni komi (í viðeigandi falli): Umferðarstofa.

2. gr.

36. gr. falli niður.

3. gr.

38. gr. skal þannig orðuð:

Liggja skal fyrir skriflegt vottorð ökuskóla og ökukennara um að nemandi hafi fengið fræðilega kennslu í samræmi við námskrá fyrir hlutaðeigandi flokk. Hafi fleiri en einn ökuskóli eða ökukennari annast kennslu nemandans, skal sá sem síðast kenndi honum gefa út vottorðið.

4. gr.

39. gr. skal þannig orðuð:

Liggja þarf fyrir skriflegt vottorð ökukennara um að hann telji nemandann hafa fengið verklega kennslu í samræmi við námskrá fyrir hlutaðeigandi flokk. Auk ökukennarans skal ökuskóli staðfesta að nemandi hafi fengið verklega kennslu í samræmi við námskrá fyrir flokka aukinna ökuréttinda.

Umsækjandi skal hafa staðist verklega prófið áður en sex mánuðir eru liðnir frá því hann stóðst fræðilega prófið.

5. gr.

Í stað orðanna: „1. og 2. málsgreinar“ í 4. mgr. 70. gr komi: 2. og 3. málsgreinar.

6. gr.

83. gr. falli brott:

7. gr.

Orðin: „ökupróf og“ í 1. mgr. 87. gr. falli brott.

3. mgr. 87. gr. falli brott.

8. gr.

Aftan við 3. mgr. í kafla „1. Námskrá“ í IV. viðauka komi ný mgr., 4. mgr., þannig orðuð: Ökukennari og ökuskóli bera ábyrgð á að undirbúningur ökunema sé í samræmi við námskrá.

9. gr.

Kafla: „2. Fræðilegt ökunám“, í IV. viðauka, falli niður og breytist númer á öðrum köflum viðaukans í samræmi við það, þannig að kafla þrjú verði númer 2 og kafla fjögur númer 3.

10. gr.

3. kafla V. viðauka skal þannig orðaður:

3. Fræðilegt próf.

Fræðilegt próf skal vera skriflegt. Spyra skal annars vegar um almenn atriði er varða umferðarlöggjöf, viðurkennda aksturshætti, ökutækið, mannlega þætti, öryggisbúnað og viðbrögð á slysstað og hins vegar um sértæk atriði er varða viðkomandi flokk ökuréttinda. Próftaki skal fá a.m.k. 45 mínútur til að leysa úr verkefninu.

Prófkröfur skulu vera í samræmi við námskrár.

Fræðilegt próf missir gildi ef nemandinn stenst ekki verklega hluta prófsins innan sex mánaða.

Við próf fyrir þá flokka, þar sem ekki er krafist læknisvottorðs, skal kanna sjón próftaka á þann hátt að hann þarf að geta lesið af skráningarmerki ökutækis (gerð A) úr 20 metra fjarlægð.

11. gr.

Á 2. kafla VII. viðauka um tákntölur sem gilda fyrir aðildarríki Evrópska efnahagssvæðisins (EES) og Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) verða eftirfarandi breytingar á skýringum með tákntölunum:

a-liður nr. 78 skal þannig orðaður: Takmarkað við ökutæki með sjálfskiptingu.

b-liður nr. 79 skal þannig orðaður: Takmarkað við ökutæki sem skilgreint er í sviga.

12. gr.

Reglugerð þessi sem er sett samkvæmt heimild í 52. gr. umferðarlaga, nr. 50/30. mars 1987, öðlast þegar gildi.

Samgönguráðuneytinu, 19. október 2004.

Sturla Böðvarsson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Umferðarstofu nr. 681 26. september 2002.

1. gr.

Fyrirsögn 9. gr. gjaldskrár þessarar verður: Umsýslugjöld ökuþrófa.

Á eftir 8. gr. kemur ný 9. gr. þannig orðuð:

Í hvert sinn, sem þeytt er ökuþróf, skriflegt eða verklegt, samkvæmt reglugerð um ökuþróf nr. 501/1997, skal próftaki greiða sérstakt umsýslugjald til Umferðarstofu. Þetta gildir um ökuþróf sem fara fram á vegum Umferðarstofu eða þess sem hún hefur falið framkvæmd ökuþrófs.

Umferðarstofu er heimilt að fela öðrum innheimtu gjaldsins í tengslum við framkvæmd ökuþrófa.

Umsýslugjöld ökuþrófa eru eftirfarandi:

- | | | | |
|----|--|-----|-------|
| a. | Fyrir hvert skriflegt próf í öllum réttindaflokkum | kr. | 500 |
| b. | Fyrir hvert verklegt próf í öllum réttindaflokkum | kr. | 1.000 |

2. gr.

9. gr. gjaldskrár þessarar verður 10. gr.

3. gr.

Breytingin á gjaldskrá Umferðarstofu, sem kynnt er með þessari auglýsingu og gerð er með heimild í f-lið 114. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, tekur þegar gildi.

Samgönguráðuneytinu, 7. desember 2004.

Sturla Böðvarsson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

REGLUGERÐ

um greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði og greiðslu fæðingarstyrks.

I. KAFLI

Gildissvið.

1. gr.

Gildissvið.

Tryggingastofnun ríkisins annast greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði og greiðslu fæðingarstyrks þegar um er að ræða:

- a. fæðingu,
- b. frumættleiðingu barns yngra en átta ára,
- c. töku barns yngra en átta ára í varanlegt fóstur,
- d. fósturlát eftir 18 vikna meðgöngu,
- e. andvanafæðingu eftir 22ja vikna meðgöngu.

II. KAFLI

Greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði.

2. gr.

Foreldri á innlendum vinnumarkaði.

Foreldri sem starfar á innlendum vinnumarkaði öðlast rétt til greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði eftir að hafa verið samfelld í starfi, sbr. 1. mgr. 4. gr., í sex mánuði á innlendum vinnumarkaði fyrir fæðingardag barns eða þann tíma þegar barn kemur inn á heimili við ættleiðingu eða varanlegt fóstur. Þegar kona hefur töku fæðingarorlofs fyrir fæðingardag barns, sbr. 2. mgr. 8. gr., 11. gr. og 4. mgr. 17. gr. laganna um fæðingar- og foreldraorlof, skal þó miða við þann dag er hún hefur fæðingarorlof að því er hana varðar.

Mánaðarleg greiðsla til foreldris skv. 1. mgr., sem er starfsmaður og leggur niður störf, skal nema 80% af meðaltali heildarlauna og skal miða við tvö tekjuár á undan fæðingarári barns eða þess árs er barn kemur inn á heimili við ættleiðingu eða varanlegt fóstur. Til launa teljast hvers konar laun og aðrar þóknanir samkvæmt lögum um tryggingagjald. Jafnframt teljast til launa þær greiðslur sem koma til skv. a–d-liðum 3. gr.

Mánaðarleg greiðsla til foreldris skv. 1. mgr., sem er sjálfstætt starfandi og leggur niður störf, skal nema 80% af reiknuðu endurgjaldi sem greitt hefur verið tryggingagjald af fyrir sama tímabil og kveðið er á um í 2. mgr.

Mánaðarleg greiðsla til foreldris sem hefur bæði verið starfsmaður og sjálfstætt starfandi skal nema 80% af meðaltali heildartekna skv. 2. og 3. mgr.

Meðaltal heildarlauna miðast við þann fjölda mánaða á umræddu viðmiðunartímabili sem foreldri hefur starfað á innlendum vinnumarkaði, sbr. 3. gr. Aldrei skal þó miða við færri mánuði en fjóra við útreikninga á meðaltali heildarlauna.

Þrátt fyrir 2.–4. mgr. skal mánaðarleg greiðsla Fæðingarorlofssjóðs til foreldris í fæðingarorlofi aldrei nema hærri fjárhæð en 480.000 kr.

Greiðsla í fæðingarorlofi til foreldris í 25–49% starfi í hverjum mánuði skal aldrei vera lægri en sem nemur 67.184 kr. á mánuði og greiðsla til foreldris í 50–100% starfi í hverjum mánuði skal aldrei vera lægri en sem nemur 93.113 kr. á mánuði.

Þegar foreldri uppfyllir skilyrði 1. mgr. en hefur ekki starfað á innlendum vinnumarkaði á viðmiðunartímabili skv. 2.–3. mgr. skal foreldrið öðlast rétt til lágmarksgreiðslna skv. 7. mgr. í samræmi við starfshlutfall þess.

Foreldri á innlendum vinnumarkaði sem á rétt til fæðingarorlofs skv. 8. gr. laga um fæðingar- og foreldraorlof, með síðari breytingum, en uppfyllir ekki skilyrði 1. mgr., á rétt á fæðingarstyrk skv. 18. gr. laganna, sbr. þó 9. mgr. 19. gr. laganna.

Ætli foreldri að haga fæðingarorlofi á þann veg að það verði tekið samhliða minnkuðu starfshlutfalli, með samkomulagi við vinnuveitanda, skulu greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði nema 80% af meðaltali þeirra heildarlauna sem svara til þess starfshlutfalls sem fæðingarorlofið telst til.

3. gr.

Þátttaka á innlendum vinnumarkaði.

Það að starfa á innlendum vinnumarkaði í skilningi IV., V. og VIII. kafla laga um fæðingar- og foreldraorlof, með síðari breytingum, felur í sér að starfa í annarra þjónustu í a.m.k. 25% starfshlutfalli í hverjum mánuði eða að starfa við eigin rekstur, án tillits til félagsforms, í því umfangi að hlutaðeigandi er gert að standa mánaðarlega, eða með öðrum reglulegum hætti samkvæmt ákvörðun skattyfirvalda, skil á tryggingagjaldi.

Til þátttöku á vinnumarkaði telst enn fremur:

- a. orlof eða leyfi samkvæmt lögum, kjarasamningi eða ráðningarsamningi þótt ólaunað sé að hluta eða öllu leyti,
- b. sá tími sem foreldri fær greiddar atvinnuleysisbætur, er á biðtíma eftir slíkum bóttum eða hefði átt rétt á þeim hefði foreldrið skráð sig án atvinnu samkvæmt lögum nr. 12/1997, um atvinnuleysistryggingar. Hið sama gildir eigi foreldri rétt á greiðslum úr Tryggingasjóði sjálfstætt starfandi einstaklinga samkvæmt lögum nr. 46/1997, um Tryggingasjóð sjálfstætt starfandi einstaklinga,
- c. sá tími sem foreldri fær greidda sjúkra- eða slysadagpeninga, er á biðtíma eftir dagpeningum eða hefði átt rétt á þeim hefði foreldri sótt um þá til Tryggingastofnunar ríkisins samkvæmt lögum nr. 117/1993, um almannatryggingar, enda hafi foreldri látið af launuðum störfum af heilsufarsástæðum,
- d. sá tími sem foreldri nýtur bóta frá tryggingafélagi sem koma í stað launa vegna tíma-bundins atvinnutjóns af völdum slysa.

Hlutaðeigandi úthlutunarnefnd, sbr. lög um atvinnuleysistryggingar, metur hvort foreldri hefði átt rétt á atvinnuleysisbóttum hefði foreldri skráð sig án atvinnu á þeim tíma sem um er að ræða, sbr. b-lið 2. mgr. Um rétt til atvinnuleysisbóta fer samkvæmt skilyrðum laga um atvinnuleysistryggingar. Hið sama gildir eigi foreldri rétt á greiðslum úr Tryggingasjóði sjálfstætt starfandi einstaklinga samkvæmt lögum um Tryggingasjóð sjálfstætt starfandi einstaklinga.

Tryggingastofnun ríkisins, sbr. lög um almannatryggingar, metur hvort foreldri hefði átt rétt á sjúkradagpeningum hefði foreldri sótt um þá fyrir þann tíma sem um er að ræða, sbr. c-lið 2. mgr. Um rétt til sjúkradagpeninga fer samkvæmt skilyrðum laga um almannatryggingar.

4. gr.

Samfelld starf.

Með samfelldu starfi er átt við að foreldri hafi verið í a.m.k. 25% starfi í hverjum mánuði á innlendum vinnumarkaði yfir tiltekið tímabil. Enn fremur telst til samfellds starfs þau tilvik sem talin eru upp í a-d-lið 2. mgr. 3. gr.

5. gr.

Starfshlutfall.

Þegar meta á starfshlutfall starfsmanns skv. 6. mgr. 13. gr. laga um fæðingar- og foreldraorlof, með síðari breytingum, skal fara eftir fjölda vinnustunda foreldris á mánuði á sex

mánaða samfelldu tímabili fyrir fæðingardag barns eða þann tíma þegar barn kemur inn á heimili við ættleiðingu eða varanlegt fóstur. Þegar kona hefur töku fæðingarorlofs fyrir fæðingardag barns, sbr. 2. mgr. 8. gr., 11. gr., og 4. mgr. 17. gr. laganna, skal þó miða við þann dag er hún hefur fæðingarorlof af því er hana varðar. Foreldri sem hefur unnið 86–172 vinnustundir á mánuði telst vera í 50–100% starfi en foreldri sem hefur unnið 43–85 stundir á mánuði telst vera í 25–49% starfi. Þó skal jafnan taka tillit til fjölda vinnustunda sem teljast fullt starf samkvæmt kjarasamningi.

Sé foreldri ekki í sama starfshlutfalli á sex mánaða samfelldu tímabili fyrir fæðingardag barns eða þann tíma þegar barn kemur inn á heimili við ættleiðingu eða varnlegt fóstur skal miða við meðaltal starfshlutfalls yfir tímabilið. Þó má foreldri aldrei vera í minna en 25% starfshlutfalli í hverjum mánuði, sbr. 1. mgr. 4. gr.

Starfshlutfall foreldris sem fær greiddar atvinnuleysisbætur á þeim tíma sem um ræðir miðast við það starfshlutfall sem tekið er mið af við útreikning atvinnuleysisbóta.

Starfshlutfall foreldris sem fær greidda sjúkra- eða slysadagpeninga miðast við það starfshlutfall sem tekið er mið af við útreikning dagpeninga.

Þegar meta á starfshlutfall sjálfstætt starfandi foreldris skal fara eftir viðmiðunarreglum ríkisskattstjóra um reiknað endurgjald í staðgreiðslu á því ári sem um ræðir.

Sé um að ræða launað starf við gæslu barna í heimahúsi telst heilsdagsgæsla eins barns á mánuði nema fjórðungi úr fullu starfi eða 43 vinnustundum á mánuði, sbr. reglugerð um daggæslu barna í heimahúsum. Leggja skal fram staðfestingu á starfsleyfi og tekjum.

Vinnuframlag maka bónda á búinu skal metið sem a.m.k. 50% starfshlutfall bóndans þegar makinn er hvorki formlega skráður sem aðili að búrekstri né starfar utan búins.

6. gr.

Leiðrétting á ofgreiddum greiðslum úr Fæðingarorlofssjóði.

Hafi foreldri fengið hærri greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði en því bar samkvæmt álagningu skattyfirvalda eða af öðrum ástæðum skal Tryggingastofnun ríkisins senda út greiðsluáskorun til foreldris vegna fjárhæðarinnar ásamt viðbættu 15% álagi. Þegar foreldri telur að því verði eigi kennt um þá annmarka er leiddu til ákvörðunar Tryggingastofnunar um hærri greiðslur úr sjóðnum skal foreldri færa skriflega fyrir því rök innan fjögurra vikna frá því að greiðsluáskorun sannanlega barst foreldri. Tryggingastofnun skal taka afstöðu til þess innan fjögurra vikna frá því að erindið barst stofnuninni hvort rök foreldris leiði til þess að fella skuli niður álagið. Akvarðanir Tryggingastofnunar samkvæmt ákvæði þessu eru kærannlegar til Úrskurðarnefndar fæðingar- og foreldraorlofsmála.

Endurgreiði foreldri ekki ofgreiddar greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði samkvæmt greiðsluáskorun, sbr. 1. mgr., skal innheimtuaðilum skv. 111. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, falin innheimtan. Um skuldajöfnun á móti inneign foreldris vegna ofgreiddra skatta, barnabóta og vaxtabóta samkvæmt lögum um tekjuskatt og eignarskatt gilda almennar reglur um skuldajöfnuð og reglugerðir um barnabætur og vaxtabætur.

Endurgreiðsla foreldra á ofgreiddum greiðslum ásamt viðbættu álagi samkvæmt ákvæði þessu skulu renna í Fæðingarorlofssjóð.

7. gr.

Leiðrétting á vangreiddum greiðslum úr Fæðingarorlofssjóði.

Hafi foreldri fengið lægri greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði en því bar samkvæmt álagningu skattyfirvalda eða samkvæmt niðurstöðu úrskurðarnefndar fæðingar- og foreldraorlofsmála skal Tryggingastofnun ríkisins greiða þá fjárhæð sem vangreidd var úr Fæðingarorlofssjóði eins og fljótt og unnt er eftir að leiðrétting hefur verið gerð. Skal jafnframt greiða vexti af fjárhæðinni skv. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu, frá þeim tíma

sem féð hefði átt að vera greitt úr Fæðingarorlofssjóði til þess tíma er greiðslan er innt af hendi. Þegar greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði eru vangreiddar vegna skorts á upplýsingum frá foreldri falla vextir niður.

III. KAFLI

Lenging á fæðingarorlofi.

8. gr.

Öryggi og heilbrigði á vinnustöðum.

Þegar nauðsynlegt er af öryggis- og heilbrigðisástæðum á vinnustað að veita þungaðri konu leyfi frá störfum, sbr. reglugerð um ráðstafanir til þess að auka öryggi og heilbrigði á vinnustöðum fyrir konur sem eru þungaðar, hafa nýlega alið barn eða hafa barn á brjósti, skal hún eiga rétt á greiðslum úr Fæðingarorlofssjóði þann tíma.

Starfsmaður skal leggja fram vottorð vinnuveitanda um leyfið ásamt rökstuðningi hans fyrir ástæðum þess.

Tryggingastofnun ríkisins getur óskað eftir því að Vinnueftirlit ríkisins endurskoði ákvörðun vinnuveitanda um leyfisveitingu. Beiðni um endurskoðun skal liggja fyrir innan 14 daga frá því ákvörðun var formlega tilkynnt, sbr. reglugerð um ráðstafanir til þess að auka öryggi og heilbrigði á vinnustöðum fyrir konur sem eru þungaðar, hafa nýlega alið barn eða hafa barn á brjósti.

9. gr.

Veikindi móður á meðgöngu.

Sé þungaðri konu nauðsynlegt af heilsufarsástæðum að leggja niður launuð störf, sbr. 1. mgr. 3. gr., meira en mánuði fyrir áætlaðan fæðingardag barns skal hún eiga rétt á greiðslum í fæðingarorlofi þann tíma en þó aldrei lengur en tvo mánuði. Beri fæðingu að fyrir áætlaðan fæðingardag barns fellur heimild til lengingar vegna heilsufarsástæðna niður frá þeim tíma.

Með heilsufarsástæðum er hér átt við:

- a. sjúkdóma sem upp koma vegna meðgöngu og valda óvinnufærni,
- b. sjúkdóma, tímabundna eða langvarandi, sem versna á meðgöngu og valda óvinnufærni,
- c. fyrirbyggjandi meðferð til að koma í veg fyrir fyrirburafæðingu eða til að vernda heilsu fósturs, enda valdi meðferðin óvinnufærni.

Rökstyðja skal þörf fyrir lengingu á fæðingarorlofi samkvæmt ákvæði þessu með vottorði læknis. Tryggingayfirlæknir skal meta læknisfræðilega hvort lenging fæðingarorlofs er nauðsynleg. Jafnframt þarf að fylgja staðfesting vinnuveitanda þar sem fram kemur hvenær launagreiðslur féllu niður.

10. gr.

Fjölburaafæðingar.

Þegar um er að ræða fjölburaafæðingu eiga foreldrar sameiginlegan rétt til greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði í þrjá mánuði til viðbótar fyrir hvert barn umfram eitt, enda fæðist tvö eða fleiri börn á lífi.

Foreldrar sem ætteleiða eða taka í varanlegt fóstur fleiri börn en eitt á sama tíma eiga sameiginlegan rétt til greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði í þrjá mánuði til viðbótar fyrir hvert barn umfram eitt.

11. gr.

Lengri sjúkrahúsdvöl barns en sjö daga.

Þurfi barn að dvelja á sjúkrahúsi lengur en sjö daga í beinu framhaldi af fæðingu er heimilt að framlengja sameiginlegan rétt foreldra til fæðingarorlofs um þann dagafjölda sem barn dvelur á sjúkrahúsi fyrir fyrstu heimkomu. Þó má aldrei lengja fæðingarorlof af þessari ástæðu lengur en um fjóra mánuði. Heimild þessi á einnig við þegar barn fæðist fyrir áætlaðan fæðingardag og þarf að dvelja lengur á sjúkrahúsi af þeim sökum.

Upphaf greiðslna miðast við fæðingardag barns og lok þeirra við fyrstu heimkomu barns eftir fæðingu. Ef um fjölburafæðingu er að ræða gildir dvalartími þess barns sem lengur/lengst dvelst á sjúkrahúsinu. Ef barn innritast að nýju á sjúkrahús veitir það ekki rétt til frekari framlengingar á greiðslum.

Rökstyðja skal þörf fyrir lengingu á fæðingarorlofi samkvæmt ákvæði þessu með vottorði læknis. Tryggingayfirlæknir skal meta læknisfræðilega hvort lenging fæðingarorlofs er nauðsynleg.

12. gr.

Alvarlegur sjúkleiki barns.

Heimilt er að framlengja sameiginlegan rétt foreldra til fæðingarorlofs í allt að þrjú mánuði ef um er að ræða alvarlegan sjúkleika barns sem krefst nánari umönnunar foreldris.

Rökstyðja skal þörf fyrir lengingu á fæðingarorlofi samkvæmt ákvæði þessu með vottorði læknis. Tryggingayfirlæknir skal meta læknisfræðilega hvort lenging fæðingarorlofs er nauðsynleg.

Greiðslur samkvæmt þessu ákvæði geta átt sér stað í framhaldi af allt að fjögurra mánaða framlengingu fæðingarorlofs vegna barns sem dvelur á sjúkrahúsi lengur en fjóra mánuði eða í framhaldi af útskrift, sbr. 11. gr.

13. gr.

Veikindi móður í tengslum við fæðingu.

Heimilt er að framlengja fæðingarorlof móður um allt að tvo mánuði vegna alvarlegra veikinda hennar í tengslum við fæðingu, enda sé hún að mati lækna ófær um að annast barn sitt.

Rökstyðja skal þörf fyrir lengingu á fæðingarorlofi samkvæmt ákvæði þessu með vottorði læknis. Tryggingayfirlæknir skal meta læknisfræðilega hvort lenging fæðingarorlofs er nauðsynleg.

IV. KAFLI

Greiðsla fæðingarstyrks til foreldra utan vinnumarkaðar.

14. gr.

Lögheimilisskilyrði.

Rétt til fæðingarstyrks á foreldri sem er utan vinnumarkaðar eða í minna en 25% starfi að því tilskildu að foreldrið hafi átt lögheimili á Íslandi við fæðingu barns, ættleiðingu eða töku barns í varanlegt fóstur og síðustu 12 mánuðina þar á undan. Skilyrði um lögheimili er í samræmi við það búsetuskilyrði sem sett er fyrir rétti til að teljast tryggður samkvæmt lögum um almannatryggingar.

Til þess að heimilt sé að taka til greina búsetu í öðrum ríkjum innan Evrópska efnahagssvæðisins á þeim tíma sem um ræðir í 1. mgr. skal foreldri afhenda Tryggingastofnun ríkisins staðfesta yfirlýsingu (E-104) sem sýnir tryggingatímabil er foreldri hefur lokið samkvæmt þeirri löggjöf sem það heyrði undir.

Hafi verið gerður samningur við annað ríki sem nær til greiðslna vegna fæðingar barns, ættleiðingar eða töku barns í varanlegt fóstur skal meta búsetu foreldris í því ríki samkvæmt ákvæðum samningsins.

15. gr.

Tilhögun greiðslna.

Greiðsla fæðingarstyrks til foreldris skal innt af hendi eftir á fyrir undanfarandi mánuð, fyrsta virkan dag hvers mánaðar. Fæðingarstyrkur til foreldra utan vinnumarkaðar eða í minna en 25% starfi skal vera 41.621 kr. á mánuði.

Greiðsla fæðingarstyrks vegna fæðingar getur í fyrsta lagi hafist fyrsta virkan dag þess mánaðar sem fer á eftir fæðingarmánuði barns og er þá greitt fyrir fæðingarmánuð barns óháð hvaða mánaðardag barn fæddist.

Greiðsla fæðingarstyrks vegna ættleiðingar eða töku barns í varanlegt fóstur getur í fyrsta lagi hafist fyrsta virkan dag þess mánaðar sem fer á eftir þeim mánuði er barn kemur inn á heimili eða þeim mánuði sem ferð foreldris/foreldra hefst til að sækja barnið til annars lands.

Foreldri getur ákveðið að greiðslur hefjist síðar en greiðslum þarf að ljúka áður en barnið nær 18 mánaða aldri er rétturinn vegna fæðingar barns fellur sjálfkrafa niður. Réttur til fæðingarstyrks vegna ættleiðingar og varanlegs fósturs fellur niður 18 mánuðum eftir að barnið kom inn á heimilið. Óheimilt er að skipta greiðslutímabili fæðingarstyrks yfir á fleiri en eitt tímabil.

V. KAFLI

Greiðsla fæðingarstyrks til foreldra í námi.

16. gr.

Lögheimilisskilyrði.

Rétt til fæðingarstyrks á foreldri sem hefur verið í fullu námi, sbr. 18. gr., í a.m.k. sex mánuði á síðustu 12 mánuðum fyrir fæðingu barns, frumættleiðingu eða varanlegt fóstur að því tilskildu að foreldrið hafi átt lögheimili á Íslandi við fæðingu barns, ættleiðingu eða töku barns í varanlegt fóstur og síðustu 12 mánuðina þar á undan, sbr. þó 17. gr. Skilyrði um lögheimili er í samræmi við það búsetuskilyrði sem sett er fyrir rétti til að teljast tryggður samkvæmt lögum um almannatryggingar.

Til þess að heimilt sé að taka til greina búsetu í öðrum ríkjum innan Evrópska efnahagssvæðisins á þeim tíma sem um ræðir í 1. mgr. skal foreldri afhenda Tryggingastofnun ríkisins staðfesta yfirlýsingu (E-104) sem sýnir tryggingatímabil er foreldri hefur lokið samkvæmt þeirri löggjöf sem það heyrði undir.

Hafi verið gerður samningur við annað ríki sem nær til greiðslna vegna fæðingar barns, ættleiðingar eða töku barns í varanlegt fóstur skal meta búsetu foreldris í því ríki samkvæmt ákvæðum samningsins.

17. gr.

Undanþágur frá lögheimilisskilyrði.

Þrátt fyrir ákvæði 16. gr. er heimilt á grundvelli umsóknar að greiða fæðingarstyrk til foreldris sem hefur flutt lögheimili sitt tímabundið vegna náms erlendis enda hafi foreldri átt lögheimili hér á landi samfellt í a.m.k. fimm ár fyrir flutning. Skal foreldri jafnframt fullnægja öðrum skilyrðum 19. gr. laga um fæðingar- og foreldraorlof, með síðari breytingum, og 18. gr., sbr. þó 19. og 20. gr. reglugerðar þessarar.

Skilyrði samkvæmt ákvæði þessu er að fyrir liggja yfirlýsing frá almannatryggingum í búsetulandi um að foreldri eigi ekki rétt á greiðslum vegna fæðingar, ættleiðingar eða töku barns í varanlegt fóstur í því ríki.

Njóti foreldri greiðslu vegna sömu fæðingar, ættleiðingar eða varanlegs fósturs í búsetu-landinu kemur hún til frádráttar fæðingarstyrknum, sbr. 3. mgr. 33. gr. laganna.

18. gr.

Fullt nám.

Fullt nám í skilningi laga um fæðingar- og foreldraorlof og reglugerðar þessarar telst vera 75–100% samfellt nám í viðurkenndri menntastofnun innan hins almenna menntakerfis á Íslandi í a.m.k. sex mánuði á síðustu 12 mánuðum fyrir fæðingu barns, ættleiðingu eða töku barns í varanlegt fóstur. Sama á við um 75–100% nám á háskólastigi og það nám annað sem gerir sambærilegar kröfur til undirbúningsmenntunar og nám á háskólastigi. Heimilt er að meta sambærilegt nám í öðrum ríkjum, enda uppfylli foreldri lögheimilisskilyrði skv. 16. gr. eða undanþáguákvæði 17. gr. reglugerðar þessarar. Einstök námskeið teljast ekki til fulls náms.

Leggja skal fram staðfestingu frá viðkomandi skóla um að foreldri hafi verið skráð í 75–100% nám og hafi sýnt viðunandi námsárangur. Þá er heimilt að taka tillit til ástundunar náms á þeirri önn er barn fæðist.

Verklegt nám sem stundað hefur verið á Íslandi á síðustu sex mánuðum fyrir fæðingu barns, ættleiðingu eða töku barns í varanlegt fóstur skal meta sem fullt nám veiti það ekki rétt til greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði skv. II. kafla.

19. gr.

Undanþága vegna veikinda móður á meðgöngu.

Heimilt er að greiða móður fæðingarstyrk sem námsmanni þó að hún fullnægi ekki skilyrðum 2. mgr. 18. gr. um viðunandi námsárangur og/eða ástundun enda hafi hún ekki getað stundað nám á meðgöngu vegna heilsufarsástæðna skv. 2. mgr. 9. gr. Skal hún sannanlega hafa verið skráð í nám skv. 1. mgr. 18. gr. og fengið greidda sjúkradagpeninga, verið á biðtíma eftir dagpeningum á þeim tíma eða hefði átt rétt á þeim fyrir umrætt tímabil samkvæmt lögum um almannatryggingar. Skal móðir jafnframt fullnægja öðrum skilyrðum 19. gr. laga um fæðingar- og foreldraorlof, með síðari breytingum, og 16. gr., sbr. þó 17. gr., og 18. gr., sbr. þó 20. gr. reglugerðar þessarar. Tryggingastofnun ríkisins metur hvort móðir hefði átt rétt á sjúkradagpeningum fyrir þann tíma sem um er að ræða samkvæmt lögum um almannatryggingar.

Umsókn skal fylgja staðfesting frá viðkomandi skóla um að móðir hafi verið skráð í nám á því tímabili sem um ræðir og vottorð frá lækni. Tryggingayfirlæknir skal meta læknisfræðilega hvort skilyrði 1. mgr. séu uppfyllt, sbr. einnig 2. mgr. 9. gr.

20. gr.

Undanþága vegna námsloka foreldris.

Heimilt er á grundvelli umsóknar að greiða foreldri fæðingarstyrk sem námsmanni þó að foreldri fullnægi ekki skilyrði 1. mgr. 18. gr. um fullt nám þegar foreldri á eftir minna en sem nemur 75% af námi á síðustu önn í námi og ljóst er að viðkomandi er að ljúka ákveðinni prófgráðu. Skal foreldri jafnframt fullnægja öðrum skilyrðum 19. gr. laga um fæðingar- og foreldraorlof, með síðari breytingum, og 16. gr., sbr. þó 17. gr., og 18. gr., sbr. þó 19. gr. reglugerðar þessarar.

21. gr.

Tilhögun greiðslna.

Greiðsla fæðingarstyrks til foreldris skal innt af hendi eftir á fyrir undanfarandi mánuð, fyrsta virkan dag hvers mánaðar. Fæðingarstyrkur til foreldra í fullu námi skal vera 93.113 kr. á mánuði.

Greiðsla fæðingarstyrks vegna fæðingar getur í fyrsta lagi hafist fyrsta virkan dag þess mánaðar sem fer á eftir fæðingarmánuði barns og er þá greitt fyrir fæðingarmánuð barns óháð hvaða mánaðardag barn fæddist.

Greiðsla fæðingarstyrks vegna ættleiðingar eða töku barns í varanlegt fóstur getur í fyrsta lagi hafist fyrsta virkan dag þess mánaðar sem fer á eftir þeim mánuði er barn kemur inn á heimili eða þeim mánuði sem ferð foreldris/foreldra hefst til að sækja barnið til annars lands.

Foreldri getur ákveðið að greiðslur hefjist síðar en greiðslum þarf að ljúka áður en barnið nær 18 mánaða aldri er rétturinn vegna fæðingar barns fellur sjálfkrafa niður. Réttur til fæðingarstyrks vegna ættleiðingar eða varanlegs fósturs fellur niður 18 mánuðum eftir að barnið kom inn á heimilið. Óheimilt er að skipta greiðslutímabili fæðingarstyrks yfir á fleiri en eitt tímabil.

VI. KAFLI

Lenging á greiðslu fæðingarstyrks.

22. gr.

Fjölburaafæðingar.

Þegar um er að ræða fjölburaafæðingu eiga foreldrar sameiginlegan rétt á fæðingarstyrk í þrjá mánuði til viðbótar fyrir hvert barn umfram eitt, enda fæðist tvö eða fleiri börn á lífi.

Foreldrar sem ættleiða eða taka í varanlegt fóstur fleiri börn en eitt á sama tíma eiga sameiginlegan rétt á fæðingarstyrk í þrjá mánuði til viðbótar fyrir hvert barn umfram eitt.

23. gr.

Lengri sjúkrahúsdvöl barns en sjö dagar.

Purfi barn að dvelja á sjúkrahúsi lengur en sjö daga í beinu framhaldi af fæðingu er heimilt að framlengja sameiginlegan rétt foreldra til fæðingarstyrks um þann dagafjölda sem barn dvelur á sjúkrahúsi fyrir fyrstu heimkomu. Þó má aldrei lengja réttinn til fæðingarstyrks af þessari ástæðu lengur en um fjóra mánuði. Heimild þessi á einnig við þegar barn fæðist fyrir áætlaðan fæðingardag og þarf að dvelja lengur á sjúkrahúsi af þeim sökum.

Upphaf greiðslu fæðingarstyrks miðast við fæðingardag barns og lok hennar við fyrstu heimkomu barns eftir fæðingu. Ef um fjölburaafæðingu er að ræða gildir dvalartími þess barns sem lengur/lengst dvelst á sjúkrahúsinu. Ef barn innritast að nýju á sjúkrahús veitir það ekki rétt til frekari framlengingar á greiðslum.

Rökstyðja skal þörf fyrir lengingu á rétti til fæðingarstyrks samkvæmt ákvæði þessu með vottorði læknis. Tryggingayfirlæknir skal meta læknisfræðilega hvort lenging á rétti til fæðingarstyrks er nauðsynleg.

24. gr.

Alvarlegur sjúkleiki barns.

Heimilt er að framlengja sameiginlegan rétt foreldra til fæðingarstyrks í allt að þrjá mánuði ef um er að ræða alvarlegan sjúkleika barns sem krefst nánari umönnunar foreldris.

Rökstyðja skal þörf fyrir lengingu á rétti til fæðingarstyrks samkvæmt ákvæði þessu með vottorði læknis. Tryggingayfirlæknir skal meta læknisfræðilega hvort lenging á rétti til fæðingarstyrks er nauðsynleg.

Greiðslur samkvæmt ákvæði þessu geta átt sér stað í framhaldi af allt að fjögurra mánaða framlengingu réttar til fæðingarstyrks vegna barns sem dvelur á sjúkrahúsi lengur en fjóra mánuði eða í framhaldi af útskrift, sbr. 23. gr.

25. gr.

Veikindi móður í tengslum við fæðingu.

Heimilt er að framlengja rétt móður til fæðingarstyrks um allt að tvo mánuði vegna alvarlegra veikinda hennar í tengslum við fæðingu.

Rökstyðja skal þörf fyrir lengingu á rétti til fæðingarstyrks samkvæmt ákvæði þessu með vottorði læknis. Tryggingayfirlæknir skal meta læknisfræðilega hvort lenging á rétti til fæðingarstyrks er nauðsynleg.

VII. KAFLI

Sameiginleg ákvæði.

26. gr.

Ósamrýmanleg réttindi.

Greiðslur frá öðrum ríkjum vegna sömu fæðingar og fyrir sama tímabil koma til frádráttar við greiðslu úr Fæðingarorlofssjóði og greiðslu fæðingarstyrks.

Hafi foreldri verið búsett erlendis og öðlast þar rétt til greiðslna í tengslum við fæðingu, ættleiðingu eða töku barns í varanlegt fóstur skulu fylgja með umsókn til Tryggingastofnunar ríkisins gögn sem staðfesta hvort foreldri muni njóta greiðslna í því ríki vegna sömu fæðingar, ættleiðingar eða töku barns í varanlegt fóstur. Njóti foreldri greiðslna í öðru ríki skulu jafnframt koma fram fjárhæðir þeirra og greiðslutímabil.

27. gr.

Kæruleiðir.

Kæra vegna ágreiningsefna sem kunna að rísa á grundvelli reglugerðar þessarar skal berast úrskurðarnefnd fæðingar- og foreldraorlofsmála skriflega innan þriggja mánaða frá því aðila máls var tilkynnt um ákvörðun.

VIII. KAFLI

Fjármál og eftirlit.

28. gr.

Eftirlit.

Skattyfirvöld skulu annast eftirlit með framkvæmd reglugerðar þessarar, nema annars sé sérstaklega getið.

29. gr.

Viðurlög.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar geta varðað viðurlögum skv. 31. gr. a laga um fæðingar- og foreldraorlof, með síðari breytingum.

30. gr.

Fæðingarorlofssjóður.

Fæðingarorlofssjóður skal fjármagnaður með tryggingagjaldi, sbr. lög um tryggingagjald, auk vaxta af innstæðufé sjóðsins.

Fæðingarorlofssjóður skal vera í vörslu Tryggingastofnunar ríkisins sem sér um reikningshald, daglega afgreiðslu og ávöxtun sjóðsins. Stofnunin skal auk þess sjá um afgreiðslu fæðingarstyrks. Skal Fæðingarorlofssjóður vera fjárhagslega aðskilinn frá öðrum rekstrarþáttum stofnunarinnar.

Félagsmálaráðherra hefur fjárhagslegt eftirlit með Fæðingarorlofssjóði og skal gæta þess að sjóðurinn hafi nægilegt laust fé til að standa við skuldbindingar sínar.

Kostnaður af rekstri sjóðsins greiðist af tekjum hans. Tryggingastofnun ríkisins fær greitt

samkvæmt samningi við félagsmálaráðuneytið fyrir þá þjónustu sem stofnunin innir af hendi vegna Fæðingarorlofssjóðs.

Reikningar Fæðingarorlofssjóðs skulu endurskoðaðir af Ríkisendurskoðun og birtir ár hvert í Lögbirtingablaði.

31. gr.

Fjárlagagerð.

Við undirbúning fjárlaga ár hvert skal Tryggingastofnun ríkisins gera fjárhagsáætlun fyrir viðkomandi rekstrarár Fæðingarorlofssjóðs sem félagsmálaráðherra leggur fyrir fjármálaráðherra.

Í fjárhagsáætluninni skulu meðal annars koma fram áætlaðar greiðslur til foreldra sem njóta réttar í fæðingarorlofi ásamt áætluðum rekstrargjöldum vegna umsýslu Fæðingarorlofssjóðsins.

32. gr.

Upplýsingagjöf til foreldra.

Tryggingastofnun ríkisins skal sjá til þess að allar upplýsingar um réttindi foreldra til greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði og til greiðslu fæðingarstyrks verði aðgengilegar þeim sem á þurfa að halda.

VI. KAFLI

Gildistaka.

33. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 7. og 11. mgr. 13. gr., 6. mgr. 15. gr., 2. mgr. 15. gr. a, 2. mgr. 15. gr. b, 4. mgr. 17. gr., 3. mgr. 18. gr., 3. og 10. mgr. 19. gr., 3. mgr. 23. gr. og 35. gr. laga um fæðingar- og foreldraorlof, nr. 95/2000, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. janúar 2005.

Jafnframt falla úr gildi reglugerð nr. 909/2000, um greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði og greiðslu fæðingarstyrks, og reglugerðir um breytingu á þeirri reglugerð nr. 969/2001, 915/2002, 186/2003 og 1003/2003.

Félagsmálaráðuneytinu, 22. desember 2004.

Árni Magnússon.

Hanna Sigríður Gunnsteinsdóttir.

REGLUR

um breytingu (21) á reglum fyrir Háskóla Íslands nr. 458/2000.

1. gr.

Ákvæði 48. gr. reglnanna breytast og verða svohljóðandi:

Við skrásetningu til náms greiðir stúdent skrásetningargjald kr. 45.000 fyrir heilt háskólaár. Heimilt er að taka 15% hærra gjald af þeim sem fá leyfi til skrásetningar utan auglýstra skrásetningartímabila. Háskólaráði er heimilt að verja hluta skrásetningargjaldsins til Félagsstofnunar stúdenta.

Háskólaráð staðfestir nánari reglur um innheimtu og ráðstöfun skrásetningargjaldsins sem birtar skulu í kennsluskrá og á háskólavefnum. Í reglunum skal kveðið á um gjalddaga og eindaga gjaldsins og meðferð heimilda til lækkunar gjaldsins og endurgreiðslu þess. Við

lækkun og endurgreiðslu skal tekið mið af kostnaðarliðum gjaldsins eins og þeir eru skilgreindir á grundvelli laga.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 95. gr. reglnanna, sem fjallar um B.S.- og B.A.-nám við viðskipta- og hagfræðideild:

1. Önnur málsgrein 95. gr. breytist og verður svohljóðandi:
Prófgeinar til B.S.-prófs í viðskiptafræði eru hagfræði, markaðsfræði, reikningshald, stjórnun, stærðfræði, tölfraði, upplýsingatekni og aðrar greinar samkvæmt ákvörðun viðskiptaskorara, alls 90 einingar.
2. Við greinina bætist ný málsgrein svohljóðandi:
Inntökuskilyrði í B.S.- og B.A.-nám í viðskipta- og hagfræðideild er stúdentspróf af bóknaðsbraut eða sambærilegt próf að mati deildarinnar. Raungreinadeildarpróf frá Tækniháskóla Íslands (áður Tækniskóla Íslands) og stúdentspróf að lokinni viðskiptabraut og viðbótarnámi samkvæmt aðalnámskrá framhaldsskóla, teljast sambærileg stúdentsprófi af bóknaðsbraut og nægja til inngöngu í B.S.- og B.A.-nám í deildinni.

3. gr.

Í stað 1. mgr. 118. gr., sem fjallar um inntökuskilyrði og námsáætlun í raunvísindadeild, koma þrjár málsgreinar svohljóðandi:

Til viðbótar stúdentsprófi gerir raunvísindadeild kröfur um að stúdentsprófið innihaldi að lágmarki eftirfarandi fjölda eininga í einstökum greinum: stærðfræði 21 eining og raungreinar samtals 30 einingar, þar af a.m.k. 6 einingar í eðlisfræði, 6 einingar í efnafræði og 6 einingar í líffræði. Þó er öllum sem lokið hafa stúdentsprófi heimil innritun í nám til B.S.-prófs í landfræði og ferðamálafræðum.

Skorti 8 einingar eða minna á að lágmarkskröfum 1. mgr. sé fullnægt getur raunvísindadeild engu að síður heimilað nemanda að innritast í nám við deildina en henni er þá heimilt að setja skilyrði um að nemandinn ljúki námi í tilteknum greinum sem á vantar sem fyrst eftir innritun í raunvísindadeild eða samhliða námi sínu í deildinni.

Raungreinadeildarpróf frá Tækniháskóla Íslands, áður Tækniskóla Íslands, nægir til inngöngu í raunvísindadeild til jafns við stúdentspróf, enda sé fullnægt skilyrðum um lágmarkskröfur í einstökum greinum, samanber 1. og 2. mgr. hér á undan.

Allir sem lokið hafa þriggja ára háskólanámi til fyrstu háskólagráðu í hvaða grein sem er uppfylla skilyrði til að innritast í raunvísindadeild.

Deildarráði er heimilt að setja nánari ákvæði um útfærslu á 1. til 3. mgr. og skulu þau þá birt í kafla deildarinnar í kennsluskrá.

Önnur til fimmta málsgrein 118. gr. verður 6. – 9. mgr.

4. gr.

Ákvæði 2. og 3. gr. reglna þessara, sem háskólaráð hefur sett á grundvelli laga um Háskóla Íslands nr. 41/1999 og tillagna háskóladeilda öðlast þegar gildi.

Ákvæði 1. gr. reglna þessara, sem háskólaráð hefur sett á grundvelli laga nr. 132/2004 um breytingu á lögum um Háskóla Íslands, öðlast gildi þann 1. janúar 2005.

Háskóla Íslands, 21. desember 2004.

Páll Skúlason.

Þórður Kristinnson.

GJALDSKRÁ

fyrir þjónustu Ríkiskaupa.

(verð án virðisaukaskatts)

1. gr.

Útboðsþjónusta.

Grunngjald fyrir útboð	105.000
Innifalið:	

Minniháttar útboðslýsing og tilboðsblað (verklýsing aðsend)	
Gerð auglýsingar vegna samauglýsingar	
Sala og kynning útboðsgagna	
Meðhöndlun fyrirspurna (minniháttar)	
Móttaka tilboða	
Opnun tilboða	
Mat tilboða	
Frágangur pöntunar og/eða samnings	

kr.

Gjald fyrir stærri verkefni er innheimt samkvæmt tímaskráningu starfsmanna miðað við eftirfarandi tímagjald:

Útboðsfulltrúi	kr./klst. 4.200
Verkefnastjóri	6.900
Deildarstjóri	8.200

kr.

Gjald fyrir gerð fyrirspurnar (í útboðsformi)	39.000
Gjald fyrir gerð verðkönnunar (án útboðs)	22.000

Auglýsingakostnaður vegna sérauglýsinga er ekki innifalinn í grunngjaldi og greiðist hann sérstaklega samkvæmt reikningi.

2. gr.

Innflutningur.

Kostnaðarverð sendingar kr.	
0 – 130.000	Þjónustugjald 9.100 kr.
130.001 – 500.000	7%
500.001 – 900.000	6%
900.001 – 3.000.000	4%
3.000.001 – 6.000.000	3%
6.000.001 – 11.000.000	2%
11.000.001 – 99.999.999	1,5%

3. gr.

Innlend vörukaup.

Þjónustugjald	3%	Lágmark kr. 500
(bætist við kostnaðarverð vöru)		

Þóknun Ríkiskaupa vegna rammamanna er allt að 2% af heildarfjárhæð viðskipta.

	4. gr. <i>Sala fasteigna.</i>	
Þjónustugjald	Hámark 1,95%	Lágmark kr. 90.000
Innifalið:		
Gerð tilboðsgagna		
Auglýsing (samauglýsing)		
Varsla og umsjón eigna		
Núvirðing tilboða		
Skjalagerð		
	5. gr. <i>Kaup fasteigna.</i>	
Þjónustugjald	1%	Lágmark kr. 80.000
Innifalið: sama og í 4. gr.		
	6. gr. <i>Kaup bifreiða.</i>	
Þjónustugjald	2,5%	
Innifalið: sama og í 4. gr.		
	7. gr. <i>Sala bifreiða.</i>	
Þjónustugjald	3%	Lágmark kr. 40.000
Innifalið: sama og í 4. gr.		
	8. gr. <i>Sala véla og tækja.</i>	
Þjónustugjald	3%	Lágmark kr. 20.000
Innifalið: sama og í 4. gr.		
	9. gr. <i>Sala notaðra muna.</i>	
Þjónustugjald	20%	Lágmark kr. 1.000
Innifalið: sama og í 4. gr.		
	10. gr. <i>Lögfræðilegar álitserðir.</i>	
Tímagjald lögfræðings		8.200 kr./klst.

11. gr.
Gildistaka.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt 74. gr. laga nr. 94/2001, um opinber innkaup, og öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 116 18. febrúar 2003.

Fjármálaráðuneytinu, 23. desember 2004.

F. h. r.
Baldur Guðlaugsson.

Stefán Jón Friðriksson.

AUGLÝSING

um nýtt fasteignamat.

1. gr.

Samkvæmt 35. gr. laga nr. 6/2001, um skráningu og mat fasteigna, hefur yfirfasteignamatsnefnd ákveðið framreiknistuðla fyrir skráð matsverð fasteigna á öllu landinu með hlíðsjón af breytingu verðlags fasteigna við kaup og sölu frá síðasta viðmiðunartíma matsins til 31. desember nk. Nefndin hefur ákveðið framreikning á matsverði fasteigna þannig:

- a. Matsverð eftirtalinna fasteigna hækki um 6% og verður framreiknistuðull þeirra samkvæmt því 1,06 sbr. þó staflíði b, c, d, e, f, g og h:
 - 1) Íbúðarhúsa og íbúðarlóða.
 - 2) Atvinnuhúsa og atvinnulóða.
 - 3) Bújarða ásamt íbúðarhúsum og útihúsum á bújörðum.
 - 4) Matsverð hlunninda.
- b. Matsverð sérbylíshúsa og sérbylíshúsalóða á Seltjarnarnesi og matsverð íbúðarhúsa og íbúðarlóða í þéttbýli í Fjarðabyggð hækki um 30% og verður framreiknistuðull þeirra samkvæmt því 1,30.
- c. Matsverð sérbylíshúsa og sérbylíshúsalóða á höfuðborgarsvæðinu (Reykjavík, Hafnarfirði, Kópavogi, Garðabæ, Álftanesi og Mosfellsbæ) og á Akranesi og matsverð íbúðarhúsa og íbúðarlóða í þéttbýli á Fljótshéraði hækki um 20% og verður framreiknistuðull þeirra samkvæmt því 1,20.
- d. Matsverð íbúðarhúsa og íbúðarlóða í Vestmannaeyjum, Þorlákshöfn, Hveragerði og Grindavík svo og í þéttbýli á eftirtöldum stöðum: Sauðárkróki, í Varmahlíð, á Vopnafirði, Fáskrúðsfirði, í Skaftárhreppi, Rangárþingi ytra og í Sveitarfélaginu Árborg hækki um 17% og verður framreikningsstuðull samkvæmt því 1,17.
- e. Matsverð fjölbylíshúsa og fjölbylíshúsalóða á höfuðborgarsvæðinu (Reykjavík, Hafnarfirði, Kópavogi, Garðabæ, Álftanesi, Seltjarnarnesi og Mosfellsbæ) og á Akranesi, íbúðarhúsa og íbúðarlóða í Reykjanesbæ, Sandgerði, Gerðahreppi, Vatnsleysustrandarhreppi, þéttbýli í Hvalfjarðarstrandarhreppi og Skilmannahreppi, á Akureyri og í þéttbýli í Mýrdalshreppi og Rangárþingi eystra, ennfremur matsverð atvinnuhúsa og atvinnulóða á höfuðborgarsvæðinu (Reykjavík, Hafnarfirði, Kópavogi, Garðabæ, Álftanesi, Seltjarnarnesi og Mosfellsbæ), á Akranesi, í Reykjanesbæ, Grindavík, Sandgerði, Gerðahreppi, Vatnsleysustrandarhreppi, á Sauðárkróki, Akureyri, í Fellabæ, á Egilsstöðum, í Fjarðabyggð og á Selfossi, svo og matsverð bújarða og íbúðarhúsa á bújörðum á Suður-, Suðvestur- og Vesturlandi frá og með Mýrdalshreppi suður og vestur um að og með Saurbæjarhreppi, í Skagafirði, Eyjafirði, á Fljótshéraði austan Fellaheiðar og Jökulsár og í Fjarðabyggð hækki um 13% og verður framreikningsstuðull samkvæmt því 1,13.
- f. Matsverð íbúðarhúsa og íbúðarlóða í þéttbýli á eftirtöldum stöðum: Borgarbyggð, Grundarfjarðarbæ, Stykkishólmi, Snæfellsbæ, Ísafirði, Húsavík, Ólafsfirði, Dalvík, í Svalbarðsstrandarhreppi, Grýtubakkahreppi og á Seyðisfirði, ennfremur matsverð atvinnuhúsa og atvinnulóða í Vestmannaeyjum, á Eyrarbakka, Stokkseyri, í Rangárþingi eystra, Rangárþingi ytra, Hveragerði og Þorlákshöfn, svo og matsverð bújarða og íbúðarhúsa á bújörðum annarra en þeirra sem taldar eru í staflíð e og annarra en bújarða og íbúðarhúsa á bújörðum á Vestfjörðum hækki um 10% og verður framreikningsstuðull samkvæmt því 1,10.
- g. Matsverð íbúðarhúsa og íbúðarlóða, atvinnuhúsa og atvinnulóða á Vestfjörðum, að undanskildum íbúðarhúsum og íbúðarlóðum í Bolungarvík og á Ísafirði, ennfremur

matsverð íbúðarhúsa og íbúðarlóða, atvinnuhúsa og atvinnulóða á Siglufirði og íbúðarhúsa og íbúðarlóða á Höfn í Hornafirði verði óbreytt og verður framreikningsstuðull samkvæmt því 1,00.

- h. Matsverð sumarhúsa og sumarhúsalóða hækki um 13% og verður framreikningsstuðull samkvæmt því 1,13.

Við framreikning ársins á ofangreindum grundvelli skal höfð hliðsjón af fyrningu samkvæmt reglum Fasteignamats ríkisins fyrir einstakar tegundir eigna.

Ofangreind breyting fasteignamats er miðuð við fasteignamatsverð samkvæmt fasteignaskrá þeirri er gildi tók 31. desember 2003 með síðari breytingum ákveðnum af Fasteignamati ríkisins og yfirfasteignamatsnefnd.

2. gr.

Á vegum Fasteignamats ríkisins hefur verið samin ný fasteignaskrá, þar sem matsverð einstakra fasteigna er skráð samkvæmt þeim framreiknistuðlum sem ákveðnir hafa verið samkvæmt framanskráðu. Hin nýja fasteignaskrá inniheldur einnig þær matsbreytingar sem Fasteignamat ríkisins eða yfirfasteignamatsnefnd hefur gert á einstökum fasteignum svo sem við endurskoðun á eldra mati og vegna úrskurða á kærnum er kunna að hafa leitt til matsbreytinga.

3. gr.

Fjármálaráðherra hefur staðfest heildareintak hins nýja fasteignamats eins og það hefur verið ákveðið með ofangreindum hætti. Fasteignaskráin mun liggja frammi til sýnis á skrifstofu Fasteignamatsins, Borgartúni 21, Reykjavík, frá og með 31. desember nk. Frá sama tíma mun hið nýja matsverð einnig koma fram í uppfléttingu hjá þeim aðilum sem eru í beinu tölvusambandi við stofnunina. Jafnframt verður eigendum fasteigna send sérstök tilkynning um breytingu á matsverði viðkomandi fasteigna.

4. gr.

Með vísan til laga nr. 6/2001 tilkynnir ráðuneytið hér með að nýtt matsverð fasteigna, sem ákveðið er með ofangreindum hætti og fram kemur í staðfestri skrá Fasteignamats ríkisins, tekur gildi 31. desember 2004.

Með auglýsingu þessari fellur úr gildi auglýsing nr. 953 frá 12. desember 2003.

Fjármálaráðuneytinu, 23. desember 2004.

F. h. r.

Pórhallur Arason.

Hafsteinn S. Hafsteinnsson.

REGLUGERÐ

um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Hlutverk.

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins starfar á sviði áhættufjármögnunar og er hlutverk hans að stuðla að þróun og vexti íslensks atvinnulífs með því að fjárfesta í vænlegum nýsköpunar- og sprotafyrirtækjum.

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins gegnir hlutverki sínu með því að taka þátt í fjárfestingarverkefnum á sviði nýsköpunar, með hlutafjárþátttöku og lánum með breytirétti í hlutafé. Einnig getur sjóðurinn tekið þátt í fjármögnun verkefna sem lúta að rannsóknum og úrbótum á starfsumhverfi nýsköpunar- og sprotafyrirtækja á Íslandi.

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins getur lagt fram hlutafé, veitt lán, ábyrgðir eða styrki.

2. gr.

Stefna.

Stefna Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins er að fjárfesta í fyrirtækjum sbr. 1. gr. þar sem vænta má mikils virðisauka og arðsemi af starfseminni og góðrar ávöxtunar fyrir sjóðinn. Hagnaði Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins verður varið til uppbyggingar sjóðsins, frekari fjárfestingar í vænlegum nýsköpunarfyrirtækjum og rannsókna og úrbóta á starfsumhverfi þeirra.

3. gr.

Starfsemi.

Starfsemi Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins skiptist í fjóra hluta:

1. *Stofnsjóður:* Í stofnsjóði Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins er eigið fé sjóðsins eins og það er varðveitt og ávaxtað á hverjum tíma. Tekjum af ávöxtun og öðru ráðstöfunarfé er varið til almennrar starfsemi Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins. Undir stofnsjóð heyrir allur almennur rekstur Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins, deilda hans og sjóða.
2. *Framtakssjóður:* Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins hefur með höndum umsjón og eftirlit með ráðstöfun eins milljarðs króna, sem ríkissjóður lagði til Framtakssjóðs en samkvæmt 2. mgr. 7. gr. laga nr. 61/1997 sbr. lög nr. 92/2004 var ákveðið að andvirði sjóðsins renni í stofnsjóð innan tíu ára frá útboði á vörslu fjárins.
3. *Vöruþróunar- og markaðsdeild – VÖMA:* Deildin veitir framlög til vöruþróunar- og markaðsaðgerða. Verkefnisstjórn VÖMA ráðstafar fé deildarinnar og getur í samráði við stjórn Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins ákveðið að árlegt ráðstöfunarfé sé ekki bundið við ávöxtun höfuðstóls deildarinnar. Kveðið er á um starfsemi deildarinnar í reglum sem stjórn Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins setur og viðskiptaráðherra staðfestir.
4. *Samstarfssjóðir með öðrum fjárfestum:* Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins hefur heimild skv. 2. mgr. 10. gr. laga nr. 61/1997 sbr. 2. gr. laga nr. 92/2004 til að leggja fé úr stofnsjóði í samstarfssjóði með öðrum fjárfestum allt að 30%.

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins annast einnig rekstur tryggingardeildar útflutnings-TRÚ. Deildinni er ætlað að veita tryggingar og ábyrgðir til þess að efla íslenskan útflutning vöru og þjónustu, auka íslenskar fjárfestingar erlendis, þátttöku í verklegum framkvæmdum erlendis og þátttöku í stærri verklegum framkvæmdum hérlendis. Nánar er kveðið á um starfsemi deildarinnar í starfsreglum sem stjórnarnefnd TRÚ setur og fjármálaráðherra samþykkir.

VÖMA og TRÚ skulu aðgreind í bókhaldi og reikningum Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins. Er þeim ætlað að standa undir kostnaði við rekstur sinn, og greiða stofnsjóði Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins fjárhæð er samsvarar rekstrarkostnaði. Stofnsjóði er óheimilt að bera nokkurn kostnað af þessari starfsemi.

II. KAFLI

Stjórnun og rekstur.

4. gr.

Ábyrgð og hlutverk stjórnar.

Stjórn Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins skiptir með sér verkum og ákveður starfshætti sína og fundahöld. Skyllt er að halda fund þegar a.m.k. tveir stjórnarmenn óska þess. Fundur er ályktunarhæfur ef þrír stjórnarmanna sækja fund. Að jafnaði skal boða fund með viku fyrirvara. Halda skal gerðabók.

Stjórn Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins annast m.a. eftirfarandi verkefni:

1. Hefur yfirumsjón með starfsemi sjóðsins í samræmi við lög og reglur, mótar stefnu sjóðsins og fylgist með starfsemi hans og rekstri.
2. Ráðning framkvæmdastjóra.
3. Setur almennar starfsreglur fyrir sjóðinn og leitar staðfestingar ráðherra á þeim.
4. Mótar fjárfestingarstefnu sjóðsins.
5. Tekur ákvörðun um hlutfjárkaup, lánveitingar, verkefnafjármögnun og ábyrgðir. Stjórnin ákveður tryggingar og lánskjör að fengnum tillögum frá framkvæmdastjóra.
6. Stjórn sjóðsins getur veitt framkvæmdastjóra heimild til að taka ákvarðanir um hlutfjárþátttöku, veitingu lána, og til verkefnafjármögnunar innan tiltekinna marka og eftir nánari reglum sem stjórnin setur. Slíkar heimildir skulu koma fram í starfsreglum sjóðsins og/eða í bókunum stjórnar.
7. Samþykkir rekstrar- og nýsköpunaráætlun til árs í senn að fengnum tillögum frá framkvæmdastjóra.
8. Tekur lokaákvörðun um allar meiriháttar aðgerðir.
9. Tekur ákvörðun um starfsmannastefnu að fengnum tillögum frá framkvæmdastjóra.
10. Ákveður að fengnum tillögum frá framkvæmdastjóra lántökur og leiðir til ávöxtunar á eigin fé sjóðsins.

5. gr.

Ábyrgð og hlutverk framkvæmdastjóra.

Framkvæmdastjóri fer með daglegan rekstur Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins samkvæmt umboði stjórnar og ber ábyrgð á rekstri og fjárreiðum sjóðsins. Framkvæmdastjóri skal upplýsa stjórn sjóðsins um mikilvæg málefni sjóðsins, framfylgja ákvörðunum stjórnar og tryggja að starfsemin fari að lögum og reglum. Stjórn sjóðsins getur veitt framkvæmdastjóra heimild til að taka ákvarðanir um veitingu lána, ábyrgða eða styrkja innan tiltekinna marka.

III. KAFLI

Fjárfestingarverkefni.

6. gr.

Tegundir fjárfestingarverkefna.

Fjárfestingarverkefni Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins eru eftirfarandi:

Innlend fjárfestingarverkefni. Með því er átt við innlend verkefni sem fela í sér nýjungar eða ný vaxtatekifæri.

Fjárfestingar innlendra aðila erlendis. Með því er átt við fjárfestingu innlendra fyrirtækja eða einstaklinga í starfandi fyrirtækjum eða nýjum atvinnurekstri erlendis.

Fjárfestingar erlendra aðila á Íslandi. Með því er átt við atvinnurekstur hér á landi með umtalsverðri eignaraðild erlendra fyrirtækja eða einstaklinga og þátttöku þeirra í stjórnun rekstrarins.

7. gr.

Tegund fjármögnunar.

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins fjármagnar fjárfestingarverkefni með hlutafjárframlagi, þ.e. kaupum á hlutabréfum. Við kaup á hlutafé skal meginreglan vera sú að gerður er hlutfafasamningur.

Þegar ekki er talið mögulegt að mati stjórnar sjóðsins að taka þátt í verkefni með hlutafjárkaupum, eða sérstakar aðstæður eru fyrir hendi, er sjóðnum heimilt að veita sérstök lán, svo sem lán með breytirétti í hlutafé eða lán með kauprétti hlutafjár. Skal þá gera sérstakan lánssamning þar sem meðal annars skal kveðið á um hlutdeild sjóðsins í ávöxtun af viðkomandi fjárfestingu, hugsanlegar tryggingar og um rétt sjóðsins til eftirlits og/eða stjórnunarlegra áhrifa.

Stjórn sjóðsins er heimilt að veita ábyrgðir eða lán til þeirra fyrirtækja þar sem sjóðurinn hefur þegar fjárfest enda sé það liður í sameiginlegri ákvörðun meðfjárfesta um slíka fjármögnun. Slíkar ábyrgðir skal veita gegn gjaldi sem tekur mið af áhættu sjóðsins í verkefninu. Í samningum um ábyrgðarveitingar er heimilt að kveða á um rétt sjóðsins til eftirlits.

8. gr.

Stærðarmörk fjármögnunar.

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins skal miða við að verja ekki hærri fjárhæð en sem nemur 10% af eigin fé stofnsjóðs til fjármögnunar einstaks verkefnis og ekki hærri fjárhæð en sem nemur 15% til fjárfestingarverkefna á vegum eins aðila eða tengdra aðila.

Hlutdeild sjóðsins í fjármögnun hvers verkefnis skal ekki nema hærri fjárhæð en sem nemur 49% af heildarfjármögnun viðkomandi verkefnis. Heimilt er við sérstakar aðstæður að víkja frá þessu skilyrði, en svo fljótt sem aðstæður leyfa skal minnka hlutinn þannig að hann verði innan settra marka.

Hlutdeild Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins í fjármögnun hvers verkefnis skal að öðru jöfnu miðast við að sjóðurinn fái stjórnunarleg áhrif.

IV. KAFLI

Styrkir.

9. gr.

Hámark styrkja.

Nýti Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins heimildir til þess að veita styrki er honum skylt að fara að þeim reglum sem gilda um slíka styrki samkvæmt EES-samningnum.

Styrkir sem veittir eru einstökum aðila mega ekki nema hærri fjárhæð samanlagt á hverju þriggja ára tímabili en jafngildir 100.000 EUR, að meðtalinni fjárhæð annarrar fjárhagslegrar aðstoðar sem viðkomandi aðili kann á sama tímabili að hafa fengið frá öðrum opinberum aðilum á grundvelli lágmarksreglunnar (de minimis reglunnar) samkvæmt ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA um málsmeðferð og efni reglna á sviði ríkisaðstoðar, og að teknu tilliti til frekari takmarkana á veitingu opinberrar aðstoðar á grundvelli lágmarksreglunnar samkvæmt ákvæðum fyrrgreindrar ákvörðunar Eftirlitsstofnunar EFTA sem í gildi eru á hverjum tíma.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. getur Nýsköpunarsjóður þegar sérstaklega stendur á veitt einstökum aðilum hærri styrki en þar greinir, enda uppfylli slíkar styrkveitingar ákvæði fyrrgreindrar ákvörðunar Eftirlitsstofnunar EFTA sem í gildi eru á hverjum tíma um aðstoð við

lítil og meðalstór fyrirtæki, aðstoð við rannsóknir og þróunarverkefni eða um aðra tegund aðstoðar, allt eftir því sem við á í hverju tilviki.

Nýsköpunarsjóði er óheimilt að veita fyrirtækjum bjargráðaaðstoð eins og hún er skilgreind í ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA um málsmeðferð og efni reglna á sviði ríkisaðstoðar sem í gildi er á hverjum tíma, nema slíkt samræmist ákvæðum hennar.

IV. KAFLI

Eigið fé stofnsjóðs.

10. gr.

Afskriftareikningur.

Fyrir Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins skal halda afskriftareikning samkvæmt góðri reikningsskilavenju og eftir mati á áhættu þannig að efnahagsreikningurinn gefi á hverjum tíma sem raunhæfasta mynd af fjárhagsstöðunni. Samhliða ákvörðunum um hlutfjárþáttöku, lánveitingar og ábyrgðir skal ákveða framlög á afskriftareikninginn. Fjárhæðirnar sem bætt er við afskriftareikninginn skulu í hverju tilviki samsvara þeirri áhættu sem tekin er að mati stjórnar.

Til verkefna Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins má ekki verja hærri upphæð en svo að afskriftir vegna verkefnanna rúmist innan ramma rekstraráætlunar.

11. gr.

Afskriftamat.

Við mat á framlagi í afskriftareikning skal taka tillit til hvort um hlutfjárþáttöku eða lán er að ræða, tapshættu vegna atvinnugreina, fjárhagsstöðu samstarfsaðila og samninga að öðru leyti.

Við mat á afskriftum er Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins heimilt að miða við reynslu hliðstæðrar starfsemi hérlendis og í nágrannalöndum. Í þessu skyni skal vinna líkan sem m.a. sýnir endurheimtufærli hlutfjárþáttöku. Endurmeta skal framlög á afskriftareikning á sex mánaða fresti.

Hlutfé eða lán skal færa sem endanlega tapað þegar eitthvert eftirtalinna skilyrða eru uppfyllt:

1. Við lok gjaldþrotaskipta.
2. Við skuldaeftirgjöf eða niðurfærslu hlutfjár eða skulda.
3. Þegar sjóðurinn hefur tekið ákvörðun um lok innheimtu.
4. Þegar ljóst má vera að eign eða krafa er endanlega töpuð.

12. gr.

Ávöxtun eigin fjár.

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins leitar allra leiða til að ávaxta eigið fé sitt á sem árangursríkastan hátt og hámarka þannig árlegt ráðstöfunarfé sjóðsins.

13. gr.

Fjárfestingarstefna.

Við ávöxtun eigin fjár, sem ekki er ráðstafað til fjárfestingarverkefna, skal gætt að eðlilegri áhættudreifingu í eignasamsetningu.

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins fjárfestir einungis í framseljanlegum verðbréfum sem skráð hafa verið á skipulegum verðbréfamarkaði samkvæmt skilgreiningu laga um verðbréfaviðskipti.

Sjóðurinn fjárfestir ekki fyrir meira en 10% af eignum sínum í verðbréfum útgefnum af sama útgefanda. Þrátt fyrir þetta getur hann þó fjárfest fyrir allt að 35% af eignum sínum í

verðbréfum sem eitt eða fleiri ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins eða sveitarfélög þeirra, alþjóðlegar stofnanir, sem eitt eða fleiri þessara ríkja eru aðilar að, eða ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins gefa út eða ábyrgjast.

Sjóðurinn fjárfestir ekki fyrir meira en 10% hlutfjár í einstökum hlutafélögum á almennum hlutabréfamarkaði og ekki fyrir meira en 25% hlutfjár í einstökum hlutabréfasjóðum.

14. gr.

Varðveisla stofnfjár.

Í árslok 2007, þegar liðin eru 10 ár frá stofnun Nýsköpunarsjóðs, skal miða við að upphafleg krónutala stofnfjár sé óskert. Varðveisla stofnfjárins skal miðuð við vísitölu neysluverðs frá þeim tíma.

V. KAFLI

Gildistaka o.fl.

15. gr.

Starfsreglur.

Stjórn Nýsköpunarsjóðs setur starfsemi sjóðsins nánari starfsreglur sem ráðherra staðfestir og skulu þær birtar í B-deild Stjórnartíðinda.

16. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 18. gr. laga nr. 61/1997 um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins.

Reglugerðin tekur gildi 1. janúar 2005 og jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 769/1997, um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins, með síðari breytingum.

Viðskiptaráðuneytinu, 23. desember 2004.

Valgerður Sverrisdóttir.

Kristján Skarphéðinsson.

REGLUGERÐ

um framkvæmd fjárlaga og ábyrgð á fjárveitingum ríkisstofnana í A-hluta.

I. KAFLI

Markmið, helstu hugtök og gildissvið.

1. gr.

Markmið.

Markmið reglugerðar þessarar er að stuðla að skilvirkum rekstri ráðuneyta og stofnana þannig að hann verði innan heimilda fjárlaga og að stjórnendur beri ábyrgð á fjárreiðum í samræmi við 49. gr. laga nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins og ákvæði laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Í rekstri ráðuneyta og ríkisstofnana skal virða fjárheimildir og þau lög og reglur sem um starfsemina gilda. Stjórnendur skulu ennfremur vinna að stefnumótun og samningsgerð

í samræmi við sjónarmið um árangursstjórnun í ríkisrekstri. Jafnframt skulu stjórnendur gæta þess að fylgt verði einstökum markmiðum og stefnumiðum, sem sett kunna að verða af þar til bærum aðilum.

2. gr.

Orðskýringar.

Merking orða í reglugerð þessari er sem hér segir:

Stofnun er ríkisaðili sem telst til æðstu stjórnar ríkisins, svo og ráðuneyti og ríkisstofnun, sbr. 2. mgr. 3. gr.

Forstöðumaður er embættismaður í skilningi 22. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, sem borið getur ábyrgð skv. 38. gr. sömu laga.

Ársáætlun merkir fyrirhugaða ráðstöfun og dreifingu fjárheimilda stofnunar á árinu miðað við áætluð útgjöld hennar og takmarkast af fjárheimildum ársins, sbr. 8. gr.

Ófyrirséð útgjöld merkja útgjöld sem stafa af atvikum sem ekki voru séð fyrir við afgreiðslu fjárlaga og leiða til greiðsluskyldu ríkissjóðs umfram heimildir í fjárlögum sbr. 33. gr. laga nr. 88/1997.

Safnliður er sérstakur óskiptur liður í fjárlögum, þar sem veitt er heimild til þess að ráðstafa fjármunum vegna nánar tilgreindra verkefna.

Árangursstjórnun felur í sér setningu og uppgjör markmiða og fjárhagsáætlana.

Fjárheimild samanstendur af útgjöldum að frádregnum tekjum stofnana skv. fjárlögum, millifærslum af safnliðum, launa og verðlagsbótum, fjáraukalögum, auk innistæðna eða skulda sem færast milli ára.

3. gr.

Gildissvið.

Reglugerðin tekur til forstöðumanna og stjórna stofnana þegar þessir aðilar taka ákvarðanir um rekstur og nýtingu fjármuna samkvæmt heimildum í fjárlögum. Reglugerðin tekur enn fremur til ráðuneyta við eftirlit með framkvæmd forstöðumanna og stjórna stofnana á fjárreiðum stofnana og þegar þau taka ákvarðanir skv. lögum nr. 88/1997, þ. á m. um ráðstöfun safnliða.

Fjármálaráðuneytið gerir í samráði við hlutaðeigandi ráðuneyti lista yfir þær stofnanir sem reglugerð þessi tekur til.

II. KAFLI

Skipulag og verkaskipting.

4. gr.

Almennt eftirlit og samræming.

Fjármálaráðuneytið hefur almennt eftirlit með framkvæmd fjárlaga og veitir almennar leiðbeiningar þar um. Það fylgist með því að heildarútgjöld stofnana séu í samræmi við fjárheimildir.

Ráðuneytið skal fylgjast með því hvernig eftirliti annarra ráðuneyta er háttað með fjárreiðum stofnana, sem undir þau heyra. Í því skyni getur það kallað eftir upplýsingum frá einstökum ráðuneytum um fjárhagsafkomu stofnana og fyrirhugaðar aðgerðir til að framfylgja áformum fjárlaga.

5. gr.

Einstök ráðuneyti.

Hvert ráðuneyti fer með yfirstjórn þeirra mála sem undir það heyra, skv. nánari fyrir-mælum í lögum. Þegar Alþingi hefur samþykkt fjárveitingu má ráðstafa henni samkvæmt fjárlögum, án frekari staðfestingar fjármálaráðuneytis.

Ráðuneyti ákveða þau stefnumið sem hafa skal að leiðarljósi við framkvæmd einstakra mála og hafa frumkvæði að gerð árangursstjórnunarsamninga. Ráðuneytin hafa eftirlit með fjárreiðum stofnana sem undir þau heyra.

6. gr.

Stjórnun stofnunar.

Forstöðumaður ber ábyrgð á því að rekstrarútgjöld og rekstrarafkoma stofnunarinnar sé í samræmi við fjárheimildir og að fjármunir séu nýttir á árangursríkan hátt, sbr. 49. gr. laga nr. 88/1997.

Pegar gert er ráð fyrir því að stjórn stofnunar beri ábyrgð á rekstri, fjárreiðum og reikningskilum hennar og skipaður er forstöðumaður til þess að annast um þessi verkefni, skv. nánari fyrirmælum í sérlögum, skal ráðuneyti gæta þess að í erindisbréfi forstöðumanns og eftir atvikum í skipunarbréfi stjórnar sé kveðið á um skýra verkaskiptingu á milli stjórnar stofnunar og forstöðumanns.

III. KAFLI

Framkvæmd fjárlaga.

7. gr.

Um áætlanagerð stofnana.

Í samræmi við áherslur og markmiðssetningu um árangursstjórnun, bera forstöðumenn ábyrgð á gerð langtímaáætlunar stofnunar, ársáætlunar og ársskýrslu. Langtímaáætlunin skal endurspegla stefnumörkun og megináherslur starfseminnar. Ráðuneyti ber skylda til að taka afstöðu til langtímaáætlunar stofnana. Ársáætlunin skal rúmast innan fjárheimilda auk þess að tilgreina einstök markmið og mælikvarða á árangur í starfi stofnunar.

Í ársskýrslu skal koma fram samanburður á útgjöldum og fjárheimildum, auk talnalegs samanburðar á markmiðum ársins og útkomu.

8. gr.

Ársáætlun.

Í október ár hvert skal ráðuneyti kynna stofnunum þær fjárveitingar sem áætlað er að séu til ráðstöfunar á árinu skv. frumvarpi til fjárlaga næsta árs. Forstöðumönnum ber að skila ársáætlun til ráðuneytis í síðasta lagi fyrir lok desember ár hvert. Áætlunin skal rúmast innan ramma fjárheimilda og byggja á bráðabirgðauppgjöri stofnunar. Þá skal gerð grein fyrir dreifingu útgjalda innan ársins. Dreifingin skal sundurliðuð eftir yfirviðfangsefnum, launagjöldum, öðrum rekstrargjöldum, eignakaupum, tilfærslum og sértekjum.

Fyrir miðjan janúar ár hvert skal ráðuneyti taka afstöðu til og staðfesta ársáætlun stofnunar með eða án breytinga. Eftir þann tíma er fjárheimildum dreift á mánuði innan ársins í upplýsingakerfi ríkisins.

Jafnskjótt og endanlegt uppgjör fyrra árs liggur fyrir, skal forstöðumaður endurskoða ársáætlun stofnunar ef tilefni verður til og senda ráðuneyti til nýrrar afgreiðslu sbr. 2. mgr.

9. gr.

Miðlun upplýsinga.

Forstöðumenn skulu, innan þess tíma sem Fjársýsla ríkisins ákveður, standa skil á upplýsingum þannig að bókhaldskerfi ríkisins gefi á hverjum tíma sem réttasta mynd af fjárhagsstöðu stofnana.

Fjársýsla ríkisins skal svo fljótt sem við verður komið gera upplýsingar um útgjöld stofnana sem skila ber skv. 1. mgr. aðgengilegar fyrir ráðuneyti þannig að þær nýtist þeim til eftirlits.

Ársfjórðungslega tekur fjármálaráðuneytið saman yfirlit um framkvæmd fjárlaga og gerir ríkisstjórn og fjárlaganefnd Alþingis grein fyrir niðurstöðunum.

10. gr.

Safnliðir.

Telji stofnun að þær aðstæður hafi skapast að hún geti óskað eftir viðbótarheimild af safnlið fjárlaga sem ætlað er að mæta tilgreindum útgjöldum, skal hún gera ráðuneyti grein fyrir tilefninu. Ráðuneyti skal svo fljótt sem auðið er taka afstöðu til slíkrar beiðni og tilkynna stofnun niðurstöðu sína. Fallist ráðuneyti á beiðnina skal leiðréttá ársáætlun á sama tíma og útgjöldin falla til.

11. gr.

Ófyrirséð greiðsluskylða.

Telji ráðuneyti að á stofnun falli ófyrirséð útgjöld, skal ráðuneyti þegar gera fjármálaráðuneytinu grein fyrir stöðu málsins. Fjármálaráðuneyti metur, að höfðu samráði við viðkomandi ráðuneyti, hvort útgjöldin séu ófyrirséð og leiði til greiðsluskyldu ríkissjóðs, sbr. 33. gr. laga nr. 88/1997. Fjármálaráðuneytið upplýsir ráðuneyti um niðurstöðu sína eins fljótt og auðið er. Niðurstaðan skal byggð á viðmiðunarreglum fjármálaráðuneytisins um rammafjárlagagerð.

Séu gerðir kjarasamningar sem kveða á um frekari útgjöld en fjárlög gera ráð fyrir skal fjármálaráðuneytið meta áhrif þeirra eins fljótt og auðið er.

Falli greiðsluskylða á ríkissjóð samkvæmt þessari grein leitar fjármálaráðherra heimildar Alþingis til greiðslu útgjaldanna í samræmi við nánari fyrirmæli 33. gr., 34. gr. og 44. gr. laga nr. 88/1997.

12. gr.

Eftirlit með ársáætlun.

Við rekstur stofnunar skal forstöðumaður gæta þess að samræmi sé á milli útgjalda hennar og áætlunar í lok hvers tímabils innan ársins.

Ráðuneyti skal reglubundið og ekki sjaldnar en þriðja hvern mánuð bera saman áætlun og útgjöld. Komi í ljós eftir könnun ráðuneytis á útgjöldum stofnunar, eða að fengnum upplýsingum forstöðumanns, að útgjöld stofnunar eru meira en 4% umfram áætlun hennar skal ráðuneyti hafa frumkvæði að því að leita skýringa og beita sér fyrir að forstöðumaður grípi til nauðsynlegra aðgerða til að færa útgjöld að heimildum.

13. gr.

Skuldbindingar.

Forstöðumanni og stjórn stofnunar er óheimilt að stofna til annarra fjárskuldbindinga en þeirra sem gert er ráð fyrir í fjárlögum, nema að því leyti sem slíkt rúmast innan reglna fjármálaráðuneytis, nr. 83/2000 um láns- og reikningsviðskipti A-hluta ríkisstofnana. Skuldbindingar sem stafa af hefðbundnum greiðslufresti í viðskiptum falla hér ekki undir, enda byggist þær á ákvörðunum, sem gert hefur verið ráð fyrir í ársáætlun, sbr. 32. gr. laga nr. 88/1997.

IV. KAFLI

Skyldur forstöðumanna.

14. gr.

Almennt.

Forstöðumaður ber ábyrgð á því að stofnun sem hann stýrir, starfi samkvæmt lögum og erindisbréfi. Jafnframt ber forstöðumaður ábyrgð á að útgjöld hennar séu í samræmi við fjár-

heimildir og að fjármunir séu nýttir á árangursríkan hátt, sbr. 38. gr. laga nr. 70/1996. Forstöðumaður ber ennfremur ábyrgð á því að fjárreiður og rekstur stofnunar sé í samræmi við þær áætlanir sem gerðar hafa verið til lengri og skemmri tíma, sbr. 7. og 8. gr.

15. gr.

Skylda til þess að tilkynna um veruleg umframútgjöld.

Forstöðumaður skal gæta þess að samræmi sé á milli útgjalda og ársáætlunar. Komi í ljós að heildarútgjöld að frádregnum tekjum eru meira en 4% umfram áætlun stofnunar skal forstöðumaður tafarlaust skýra stjórn hennar og ráðuneyti frá því, hverjar séu ástæður þess og hvernig hann hyggst bregðast við þeim.

Það leysir forstöðumann stofnunar ekki undan skyldum sínum, að hafa tilkynnt um veruleg umframútgjöld stofnunar til ráðuneytis. Honum ber jafnt sem áður skylda til þess að leita allra mögulegra úrræða til þess að bregðast við þeim vanda sem upp er kominn.

16. gr.

Erindisbréf.

Ráðherra setur sérhverjum forstöðumanni erindisbréf þar sem tilgreind skulu helstu markmið til lengri og skemmri tíma og hverjar skuli vera skyldur hans í þeim efnunum.

Í erindisbréfi skal gæta þess að glögg verkaskipting sé á milli stjórnar stofnunar og forstöðumanns.

Í erindisbréfi skulu helstu verkefni forstöðumanns tilgreind. Fjalla skal sérstaklega um þau verkefni sem lúta að samskiptum ráðuneytis og forstöðumanns um gerð ársáætlunar, sbr. 8. gr. og um framkvæmd þeirra. Jafnframt skal kveða á um skyldu forstöðumanns til þess að upplýsa ráðuneyti um það þegar útgjöld stofnunar eru umfram ársáætlun, skv. 15. gr. og um skyldu forstöðumanns til þess að standa skil á upplýsingum skv. 9. gr.

V. KAFLI

Sérstök úrræði vegna umframútgjalda.

17. gr.

Útgjöld umfram ársáætlun.

Þegar ráðuneyti fær vitneskju um að útgjöld stofnunar eru meira en 4% umfram ársáætlun hennar skal það fara yfir skýringar forstöðumanns, sbr. 1. mgr. 15. gr. og ef nauðsyn krefur afla nauðsynlegra viðbótarskýringa hjá forstöðumanni og stjórn viðkomandi stofnunar. Ráðuneyti getur sett forstöðumanni og stjórn stofnunar allt að fimm daga frest til þess að skila nauðsynlegum gögnum og upplýsingum. Ráðuneyti leggur síðan sjálfstætt mat á framkomnar skýringar.

18. gr.

Frumkvæði ráðuneytis.

Ráðuneyti ber ábyrgð á því að forstöðumaður grípi til nauðsynlegra úrræða til þess að ráða bót á rekstrarvandanum. Það getur sett forstöðumanni og eftir atvikum stjórn stofnunar tímafrest til þess að bregðast við fyrirmælum sínum um úrbætur.

19. gr.

Áminning.

Komi í ljós að forstöðumaður hefur gerst brotlegur við starfsskyldur sínar, en ekki er nægilegt tilefni til þess að veita honum lausn um stundarsakir, sbr. 3. mgr. 26. gr. laga nr. 70/1996, skal hlutaðeigandi stjórnvald veita honum áminningu sbr. 21. gr. sömu laga.

Áður en forstöðumanni er veitt áminning skal honum send skrifleg greinargerð um þær ávirðingar sem á hann eru bornar og gefa honum kost á að skýra mál sitt.

Áminning skal vera skrifleg og jafnframt greindar ástæður hennar.

20. gr.

Lausn frá embætti.

Komi í ljós óreiða á bókhaldi, fjárreiðum eða að útgjöld eru ítrekað eða verulega, sbr. 2. mgr. 12. gr., umfram fjárheimildir, skal hlutaðeigandi stjórnvald, ráðuneyti eða stjórn stofnunar meta hvort veita skuli forstöðumanni áminningu skv. 2. mgr. 26. gr. og 2. mgr. 38. gr. laga nr. 70/1996 eða lausn um stundarsakir skv. 3. mgr. 26. gr. sömu laga.

Hafi forstöðumaður gerst sekur um stórfellda eða ítrekaða vanrækslu skal veita honum lausn um stundarsakir. Áður en ákvörðun er tekin um lausn um stundarsakir vegna ítrekaðrar vanrækslu skal áminning liggja fyrir, sbr. 19. gr. Ráðuneyti eða það stjórnvald sem veitir lausn, sbr. 31. gr. laga nr. 70/1996 skal tryggja að mál sé nægilega upplýst.

Ef forstöðumaður óskar skal rökstyðja ákvörðun um lausn um stundarsakir. Ef annað stjórnvald en ráðherra hefur tekið ákvörðun um lausn má bera hana undir hlutaðeigandi ráðherra.

Ef forstöðumanni er veitt lausn um stundarsakir skal máli hans vísað til nefndar skv. 27. gr. laga nr. 70/1996.

Um lausn forstöðumanns skal að öðru leyti gæta ákvæða VI. kafla laga nr. 70/1996 eftir því sem við á.

VI. KAFLI

Gildistaka.

21. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 51. gr. laga nr. 88/1997 um fjárreiður ríkisins og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um sama efni nr. 116 frá 13. febrúar 2001.

Fjármálaráðuneytinu, 22. desember 2004.

Geir H. Haarde.

Baldur Guðlaugsson.

SAMÞYKKT

um stjórn Fljótshéraðs og fundarsköp bæjarstjórnar.

I. KAFLI

Um skipan bæjarstjórnar og verkefni hennar.

1. gr.

Bæjarstjórn Fljótshéraðs er skipuð 11 bæjarstjórnarmönnum kjörnum samkvæmt lögum um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998, sbr. 8. og 12. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

2. gr.

Starfstímabil bæjarstjórnar hefst 15 dögum eftir kjördag í sveitarstjórnarkosningum og gildir til jafnlengdar út kjörtímabilið.

3. gr.

Bæjarstjórn fer með stjórn sveitarfélagsins samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga og annarra laga. Jafnframt fer hún með yfirstjórn stofnana og fyrirtækja á vegum sveitarfélagsins að svo miklu leyti sem bæjarstjórn hefur ekki falið öðrum slíka yfirstjórn.

4. gr.

Bæjarstjórn skal gæta hagsmuna sveitarfélagsins og vera í fyrirsvari fyrir það og vinna að sameiginlegum velferðarmálum íbúa þess.

5. gr.

Bæjarstjórn annast þau verkefni sem henni eru falin í lögum, reglugerðum og samþykktum. Þá getur bæjarstjórn ákveðið að sveitarfélagið taki að sér verkefni sem varðar íbúa þess sérstaklega, enda sé það ekki falið öðrum til úrlausnar að lögum.

6. gr.

Meðal verkefna bæjarstjórnar Fljótsdalshéraðs er:

1. Að kjósa forseta og varaforseta bæjarstjórnar, bæjarráð og aðrar nefndir, ráð og stjórnir skv. VI. kafla samþykktar þessarar, kjósa skoðunarmenn til að yfirfara ársreikninga sveitarfélagsins og ráða löggilta endurskoðendur eða endurskoðunarfyrirtæki sem vinna skal að endurskoðun hjá sveitarfélaginu, stofnunum þess og fyrirtækjum.
2. Að ákveða stjórnskipan sveitarfélagsins og ráða bæjarstjóra og aðra starfsmenn í helstu stjórnunarstöður hjá sveitarfélaginu, sbr. 60. og 62. gr.
3. Að móta stefnu fyrir starfsemi bæjarstjórnar, deilda og stofnana, setja starfsemi bæjarins reglur, meðal annars um ábyrgðarmörk nefnda, kjörinna fulltrúa og embættismanna, gjaldskrár o.þ.h. eftir því sem lög mæla fyrir um og þörf krefur.
4. Að gera fjárhagsáætlanir og starfsáætlanir sem eru stefnumótandi fyrir deildir og stofnanir.
5. Að bera ábyrgð á fjármálum sveitarfélagsins, stofnana þess og fyrirtækja skv. VII. kafla sveitarstjórnarlaga og VII. kafla samþykktar þessarar. Bæjarstjórn tekur ákvarðanir um verulegar skuldbindingar sveitarfélagsins til lengri tíma.

II. KAFLI

Um fundarsköp bæjarstjórnar.

7. gr.

Bæjarstjórn heldur reglulega fundi fyrsta og þriðja miðvikudag í hverjum mánuði. Bæjarstjórnarfundir skulu að jafnaði hefjast kl. 17.00. Heimilt er að fella niður fundi í bæjarstjórn í allt að tvo mánuði að sumarlagi. Þá getur bæjarstjóri í samráði við forseta bæjarstjórnar ákveðið að fella niður einstaka fundi þegar sérstaklega stendur á.

Aukafundi skal halda í bæjarstjórn eftir því sem þörf krefur að mati forseta bæjarstjórnar og bæjarstjóra. Þá er skylt að halda aukafund í bæjarstjórn ef a.m.k. þriðjungur bæjarfulltrúa krefst þess, enda geri þeir grein fyrir ástæðum og fundarefni.

8. gr.

Sá kjörinn fulltrúi sem á að baki lengstu setu í bæjarstjórn kveður hana saman til fyrsta fundar að afloknum sveitarstjórnarkosningum eigi síðar en 15 dögum eftir að hún tekur við störfum, þ.e. eigi síðar en 30 dögum eftir kjördag.

Hafi tveir eða fleiri fulltrúar í bæjarstjórn átt jafnlengi setu í bæjarstjórn fer aldursforseti þeirra með fundarboð skv. 1. mgr.

9. gr.

Bæjarstjóri, sbr. þó 8. gr., boðar bæjarstjórnarfundi og ákveður jafnframt fundarstað hafi bæjarstjórn ekki gert það.

10. gr.

Íbúum sveitarfélagsins skal kunnbert með auglýsingu hvar og hvenær bæjarstjórnarfundir eru haldnir. Miðað skal við að sem flestir íbúar sveitarfélagsins hafi greiðan aðgang að auglýsingunni.

Í upphafi kjörtímabils tekur bæjarstjórn ákvörðun um hvernig fundir hennar verði auglýstir og með hvaða fyrirvara. Skal sú ákvörðun kynnt íbúum sveitarfélagsins með tryggum hætti, svo sem í dreifibréfi, á heimasíðu sveitarfélagsins eða auglýsingu í héraðsfréttablaði.

11. gr.

Bæjarstjóri semur dagskrá bæjarstjórnarfundar í samráði við forseta bæjarstjórnar og skal dagskráin fylgja fundarboði.

Á dagskrá bæjarstjórnarfundar skal taka:

1. Lögákveðnar kosningar, svo sem kosningu forseta bæjarstjórnar og varaforseta bæjarstjórnar, kosningar nefnda, ráða og stjórna á vegum sveitarfélagsins, svo og ráðningar bæjarstjóra og annarra starfsmanna í helstu stjórnunarstöður hjá sveitarfélaginu.
2. Fundargerðir bæjarráðs, ráða, nefnda og stjórna á vegum sveitarfélagsins, sbr. 49. gr. sveitarstjórnarlaga.
3. Önnur mál sem falla undir verksvið bæjarstjórnar og bæjarstjóri og/eða forseti bæjarstjórnar ákveður að taka á dagskrá eða einhver bæjarfulltrúi óskar að tekin verði á dagskrá. Bæjarfulltrúi sem óskar að fá mál tekið á dagskrá bæjarstjórnarfundar skal tilkynna bæjarstjóra það skriflega, með tillögu eða fyrirspurn, fyrir kl. 12.00 fimmtudaginn fyrir bæjarstjórnarfund.

Dagskrá bæjarstjórnarfundar skulu fylgja afrit fundargerða, tillagna og annarra gagna sem bæjarstjóri telur nauðsynleg til að bæjarfulltrúar geti undirbúið sig fyrir fundinn. Dagskrá skal jafnframt fylgja afrit fundargerðar síðasta bæjarstjórnarfundar hafi hún ekki verið send út áður.

12. gr.

Bæjarstjóri skal hafa sent bæjarstjórnarmönnum fundarboð bæjarstjórnarfundar ásamt dagskrá og fylgigögnum þannig að þau gögn berist þeim í síðasta lagi tveimur sólarhringum fyrir bæjarstjórnarfund.

13. gr.

Dagskrá bæjarstjórnarfundar skal vera aðgengileg íbúum sveitarfélagsins þegar hún hefur verið samin, svo sem á auglýsingatöflu sveitarfélagsins, heimasíðu þess, skrifstofu sveitarfélagsins á venjulegum afgreiðslutíma eða með öðrum hætti sem bæjarstjórn ákveður.

14. gr.

Bæjarstjóri skal senda bæjarstjórnarmönnum fundarboð aukafundar í bæjarstjórn þannig að það berist þeim ásamt dagskrá a.m.k. einum sólarhring fyrir fund.

15. gr.

Sá bæjarfulltrúi er boðar til fyrsta fundar skv. 8. gr. setur fyrsta fund nýkjörinnar bæjarstjórnar og stýrir honum uns forseti bæjarstjórnar hefur verið kjörinn.

Forseti bæjarstjórnar skal kjörinn til eins árs. Ef forseti bæjarstjórnar nýtur ekki lengur stuðnings meiri hluta þeirra sem sæti eiga í bæjarstjórn skal hann víkja sæti og forsetakjör fara fram á ný.

Sá er rétt kjörinn forseti bæjarstjórnar sem fengið hefur atkvæði meiri hluta þeirra sem sæti eiga í bæjarstjórn. Verði þeim atkvæðafjöldi ekki náð skal kjósa að nýju um þá tvo sem flest atkvæði fengu. Hafi þrír eða fleiri bæjarfulltrúar fengið jafnmörg atkvæði skal varpa hlutkesti um hverja tvo skuli kjósa. Verður þá sá rétt kjörinn forseti bæjarstjórnar sem fleiri atkvæði fær þó hann fái ekki helming atkvæða. Verði atkvæði jöfn ræður hlutkesti kosningu.

Forseti bæjarstjórnar stjórnar kjöri varaforseta bæjarstjórnar og skal sömu aðferð beitt við kosningu þeirra, sbr. 3. mgr. Varaforsetar bæjarstjórnar skulu kjörnir til jafnlangs tíma og forseti bæjarstjórnar.

Tilkynna skal kjör forseta bæjarstjórnar og varaforseta bæjarstjórnar til félagsmálaráðuneytisins þegar að því loknu.

Sé enginn forseta bæjarstjórnar á fundi gegnir aldursforseti störfum forseta bæjarstjórnar nema bæjarstjórn ákveði að kjósa sérstakan fundarstjóra.

Ef forseti bæjarstjórnar deyr eða verður varanlega forfallaður frá störfum skal kjósa forseta bæjarstjórnar í hans stað til loka kjörtímabils forseta bæjarstjórnar, þ.e. út árið.

16. gr.

Bæjarstjórn getur kosið tvo skrifara og tvo varaskrifara úr hópi bæjarfulltrúa til eins árs í senn á sama fundi og kosning forseta bæjarstjórnar fer fram. Skrifarar skulu telja saman atkvæði við kosningar og þegar atkvæðagreiðslur fara fram í bæjarstjórn.

17. gr.

Bæjarstjórnarfundur skal að jafnaði halda í heyranda hljóði og almenningi heimilaður aðgangur að þeim eftir því sem húsrúm leyfir.

Bæjarstjórnarfundur skal haldinn í húsnæði sem fullnægir ákvæðum skipulags- og byggingarlaga og byggingarreglugerðar, meðal annars um aðgengi fatlaðs fólks. Meðan ákvæðum 2. mgr. 17. gr. er ekki fullnægt skal bæjarstjórn sjá til þess að fatlaðir fái nauðsynlega aðstoð vilji þeir hlýða á bæjarstjórnarfund.

Bæjarstjórn getur ákveðið að einstök mál verði rædd fyrir luktum dyrum þegar það telst nauðsynlegt vegna eðlis málsins, svo sem ef til umræðu eru viðkvæm einkamál manna eða viðskiptamál sem æskilegt er vegna hagsmuna sveitarfélagsins að rædd verði fyrir luktum dyrum. Jafnframt getur bæjarstjórn ákveðið að bæjarstjórnarfundur þar sem eingöngu er fjallað um slík mál verði haldinn fyrir luktum dyrum. Tillaga um að mál skuli rædd fyrir luktum dyrum skal afgreidd umræðulaust í bæjarstjórn.

Óheimilt er að skýra frá því sem fram kemur við umræður á lokuðum fundi í bæjarstjórn.

18. gr.

Bæjarstjórnarfundur er lögmætur ef meira en helmingur bæjarfulltrúa er mættur á fundinn. Bæjarstjórn getur enga bindandi ályktun gert nema fundur sé lögmætur.

19. gr.

Forseti bæjarstjórnar stýrir fundum hennar. Hann setur fund, kannar lögmæti hans, stjórnar umræðum og afgreiðslu mála og slítur fundi þegar dagskrá hans er tæmd. Jafnframt sér hann um að fundargerðir séu skipulega færðar í gerðabók bæjarstjórnarinnar og að allar ályktanir og samþykktir séu rétt og nákvæmlega bókaðar.

Forseti bæjarstjórnar úrskurðar um skilning á fundarsköpum, en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar bæjarstjórnar. Forseti bæjarstjórnar sér um að allt fari skipulega og löglega fram á bæjarstjórnarfundum og er bæjarfulltrúum skylt að lúta valdi hans að því er varðar fundarsköp og góða reglu. Raski áheyrandi fundarfriði getur forseti bæjarstjórnar vísað honum úr fundarsal. Leyfi forseta bæjarstjórnar þarf til að taka myndir og hljóðrita umræður á bæjarstjórnarfundum.

20. gr.

Mál skulu tekin til umræðu og afgreidd í bæjarstjórn í þeirri röð sem þau eru á dagskrá nema forseti bæjarstjórnar eða bæjarstjórn ákveði annað.

Heimilt er að taka til meðferðar á bæjarstjórnarfundum mál sem ekki hefur verið á dagskrá ef 2/3 viðstaddra bæjarfulltrúa samþykkja slíkt afbrigði.

21. gr.

Bæjarstjórn afgreiðir mál að jafnaði við eina umræðu. Þó skal hafa tvær umræður með a.m.k. einnar viku millibili um eftirtalin málefni:

1. Fjárhagsáætlanir sveitarfélagsins, stofnana þess og fyrirtækja.
2. Ársreikninga sveitarfélagsins, stofnana þess og fyrirtækja.
3. Samþykktir, reglugerðir og gjaldskrár sem hljóta eiga staðfestingu ráðherra.
4. Áætlanir fyrir sveitarfélagið sem gilda eiga til lengri tíma, svo sem þriggja ára áætlanir og skipulags- og framkvæmdaáætlanir.
5. Tilkynningu til eftirlitsnefndar skv. 75. gr. sveitarstjórnarlaga.

22. gr.

Bæjarfulltrúa er skylt að sækja alla bæjarstjórnarfundum nema lögmæt forföll hamli, svo sem önnur brýnni skyldustörf eða veikindi.

Sé bæjarfulltrúi forfallaður um stundarsakir skal hann tilkynna eða láta tilkynna forföllin til bæjarstjóra og boða varamann sinn á fund. Varamenn taka sæti í þeirri röð sem þeir eru kosnir þegar aðalmenn þess lista sem þeir eru kosnir af forfallast. Ef framboðslisti er borinn fram af tveimur eða fleiri stjórnarmálaflokkum eða samtökum geta aðalmenn listans komið sér saman um mismunandi röð varamanna eftir því hver aðalmanna hefur forfallast.

Bæjarstjóri skal sitja fundi bæjarstjórnar með málfrelsi og tillögurétt, en hann hefur ekki atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn í bæjarstjórn.

Bæjarstjórn getur heimilað einstaklingi utan bæjarstjórnar að taka til máls á bæjarstjórnarfundum.

23. gr.

Bæjarfulltrúa ber að víkja sæti við meðferð og afgreiðslu máls þegar það varðar hann eða nána venslamenn hans svo sérstaklega að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti þar af.

Bæjarfulltrúar eru ekki vanhæfir þegar verið er að velja fulltrúa til trúnaðarstarfa á vegum bæjarstjórnarinnar eða ákveða þóknun fyrir slík störf.

Bæjarfulltrúar sem jafnframt eru starfsmenn sveitarfélagsins og hafa sem slíkir átt þátt í að undirbúa tiltekið mál sem lagt er fyrir bæjarstjórn eru alltaf vanhæfir þegar bæjarstjórn

fjallar um málið. Þetta á þó hvorki við um bæjarstjóra né þegar bæjarstjórn fjallar um og afgreiðir fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélagsins.

Bæjarfulltrúi sem veit hæfi sitt orka tvímælis skal vekja athygli bæjarstjórnar á því. Bæjarfulltrúa er heimilt við meðferð máls sem hann er vanhæfur að afgreiða að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni. Bæjarstjórn sker umræðulaust úr um hvort mál er svo vaxið að einhver bæjarfulltrúa sé vanhæfur. Bæjarfulltrúi sem hlut á að máli má taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt.

Bæjarfulltrúi sem vanhæfur er við úrlausn máls skal yfirgefa fundarsal bæjarstjórnar við meðferð þess og afgreiðslu.

24. gr.

Bæjarfulltrúi hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum bæjarstjórnar. Bæjarfulltrúi sem taka vill til máls skal óska heimildar forseta bæjarstjórnar. Að jafnaði skulu bæjarfulltrúar taka til máls í þeirri röð sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Víkja má frá þeirri reglu ef um er að ræða bæjarstjóra, framsögumann í máli eða bæjarfulltrúa sem óskar að gera stutta athugasemd eða koma leiðréttingu á framfæri. Hafi tveir eða fleiri bæjarfulltrúar kvatt sér hljóðs samtímis ákveður forseti bæjarstjórnar í hvaða röð þeir skuli tala. Bæjarfulltrúi skal flytja mál sitt úr ræðustól nema forseti bæjarstjórnar leyfi annað.

25. gr.

Bæjarfulltrúi skal beina máli sínu til forseta bæjarstjórnar eða fundarins. Þegar til umræðu er fundargerð bæjarráðs, annarrar nefndar, ráðs eða stjórnar skal bæjarfulltrúi taka fram hvaða lið/liði fundargerðarinnar hann óskar að ræða.

Bæjarfulltrúi má tala tvisvar við hverja umræðu máls. Heimilt er þó bæjarfulltrúa að taka oftari til máls til að bera af sér ámæli eða til að gera stutta athugasemd um fundarstjórn forseta bæjarstjórnar. Bæjarstjóri, flutningsmaður tillögu eða framsögumaður (talsmaður flutningsmanna) má þó tala oftari en tvisvar við hverja umræðu máls.

Ekki má bæjarfulltrúi lesa upp prentað mál við umræður í bæjarstjórn nema með leyfi forseta bæjarstjórnar.

26. gr.

Beri bæjarfulltrúi aðra menn brigsalum skal forseti bæjarstjórnar víta hann. Forseti bæjarstjórnar getur lagt til við bæjarstjórn að bæjarfulltrúi sem víttur hefur verið tvisvar á sama fundi verði sviptur málfrelsi á þeim fundi. Skal slík tillaga afgreidd umræðulaust. Hljóðnist bæjarfulltrúi ekki úrskurði forseta bæjarstjórnar eða bæjarstjórnar eða ef óregla kemur upp á fundi skal forseti bæjarstjórnar gera fundarhlé, fresta fundi eða slíta fundi ef nauðsyn krefur.

27. gr.

Telji forseti bæjarstjórnar umræður dragast úr hófi fram getur hann lagt fram dagskrár-tillögu um að ræðutími hvers bæjarfulltrúa verði takmarkaður, umræðum verði lokið á tilteknum tíma eða umræðum um mál verði lokið þá þegar. Hver bæjarfulltrúi getur og borið fram slíkar tillögur. Bæjarstjórn afgreiðir tillögur um takmörkun umræðna umræðulaust. Ekki má þó takmarka umræðu um mál svo að hún standi skemur en tvær klukkustundir ef einhver bæjarfulltrúi kveður sér hljóðs. Umræður um fjárhagsáætlun eru ekki háðar ákvæðum greinar þessarar.

28. gr.

Bæjarfulltrúi getur borið fram breytingartillögu, viðaukatillögu, frávísunartillögu eða frestunartillögu við hvert það mál sem til umræðu er á fundi. Slíkar tillögur skulu vera skrif-

legar ef forseti bæjarstjórnar óskar. Forseti bæjarstjórnar ákveður í hvaða röð og með hvaða hætti slíkar tillögur eru teknar til afgreiðslu.

29. gr.

Mál er afgreitt í bæjarstjórn með því að samþykkja það eða fella það, vísa því frá bæjarstjórn eða vísa því til afgreiðslu bæjarráðs, annarrar nefndar, ráðs eða stjórnar eða bæjarstjóra. Máli sem bæjarstjórn ber að lögum að afgreiða verður þó eigi vísað til afgreiðslu annarra. Bæjarstjórn er heimilt að fresta afgreiðslu máls nema um sé að ræða mál sem að lögum ber að afgreiða fyrir tiltekinn tíma.

30. gr.

Atkvæðagreiðsla á bæjarstjórnarfundi fer að jafnaði fram með handauppréttingu. Forseti biður þá bæjarfulltrúa sem samþykkja mál að rétta upp hönd sína. Að því búnu leitar forseti mótatkvæða með sama hætti. Loks skýrir forseti frá úrslitum atkvæðagreiðslunnar.

Ef mál er svo vaxið að forseti telur ástæðulaust að atkvæðagreiðsla fari fram um það skýrir hann frá því að hann telji mál samþykkt eða fellt án atkvæðagreiðslu nema athugasemd verði við það gerð.

Forseti getur ákveðið að mál verði afgreitt með nafnakalli. Einnig ber forseta að láta fara fram nafnakall ef a.m.k. þriðjungur bæjarfulltrúa óskar þess. Við nafnakall skal farið eftir tölusettri nafnaskrá bæjarfulltrúa í stafrófsröð og skal það ráðast af útdrætti hvaða bæjarfulltrúi greiðir fyrst atkvæði við nafnakall. Við nafnakall skal forseti greiða atkvæði síðastur. Við nafnakall svarar bæjarfulltrúi, þegar forseti les upp nafn hans, já eða nei eftir því hvort hann er með máli eða móti eða tekur fram að hann greiði ekki atkvæði, en slík afstaða telst þó þátttaka í atkvæðagreiðslu.

Heimilt er að afgreiða mál með skriflegri atkvæðagreiðslu ef bæjarfulltrúi óskar og bæjarstjórn samþykkir.

Kosningar skulu vera skriflegar og leynilegar ef bæjarfulltrúi fer fram á það.

31. gr.

Á bæjarstjórnarfundum ræður afl atkvæða úrslitum mála. Hjáseta telst þátttaka í atkvæðagreiðslu.

Ef jafnmörg atkvæði eru með málefni og móti því fellur það, en við kosningar ræður hlutkesti.

Kosningar sem fara fram í bæjarstjórn skulu vera hlutfallskosningar skv. d'Hondts reglu, sbr. 85. og 86. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998. Þegar um meirihlutakosningu er að ræða, svo sem við kjör eins fulltrúa úr hópi tveggja eða fleiri, skal kosning fara fram eins og við kjör forseta bæjarstjórnar.

32. gr.

Bæjarstjórn getur ráðið sérstakan fundarritara utan bæjarstjórnar til að annast ritun fundargerða í gerðabók bæjarstjórnar. Í fundargerð skal getið hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji fundinn. Skrá skal þau mál sem tekin eru fyrir, dagsetningu þeirra, aðila máls og meginefni og hvernig mál er afgreitt. Sé mál ekki afgreitt samhljóða skal greina í fundargerð hvernig atkvæði hafa skipst. Þegar lagðar eru fram fundargerðir nefnda nægir að skrá í fundargerð bæjarstjórnar um hvaða nefndir er að ræða, dagsetningu fundargerða og fjölda tölulíða.

Mál sem tekin eru fyrir á lokuðum fundi skal skrá sem trúnaðarmál nema tilefni sé til annars.

Í lok fundar skal fundargerð lesin upp og skulu allir viðstaddir fundarmenn undirrita hana nema bæjarstjórn ákveði annað.

Fundargerðir bæjarstjórnar skulu að jafnaði skráðar í tölvu. Jafnframt skal bóka í gerðabók bæjarstjórnarinnar númer fundar, hvar og hvenær fundurinn er haldinn og að fundargerð sé færð í tölvu. Þá skal færa í gerðabók fundarslit og greina blaðsíðutal tölvufærðrar fundargerðar. Viðstaddir bæjarfulltrúar skulu rita nöfn sín við slit fundar í gerðabók. Í lok fundarins skal tölvuskráð fundargerð prentuð út og hún undirrituð af fundarmönnum. Einnig skal forseti bæjarstjórnar og a.m.k. einn fundarmanna setja upphafsstafi sína undir hverja blaðsíðu fundargerða sem blaðsíðusettar skulu í áframhaldandi töluröð. Undirritaðar tölvuskráðar fundargerðir skulu reglulega bundnar inn til varanlegrar varðveislu.

Bæjarfulltrúi sem gera vill athugasemd við eitthvert atriði í fundargerð getur undirritað fundargerðina með fyrirvara um það atriði.

Bæjarstjórn getur ákveðið að umræður á bæjarstjórnarfundum verði hljóðritaðar eða teknar upp með öðrum hætti. Verði það ákveðið skal bæjarstjórn setja um það nánari reglur.

III. KAFLI

Um réttindi og skyldur bæjarfulltrúa.

33. gr.

Bæjarfulltrúa er bæði rétt og skylt að sækja fundi bæjarstjórnar nema lögmæt forföll hamli.

Aðal- og varamönnum í bæjarstjórn er skylt að taka kjöri í nefnd, ráð eða stjórn á vegum sveitarfélagsins. Hver bæjarfulltrúi er skyldur til að taka að sér þau störf sem bæjarstjórn felur honum og varða verkefni bæjarstjórnarinnar, svo sem störf forseta bæjarstjórnar. Þó getur sá sem verið hefur forseti bæjarstjórnar eitt kjörtímabil eða lengur eða setið í bæjarráði eða annarri nefnd sama tímabil skorast undan kosningu jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið á hendi.

34. gr.

Bæjarfulltrúa ber að gegna störfum sínum í bæjarstjórn af alúð og samviskusemi og gæta hagsmuna sveitarfélagsins, en í störfum sínum er bæjarfulltrúi einungis bundinn af lögum og sannfæringu sinni.

35. gr.

Bæjarfulltrúi hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum bæjarstjórnar eftir því sem nánar er ákveðið í samþykkt þessari.

Bæjarfulltrúa er ekki skylt að taka þátt í atkvæðagreiðslu um einstök mál. Þegar um er að ræða mál sem bæjarstjórn er að lögum skylt að afgreiða, svo sem fjárhagsáætlun, ársreikninga eða kjör fulltrúa í lögboðnar nefndir, getur forseti bæjarstjórnar ákveðið að endurtaka atkvæðagreiðslu ef minna en helmingur bæjarfulltrúa tekur þátt í atkvæðagreiðslunni.

Bæjarfulltrúi á rétt á að fá mál skv. 11. gr. samþykktar þessarar tekið á dagskrá bæjarstjórnarfundar enda tilkynni hann það bæjarstjóra skriflega a.m.k. fyrir kl. 12.00 fimmtudaginn fyrir bæjarstjórnarfund.

36. gr.

Bæjarfulltrúi á aðgang að bókum og skjölum sveitarfélagsins og einnig óhindraðan aðgang að stofnunum og fyrirtækjum þess á venjulegum afgreiðslutíma til upplýsingaöflunar vegna starfa sinna.

37. gr.

Bæjarfulltrúi á rétt á að fá bókaða stutta athugasemd um afstöðu sína til þeirra mála sem til umræðu eru í bæjarstjórn.

38. gr.

Bæjarfulltrúi skal gæta þagnarskyldu um það sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- eða almannahagsmuna samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskyldan helst áfram eftir að bæjarfulltrúi lætur af þeim störfum.

39. gr.

Nú telur bæjarfulltrúi sig ekki geta gegnt skyldum sínum í bæjarstjórn án óhæfilegs álags og getur bæjarstjórn þá létt af honum störfum eða veitt honum lausn að eigin ósk um tiltekinn tíma eða til loka kjörtímabils. Varamaður tekur þá sæti hans skv. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

Missi fulltrúi í bæjarstjórn kjörgengi, skal hann víkja úr bæjarstjórn, sbr. þó ákvæði 4. mgr. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

Nú er bæjarfulltrúi af einhverjum ástæðum sviptur fjárforræði, svo sem ef bú hans er tekið til gjaldþrotaskipta, og skal bæjarstjórn þá veita honum lausn frá störfum þann tíma er sviptingin gildir.

40. gr.

Kjörnum fulltrúum ber greiðsla úr bæjarsjóði fyrir störf sín í þágu sveitarfélagsins samkvæmt reglum sem bæjarstjórn setur. Ef um langan veg er að fara milli heimilis bæjarfulltrúans og fundarstaðar bæjarstjórnar getur bæjarstjórn auk þess ákveðið að hann skuli fá hæfilega greiðslu vegna ferðakostnaðar. Takist bæjarfulltrúi á hendur ferð á vegum sveitarfélagsins samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnarinnar á hann rétt á greiðslu hæfilegs ferða- og dvalarkostnaðar.

Greiða skal í lífeyrissjóð af launum vegna setu í bæjarstjórn, ráðum og nefndum á vegum sveitarfélagsins.

Bæjarstjórn setur nánari reglur um greiðslur skv. 1. mgr.

41. gr.

Haga skal fundum bæjarstjórnar þannig að bæjarfulltrúar eigi möguleika á að taka sér orlof árlega.

42. gr.

Ákvæði þessa kafla um réttindi og skyldur bæjarfulltrúa gilda einnig um varamenn sem taka sæti í bæjarstjórn.

IV. KAFLI

Bæjarráð.

43. gr.

Bæjarstjórn skal á fyrsta fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum kjósa fimm bæjarfulltrúa í bæjarráð til eins árs og jafnmarga til vara. Aðalmenn í bæjarstjórn eru einir kjörgengir sem aðalmenn í bæjarráð.

Bæjarstjóri situr fundi bæjarráðs með málfrelsi og tillögurétt, en atkvæðisrétt hefur hann því aðeins að hann sé bæjarfulltrúi og kjörinn í bæjarráð.

Bæjarstjórn getur heimilað flokki eða framboðsaðila sem fulltrúa á í bæjarstjórn en ekki hefur fengið kjörinn bæjarráðsmann að tilnefna fulltrúa til setu í bæjarráði með málfrelsi og

tillögurétt. Skyld er bæjarstjórn að gefa fulltrúa flokks/framboðsaðila kost á setu í bæjarráði með málfrelsi og tillögurétt þann tíma sem fundir bæjarstjórnar falla niður vegna sumarleyfa.

Forfallist aðalmenn í bæjarráði er heimilt að kalla inn varamenn af sama framboðslista í þeirri röð sem þeir skipuðu framboðslistann.

44. gr.

Bæjarráð skal að jafnaði halda fundi annan, fjórða og e.t.v. fimmta miðvikudag í mánuði kl. 17.00. Aukafundi skal halda ef bæjarstjóri, formaður bæjarráðs eða a.m.k. tveir bæjarráðsmenn óska þess.

45. gr.

Bæjarstjóri undirbýr bæjarráðsfundi í samráði við formann bæjarráðs og sér um að ráðið sé boðað til fundar með skriflegu fundarboði ásamt dagskrá a.m.k. einum sólarhring fyrir fund. Geti bæjarráðsmaður ekki sótt fund skal hann boða varamann sinn eða hlutast til um að varamaður sé boðaður.

46. gr.

Bæjarstjórn kýs bæjarráði formann og varaformann. Formaður bæjarráðs stjórnar fundum þess og sér um að allt fari löglega og skipulega fram á fundum þess. Hann úrskurðar í ágreiningsmálum sem upp kunna að koma út af fundarsköpum en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar bæjarráðs. Heimilt er að taka mál til meðferðar í bæjarráði þótt ekki sé það tilgreint í dagskrá. Þó er skyld að fresta afgreiðslu slíks máls ef einhver bæjarráðsmanna óskar þess.

Bæjarráð getur ráðið sér fundarritara utan bæjarráðs. Um ritun fundargerða bæjarráðs gilda sömu reglur og um ritun fundargerða bæjarstjórnar, sbr. 32. gr.

47. gr.

Bæjarráð fer ásamt bæjarstjóra með framkvæmdastjórn sveitarfélagsins og fjármála- stjórn að því leyti sem slík stjórn er ekki öðrum falin. Bæjarráð hefur umsjón með stjórnýslu sveitarfélagsins, undirbúningi árlegrar fjárhagsáætlunar, semur drög að fjárhagsáætlun bæjarsjóðs, stofnana hans og fyrirtækja að fengnum tillögum hlutaðeigandi ráða, nefnda og stjórna og leggur þau fyrir bæjarstjórn í samræmi við ákvæði sveitarstjórnarlaga. Þá sér bæjarráð um að ársreikningar sveitarsjóðs séu samdir og þeir ásamt ársreikningum stofnana og fyrirtækja sveitarfélagsins lagðir fyrir bæjarstjórn til afgreiðslu svo sem sveitarstjórnarlög mæla fyrir um.

Bæjarráð gerir tillögur til bæjarstjórnar um afgreiðslu einstakra mála sem það fær til meðferðar. Bæjarráði er þó heimil fullnaðarafgreiðsla mála sem ekki varða verulega fjárhag sveitarsjóðs eða stofnana hans, enda sé ekki ágreiningur milli bæjarráðsmanna eða við bæjarstjóra um slíka afgreiðslu. Þá getur bæjarstjórn falið bæjarráði fullnaðarafgreiðslu mála nema lög mæli á annan veg.

48. gr.

Skyld er starfsmönnum sveitarfélagsins að sitja fundi bæjarráðs ef þess er óskað.

V. KAFLI

Nefndir, ráð og stjórnir.

49. gr.

Bæjarstjórn kýs fulltrúa í bæjarráð, aðrar nefndir, ráð og stjórnir samkvæmt ákvæðum laga, reglugerða og samþykktar þessarar. Slíkar kosningar skulu vera leynilegar bundnar hlutfallskosningar ef einhver bæjarfulltrúi óskar þess.

Starfsmenn fyrirtækja og stofnana sveitarfélagsins eru ekki kjörgengir í nefndir, ráð og stjórnir þeirra fyrirtækja eða stofnana er þeir starfa hjá.

50. gr.

Forseti bæjarstjórnar boðar ráð og nefndir saman til fyrsta fundar eða ákveður hver skuli gera það.

Nefndarmönnum er skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli. Þegar aðalmaður í nefnd forfallast um stundarsakir skal varamaður hans taka sæti hans. Þegar aðalmaður í ráði eða nefnd flyst burt úr sveitarfélaginu, fellur frá eða forfallast á annan hátt varanlega tekur varamaður hans sæti þar til bæjarstjórn hefur kosið aðalmann að nýju og eftir atvikum annan varamann.

Hafi tveir eða fleiri flokkar eða framboðsaðilar haft samstarf um kosningar í nefndir og ráð skal sá sem tilnefndi viðkomandi nefndarmann einnig tilnefna varamann hans sé eigi öðruvísi ákveðið í yfirlýsingu skv. 2. mgr. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

51. gr.

Fundi nefnda, ráða og stjórna skal halda fyrir luktum dyrum. Nefndir, ráð og stjórnir geta kvatt á sinn fund einstaka starfsmenn sveitarfélagsins. Enn fremur getur nefnd boðið aðila að koma á sinn fund til viðræðna um tiltekin mál.

52. gr.

Formaður nefndar stýrir fundum. Ákvæði II. og III. kafla samþykktar þessarar gilda um meðferð mála í ráðum, nefndum og stjórnnum sveitarfélagsins eftir því sem við á.

53. gr.

Bæjarstjórn staðfestir samþykktir fyrir nefndir, ráð og stjórnir þar sem kveðið er á um hlutverk, valdsvið og starfshætti þeirra í samræmi við lög, reglugerðir og almennar samþykktir bæjarstjórnar.

54. gr.

Bæjarstjórn getur falið nefnd fullnaðarafgreiðslu einstakra mála eða málaflokka nema slíkt vald sé að lögum sérstaklega falið bæjarstjórn til ákvörðunar. Slík afgreiðsla skal fara fram á grundvelli samþykktar fyrir viðkomandi nefnd.

55. gr.

Bæjarstjórn skal setja skýrar reglur um fullnaðarafgreiðslu embættismanna en viðkomandi nefndir hafa eftirlit með þeim og kalla reglulega eftir skýringum og upplýsingum um ákvarðanir sem teknar eru á grundvelli þeirra.

Embættismanni er alltaf heimilt að vísa ákvörðun skv. 1. mgr. til viðkomandi nefndar til fullnaðarafgreiðslu.

56. gr.

Ráð, nefndir og stjórnir sveitarfélagsins skulu halda gerðabækur. Kjörinn ritari skal sjá um að rita fundargerð og færa hana í gerðabók. Um ritun fundargerða ráða, nefnda og stjórna gilda sömu reglur og um ritun fundargerða bæjarstjórnarinnar, sbr. 32. gr.

57. gr.

Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna skulu teknar á dagskrá bæjarstjórnarfunda svo fljótt sem unnt er að afloknum fundi þeirra. Þær fundargerðir sem teknar hafa verið fyrir á fundi nefnda, ráða og stjórna skulu fylgja fundargerð þess til bæjarstjórnar.

Aðrar fundargerðir en þær sem undir nefndirnar heyra skulu berast til bæjarráðs eða bæjarstjórnar ef ekki er kveðið á um annað.

Ef fundargerðir innihalda ekki ályktanir eða tillögur sem þarfnast sérstakrar staðfestingar bæjarstjórnar skal hún lögð fram til kynningar. Ef ályktanir eða tillögur þarfnast staðfestingar bæjarstjórnar ber að taka þær sérstaklega fyrir. Hafi ályktun nefndar, ráðs eða stjórnar í för með sér fjárútlát umfram áður veittar heimildir skal ályktunin ætíð lögð fyrir bæjarráð sem síðan sendir málið til endanlegrar afgreiðslu bæjarstjórnar.

58. gr.

Bæjarstjórn kýs í eftirtaldar nefndir, stjórnir og embætti:

A. Fulltrúar kjörnir til eins árs á fundi í júní ár hvert:

1. *Bæjarráð*. Fimm aðalfulltrúar í bæjarstjórn sem aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 38. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.
2. *Fulltrúar og varafulltrúar á aðalfund Sambands sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi* samkvæmt samþykktum þar að lútandi.
3. *Héraðsnefnd Múlasýslna* samkvæmt samþykktum þar að lútandi.
4. *Fulltrúaráð Skólaskrifstofu Austurlands* samkvæmt samþykktum þar að lútandi.

B. Fulltrúar í fastanefndir kjörnir út kjörtímabilið á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum bæjarstjórnarkosningum:

1. *Umhverfis- og náttúruverndarnefnd*. Fimm fulltrúar og jafnmargir til vara. Þar af skal a.m.k. einn aðalmaður vera kjörinn aðal- eða varabæjarstjórnarfulltrúi. Nefndin fer með umhverfis- og náttúruverndarmál samkvæmt samþykktum um umhverfis- og náttúruverndarnefnd, lögum um landgræðslu nr. 17/1965 og lögum um náttúruvernd nr. 93/1996. Nefndin fer einnig með málefni Sorpstöðvar og vinnuskóla.
2. *Skipulags- og byggingarnefnd*. Sjö fulltrúar og jafnmargir til vara. Þar af skal a.m.k. einn aðalmaður vera kjörinn bæjarstjórnarfulltrúi. Nefndin fer með skipulags- og byggingarmál skv. skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997.
3. *Fræðslunefnd*. Sjö fulltrúar og jafnmargir til vara. Þar af skal a.m.k. einn aðalmaður vera kjörinn bæjarstjórnarfulltrúi. Nefndin fer með fræðslumál samkvæmt samþykkt um fræðslunefnd og samkvæmt lögum um leikskóla nr. 78/1994, lögum um grunnskóla nr. 66/1995, lögum um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla nr. 75/1985 og lögum um framhaldsskóla nr. 80/1996.
4. *Menningarnefnd*. Fimm fulltrúar og jafnmargir til vara. Þar af skal a.m.k. einn aðalmaður vera kjörinn aðal- eða varabæjarstjórnarfulltrúi. Nefndin fer með menningarmál samkvæmt samþykkt um menningarnefnd. Nefndin annast þau störf er stjórn almenningsbókasafna eru falin samkvæmt lögum um almenningsbókasöfn nr. 36/1997.
5. *Íþrótt- og frístundanefnd*. Fimm fulltrúar og jafnmargir til vara. Þar af skal a.m.k. einn aðalmaður vera kjörinn aðal- eða varabæjarstjórnarfulltrúi. Nefndin fer með íþrótt- og frístundamál samkvæmt samþykkt um íþrótt- og tómstundanefnd og samkvæmt íþróttalögum nr. 64/1998 og lögum um æskulýðsmál nr. 24/1970.
6. *Félagsmálanefnd*. Fimm fulltrúar og jafnmargir til vara. Þar af skal a.m.k. einn aðalmaður vera kjörinn aðal- eða varabæjarstjórnarfulltrúi. Nefndin fer með málefni samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, málefni barnaverndar skv. 10. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 og málefni aldraðra skv. 5. gr. laga um málefni aldraðra nr. 82/1989.
7. *Jafnréttisnefnd*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin fer með jafnréttismál samkvæmt samþykkt um jafnréttisnefnd og samkvæmt lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 96/2000.

8. *Húsnæðisnefnd*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin fer með húsnæðismál samkvæmt samþykkt um húsnæðisnefnd og skv. 6. gr. laga um húsnæðismál nr. 44/1998.
 9. *Atvinnumálanefnd*. Þrír fulltrúar og jafnmargir til vara. Nefndin fer með atvinnumál samkvæmt samþykkt um atvinnumálanefnd.
 10. *Atvinnumálasjóður*. Þrír fulltrúar og jafnmargir til vara. Nefndarmenn skulu allir vera kjörnir bæjarstjórnarfulltrúar.
 11. *Dreifbýlis- og hálandisnefnd*. Sjö fulltrúar og jafnmargir til vara. Þar af skal a.m.k. einn aðalmaður vera kjörinn bæjarstjórnarfulltrúi. Þess verði gætt að fulltrúar nefndarinnar komi sem víðast úr sveitarfélaginu. Hlutverk nefndarinnar er að fara með málefni dreifbýlis og hálandis samkvæmt samþykkt um dreifbýlis- og hálandisnefnd.
 12. *Fasteigna- og þjónustunefnd*. Fimm fulltrúar og jafnmargir til vara. Þar af skal a.m.k. einn aðalmaður vera kjörinn aðal- eða varabæjarstjórnarfulltrúi. Nefndin fer með málefni fasteigna og þjónustumiðstöðvar samkvæmt um samþykkt um fasteigna- og þjónustunefnd.
 13. *Ungmennaráð*. Fimm fulltrúar og jafnmargir til vara. Gerir tillögur til bæjarstjórnar um málefni ungmenna. Ráðið er skipað samkvæmt samþykktum um ungmennaráð.
 14. *Eldriborgararáð*. Fimm fulltrúar og jafnmargir til vara. Gerir tillögur til bæjarstjórnar um málefni eldri borgara. Ráðið er skipað samkvæmt samþykktum um eldriborgararáð.
 15. *Fjárafl — fjárfestinga- og þróunarsjóður*. Fimm aðalmenn og fimm til vara skv. 7. gr. samþykktar fyrir sjóðinn.
 16. *Landbótasjóður Norður-Héraðs*. Þrír fulltrúar og þrír til vara skv. 6. gr. skipulagsskrár fyrir sjóðinn. Nefndin fer með málefni landbótasjóðsins samkvæmt skipulagsskránni.
 17. *Brunavarnir á Héraði*. Tveir fulltrúar og tveir til vara. Fulltrúar í þriggja manna stjórn brunavarna sem er sameiginlegur rekstur sveitarfélaga á Fljótsdalshéraði.
 18. *Hitaveita Egilsstaða og Fella*. Fimm fulltrúar og fimm til vara. Fulltrúarnir fara með málefni Hitaveitu Egilsstaða og Fella samkvæmt samþykktum þar um.
- C. Aðrir fulltrúar kjörnir til fjögurra ára á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum bæjarstjórnarkosningum:**
1. *Almannavarnarnefnd*. Skipuð í samráði við aðrar sveitarstjórnir á Fljótsdalshéraði og hreppsnefnd Borgarfjarðarhrepps skv. 8. gr. laga um almannavarnir nr. 94/1962.
 2. *Fulltrúar á landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga* samkvæmt lögum Sambands íslenskra sveitarfélaga.
 3. *Fulltrúaráð Brunabótafélags Íslands*. Einn aðalmaður og annar til vara skv. 9. gr. laga um Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands nr. 68/1994.
 4. *Heilbrigðisnefnd Austurlands*. Sveitarstjórnir á Austurlandi kjósa sameiginlega fimm aðalmenn og jafnmarga til vara í nefndina skv. 11. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 og stofnsamning um byggðasamlag um rekstur heilbrigðiseftirlits.
 5. *Kjörstjórnir til sveitarstjórnar- og alþingiskosninga*. Bæjarstjórn kýs þrjá fulltrúa og jafnmarga til vara í kjörstjórn til sveitarstjórnarkosninga og alþingiskosninga. Kjörstjórn er kosin á fyrsta fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og er kjörtímabil hennar hið sama og bæjarstjórnar. Kjörstjórn fer með þau verkefni sem henni eru falin samkvæmt ákvæðum laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998 og laga um kosningar til Alþingis nr. 24/2000. Sveitarstjórn hefur heimild til að skipa undirkjörstjórnir síðar, jafnmargar og kjördeildir eru.
 6. *Skodunarmenn*. Tveir aðalmenn og tveir til vara skv. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 (á fyrsta fundi nýkjörinnar sveitarstjórnar).
 7. *Fulltrúaráð Héraðsskjalasafns Austurlands til fjögurra ára*. Einn aðalmaður og einn til vara skipaðir af menningarnefnd.
 8. *Minjasafn Austurlands*. Þrír aðalfulltrúar og þrír til vara skipaðir af menningarnefnd.

59. gr.

Þá getur bæjarstjórn kosið nefndir og starfshópa til að vinna að einstökum afmörkuðum verkefnum. Umboð slíkra nefnda fellur niður við lok kjörtímabils bæjarstjórnar og fyrr ef verkefni nefndar er lokið. Bæjarstjórn getur einnig afturkallað umboð slíkra nefnda hvenær sem er.

VI. KAFLI

Um framkvæmdastjórn og starfslið sveitarfélagsins.

60. gr.

Bæjarstjórn ræður bæjarstjóra. Gera skal skriflegan ráðningarsamning við hann þar sem meðal annars skal kveðið á um ráðningartíma, kaup og kjör. Ráðningarsamningur skal staðfestur af bæjarráði og bæjarstjórn.

61. gr.

Bæjarstjóri er framkvæmdastjóri sveitarfélagsins. Hann undirbýr fundi bæjarráðs og bæjarstjórnar, semur dagskrá og boðar til funda. Hann á sæti á fundum bæjarstjórnar og bæjarráðs og hefur þar málfrelsi og tillögurétt en eigi atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn fulltrúi í bæjarráð og bæjarstjórn. Hann hefur og rétt til setu á fundum nefnda sveitarfélagsins með sömu réttindum.

Bæjarstjóri hefur á hendi framkvæmd ákvarðana bæjarstjórnar og málefna sveitarfélagsins að svo miklu leyti sem bæjarstjórn hefur ekki ákveðið annað.

Bæjarstjóri er prókúruhafi sveitarsjóðs. Hann undirritar skjöl varðandi kaup og sölu fasteigna sveitarfélagsins, lántökur og aðrar skuldbindingar eða ráðstafanir sem samþykki bæjarstjórnar þarf til. Bæjarstjóra er heimilt með samþykki bæjarstjórnar að veita öðrum starfsmanni sveitarfélagsins prókúru.

Bæjarstjóri er æðsti yfirmaður starfsliðs sveitarfélagsins.

Bæjarstjórn ákveður hver skuli gegna störfum bæjarstjóra í forföllum hans.

62. gr.

Bæjarstjórn ræður þá deildarstjóra sem heyra beint undir bæjarstjóra í skipuriti og veitir þeim lausn frá störfum að fengnum tillögum bæjarstjóra og viðkomandi nefnda. Enn fremur ræður bæjarstjórn að fengnum tillögum viðkomandi fagnefnda framkvæmdastjóra fyrirtækja með sjálfstæðan fjárhag sem er í eigu bæjarsjóðs.

63. gr.

Fagnefndir ráða forstöðumenn stofnana að fengnum tillögum viðkomandi deildarstjóra. Deildarstjórar og forstöðumenn ráða aðra starfsmenn nema á annan veg sé mælt í almennum lögum eða reglum sem bæjarstjórn hefur sett. Bæjarstjórn ákveður með sérstökum samþykktum hvaða störf skulu talin föst störf hjá sveitarfélaginu og stofnunum þess, auk þeirra starfa sem samkvæmt lögum og reglugerðum eru talin föst störf.

Fastar stöður skulu auglýstar til umsóknar á opinberum vettvangi nema bæjarráð heimili annað. Bæjarráð getur ákveðið hvaða almenn skilyrði skuli gilda um ráðningu í stöður hjá sveitarfélaginu.

Fastráðnir starfsmenn sveitarfélagsins skulu að jafnaði ráðnir til óákveðins tíma með gagnkvæmum þriggja mánaða uppsagnarfresti miðað við mánaðamót.

Gera skal skriflegan ráðningarsamning við fastráðna starfsmenn þar sem meðal annars skal kveðið á um ráðningartíma og uppsagnarfrest, sbr. 3. mgr., svo og starfssvið þeirra.

Um kaup og kjör fer eftir ráðningarsamningi og gildandi kjarasamningum.

VII. KAFLI

Um fjármálastjórn sveitarfélagsins.

64. gr.

Fyrir lok desembermánaðar ár hvert skal bæjarstjórn afgreiða fjárhagsáætlun bæjarsjóðs, fyrirtækja og stofnana sveitarfélagsins fyrir yfirstandandi ár að undangengnum tveimur umræðum í bæjarstjórn. Ef ekki tekst að afgreiða fjárhagsáætlun fyrir lok frestsins skal sækja skriflega um frest til félagsmálaráðuneytisins og tilgreina ástæður fyrir umsókninni.

Form fjárhagsáætlunar skal vera í samræmi við form ársreiknings. Í fjárhagsáætlun skal koma fram rekstrar- og framkvæmdaáætlun, áætlun um efnahag í upphafi og lok árs, auk áætlaðra fjármagnshreyfinga.

Við afgreiðslu fjárhagsáætlunar tekur bæjarstjórn ákvarðanir um nýtingu tekjustofna sveitarsjóðs og tekjuöflun, um öflun lánsfjár ef um það er að ræða og um ráðstöfun fjármuna á fjárhagsárinu bæði til rekstrar og eignabreytinga. Bæjarstjórn skal gæta þess svo sem kostur er að heildarútgjöld sveitarfélagsins, þar með talin rekstrarútgjöld, fari ekki fram úr heildartekjum þess.

65. gr.

Fjárhagsáætlun skv. 64. gr. skal vera meginregla um tekjuöflun, ráðstöfun fjármuna og fjármálastjórn sveitarfélagsins á fjárhagsárinu og ekki má stofna til útgjalda eða greiða fé úr sveitarsjóði nema heimild sé til þess í fjárhagsáætlun, útgjöldin séu lögbundin, samningsbundin eða samþykkt af bæjarstjórn.

Samþykki bæjarstjórn fjárveitingu eða útgjöld utan fjárhagsáætlunar skal hún jafnframt taka ákvörðun um hvernig aflu skuli fjár til þeirra útgjalda, svo sem með lækkun annarra útgjalda, auknum tekjum eða lánsfé. Samþykki slíkrar fjárveitingar telst breyting á fjárhagsáætluninni.

66. gr.

Hafi forsendur fyrir gerð fjárhagsáætlunar breyst er bæjarstjórn heimilt að endurskoða fjárhagsáætlunina. Slíkar breytingar afgreiðir bæjarstjórn við eina umræðu á bæjarstjórnarfundum, enda hafi breytingartillögurnar verið sendar öllum fulltrúum í bæjarstjórn með dag-skrá viðkomandi bæjarstjórnarfundar.

67. gr.

Til viðbótar árlegri fjárhagsáætlun skal bæjarstjórn semja og fjalla um þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál sveitarfélagsins. Þessi þriggja ára áætlun skal vera ramma um árlegar fjárhagsáætlanir sveitarfélagsins. Skal hún unnin og afgreidd af bæjarstjórn innan tveggja mánaða frá afgreiðslu árlegrar fjárhagsáætlunar.

68. gr.

Strax að lokinni afgreiðslu bæjarstjórnarinnar skal senda félagsmálaráðuneytinu fjárhagsáætlun skv. 64. gr. og þriggja ára áætlun skv. 67. gr. Sama á við um endurskoðaða áætlun eða breytta skv. 66. gr.

69. gr.

Ársreikningur sveitarfélagsins skal fullgerður, endurskoðaður og tilbúinn til afgreiðslu í bæjarstjórn fyrir lok aprílmánaðar.

Bæjarstjórn skal taka til umfjöllunar og afgreiðslu álit, greinargerðir og tillögur endurskoðanda og skoðunarmanna.

Bæjarstjórn skal hafa lokið fullnaðarafgreiðslu ársreikninga sveitarsjóðs, stofnana sveit-

arfélagsins og fyrirtækja þess eigi síðar en 1. júní ár hvert. Bæjarfulltrúar og bæjarstjóri skulu árita ársreikninginn.

Eintak af ársreikningnum skal senda félagsmálaráðuneytinu og Hagstofu Íslands fyrir 15. júní ár hvert ásamt greinargerð endurskoðanda og skoðunarmanna.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Fljótshádegja hefur sett samkvæmt ákvæðum 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 17. desember 2004.

F. h. r.

Guðjón Bragason.

Lárus Bollason.

SAMÞYKKT

um kattahald í Stykkishólmi.

1. gr.

Kattahald í Stykkishólmi sætir þeim takmörkunum sem greinir í samþykkt þessari.

2. gr.

Eigendum katta ber að sækja um leyfi vegna kattahalds og að láta skrá ketti sína hjá Stykkishólmsbæ. Aldrei skal halda fleiri en tvo ketti, eldri en þriggja mánaða, á sama heimili. Alla ketti skal merkja með ól um hálsinn, eða á annan sambærilegan hátt, þar sem fram koma upplýsingar um skráningarnúmer kattar og símanúmer eiganda. Eigandi greiðir allan kostnað vegna skráningar og merkingar kattar síns.

3. gr.

Um kattahald í fjöleignarhúsum fer samkvæmt 41. gr. laga nr. 26/1994 um fjöleignarhús.

4. gr.

Eigendum katta er skylt að gæta þess að köttur hans valdi ekki tjóni, hættu, óþægindum, óþrifum eða raski ró manna. Kattareiganda ber að greiða allt það tjón sem köttur hans veldur, svo og greiðslu alls kostnaðar við að fjarlægja dýrið gerist þess þörf.

5. gr.

Eigendum og forráðamönnum katta ber að taka tillit til fuglalífs, t.d. með því að hengja bjöllu á þá og eftir atvikum að takmarka útiveru þeirra. Foreldrar eru ábyrgir fyrir köttum ólögráða barna sinna.

6. gr.

Ketti skal ormahreinsa og bólusetja reglulega skv. leiðbeiningum dýralækna. Skylt er að ormahreinsa alla ketti fjögurra mánaða og eldri.

Eigendur katta skulu halda til haga vottorðum um reglulega ormahreinsun katta.

7. gr.

Ekki má hleypta köttum inn í svæði þau, fyrirtæki og stofnanir, sem um ræðir í fylgiskjali 3 í reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti og inn á staði þar sem framleiðsla og dreifing matvæla fer fram.

8. gr.

Ef köttur hverfur frá heimili sínu skal eigandi eða umráðamaður gera ráðstafanir til að finna hann. Starfsmönnum Stykkishólmsbæjar eða aðilum á þeirra vegum er heimilt að handsama ketti. Hafi kattarins ekki verið vitjað innan einnar viku skal honum ráðstafað til nýs ábyrgs eiganda eða hann aflífaður. Eigandi kattarins greiðir allan kostnað vegna aðgerða þessara.

Bæjarstjórn skal gera ráðstafanir til útrýmingar á villiköttum. Slíkar aðgerðir skulu auglýstar á áberandi hátt með a.m.k. einnar viku fyrirvara.

9. gr.

Með brot út af samþykkt þessari skal fara að hætti laga um meðferð opinberra mála og að öðru leyti í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

10. gr.

Samþykkt þessi sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir til þess að öðlast gildi þegar við birtingu.

Ákvæði til bráðabirgða.

Frestur til að uppfylla ákvæði 2. gr. samþykktarinnar er gefinn til 1. apríl 2005. Þeir sem halda fleiri en 2 ketti á sama heimili við gildistöku samþykktar þessarar skulu gera sérstakt samkomulag um kattahald sitt við Stykkishólmsbæ fyrir 1. apríl 2005.

Umhverfisstjórnuneytinu, 15. desember 2004.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

GJALDSKRÁ

vegna förgunar úrgangs frá fyrirtækjum á Akureyri.

1. gr.

Gjaldflokkar vegna förgunar úrgangs frá fyrirtækjum verði þrír:

- | | |
|---------------------------------|---------------------|
| a) Almennur úrgangur óflokkaður | 3,75 pr. kg án vsk. |
| b) Slátur- og fiskiúrgangur | 4,50 pr. kg án vsk. |
| c) Timbur | 2,50 pr. kg án vsk. |

2. gr.

Gjaldskráin tekur gildi 1. janúar 2005.

Gjaldskrá nr. 1050 30. desember 2003 fellur niður frá sama tíma.

3. gr.

Gjaldskráin var samþykkt við síðari umræðu fjárhagsáætlunar í bæjarstjórn Akureyrar 14. desember 2004. Gjaldskráin er sett með stoð í 25. gr. laga um hollustuhætti og mengun-arvarnir nr. 7/1998, sbr. reglugerð um úrgang nr. 805/1999.

Samkvæmt 8. gr. samþykktar um sorphirðu sveitarfélaga á Norðurlandi eystra nr. 541/2000 hefur Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra samþykkt ofangreinda gjaldskrá 20. desember 2004.

Akureyri, 20. desember 2004.

Inga Þöll Þórgnýsdóttir bæjarlögmaður.

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald á Akureyri árið 2005.

1. gr.

Gjald fyrir að halda hund á Akureyri sbr. c. lið 2. gr. samþykktar um hundahald á Akureyri nr. 360/2001 er kr. 8.500 á árinu 2005.

2. gr.

Gjaldskrá þessi var samþykkt við síðari umræðu fjárhagsáætlunar í bæjarstjórn Akureyrar 14. desember 2004.

Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra hefur ekkert við gjaldskrána að athuga sbr. bréf dags. 20. desember 2004.

Akureyri, 20. desember 2004.

Inga Þöll Þórgnýsdóttir bæjarlögmaður.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 229/2003 um Kvikmyndasjóð.

1. gr.

2. gr. orðast svo:

Fjárveitingar Kvikmyndasjóðs greinast milli einstakra greina kvikmyndagerðar sem hér segir:

- a. Til leikinna kvikmynda í fullri lengd til sýninga í kvikmyndahúsum.
- b. Til stuttmyndagerðar.
- c. Til heimildamyndagerðar.
- d. Til leikins sjónvarpsefnis.

Upplýsingar um styrki úr Kvikmyndasjóði og umsóknargögn skal birta á vefsíðu Kvikmyndamiðstöðvar. Kvikmyndamiðstöð skal senda umsækjanda staðfestingu um móttöku umsóknar og upplýsingar um málsmeðferð. Kvikmyndamiðstöð skal birta ráðstafanir á öllum fjárveitingum sínum jafnóðum á vefsíðu sinni.

Forstöðumaður Kvikmyndamiðstöðvar er ábyrgur fyrir því að öll skilyrði fyrir úthlutun séu uppfyllt. Forstöðumaður tekur endanlega ákvörðun um styrkveitingu úr Kvikmyndasjóði, að fengnu skriflegu listrænu mati kvikmyndaráðgjafa sbr. 3. gr.

Afgreiðsla á umsóknum úr Kvikmyndasjóði getur orðið með eftirfarandi hætti:

- a. Umsókn er synjað um styrkveitingu.
- b. Umsókn er veittur forgangur til styrkveitingar.
- c. Umsókn hlýtur styrk eða vilyrði um styrkveitingu.

Óheimilt er að veita styrki til kvikmyndaverks eftir að aðaltökutímabil er hafið, sbr. þó eftirvinnslustyrki skv. 9. gr.

2. gr.

3. gr. orðast svo:

Listrænt mat á þeim styrkumsóknum sem Kvikmyndmiðstöð berast er í höndum kvikmyndaráðgjafa sem ráðnir eru tímabundið af forstöðumanni Kvikmyndamiðstöðvar. Kvikmyndaráðgjafar skulu hafa þekkingu og reynslu á sviði kvikmynda og mega ekki hafa hagsmuna að gæta varðandi úthlutun eða gegna störfum utan Kvikmyndamiðstöðvar sem tengjast íslenskri kvikmyndagerð.

Kvikmyndaráðgjafar leggja listrænt mat á umsóknir og með hliðsjón af fjárhags- og framkvæmdaþáttum, nema í þeim tilvikum þegar um er að ræða leiknar kvikmyndir í fullri lengd til sýninga í kvikmyndahúsum, sbr. 3. tl. 1. mgr. 8. gr. eða vegna umsókna um kynningarstyrki.

Kvikmyndaráðgjafar fylgjast með því að framvinda verks sé í samræmi við ákvæði úthlutunarsamnings sbr. 4. gr. Kvikmyndaráðgjafar geta kallað eftir nánari gögnum og fundað með umsækjendum/styrkþegum eftir þörfum.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytinu, 21. desember 2004.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir.

Guðmundur Árnason.

REGLUR

**um breytingu á reglum nr. 55/2000 um ársreikninga lífeyrissjóða,
með áorðnum breytingum sbr. reglur nr. 765/2002.**

1. gr.

Á eftir 36. gr. bætist ný grein sem verði 36. gr.a, svohljóðandi:

Í skýringum skal tilgreina heildarfjárhæð launa og þóknana til stjórnar og framkvæmdastjóra lífeyrissjóðs vegna starfa í þágu sjóðsins, enda séu þessar upplýsingar ekki í skýrslu stjórnar. Upplýsingarnar skulu sérgreindar á einstaka stjórnarmenn og framkvæmdastjóra. Með launum og þóknunum er auk beinna launa átt við hvers konar starfstengd hlunnindi svo sem bifreiða- og húsaleiguhlunnindi. Með störfum í þágu lífeyrissjóðs er m.a. átt við störf sem viðkomandi gegnir í krafti eignaraðildar lífeyrissjóðs að dóttur- eða hlutdeildarfélögum,

sem og setu í nefndum og stjórnnum sem hann er tilnefndur í af hálfu lífeyrissjóðsins, þótt þóknunir fyrir þau störf séu ekki greiddar af lífeyrissjóðnum sjálfum.

Í skýringum skal veita upplýsingar um þóknun til endurskoðanda/endurskoðunarfélags, sem annast ytri endurskoðun lífeyrissjóðsins, sundurliðað í þóknun fyrir endurskoðun annars vegar og fyrir aðra þjónustu hins vegar.

2. gr.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 5. mgr. 40. gr. laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Reglurnar öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við gerð ársreiknings fyrir árið 2004.

Fjármálaeftirlitinu, 22. desember 2004.

Páll Gunnar Pálsson.

Ragnar Hafliðason.

SKIPULAGSSKRÁ

um Minningarsjóð Guðrúnar Marteinsdóttur.

Guðrún Marteinsdóttir, fædd 15. janúar 1952, dáin 24. nóvember 1994, var lektor og síðar dósent við námsbraut í hjúkrunarfræði við Háskóla Íslands. Hún var formaður stjórnar námsbrautar í hjúkrunarfræði auk þess að gegna margvíslegum nefndar- og trúnaðarstörfum fyrir námsbrautina. Skólasystur, starfsfélagar í námsbraut í hjúkrunarfræði og aðrir hjúkrunarfræðingar sem átt höfðu samstarf við hana stofnuðu minningarsjóð Guðrúnar Marteinsdóttur, dósent, í desember 1994 í þakkletis- og virðingarskyni við hana fyrir brautryðjenda-störf í þágu hjúkrunarmenntunar á Íslandi.

Sjóðnum var sett skipulagsskrá við stofnun hans og kemur þessi skipulagsskrá í stað hennar.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Guðrúnar Marteinsdóttur. Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík. Sjóðurinn er í umsjá styrktarsjóða Háskóla Íslands.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 598.000. Miðast höfuðstóll hans við þá upphæð. Grunnvísitala er neyslúvísitala janúar 2005. Höfuðstól skal uppreikna árlega með neyslúvísitölu janúar-mánaðar. Ekki má skerða höfuðstólinn. Úthlutun úr sjóðnum skal miðast við fyrri hluta árs, annað hvert ár.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er tvíþættur. Annars vegar að veita nýútskrifuðum hjúkrunarfræðingum viðurkenningu fyrir góðan námsárangur á sviði heilsugæslu og hins vegar að styrkja börn hinnar látnu. Miða skal við þessa tilhögun á styrkveitingu úr sjóðnum fram að 25 ára aldri barna hennar, Héðinn til og með árinu 2006 og Maren til og með árinu 2011. Eftir þann tíma verður tilgangur sjóðsins einnig að styrkja hjúkrunarfræðinga til framhaldsnáms.

4. gr.

Sjóðurinn er sjálfseignarstofnun. Stjórn hans skipa:

1. Deildarforseti hjúkrunarfræðideildar við Háskóla Íslands.
2. Formaður Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga.
3. Fulltrúi fjölskyldu Guðrúnar Marteinsdóttur, á meðan sjóðurinn hefur það hlutverk að styrkja börn hinnar látnu, en síðar fulltrúi heilsugæsluhjúkrunarfræðinga sem skipaður er af stjórn fagdeildar heilsugæsluhjúkrunarfræðinga í Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga.

Sjóðsstjórnin skal annast úthlutun úr sjóðnum og setja um það starfsreglur. Hún heldur gerðabók um sjóðinn, reikninga hans og annað er varðar hag sjóðsins og starf.

5. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið og skal sjóðsstjórn árlega leggja endurskoðaða ársreikninga til kynningar á deildarfundi í hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands.

6. gr.

Sjóðinn skal efla með minningargjöfum, minningarkortum og öðrum ráðum er sjóðsstjórn telur heppileg.

7. gr.

Stjórn sjóðsins getur breytt skipulagsskrá þessari enda sé hún einhuga um breytinguna.

8. gr.

Um starfsemi sjóðsins fer eftir því sem segir í lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá. Staðfestingar dómismálaráðherra skal leitað á skipulagsskrá þessari og breytingum sem kunna að verða gerðar á henni.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 21. desember 2004.

F. h. r.

Hjalti Zóphóníasson.

Bryndís Helgadóttir.

AUGLÝSING

**um staðfestingu félagsmálaráðuneytis
á sameiningu Hvalfjarðarstrandarhrepps, Innri-Akraneshrepps,
Leirár- og Melahrepps og Skilmannahrepps í eitt sveitarfélag.**

Með vísan til 95. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, tilkynnir ráðuneytið að það hefur hinn 16. desember 2004 staðfest sameiningu Hvalfjarðarstrandarhrepps, Innri-Akraneshrepps, Leirár- og Melahrepps og Skilmannahrepps, í umdæmi sýslumannsins í Borgarnesi, í eitt sveitarfélag.

Jafnframt hefur eftirfarandi verið ákveðið:

Sameining framangreindra sveitarfélaga skal taka gildi hinn 1. júní 2006.

Hið sameinaða sveitarfélag skal taka yfir allt það land sem nú tilheyrir áðurgreindum fjórum sveitarfélögum.

Íbúar sveitarfélaganna fjögurra skulu vera þegnar hins sameinaða sveitarfélags.

Eignir, skuldir, réttindi og skyldur sem tilheyra þessum fjórum sveitarfélögum skulu falla til hins sameinaða sveitarfélags.

Skjöl og bókhaldsgögn allra sveitarfélaganna skulu afhent hinu sameinaða sveitarfélagi til varðveislu.

Sérstök athygli er vakin á eftirfarandi:

Kosið verður til sveitarstjórnar hins sameinaða sveitarfélags 27. maí 2006, sbr. ákvæði laga um kosningar til sveitarstjórna, nr. 5/1998.

Kjósa skal sjö fulltrúa í sveitarstjórn hins sameinaða sveitarfélags, sbr. 1. mgr. 12. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998.

Sveitarstjórnirnar fjórar kjósa sameiginlega þrjá fulltrúa í yfirkjörstjórn og þrjá til vara. Kjörstjórnir þær sem kosnar voru í upphafi yfirstandandi kjörtímabils skv. 14. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna, nr. 5/1998, skulu vera undirkjörstjórnir við kosningarnar nema annað verði ákveðið.

Kosið verður um nafn hins sameinaða sveitarfélags samhliða sveitarstjórnarkosningum. Nafn hins sameinaða sveitarfélags verður auglýst sérstaklega.

Félagsmálaráðuneytinu, 21. desember 2004.

Árni Magnússon.

Guðjón Bragason.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir sjóð Páls Guðmundssonar frá Rjúpnafelli.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Sjóður Páls Guðmundssonar frá Rjúpnafelli. Hann er byggður á gjöf Páls Guðmundssonar frá Rjúpnafelli (fæddur 26. júní 1887), síðar bónda í Saskatchewan í Kanada til Háskóla Íslands sem getið er í erfðaskrá hans dagsettri 26. febrúar 1963. Páll lést 11. maí árið 1966. Stofndagur sjóðsins telst 1. desember 2003.

Sjóðurinn er í umsjá styrktarsjóða Háskóla Íslands og fellur undir sjóði sem lúta yfirstjórn Háskóla Íslands.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er í samræmi við tilgang gjafar Páls í erfðaskrá hans - að efla tengsl milli Háskóla Íslands og Háskólans í Manitoba, Kanada. Tilganginum skal ná með því að stofna sjóð sem veitir stúdentum og fræðimönnum annars skólans styrki til rannsókna eða náms við hinn skólann eða styrkir verkefni sem falla að tilgangi sjóðsins með öðrum hætti.

3. gr.

Stofnframlag sjóðsins er:

1. Arfur frá Páli Guðmundssyni sem ávaxtaður hefur verið í styrktarsjóðum Háskóla Íslands frá árinu 1973. Bókfært virði þessarar eignar 31. desember 2002 í endurskoðuðum ársreikningi styrktarsjóða Háskóla Íslands nam kr. 8.673.775.

2. Fjárhæð frá Canada Trust sem barst Háskólanum árið 1995. Bókfært virði þessa fjár 31. desember 2002 í endurskoðuðum ársreikningi styrktarsjóða Háskóla Íslands nam kr. 818.018.

Verðtryggt stofnframlag sjóðsins má ekki skerða.

Tekjur sjóðsins eru:

1. Vextir og arður af eignum sjóðsins.
2. Fé og annað verðmæti sem safnast í nafni sjóðsins.

Sjóðinn skal ávaxta á sem hagkvæmastan hátt á hverjum tíma og með sama hætti og aðra sjóði og gjafir í vörslu styrktarsjóða Háskóla Íslands.

Reikningsár sjóðsins skal vera almanaksárið. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af endurskoðanda styrktarsjóða Háskóla Íslands og birtir með sama hætti og aðrir reikningar styrktarsjóða Háskóla Íslands.

Heimilt er að úthluta allt að 2/3 af ávöxtun hvers árs, að teknu tilliti til verðlagsbreytinga, en sá hluti sem er óúthlutað skal leggjast við stofnframlag.

4. gr.

Með stjórn sjóðsins fer rektor Háskóla Íslands og ákveður hann um úthlutun úr sjóðnum hverju sinni samkvæmt tilgangi hans. Þó skal hann annars vegar leita ráðgjafar hjá deildarforsetum á þeim fræðasviðum sem ætlunin er að styrkja hverju sinni og hins vegar skal hann taka mið af því fé sem laust er til ráðstöfunar úr sjóðnum.

Að jafnaði skal auglýsa eftir umsóknum í sjóðinn í báðum háskólunum en rektor er sem fyrr segir frjálst að úthluta styrkjum án auglýsinga.

Úthlutun skal að jafnaði fara fram árlega en telji rektor ekki tilefni til úthlutunar er honum heimilt að leggja saman styrki fleiri ára og úthluta í einu lagi.

Greint skal frá styrkveitingunni opinberlega.

5. gr.

Verði sjóðurinn lagður niður renna fjármunir hans til málefna tengdra tilgangi sjóðsins. Ákvörðun um að leggja niður sjóðinn er á hendi rektors að höfðu samráði við stjórn styrktarsjóða Háskóla Íslands og í samræmi við ákvæði laga sem við geta átt.

6. gr.

Um starfsemi sjóðsins fer eftir því sem segir í lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

Staðfestingar dómsmálaráðherra skal leitað á skipulagsskrá þessari og breytinga sem kunna verða gerðar á henni.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 21. desember 2004.

F. h. r.

Hjalti Zóphóniásson.

Bryndís Helgadóttir.

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
1041	20. des.	Reglugerð um innheimtu þinggjalda og jöfnunargjalds vegna alþjónustu á árinu 2005	2649-2650
1042	17. des.	Reglugerð um hámark ábyrgðar Ábyrgðasjóðs launa	2651
1043	17. des.	Reglugerð um menntun sjóntækjafræðinga og takmarkanir á heimild þeirra til sjónmælinga	2651-2653
1044	14. des.	Auglýsing um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Seltjarnarness, nr. 947, 18. nóvember 2004	2653
1045	17. des.	Auglýsing um hækkun atvinnuleysisbóta	2653
1046	16. des.	Arðskrá fyrir Veiðifélag Skaftár	2654
1047	10. des.	Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi á svæði 5 í Dagverðar-nesi, Skorradalshreppi	2654-2655
1048	21. des.	Reglugerð um gæði raforku og afhendingaröryggi	2655-2663
1049	17. des.	Auglýsing um innheimtu hlutfall í staðgreiðslu árið 2005	2663
1050	21. des.	Reglugerð raforkuviðskipti og mælingar	2664-2676
1051	23. des.	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 511/2003 um framkvæmd raforkulaga	2677-2686
1052	21. des.	Gjaldskrá Siglingastofnunar Íslands	2686-2692
1053	14. des.	Gjaldskrá Skagafjarðarveitna ehf.	2693-2695
1054	19. okt.	Reglugerð um breytingu á reglugerð um ökuskírteini, nr. 501 11. ágúst 1997	2695-2697
1055	7. des.	Auglýsing um breytingu á gjaldskrá Umferðarstofu nr. 681 26. september 2002	2697
1056	22. des.	Reglugerð um greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði og greiðslu fæðingarstyrks	2698-2707
1057	21. des.	Reglur um breytingu (21) á reglum fyrir Háskóla Íslands nr. 458/2000	2707-2708
1058	23. des.	Gjaldskrá fyrir þjónustu Ríkiskaupa	2709-2710
1059	23. des.	Auglýsing um nýtt fasteignamat	2711-2712
1060	23. des.	Reglugerð um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins	2713-2717
1061	22. des.	Reglugerð um framkvæmd fjárlaga og ábyrgð á fjárveitingum ríkisstofnana í A-hluta	2717-2722
1062	17. des.	Samþykkt um stjórn Fljótsdalshéraðs og fundarsköp bæjarstjórnar	2722-2737
1063	15. des.	Samþykkt um kattahald í Stykkishólmi	2737-2738
1064	20. des.	Gjaldskrá vegna förgunar úrgangs frá fyrirtækjum á Akureyri	2738-2739
1065	20. des.	Gjaldskrá fyrir hundahald á Akureyri árið 2005	2739
1066	21. des.	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 229/2003 um Kvikmyndasjóð	2739-2740
1067	22. des.	Reglur um breytingu á reglum nr. 55/2000 um ársreikninga lífeyrissjóða, með áorðnum breytingum sbr. reglur nr. 765/2002	2740-2741
1068	21. des.	Skipulagsskrá um Minningarsjóð Guðrúnar Marteinsdóttur	2741-2742
1069	21. des.	Auglýsing um staðfestingu félagsmálaráðuneytis á sameiningu Hvalfjarðarstrandarhrepps, Innri-Akraneshrepps, Leirár- og Melahrepps og Skilmannahrepps í eitt sveitarfélag	2742-2743
1070	21. des.	Skipulagsskrá fyrir sjóð Páls Guðmundssonar frá Rjúpnafelli	2743-2744

